Tími Jóhönnu að lokum kominn
stjórnmál 32

Vongóðir dansarar í Hörpu
dans 74

spottið 12

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Helgarblað
29. september 2012
229. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012



Gunnar stefnir á titilinn

Bardagakappinn Gunnar Nelson stígur á stóra sviðið í UFC í kvöld.

bardagi 40

Ekkert feimnismál

Lilja Jónasdóttir segir frá glímunni við brjóstakrabbamein.

heilsa 30

Fennir yfir fortíðina

Hvernig var Facebook fyrir nokkrum árum?

facebook 34

4 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu

Ferðir | Snjallsímaforrit | Fólk | Atvinna

STÓRLEIKARI Jóhann Sigurðarson leikari tekst nú á við eitt af sínum stóru hlutverkum sem málarinn Rothko í verkinu Rautt. Í einlægu viðtali segir Jóhann frá leiklistinni sem breytti lífinu, uppvexti hjá einstæðri fjögurra barna móður og slysinu sem hjó nærri lífi hans. **Sjá síðu 20** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vill náttúrugripina til baka

Náttúruminjasafn Íslands, eitt þriggja höfuðsafna Íslands, er húsnæðislaust. Hætt er við sýningu í Loftskeytastöðinni. Ein virtasta rannsóknastofnun Þýskalands hefur ámálgað að fá náttúrugripum skilað.

SAFNAMÁL Náttúruminjasafn Íslands (NMÍ), sem er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, er húsnæðislaust um áramótin. Hætt hefur verið við sýningarhald í gömlu Loftskeytastöðinni við Brynjólfsgötu. Unnið er að því að pakka safnkosti niður til geymslu. Innlendir sem útlendir velgjörðarmenn safnsins íhuga að fá náttúrugripum skilað vegna stöðu safnsins.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður er settur safnstjóri NMÍ til eins árs. Hún segir að húsnæðið við Brynjólfsgötu hafi verið hugsað sem bráðabirgðahúsnæði sem henti ekki til varðveislu safnkosts og því sé verið að koma gripum fyrir í viðunandi geymslum. Rætt hafi verið við Náttúrufræðistofu Kópavogs um hýsingu safngripa.

Húsnæðið á Brynjólfsgötu er í eigu Þjóðminjasafnsins og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stendur til að Leikminjasafn Íslands, sem er einkasafn, flytji þangað inn. Um þetta hefur ekki verið tekin ákvörðun, að sögn Margrétar. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa áform um flutning safnsins frá Brynjólfsgötu haft það í för með sér að mögulega tapi safnið hluta af safnkosti sínum. Um er að ræða náttúrugripi sem innlendir og erlendir aðilar hafa afhent til sýningar. Safnið fékk til dæmis afhenta á annað hundrað gripi sem söfnuðust við Ísland haustið 2011 í rannsóknarleiðangri á vegum Senckenberg-rannsóknastofnunarinnar í Þýskalandi. Forráðamenn stofnunarinnar hafa lýst yfir áhyggjum af afdrifum munanna, og hafa rætt um að fá þeim skilað. Kostnaður við öflun gripanna hleypur á tugum milljóna

- shá / sjá síðu 6

SPURNING DAGSINS

Atli, er áherslan hjá ykkur á innri eða ytri fegurð?

„Ja, eins og einhver sagði: Fegurðin er ekki í andliti falin.“

Nýjasta stórsveit landsins hefur hlotið nafnið „Fallegir menn“. Meðal meðlima eru nokkrir helstu tónlistarmenn þjóðarinnar, þar á meðal Atli Bollason.

Litlar breytingar voru gerðar á búvörusamningum við tveggja ára framlengingu þeirra:

Búvörusamningar framlengdir um tvö ár

LANDBÚNAÐUR Steingrímur J. Sigfússon atvinnuvegaráðherra og Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra skrifuðu í gær ásamt fulltrúum bænda undir breytingu á búvörusamningum. Þá var einnig skrifað undir nýjan búnaðarlagasamning.

Gildandi búvörusamningar um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða, mjólkurframleiðslu og sauðfjárræktar voru framlengdir um tvö ár og gilda nú til ársins 2017.

Litlar breytingar verða á framlögum ríkisins vegna samninganna aðrar en þær sem rekja má til verðlagsbreytinga. Samningarnir kalla því ekki á aukin útgjöld ríkissjóðs miðað við framkomið fjárlagafrumvarp.

Samkvæmt samningunum verður framlag ríkisins til garðyrkjunnar 283 milljónir á ári næstu þrjú ár á verðlagi ársins í ár. Þá verður framlag til mjólkurframleiðslu 6.041 milljón króna og framlag til sauðfjárræktar 4.477 milljónir.

Litlar sem engar breytingar voru gerðar á efni búvörusamninganna. Þó var fyrirvari settur inn í samningana um hugsanlegar breytingar sem kunni að leiða af niðurstöðum samningaviðræðna um aðild Íslands að Evrópusambandinu. En ljóst er að aðild myndi hafa í för með sér talsverðar breytingar á umhverfi búvöruframleiðslu hér á landi.

Í nýja búnaðarlagasamningnum eru framlög ríkisins hins vegar aukin nokkuð frá því sem var. Einkum eru framlög til jarðræktar og eflingar kornræktar aukin. Þannig hækka heildargreiðslur ríkisins samkvæmt samningum úr 425 milljónum í ár í 558,5 milljóna króna á næsta ári.

- mþl

SAMNINGARNIR HANDSALAÐIR Þeir Sveinn Sæland, formaður Sambands garðyrkjubænda, og Haraldur Benediktsson, formaður Bændasamtakanna, tóku í hendur ráðherra á Hótel Sögu í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslendingur myrtur í Tulsa:

Viðurkenndi að hafa skotið Kristján Hinrik

LÖGREGLUMÁL Maðurinn sem grunaður er um að hafa skotið Kristján Hinrik Þórsson til bana í Bandaríkjunum í byrjun mánaðarsins viðurkenndi fyrir vini sínum skömmu eftir atburðinn að hafa skotið Hinrik.

Hinn grunaði í málinu heitir Jermaine Jackson en hann hafði undir höndum skammbyssu af sömu gerð og notuð var í skotárásinni þegar lögregla handsamaði hann.

Í gögnum lögreglu kemur fram að eitt af vitnum lögreglunnar sé vinur Jacksons. Sá segir að hann hafi viðurkennt fyrir sér í nokkru uppnámi að hafa skotið Hinrik en áður hefur komið fram að Jackson og Hinrik þekktust. - aó

Mannabreytingar á Alþingi:

Þorgerður hættir á þingi

STJÓRNMÁL Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þingkona og fyrrverandi varaformaður Sjálfstæðisflokksins, hyggst ekki gefa kost á sér til áframhaldandi setu á Alþingi.

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR

Þorgerður Katrín hefur setið á þingi frá árinu 1999 og er reynslumesta þingkona flokks síns. Hún var menntamálaráðherra frá 2003 til 2009 og varaformaður Sjálfstæðisflokksins frá 2005 til 2010.

Í tilkynningu sem Þorgerður Katrín sendi fjölmiðlum segir að henni sé efst í huga þakklæti til þeirrar breiðfylkingar sjálfstæðismanna sem hún hefur starfað með á árum sínum í stjórnmálum. - mþl

Risamyllur í Vorsabæ virðast loftkastalar

Yfir sjötíu metra háar vindmyllur sem einkaðaðilar vilja reisa í Vorsabæ mæta andstöðu nágranna. Geta ekki átt rétt á sér innan um sveitabæi og sumarhús segir í einni athugasemdinni. Ekki hugsað til enda viðurkennir umsækjandinn.

SKIPULAGSMÁL Tvenn hjón sem eiga sumarbústaði í Vorsabæ í Skeiða- og Gnúpverjahreppi sendu inn harðorð mótmæli vegna umbeðinnar breytingar á aðalskipulagi svo hægt verði að setja upp tvær yfir sjötíu metra háar vindmyllur í landi Vorsabæjar.

Hjónin segja að með spöðunum verði myllurnar 72 til 76 metra há mannvirki sem muni sjást víða að og setja mikinn svip á umhverfið. „Til samanburðar má geta þess að turn Hallgrímskirkju í Reykjavík er 74,5 metrar á hæð! Tveir Hallgrímskirkjuturnar geta ekki átt rétt á sér innan um sveitabæi og sumarhús,“ segja hjónin. Þau eru Hreiðar Sigtryggsson og Salóme A. Þórisdóttir og hjónin Árni Stefán Jónsson og Helga Ingibergsdóttir. Hjónin keyptu hvor sína spilduna úr Vorsabæ og reistu þar sumarhús árið 2009.

„Við kaup okkar á spildunni voru engin áform um breytingar á landnotkun á öðrum hluta jarðarinnar. Landeigandi hefur heldur ekki orðið fyrirhugaðar breytingar við okkur né upplýst á nokkurn hátt um þá starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu,“ segir í athugasemdum hjónanna sem óttast hávaðamengun. „Vitað er að hávaði fylgir rekstri vindmylla. Slíkt hlýtur að koma í veg fyrir að vindmyllur rísi innan um sveitabýli og sumarhús og er veruleg skerðing á þeirri náttúruupplifun sem sóst er eftir í frístundabyggð.“

Þá gagnrýna þau að grenndarkynning hafi ekki farið fram. „Við mótmælum því alfarið að reistar verði vindmyllur í nágrenni sumarhúsa okkar og lands, sem koma til með að rýra verðgildi þeirra til muna sökum sjón- og hávaðamengunar. Við áskiljum okkar allan rétt til bóta ef af verður.“

VINDMYLLUR Sumahúsaeigendur hafa áhyggjur af sjón- og hljóðmengun frá fyrirhuguðum vindmyllum í Vorsabæ.
MYND/SAMSETT

> Það var ekki alveg búið að hugsa þetta allt.“
>
> **STEINGRÍMUR BJARNI ERLINGSSON**
> ATHAFNAMAÐUR

Kristófer A. Tómasson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps, undirstrikar að málið sé enn í ferli og muni fara í kynningu að nýju og íbúar og hagsmunaðilar geta gert athugasemdir.

Reyndar virðast nágrannar í Vorsabæ ekki þurfa að hafa áhyggjur af því að fá vindmyllur í túnfótinn. Steingrímur Bjarni Erlingsson, sem sótti um áðurnefnda breytingu á aðalskipulagi, segir hópinn sem stendur að málinu nú frekar horfa til annarra verkefna. Þar á meðal sé hellaköfun í Fjallabyggð og kláfur fyrir ferðamenn upp á Múlakoll á Ólafsfirði.

„Við héldum að rafmagnið væri dýrara. Það var ekki alveg búið að hugsa þetta allt,“ upplýsir Steingrímur. „Þetta var bara eitthvað sniðugt dót á netinu en er dýrt og erfitt að fjármagna. Við erum eiginlega farnir að hugsa meira um að fara bara í köfunina.“

gar@frettabladid.is

Formaður Vinstri-grænna:

Mun sakna Jóhönnu úr stjórnmálunum

STJÓRNMÁL Hugur Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri-grænna, stendur til þess að endurnýja núverandi ríkisstjórnarsamstarf eftir kosningar verði sá möguleiki fyrir hendi. Væntanleg formannsskipti í Samfylkingunni breyta þar engu um.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

„Ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að tryggja að hér verði áfram vinstrisinnuð, félagslega sinnuð og umhverfisverndarsinnuð ríkisstjórn,“ segir Steingrímur og heldur áfram: „Ég neita því hins vegar ekki að ég mun sakna Jóhönnu Sigurðardóttur enda höfum við átt einstaklega gott og traust samstarf.“ - mþl

Kauptilboð á Keilugranda:

Nýtt skipulag eftir uppkaup

REYKJAVÍKURBORG Samhliða kaupum Reykjavíkurborgar á Umferðarmiðstöðinni samþykkti borgarráð að kaupa Keilugranda 1 af sömu eigendum; Mynni ehf. og Landsbankanum. Með kaupunum er borgin sögð fá fullt vald yfir deiliskipulagsvinnu vegna lóðarinnar sem hafi verið í óvissu. Á Keilugranda stendur nú skemma með stuttum leigusamningum. Eigendur Umferðarmiðstöðvarinnar settu það sem skilyrði fyrir sölunni að borgin keypti einnig á Keilugranda. Fyrir Keilugrandann vill borgin greiða 60 milljónir króna og láta einnig í skiptum einbýlishús á Einimel 19, íbúð í Búðageði 9 og hæð á Suðurlandsbraut 32. - gar

AÐEINS Í DAG!

SPARAÐU 33%

LOFTLJÓS 50W

VERÐ ÁÐUR 11.950,- NÚ 8.000,-

Opið í dag, laugardag kl. 11-16.

kíktu inn á www.pfaff.is

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

PFAFF

Fréttablaðið efnir til haustmyndasamkeppni:

Forsíðumynd og sjónvarpstæki frá Heimilistækjum í verðlaun

SAMKEPPNI Haustið í allri sinni litadýrð og fegurð er þema ljósmyndasamkeppni sem Fréttablaðið efnir til meðal lesanda sinna. Þeir eru hvattir til að senda sem fjölbreytilegastar myndir af viðfangsefnum sem tengjast haustinu með einum eða öðrum hætti.

Besta myndin verður birt á forsíðu Fréttablaðsins og aðrar verðlaunamyndir inni í blaðinu. Þá fær myndasmiður bestu myndarinnar 22 tommu Led sjónvarpstæki frá Philips sem gefið er af Heimilistækjum í verðlaun en í önnur og þriðju verðlaun eru leikhúsmiðar fyrir tvo í Borgarleikhúsið.

Skilafrestur fyrir myndirnar er miðvikudagurinn 3. október klukkan 12 og þær skal senda á netfangið *ljosmyndakeppni@frettabladid.is*.

REKIÐ HEIM ÚR RÉTTUNUM Þessi mynd Hjalta Árnasonar bar sigur úr býtum í haustljósmyndakeppni Fréttablaðsins í fyrra.

Vertu með **ALT** undir **CTRL**

Brandenburg

Umsjá - Við sjáum um þitt tölvukerfi

Umsjá Nýherja sér að fullu um rekstur og hýsingu á tölvukerfi þíns fyrirtækis. **Umsjá** Nýherja veitir viðskiptavinum aðgang að framúrskarandi þjónustu allan sólarhringinn, allt árið um kring og kostnaður er ávallt fastur og fyrirsjáanlegur. Láttu sérfræðinga okkar kynna þér kosti **Umsjár** og vertu með **ALT undir CTRL**.

Fyrirtækjaþjónusta Nýherja Sími 569 7700 Borgartúni 37 lausnasala@nyherji.is nyherji.is/umsja

NÝHERJI

GENGIÐ 28.09.2012

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	123,37	123,95
Sterlingspund	199,90	200,88
Evra	159,52	160,42
Dönsk króna	21,396	21,522
Norsk króna	21,671	21,799
Sænsk króna	18,911	19,021
Japanskt jen	1,5881	1,5973
SDR	190,23	191,37

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 221,2957

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sagði fingur sinn óvart hafa runnið inn í leggöng viðskiptavinar:

Nuddari í tveggja ára fangelsi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt 56 ára íþróttanuddara, Sverri Hjaltason, í tveggja ára fangelsi fyrir nauðgun.

Sverrir er sakfelldur fyrir að hafa stungið fingri sínum inn í leggöng viðskiptavinar í miðjum nuddtíma í júní síðastliðnum. Konan var þangað komin til að leita sér aðstoðar vegna verkja í mjóbaki. Maðurinn viðurkenndi að fingur hans hefði farið inn í leggöng konunnar, en sagði að það hefði verið óvart. Hann hefði verið að nudda nálægt kynfærasvæði hennar eins og eðlilegt væri en húðin hefði verið sleip undan kremi og því hefði fingurinn runnið inn í leggöngin.

Sérfróðir meðdómendur mátu það svo að þessi frásögn stæðist ekki. Ekki eigi að nudda við kynfærasvæði til að laga verki í mjóbaki og það viti reyndur íþróttanuddari á borð við Sverri. Enn fremur sé ekki trúverðugt að reyndur nuddari „missi“ fingur inn í leggöng. Sverrir er dæmdur til að greiða henni 800 þúsund krónur í bætur. - sh

Líf konunnar farið úr skorðum

Sálfræðingur sem mat konuna segir hana sýna einkenni þess að hafa orðið fyrir líkamsárás, nauðgun, stórslysi eða hamförum. Hún hafi líklega upplifað ógn, ótta, hjálparleysi, svik og niðurlægingu. Hún hafi verið kvíðin og döpur, glímt við svefntruflanir og og ekki getað haldið áfram námi. Sjálf kvaðst hún ekki geta sinnt vinnu eða heimilisstörfum og aðrir báru að hún væri grátgjörn, uppstökk og ætti erfitt með að vera úti eða í margmenni.

Landvistarleyfi í boði:

Brátt dregið um græn kort

UTANRÍKISMÁL Bandaríska ríkið mun opna fyrir skráningu í hina árlegu Fjölþjóðlegu innflytjendaáætlun, sem gengur yfirleitt undir nafninu Græna korts happdrættið, 2. október næstkomandi.

Vinningshafar munu fá ótímabundið landvistarleyfi í Bandaríkjunum og geta þar með búið og unnið löglega í landinu. Á síðasta ári unnu 15 Íslendingar í happdrættinu.

Umsóknir í happdrættið skulu sendar inn á tímabilinu 2. október til 3. nóvember. - mþl

GRAFA Í Á Ekkert amaði að gröfumanni sem liðsmenn björgunarsveitarinnar Hérað hjálpuðu á þurrt í gær. LANDSBJÖRG/NIKULÁS

Festist í Jökulsá í Fljótsdal:

Gröfumaður sóttur út í á

SLYS Gröfumaður var sóttur á bát þar sem hann hafði fest gröfu sína úti í Jökulsá í Fljótsdal í hádeginu í gær. Manninn sakaði ekki, samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.

Eftir að kall barst um aðstoð fór björgunarsveitin Hérað á Egilsstöðum á staðinn. Liðsmenn sveitarinnar hinkruðu við eftir að búið var að bjarga gröfumanninum í land til að aðstoða við að koma taug í gröfuna. Beita þurfti stórvirkum vinnuvélum til að koma henni aftur á þurrt. - óká

ÁRÉTTING

Kanínan hefur ekki þegnrétt

Í forsíðufrétt á fimmtudag sagði að kanínan væri orðinn hluti af villtri fánu Íslands, en það er mat Ævars Petersen, sérfræðings við Náttúrufræðistofnun Íslands. Í fréttinni sagði enn fremur að kanínan væri búin að vinna sér þegnrétt í íslenskri náttúru og var Ævar hafður fyrir því mati. Það voru orð blaðamanns en ekki Ævars. Á þessu er auðvitað grundvallarmunur, og sagði jafnframt í niðurlagi fréttarinnar að NÍ liti á kanínur sem framandi tegund hér á landi. Það mat stendur og er skoðun Ævars.

Trúnaðurinn rofinn á milli þings og Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun fær fjáraukalögin ekki til umsagnar vegna trúnaðarbrests á milli Ríkisendurskoðunar og Alþingis. Starfsmaður stofnunarinnar kom gögnum til Kastljóss, að sögn formanns fjárlaganefndar.

STJÓRNSÝSLA Sveinn Arason ríkisendurskoðandi vísar því alfarið á bug að hann beri ábyrgð á trúnaðarbresti sem hafi orðið á milli Ríkisendurskoðunar og Alþingis. Meirihluti fjárlaganefndar Alþingis samþykkti á fundi sínum í gær að senda fjáraukalög næsta árs ekki til Ríkisendurskoðunar, eins og venja er, og bar meðal annars við trúnaðarbresti.

„Ég hef ekki brotið trúnað gagnvart þeim,“ segir Sveinn. „Það er nefndin sem býr til þennan trúnaðarbrest, ekki ég. Það hefur aldrei verið trúnaðarbrestur á milli Ríkisendurskoðunar og fjárlaganefndar.“

Sveinn vildi ekki svara þeirri spurningu hvort hann hygðist segja af sér í ljósi þeirrar gagnrýni sem Ríkisendurskoðun hefur sætt undanfarna daga síðan Kastljós greindi frá skýrsludrögum stofnunarinnar um útgjöld ríkisins vegna Oracle, bókhalds- og mannauðskerfi ríkisins.

Björn Valur Gíslason, formaður fjárlaganefndar, segir ákvörðunina til komna vegna þeirra gagna sem komið hafa í ljós á undanförnum dögum og hafa verið til hjá Ríkisendurskoðun árum saman. „Þau eru býsna þung og alvarleg. Það var rekið á eftir því að fá þau gögn í hendur og alltaf voru þau „rétt að koma“. Svo er það á endanum einhver starfsmaður stofnunarinnar sem fær bara nóg og ákveður að láta fjölmiðla fá þessi gögn sem reynast síðan býsna alvarleg. Það er trúnaðarbrestur fyrir þingið sem fól Ríkisendurskoðun þessa vinnu.“

Björn Valur ætlast til þess að forsætisnefnd Alþingis taki málið fyrir hið fyrsta, en Ríkisendurskoðun heyrir undir hana.

„Það er ekki hægt að búa við að traust ríki ekki á milli ríkisstofnana og Alþingis,“ segir hann. Ákvörðun nefndarinnar muni ekki tefja vinnuna við fjáraukalögin. Henni verði annaðhvort skilað án umsagnar Ríkisendurskoðunar, eða með hennar áliti, breytist forsendurnar þannig að trausti verði á ný komið á.

„Það er enn mörgum spurningum ósvarað í þessu máli og við munum halda áfram að leita svara við þeim.“ sunna@frettabladid.is

SÁTU FYRIR SVÖRUM Fulltrúar Fjársýslu ríkisins sátu fyrir svörum á fundi fjárlaganefndar í gær þar sem vinnubrögð vegna úttektar á kostnaði ríkisins við Oracle-kerfið voru rædd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Eitthvað sem við gætum spjallað um“

Gunnar Hall fjársýslustjóri kom á fund Fjárlaganefndar um málið í gær. Þar kom meðal annars fram að Gunnar sagðist ekki hafa vitað af skýrsludrögum Ríkisendurskoðunar um kostnað ríkisins vegna Oracle fyrr en á fundi með Sveini Arasyni ríkisendurskoðanda í maí á þessu ári.

„Hann afhenti mér skýrsluna í lok fundarins með þeim orðum að þetta væri eitthvað sem hefði dregist allt of lengi og við gætum spjallað um fljótlega,“ sagði Gunnar. Aðspurður hvort þetta hafi verið formleg beiðni ríkisendurskoðanda um að fá álit Fjársýslunnar á málinu endurtók Gunnar frásögn sína af fundinum og skýrði það ekki frekar. Hann ítrekaði þó að hann hefði ekki vitað af skýrslunni fyrr en í maí, þrátt fyrir að hafa látið Ríkisendurskoðun gögn í té vegna vinnu hennar, sem var gerð að beiðni Alþingis eins og greint hefur verið frá.

Björn Valur segir sögu Gunnars ekki stemma við það sem fram hefur komið í fjölmiðlum undanfarna daga.

„Þar er vitnað í að Ríkisendurskoðun hafi rekið á eftir gögnum frá Fjársýslunni árið 2009,“ segir hann. „Mér fannst mjög óljóst á fundinum í hvaða formi og hvers konar samskipti áttu sér þarna stað. Ég áttaði mig ekki alveg á því. En það er ljóst að það eru mörg ár síðan Fjársýslan vissi af þessari úttekt.“

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

HELGARLÆGÐ
Við fáum lægð upp að landinu síðdegis og þá gengur í stífa austanátt við suðurströndina með rigningu undir kvöld. Hvasst um tíma allra syðst í nótt. Dregur úr vindi og vætu á morgun en stífur vindur norðvestan til.



HEIMURINN

Alicante	24°
Basel	19°
Berlín	17°
Billund	13°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	16°
Gautaborg	13°
Kaupmannahöfn	13°
Las Palmas	27°
London	14°
Mallorca	25°
New York	20°
Orlando	31°
Ósló	13°
París	18°
San Francisco	22°
Stokkhólmur	12°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonl@frettabladid.is ALMENNAR SÍMI 512-5401: Einar Davíðsson einar.davidsson@365.is, Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is, Elsa Jensdóttir elsaj@365.is, Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Á Passat EcoFuel kemst þú frá Reykjavík til Akureyrar og til baka án þess að fylla á eldsneytistankinn

Eldsneytiskostnaður Volkswagen Passat á hverja 1000 km*	
	Metan 9.843 kr.
	Dísil 13.655 kr.
	Bensín 18.158 kr.

Á Passat EcoFuel ekur þú um á íslenskri orku. EcoFuel tæknin nýtir metangas og þú getur sparað rúmlega 40% af eldsneytiskostnaði. Metanbílar eru umhverfisvænir og bera því engin aðflutningsgjöld. Hámarksdrægni er 880 km samanlagt á metangasi og bensíni. Með notkun metans á enginn CO_2 umframútblástur sér stað. Metanbílar fá ókeypis bílastæði í Reykjavík.

Passat kostar aðeins frá

4.090.000 kr.

Félag íslenskra bílablaðamanna valdi Volkswagen Passat EcoFuel bíl ársins á Íslandi 2012

Das Auto.

Fæst einnig með hagkvæmum bensín- og dísilvélum

*Miðast við eldsneytisverð eins og skráð er hjá Olís og Metan 16. ágúst 2012

Umboðsmenn

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

KJÖRKASSINN



Óttast þú afleiðingar rýmri reglna um innflutning áfengis og tóbaks en slík breyting myndi fylgja inngöngu í ESB?

Já	25,4%
Nei	74,6%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Sérð þú eftir Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra úr íslenskum stjórnmálum?

Segðu þína skoðun á Vísi.is

Nýr verðbréfaleikur hefur göngu sína á Vísi.is á mánudaginn kemur þegar notendur fá Keldukrónur:

Keppt verður í ávöxtun á hlutabréfamarkaði

FJÁRMÁL „Markmiðið er að stuðla að bættu fjármálalæsi og auknum skilningi á ávöxtunarmöguleikum," segir Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX-kauphallarinnar á Íslandi, um Ávöxtunarleikinn sem hefst formlega á mánudaginn.

Þátttakendur keppa í ávöxtun gervipeninga, svokallaðra Keldukróna, en leikurinn verður aðgengilegur á Vísi.is þar sem fram fer skráning í leikinn. Keldan er eigandi og rekstraraðili leiksins en hann er samstarfsverkefni Vísis, VÍB eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, Kauphallarinnar og Libra.

Þátttakendur fá 10 milljónir Keldukróna við upphaf leiksins og reyna síðan að ávaxta féð sem best með þeim fjárfestingamöguleikum sem eru fyrir hendi. Þannig geta þátttakendur fjárfest í hlutabréfum, skuldabréfum, sjóðum rekstrarfélaga og gjaldeyri, og reynt að ávaxta krónur sínar sem best, en ávöxtun eigna er bundin við raunbreytingar á markaði.

Vegleg verðlaun eru í boði fyrir þann sem skilar bestu ávöxtun þegar keppnin verður gerð upp næsta vor. Vinningar fyrir sigurvegara keppninnar eru m.a. ferð fyrir tvo til New York og 200.000 krónur í sjóðum hjá VÍB. Jafnframt verða veitt verðlaun til hástökkvara mánaðarins hverju sinni, út keppnistímabilið.

Hægt verður að keppa í einstaklings- og liðakeppni, og verður leikurinn vel tengdur við samfélagsmiðilinn Facebook. - mh

SAMNINGURINN UNDIRRITAÐUR Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, Freyr Einarsson, ritstjóri fréttastofu Stöðvar 2 og Vísis, og Friðrik Guðjónsson, framkvæmdastjóri Keldunnar, undirrita samning um Ávöxtunarleikinn.

Stjórnmálmaður ákærður:

Bo Xilai rekinn úr flokknum

KÍNA, AP Kínverski stjórnmálamaðurinn Bo Xilai hefur verið rekinn úr kínverska Kommúnistaflokknum og verður ákærður fyrir valdamisnotkun, spillingu, mútuþægni og ósæmileg kynferðistengsl við nokkrar konur.

BO XILAI

Hann verður einnig ákærður fyrir að hafa reynt að hylma yfir með eiginkonu sinni, sem nýlega hlaut dóm fyrir að hafa myrt breskan kaupsýslumann.

Bo hefur verið áberandi í kínverskum stjórnmálum og stefndi hátt, en sá frami er nú að engu orðinn. - gb

Morðið á Sigrid Schjetne:

Blóð í hjólhýsi hins grunaða

NOREGUR Norska lögreglan fann blóð úr Sigrid Schjetne í hjólhýsi 37 ára gamals manns. Hann er í gæsluvarðhaldi, grunaður um morðið á hinni 16 ára gömlu stúlku sem hvarf í Ósló 5. ágúst síðastliðinn. Þetta hefur fréttavefur Verdens Gang eftir heimildarmönnum sínum. Maður á sjötugsaldri er talinn meðsekur.

Á fréttavef Aftenposten segir að lögreglan telji að hinn grunaði hafi drepið stúlkuna, vafið plasti utan um líkið og fleygt því í skógarlund nálægt iðnaðarsvæði þar sem hinir handteknu höfðu athvarf.

Lík stúlkunnar fannst fimm vikum eftir að hún hvarf. Lögreglan hefur ekki viljað tjá sig um meintan blóðfund.

- ibs

Húsnæðislaust höfuðsafn

Unnið er að því að pakka niður safnkosti Náttúruminjasafns Íslands. Hætt hefur verið við sýningarhald í gömlu loftskeytastöðinni. Ekkert liggur fyrir um framtíðarhúsnæði safnsins en unnið er að safnastefnu.

SAFNAMÁL Náttúruminjasafn Íslands (NMÍ), sem er höfuðsafn á sviði náttúrufræða, er húsnæðislaust frá og með áramótum. Hætt hefur verið við sýningarhald í gömlu Loftskeytastöðinni við Brynjólfsgötu. Verið er að pakka niður safnkosti. Ekkert liggur fyrir um framtíðarhúsnæði safnsins.

Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður er settur safnstjóri NMÍ til eins árs. Hún segir að húsnæðið við Brynjólfsgötu hafi verið hugsað sem bráðabirgðahúsnæði sem henti ekki til varðveislu safnkosts og því sé verið að koma gripum fyrir í viðunandi geymslu. Rætt hafi verið við Náttúrufræðistofu Kópavogs um hýsingu.

Húsnæðið á Brynjólfsgötu er í eigu Þjóðminjasafnsins og samkvæmt heimildum blaðsins stendur til að Leikminjasafn Íslands, sem er einkasafn, flytji þar inn. Ekki hefur þó verið tekin ákvörðun um það, að sögn Margrétar.

„Mitt hlutverk er að koma málefnum NMÍ í betri farveg, meðal annars að klára safnastefnu NMÍ sem hefur verið í vinnslu í mörg ár. Stefnt er að því að þeirri vinnu ljúki fyrir áramót og þar verður lagður nauðsynlegur grundvöllur til framtíðar. Svo er verið að gera formlegt samstarfssamkomulag við stofnanir á sviði náttúruvísinda, sem var löngu tímabært."

Um húsnæðismálin segir Margrét að Perlan í Öskjuhlíð sé til skoðunar sem sýningarhús, en annað húsnæði hafi ekki verið skoðað formlega, þó fleiri hugmyndir hafi verið nefndar. „En það eru engar áætlanir um að leggja safnið niður; þvert á móti stendur hugur allra til að veglegt safn á sviði náttúruvísinda rísi," segir Margrét.

Helgi Torfason, safnstjóri í rannsóknaleyfi, telur möguleika til safnastarfs í Loftskeytastöðinni ágæta, þó vissulega hafi verið um húsnæði til bráðabirgða að ræða. Þar hafi verið safn um langt skeið og Margrét hafi sjálf boðið Loftskeytastöðina undir safnið á sínum tíma. Sýningarrýmið sé jafnstórt og í Þjóðmenningarhúsinu, eða Safnahúsinu gamla þar sem sýning náttúruminja stóð uppi um áratuga skeið, og safnið hafi farið inn í Loftskeytastöðina til að koma í veg fyrir að það væri landlaust með öllu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafa nýjustu vendingar haft það í för með sér að velunnarar safnsins, bæði innlendir sem erlendir, hafa ámálgað að fá safngripum sínum, sem þeir hafa afhent safninu, skilað til baka. Um óbætanlegt tjón væri að ræða fyrir safnið ef svo færi.

svavar@frettabladid.is

FER Í GEYMSLU Verið er að pakka niður safnkosti, en því starfi skal vera lokið um áramót. Velgjörðarmenn ámálga að fá muni sína til baka vegna stöðu safnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Uppfyllir ekki lögboðnar skyldur sínar

- Náttúruminjasafnið var stofnað árið 2007 og hefur einkum það hlutverk að safna og varðveita muni sem tengjast náttúru Íslands, fræða almenning um hana og annast rannsóknir á starfssviði sínu.
- Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um NÍ frá því í janúar 2012 kemur fram að safnið sé enn á byrjunarreit og uppfylli ekki lögbundnar skyldur sínar sem höfuðsafn. Þá segir að annaðhvort verði að efla safnið sem sérstaka stofnun eða sameina það annarri stofnun.
- Stjórnvöld þurfi að ákveða hvernig haga eigi starfseminni til framtíðar og móta skýra stefnu um hana.
- Ríkisendurskoðun sagði í skýrslu sinni að Loftskeytastöðin mundi duga fyrir sýningar og aðra starfsemi.

Þú færð alltaf Vildarpunkta þegar þú verslar, líka erlendis

Kynntu þér kostina á www.americanexpress.is

Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

VINNINGURINN TIL GRINDAVÍKUR

Í vikunni voru dregnar út **60 milljónir** í **Milljónaveltunni** og fóru þær að þessu sinni til **Grindavíkur.** Við óskum vinningshafanum **hjartanlega til hamingju.**

Miðaeigendur styðja uppbyggingu Háskóla Íslands og tækjakaup til rannsókna- og vísindastarfs.

Fjárfesting í menntun og rannsóknum er forsenda þróttmikils samfélags, ...

... öflugs atvinnulífs og velferðar.

ÞANNIG VINNUM VIÐ ÖLL

36.000 VINNINGAR Á ÁRI

840 MILLJÓNIR

VINNUR ÞÚ NÆST?

Á ári hverju eru greiddir út **36 þúsund vinningar** í Happdrætti Háskólans og heildarverðmæti vinninga er um **840 milljónir*.**

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

VÆNLEGAST TIL VINNINGS

Fáðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

* Árið 2011 voru greiddir út vinningar að verðmæti um 840 milljónir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 122759

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað heita bræðurnir sem oft eru kenndir við Bakkavör?*
2. *Hversu hátt hlutfall heimila í landinu á í fjárhagsvanda?*
3. *Hvaða sjaldséða teiknimyndastjarna lét sjá sig í Smáralind á fimmtudag?*

SVÖR:
1. Ágúst og Lýður Guðmundssynir. 2. Rúmlega 13% 3. Mikki Mús

Ríkisstjórn Frakklands ætlar að láta þá tekjuhæstu taka á sig auknar byrðar:

Skattur auðmanna í 75 prósent

FRAKKLAND Jean-Marc Ayrault, forsætisráðherra Frakklands, segir að nýr 75 % hátekjuskattur verði lagður á þá sem hafa meira en milljón evrur í árstekjur. Það samsvarar um það bil 160 milljónum króna, eða rúmlega þrettán milljónum í mánaðartekjur.

Þessi 75% skattur á að gilda í tvö ár, en ekki er reiknað með að hann skili miklum tekjum í ríkissjóð heldur hafi hann fyrst og fremst táknrænt gildi.

Ayrault segir að 90% skattgreiðenda verði hlíft, en skattur hækki einungis á tekjuhæstu tíu prósentin.

Hann kynnti í gær fjárlög næsta árs, sem hann segir vera „baráttufjárlög“, því með þeim eigi að snúa við skuldasöfnun ríkisins og hefja niðurgreiðslu skuldanna. Þannig megi draga úr atvinnuleysi og ýta af stað hagvexti.

Gagnrýnendur segja hins vegar að ekki sé í þessum fjárlögum að finna neinar umbætur í ríkisfjármálum eða hvata fyrir atvinnulífið. Hagvöxtur fari því ekki í gang og atvinnuleysi muni ekki minnka.

Enginn hagvöxtur hefur verið í Frakklandi þrjá ársfjórðunga í röð. Atvinnuleysi er nú í 10,2%. - gb

AYRAULT OG CAHUZAC Forsætisráðherra og fjármálaráðherra Frakklands kynntu nýju fjárlögin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

122 ný ehf. í ágúst:

Gjaldþrotum fer fækkandi

ATVINNULÍF Ný einkahlutafélög, sem skráð voru í ágústmánuði, voru 122 talsins. Þau eru flest í fasteignaviðskiptum. Til samanburðar voru 110 ný einkahlutafélög skráð í ágúst í fyrra, segir í frétt Hagstofu Íslands.

Fyrstu átta mánuði ársins var fjöldi nýskráninga 1.180, en það er tæplega 7% aukning frá sama tíma í fyrra þegar 1.105 fyrirtæki voru skráð. Þá voru 46 fyrirtæki tekin til gjaldþrotaskipta í ágústmánuði, flest í byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð. - shá

Sveitarfélagið ÁLFTANES

Opinn kynningarfundur um skipulagsmál

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Álftaness boðar til kynningarfundar um skipulagsmál í hátíðarsal íþróttamiðstöðvar, midvikudaginn 3. október 2012, kl. 20.00. Kynnt verða drög að skipulagsáætlunum og önnur skipulagsgögn í vinnslu. Tilefni fundar er að kynna þau fyrir íbúum og hagsmunaaðilum í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Dagskrá fundar

1. Drög að aðalskipulagsbreytingu: Kirkjubrú, Sveinskot, fráveita, Hvoll
2. Drög að deiliskipulagi fyrir Kirkjubrú
3. Drög að skipulagslýsingu og drög að deiliskipulagi Sveinskotsreits
4. Drög að deiliskipulagsbreytingu fyrir Brekku og Tjörn
5. Drög að deiliskipulagsbreytingu Fálkastígs við Hvol
6. Umræður og fyrirspurnir

Skipulagsgögn verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins þann 1. október, www.alftanes.is/skipulag. Athugasemdafrestur við drög að skipulagsgögnum er 2 vikur, eða til 15. október. Senda skal ábendingar í tölvupósti á netfangið kiddia@vso.is eða til bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Álftaness, Bjarnastöðum, 225 Álftanesi.

Bæjarstjóri
Snorri Finnlaugsson

Vill sér saksóknara fyrir kynferðisbrot

Talskona Stígamóta vill að stofnað verði embætti sérstaks saksóknara kynferðisbrota. Færri nauðganir komu á borð ríkissaksóknara á níu ára tímabili en á einu ári til Stígamóta. Um helmingur mála ríkissaksóknara eru kynferðisbrot.

SAMFÉLAGSMÁL „Réttarkerfið á Íslandi virkar vel ekki í kynferðisbrotamálum. Það fremur undantekning en hitt að slíkir dómar endi með sakfellingu,“ segir Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta.

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR

Guðrún vill að stjórnvöld stofni embætti sérstaks saksóknara kynferðisbrotamála til að taka á vandanum.

„Með stofnun embættis sérstaks saksóknara efnahagsbrotamála, höfum við viðurkennt að það séu flokkar sem þarf að nýta sérstaka þekkingu í,“ segir hún. „Af hverju má það ekki gera slíkt með kynferðisbrotin?“

> Ástandið er óbærilegt eins og það er og kerfisbreyting gæti verið eitt af því sem væri reynandi.
>
> **GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
> TALSKONA STÍGAMÓTA

Guðrún segir svipuð embætti hafa skilað góðum árangri erlendis, meðal annars á Spáni og í Bandaríkjunum.

Um 250 nauðganir koma inn á borð Stígamóta og Neyðarmóttökunnar á ári. Embætti ríkissaksóknara fékk 236 nauðgunarmál inn á borð til sín á níu ára tímabili; frá 1997 til 2006. Þar af var ákært í 76 málum, 26 sakfelld í Héraðsdómi og 14 í Hæstarétti.

„Ástandið er óbærilegt eins og það er og kerfisbreyting gæti verið eitt af því sem væri reynandi,“ segir Guðrún. „Ég hef því skorað á stjórnvöld að skoða þetta mál.“

Ríkissaksóknari hefur tvisvar sinnum látið gera úttekt á ferlum nauðgunarmála innan embættisins; annars vegar frá 1997 til 2001 og hins vegar 2002 til 2006. Nýjustu tölur um meðferðir kynferðisbrota frá embættinu eru í ársskýrslu fyrir árið 2008.

Þar segir að kynferðisbrot séu að jafnaði um 40 til 50 prósent þeirra mála sem berast embættinu á ári hverju.

Hvorki náðist í Ögmund Jónasson innanríkisráðherra né Sigríði Friðjónsdóttur ríkissaksóknara í gær. sunna@frettabladid.is

SAKSÓKNARI KYNFERÐISBROTAMÁLA? Guðrún Jónsdóttir hefur skorað á stjórnvöld að stofna embætti sem sér alfarið um rannsóknir á kynferðisbrotamálum eins og í efnahagsbrotamálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjöldi nauðgana og málsmeðferð þeirra



Tilkynntar nauðganir til lögreglu á tímabilinu 2002-2006 voru **334**. Tölur fyrir fyrra tímabil voru ekki gefnar.
HEIMILD: RÍKISSAKSÓKNARI

Þróunar- og nýsköpunarviðurkenning Mosfellsbæjar

Þróunar- og ferðamálanefnd Mosfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum

Hæfur umsækjendi er :
a) Einstaklingur eða fyrirtæki með lögheimili í Mosfellsbæ
b) Einstaklingur eða fyrirtæki sem leggur fram þróunar- eða nýsköpunarhugmynd sem gagnast sérstaklega fyrirtækjum eða stofnunum í Mosfellsbæ.

Veittar eru viðurkenningar í þremur flokkum:
a) Hugmynd á frumstigi,
b) Hugmynd sem hefur fengið útfærslu og/eða mótast
c) Hugmynd sem búið er að útfæra og móta og fyrir liggur viðskiptaáætlun

Veittar verða þrjár viðurkenningar í hverjum flokki, en ein valin fremst og fær peningaverðlaun allt að 300.000 kr. í hverjum flokki.

Umsóknarfrestur er til 15. október 2012
Hægt er að nálgast umsóknareyðublað ásamt upplýsingum um hæfi umsóknar og forsendur fyrir vali á hugmynd á ***www.mos.is***

MOSFELLSBÆR

Alþjóðahafrannsóknaráðið leggur til að minna sé veitt af makríl og síld:

Vilja minna veitt af makrílnum

SJÁVARÚTVEGUR Alþjóðahafrannsóknaráðið ICES, leggur til 15,2% samdrátt í veiðum á makríl árið 2013, umtalsverða aukningu í veiðum á kolmunna og mikinn samdrátt í veiðum á norsk-íslenskri síld. Þetta kemur fram í ráðgjöf stofnunarinnar sem birt var í gær.

„Ég tel að endurskoða þurfi mat Alþjóðahafrannsóknaráðsins á makrílstofninum og taka tillit til þess að um árabil fölsuðu ýmsar Evrópusambandsþjóðir og Norðmenn aflatölur gróflega. Það hefur mikil áhrif á stofnmatið og ég tel óhætt að fullyrða að um verulegt vanmat sé að ræða,“ segir Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, á vef sambandsins.

Lagt er til að makrílveiðar verði á bilinu 497 til 542 þúsund tonn árið 2013 á móti 586 til 639 þúsund tonnum sem ráðlögð voru í fyrra.

Hins vegar er lögð til 64,4% aukning í veiðum á kolmunna eða úr 391 þúsund tonnum í 643 þúsund tonn árið 2013.

Friðrik segir að kolmunnastofninn sé að ná sér vel á strik en því miður hafi nýliðun í norsk-íslenska síldarstofninum verið mjög slök á síðustu árum og hann á hraðri niðurleið. Ef stuðst verður við samninga um nýtingaráætlun verður heimilt að veiða 619 þúsund tonn af norsk-íslenskri síld árið 2013, sem er 25,7% samdráttur frá því í fyrra þegar ráðgjöfin hljóðaði upp á 833 þúsund tonn. - shá

MAKRÍLL ICES leggur til fimmtán prósent minni veiði á makríl árið 2013. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Lifðu
Lífið samanstendur af ótal mörgum augnablikum. Sum eru eftirminnileg og sum algjörlega ógleymanleg. Það ert þú sem skapar þessi augnablik með því að lifa lífinu.
ÁRNASYNIR
ZO•ON Iceland, Smáralind
ZO•ON Iceland, Kringlunni
ZO•ON Iceland, Bankastræti
Helstu útivistarverslanir á Íslandi
www.zo-on.is
ZO•ON
ICELAND

FRÉTTAVIÐTAL: Daria Zaharova, yfirmaður sendinefndar AGS

Afnám hafta miðist við rétt skilyrði

Útlitið fyrir íslenskt efnahagslíf er í mörgum atriðum gott, en fram undan eru þó miklar áskoranir sem þarf að leysa úr. Þetta er megininntak yfirlýsingar sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) hér á landi. Fréttablaðið hitti yfirmann sendinefndar sjóðsins að máli.

Daria Zakharova, yfirmaður sendinefndar AGS, og Franek Rozwadowski, sendifulltrúi AGS á Íslandi, kynntu í gær niðurstöður úttektar sjóðsins á íslensku efnahagslífi. Þar segir meðal annars að vel hafi tekist til við endurreisn íslenska efnahagskerfisins. Hagvöxtur sé til staðar og útlit fyrir að svo verði í nánustu framtíð, atvinnuleysi á undanhaldi og þó að verðbólga sé há, má búast við því að hún muni færast nær verðbólgumarkmiðum Seðlabankans, með hækkun stýrivaxta.

Þó séu ógnir fram undan, meðal annars óvissuástandið á Evrusvæðinu, sem geti haft áhrif hér á landi og ýmsar hættur gætu falist í því að aflétta gjaldeyrishöftum áður en nauðsynleg skilyrði eru til staðar.

„Við hjá AGS höfum alltaf verið á þeirri skoðun að afnám gjaldeyrishaftanna ætti að byggja á réttum skilyrðum hér á landi en ekki fyrirfram ákveðinni tímasetningu," segir Zakharova í samtali við Fréttablaðið. Rétt skilyrði feli í sér að hér sé sterkur greiðslujöfnuður, nægilegur gjaldeyrisforði, trygg staða ríkisfjármála og stöðugt fjármálakerfi.

„Svo er líka mikilvægt að vinna á snjóhengju íslenskra króna í eigu erlendra aðila," bætir Zakharova við.

Fram kemur í yfirlýsingunni að einungis hafi gengið lítillega á hengjuna á síðasta ári. Hún standi enn í um 23 prósentum af vergri landsframleiðslu.

Zakharova segir afar mikilvægt að losa um þessa fjármuni til þess að hægt verði að snúa sér

> Við hjá AGS erum afar ánægð með það sem Ísland hefur áorkað hingað til frá hruni, enn það er enn margt ógert.
>
> **DARIA ZAKHAROVA**
> YFIRMAÐUR SENDINEFNDAR AGS

að næsta skrefi í afnámi haftanna. Aðspurð um hvað þurfi til að koma því af stað segir hún að mikilvægast sé að koma upp nógu sterkum hvötum fyrir krónueigendur til að losa fjármunina eftir leiðum Seðlabankans.

Í yfirlýsingu AGS er lagt til að hætt verði að tala um tímamörk á afnámi haftanna. Það feli ekki í sér nægilegan hvata fyrir krónueigendur. Þess heldur verði búið svo um að skilyrði fyrir krónueigendur til að losa eign sína verði óhagstæðari með tímanum. Fyrst

MARGT ENN ÓGERT Daria Zakharova, yfirmaður sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, kynnti í gær yfirlýsingu sjóðsins um stöðu mála í íslensku efnahagslífi. Hún er hér ásamt Franek Roswadowski, sendifulltrúa AGS á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

yrði gripið til skuldabréfaskiptasamninga og svo útgönguskatts.

Aðspurð um ákjósanlegt hlutfall útgönguskatts segir Zakharova að lykilatriðið sé að hafa það nógu hátt til að hvatinn sé meiri en í öðrum leiðum og um leið nógu hár til að hann hafi ekki of mikil áhrif á greiðslujöfnuð.

„Útskatturinn á þó ekki að vera meginleiðin, heldur hafi hinir valkostirnir tekið kúfinn af krónunum fyrst."

Er mögulegt, að mati AGS, að afnema gjaldeyrishöftin algerlega og hafa krónu án hafta?

„Við erum á þeirri skoðun. Leiðin að marki er að þetta gerist stig af stigi og á grundvelli réttra skilyrða."

Nú er sumt af því sem AGS leggur til vart líklegt til vinsælda meðal almennings, meðal annars að hækka stýrivexti um eitt prósent í áföngum og hagræðing um 0,2% frá því sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2013. Hafið þið áhyggjur af því að komandi barátta fyrir þingkosningar muni koma til með að hafa neikvæð áhrif á jafnvægi í ríkisfjármálum?

„Ég held að allir hljóti að vera sammála um að það sé mikilvægt að ríkisreksturinn sé réttu megin við strikið, sama hvar þeir standa á stjórnmálasviðinu. Ríkjandi stefna miðar að stöðugleika efnahagslífsins og ég held að allir séu sammála um það þrátt fyrir mismunandi áherslur."

Hún segir nýkynnt fjárlagafrumvarp vera nokkuð traust og í samræmi við áætlanir. Mikilvægt sé þó að missa ekki sjónar á áhættuþáttunum.

Þannig að þegar litið er yfir síðustu fjögur ár, má segja að þróunin hafi verið jákvæð þrátt fyrir að enn séu áskoranir fram undan?

„Við hjá AGS erum afar ánægð með það sem Ísland hefur áorkað hingað til frá hruni, en það er enn margt ógert."

thorgils@frettabladid.is

Opnum í dag að Ármúla 8!

Verið velkomin

Opið frá kl. 11 - 18. Léttar veitingar milli kl. 16 og 18.
Full búð af nýjum og glæsilegum vörum.

HEIMA HÚSIÐ

Ármúla 8 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

skoðun

greinar@frettabladid.is

Merkilegur stjórnmálaferill senn á enda:

Tími Jóhönnu

Með boðuðu brotthvarfi Jóhönnu Sigurðardóttur úr stjórnmálum næsta vor lýkur merkilegum pólitískum ferli. Jóhanna hefur setið á þingi í 34 ár og á meira en fjörutíu ár að baki í stjórnmálum og starfi stéttarfélaga.

Stjórnmálaferill Jóhönnu hefur einkennzt af baráttu fyrir jafnrétti og hagsmunum lítilmagnans. Hún hefur beitt sér fyrir ýmsum umbótum í velferðar- og félagsmálum þótt hún hafi reyndar ekki alltaf sézt fyrir í þeim efnum og stundum neitað að horfast í augu við staðreyndir um stöðu ríkisfjármálanna þegar baráttumál hennar hafa verið annars vegar.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Jóhanna sóttist eftir formennsku í Alþýðuflokknum en beið þar lægri hlut. Fleyg urðu ummæli hennar eftir að hún tapaði formannskjöri fyrir Jóni Baldvin Hannibalssyni árið 1994: „Minn tími mun koma!“. Tími Jóhönnu kom 15 árum síðar, þegar atvik höguðu því svo til eftir efnahagshrunið og fall ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar að hún var sú sem leitað var til að stýra nýrri ríkisstjórn. Fáar ríkisstjórnir hafa staðið frammi fyrir eins erfiðu verkefni.

Það markaði tímamót þegar Jóhanna settist í stól forsætisráðherra. Hún er fyrsta íslenzka konan til að gegna því embætti og sömuleiðis fyrsti forsætisráðherra heims sem fer ekki í felur með samkynhneigð sína. Hvort tveggja voru mikilvægir, táknrænir sigrar í baráttu fyrir jafnrétti.

Þótt Jóhanna hafi á þeirri stundu sem hún varð forsætisráðherra verið sú sem sameinaði Samfylkinguna og naut trausts flokksmanna, hefur staða hennar innan flokksins versnað á kjörtímabilinu. Það helgast ekki sízt af því hvað hún hefur hallað sér eindregið til vinstri til að varðveita samstarfið við Vinstri grena. Fyrir vikið hefur Samfylkingin vanrækt miðjuna og stór hluti flokksins hefði ekki orðið sáttur við að hún hefði setið áfram sem formaður. Að þessu leyti má segja að Jóhanna hafi þekkt sinn vitjunartíma í pólitíkinni, sem er meira en segja má um marga aðra stjórnmálamenn.

Ríkisstjórnin hefur um margt náð mikilsverðum árangri við endurreisn efnahagslífsins. Hún hefur til að mynda farið nær því að ná jöfnuði í ríkisfjármálunum en margir hefðu búizt við af fyrstu hreinræktuðu vinstri stjórninni, þótt skattahækkanir hafi átt of stóran hlut í þeim jöfnuði. Um leið hefur tekizt að standa vörð um grunnþætti í velferðarkerfinu. Mál hafa sömuleiðis þróazt í rétta átt hvað varðar endurreisn fjármálakerfisins og úrlausn skuldavanda fyrirtækja og heimila. Hins vegar hefur ríkisstjórninni mistekizt að efla fjárfestingu eins og hún áformaði og að búa atvinnulífinu samkeppnishæf rekstrarskilyrði.

Fyrsta hreina vinstristjórnin virðist hafa litið svo á að hún hefði aðeins þessi fjögur ár, sem senn eru á enda, til að hrinda í framkvæmd alls konar gömlum draumum vinstrimanna. Fyrir vikið hafa ýmis mál verið keyrð áfram í miklum ágreiningi við stjórnarandstöðuna og stóra hópa í samfélaginu, í stað þess að leita þeirrar sáttar sem æskilegast hefði verið í kjölfar hrunsins. Þetta á til dæmis við um málefni sjávarútvegsins, virkjana- og verndunarmál og vinnuna við breytingar á stjórnarskránni. Í öllum þessum málum hefði mátt finna sáttaflöt, en á því hefur ríkisstjórnin ekki áhuga.

Kannski þarf það ekki að koma á óvart. Jóhanna Sigurðardóttir hefur alla tíð lagt meiri áherzlu á baráttuna en sáttina.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Fræðslunetið Símenntun á Suðurlandi

HÁSKÓLAFÉLAG SUÐURLANDS

Náms- og rannsóknarstyrkur

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands auglýsir eftir umsóknum um náms- og rannsóknarstyrk fyrir árið 2012. Styrkurinn nemur 1.100.000 kr.

Styrkurinn er ætlaður námsfólki sem vinnur að rannsóknarverkefni til lokaprófs á háskólastigi. Verkefnið skal tengjast Suðurlandi og þjóna ótvíræðum atvinnu- og/eða fræðilegum tilgangi fyrir Suðurland eða hluta Suðurlands.

Umsóknarfrestur er til 2. nóvember 2012.

Nánari upplýsingar á www.fraedslunet.is og www.hfsu.is.

AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

Lokast báðar leiðir?

Í stjórnmálum þurfa menn að hafa snotrar hugsjónir og kunna list hins mögulega. Fram undan eru ákvarðanir þar sem reynir á þessa jafnvægislist. Í húfi er val á leiðum úr efnahagskreppunni.

ÞORSTEINN PÁLSSON

Í þessu samhengi er ástæða til að nefna tvö mál: Annars vegar er meðferð stjórnarskrármálsins. Hins vegar er mótun stefnu í peningamálum og órjúfanleg tengsl þess máls við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og spurninguna um Evrópusambandsaðild. Óhjákvæmilegt er að horfa á þessi viðfangsefni í samhengi þegar að því kemur að ákveða hvernig haldið skuli á málum.

Óbreytt stjórnarskrá útilokar að unnt sé að halda möguleikanum um upptöku evru opnum á næsta kjörtímabili. Það sem meira er: Ætlum við að halda í Evrópska efnahagssvæðið og varðveita krónuna þarf líka stjórnarskrárbreytingu vegna nýrra reglna á sviði fjármálaeftirlits, sem fela í sér valdframsal.

Allt bendir svo til að við þurfum að setja strangari varúðarreglur um frjálst flæði fjármagns en önnur Evrópulönd. Það kallar á undanþágur frá samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þá gæti það orðið þrautin þyngri að halda viðskiptafrelsinu óskertu til frambúðar á öðrum sviðum samningsins. Óbreytt samningsstaða við Evrópu er því ekki kostur lengur.

Engum vafa er undirorpið að mikill meirihluti fólks vill eitt af þrennu í stöðunni: 1) Halda í krónuna og byggja á Evrópska efnahagssvæðinu með endurnýjuðum samningi. 2) Taka upp evru og ganga í Evrópusambandið. 3) Hafa báðar leiðir opnar enn um sinn. Hugmyndin um að ganga út af Evrópska efnahagssvæðinu á fáa formælendur. Mismunandi sjónarmið um lausn á peningamálunum kalla því á stjórnarskrárbreytingu.

Allt eða ekkert?

Þá spyrja menn: Er nokkur vandi á höndum? Liggja ekki fyrir hugmyndir að nýrri stjórnarskrá þar sem ráð er fyrir því gert að deila megi fullveldisréttinum í alþjóðasamvinnu? Það er rétt. En málið er flóknara.

Á það er að líta að í fyrsta skipti í sögu stjórnarskrárbreytinga hefur ekki verið leitað eftir víðtækri samstöðu á Alþingi um vinnulag og efnistök. Fyrir vikið standa fyrir dyrum miklar þrætur þegar efnisumræður hefjast loksins. Þar að auki er málið komið í tímaþröng.

Hvort sem menn eru hlynntir þeirri heildarbreytingu sem um er rætt eða ekki má öllum vera ljóst að teflt er á tæpasta vað með afgreiðslu á svo stóru máli fyrir þinglok. Jafnvel þó að það takist bendir flest til að það verði samþykkt með naumum meirihluta.

Stjórnarskrárbreytingar þarf að leggja fram á nýju þingi til endurstaðfestingar. Það er gert til þess að kjósendur geti tekið í taumana ef þeim sýnist svo. Verði þeir sem væntanlega greiða atkvæði gegn stjórnarskrárfrumvarpinu í meirihluta að kosningum loknum verður að líta svo á að kjósendur hafi stöðvað málið. Auðvitað er ekki unnt að fullyrða að svo fari. Hitt væri barnalegt að viðurkenna ekki að í öllu falli eru líkurnar á því jafn miklar.

Gerist það er búið að loka báðum aðalleiðunum í peningamálum fyrir allt næsta kjörtímabil. Vilja menn taka þá áhættu með því að heimta annað hvort allt eða ekkert í stjórnarskrármálinu? Eða: Vilja menn sýna list hins mögulega og semja um framgang þeirra breytinga sem brýnastar eru? Af svörunum má ráða hvaða alvara býr að baki afstöðu einstakra flokka til þeirra miklu mála sem eru í uppnámi af þessum sökum.

Forgangsröðun

Í tillögum stjórnlagaráðs segir að kjósendur eigi að greiða atkvæði um samning sem Alþingi hefur samþykkt um framsal á fullveldisrétti í alþjóðasamstarfi. Hins vegar er engin krafa gerð um lágmarks þátttöku eða stuðning. Einfaldur meirihluti í þjóðaratkvæði á að ráða úrslitum án tillits til þátttöku.

Ýmis rök mæla hins vegar með því að eitthvert lágmarks hlutfall allra atkvæðisbærra manna styðji ákvörðun Alþingis. Það þýðir að í raun yrði gerð krafa um aukinn meirihluta eftir því sem þátttaka í kosningunni er minni. Hugsunin er sú að gera eigi ríkari kröfur um ákvarðanir sem lúta að skipan fullveldisréttarins en almenn löggjafarmál.

Vilji menn leita eftir samstöðu um þetta brýna stjórnarskrárákvæði er óvitlaust að hugleiða þennan kost. Ekki er ólíklegt að þeir sem hikandi eru við að opna slíkar stjórnarskrárheimildir væru fúsari til samkomulags ef vilji væri til slíkra breytinga. Þetta eina álitaefni sýnir hversu brýnt er að brjóta stjórnarskrárumræðuna betur til mergjar.

En hvað sem því líður er hyggilegt að forgangsraða viðfangsefnum í stjórnarskrármálinu með hliðsjón af öðrum markmiðum. Hitt er áhættusækni að færast meira í fang en víst er að menn ráða við. Það er varasamt í pólitík eins og bönkum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
ÍÞRÓTTIR: Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BAUHAUS

BAÐLAND®

ALLT FYRIR BAÐIÐ

...við bjóðum heildstæðar baðlausnir

Mikið úrval af salernum

GROHE/POROS VEGGHENGT SALERNI
Allt innifalið, Salerniskassinn, krómaður þrýstihnappur, salernisskál og seta.

49.995.-

Yfir 20 uppsett baðherbergi til sýnis

SPEGILL MEÐ LJÓSI
70 x 60 cm.
33.990.-

LIMA BAÐINNRÉTTING 100CM
100 x 40 x 45 cm. Svartur neðriskápur með soft close skúffum. Vaskur fylgir með. Kemur samansett. Blöndunartæki og Spegill fylgir ekki.

39.995.-

12.995.-

SALERNISSETA ISEAT LEA
Fæst í hvítu og svörtu, með quick release og soft close. 15 ára ábyrgð.

MOLLY FYLGIHLUTIR
Fæst í hvítu, svörtu, brúnu og fjólublá.

Sápudæla **995.-**
Tannburstaglas **1.895.-**
Salernisbursti **3.995.-**



4.995.-

FINJA ÞVOTTAKARFA
68 x 43 x 43 cm. Hnota.

APOLLO BAÐVOG
Með vatns og fitumæli.

2.495.-

Ótrúlegt úrval af blöndunar- og sturtutækjum

BOSTON STURTUSETT
Krómað sturttusett með ferköntuðum 18 cm sturtuhaus og handsturtu. Blöndunartæki fylgja ekki.

9.995.-

HOUSE HANDLAUGARTÆKI
Krómuð
2.295.-

HOUSE ELDHÚSBLÖNDUNARTÆKI
Krómuð með lágri sveiflu.
2.295.-

Baðker og sturtur á betra verði

Camargue
WALL STURTUVEGGUR
6 mm glært eða matt hert gler. 100 cm krómuð sturtustöng og gólffesting fylgir. 80 eða 90 cm, H 200 cm. 10 ára ábyrgð á öllum hreyfanlegum hlutum. Blöndunartæki fylgja ekki. Sérpöntun.

19.995.-

78.995.-

ROMANCE BAÐKAR
Stórglæsilegt akrýlbaðkar í rómantískum stíl. Stærð 170 x 73 x 76 cm. Sérpöntun.

- Mikið vöruúrval frá leiðandi framleiðendum
- Framúrskarandi ráðgjöf og einstaklingsbundin 3D-skipulagning
- Öll vinna við flísalagnir, pípulagnir, raflagnir og málun á einum stað, og á föstu verði.

Allt fyrir baðið á einum stað hjá BAUHAUS

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 27. september til og með sunnudagsins 30. september 2012. Gildir á meðan birgðir endast.

Mikið úrval af merkjavöru: NORO, SCANBAD, damixa, Ifö, Ballingslöv, oras, Gustavsberg, GROHE, hansgrohe, FM Mattsson, SVEDBERGS, Villeroy & Boch, Ideal Standard, BØRMA

BAUHAUS REYKJAVIK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavik - www.bauhaus.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

GOTT VERÐ Í BÓNUS OPNUM KL. 10 GOTT VERÐ Í BÓNUS OP

KOLSÝRT VATN
HREINT EÐA MEÐ SÍTRÓNUBRAGÐI
159 KR. 2 LTR

FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
FROSINN LAMBABÓGUR SAGAÐUR Í SÚPUKJÖT

859 KR.KG

ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS

FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
1498 KR.PK

PEPSI OG PEPSI MAX
198 KR. 2 LTR

SJÓFRYST ÝSUFLÖK
ROÐ OG BEINLAUS
1259 KR.KG

NÝJAR ÍSLENSKAR KARTÖFLUR Í LAUSU
GULLAUGA OG RAUÐAR
169 KR.KG

zero
zero
zero

95 KR. 500 ML
59 KR. 330 ML

GÓU ÆÐIBITAR OG HRAUNBITAR
200 GRÖMM
198 KR. KASSINN

179 KR. 1/2 KG

BÓNUS RÚGBRAUÐS-KUBBURINN 500 GRÖMM

PRINS PÓLO 5+1 STK
398 KR.

750 ML ÓLÍFUOLÍA
EXTRA VIRGIN
598 KR

898 KR
TÓLF NICKY SALERNISRÚLLUR

359 KR.
ÞRJÁR NICKY ELDHÚSRÚLLUR

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NUM KL.10 GOTT VERÐ Í BÓNUS OPNUM KL.10 GO

HAUST SLÁTRUN 2012

BÓNUS 1879 KR.KG

AF NÝSLÁTRUÐU **FERSKUR LAMBAHRYGGUR**

BÓNUS 1389 KR.KG

AF NÝSLÁTRUÐU **FERSKT LAMBALÆRI**

100% FERSKT NAUTGRIPAHAKK

NAUTA Veisla

1295 KR.KG

BÓNUS 295 KR.KG

HAUST SLÁTRUN 2012

AF NÝSLÁTRUÐU
FERSK LAMBAHJÖRTU

BÓNUS 295 KR.KG

HAUST SLÁTRUN 2012

AF NÝSLÁTRUÐU
FERSK LAMBALIFUR

198 KR. DS

HUNTS *CLASSIC ITALIAN*
SPAGHETTISÓSUR 680 GR

598 KR.KG

FERSK LAMBAHJÖRTU
HJARTASNITSEL Í RASPI

1798 KR.KG

FERSKAR Í RASPI
LAMBALÆRISNEIÐAR

Barilla *Barilla spaghetti* **245 KR. 1KG.**

YUM-YUM NÚÐLUR Í BOXI
70 GR **98 KR.**

BÓNUS 100 GR.
HAFRAKAKAN
159 KR.

BÓNUS
FLATKÖKUR 5 STK
95 KR. 5 STK.

BÓNUS **HANGIÁLEGG**
2798 KR. KG

359 KR. 2 LTR.

BÓNUS ÍS : SÚKKULAÐI - VANILLA - JARÐARBERJA 2 LTR.

BÓNUS 320 ML.
ÍS-SÓSA
259 KR. FL

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

Gamalt hafnarsvæði. Nýtt skipulag

Skipulagsmál

Hjálmar Sveinsson
formaður stýrihóps um hafnarskipulagið

Áljósmyndum sést að miðborg Reykjavíkur var hafnarborg lengst af á 20. öldinni. Þar áður hafnlaust sjávarpláss. Götur og sund teygja sig alveg að sjónum og húsin standa á hafnarbakkanum. Landfyllingar, plássfrek hafnsækin starfsemi og hönnun Geirsgötu sem hraðbrautar rufu þessi tengsl borgar og hafnar.

Breytt skipulag hafnarstarfseminnar, aukinn áhugi borgarbúa og ferðamanna á hafnarsvæðinu og breytt viðhorf til borgarumhverfisins hafa á undanförnum árum myndað ný tengsl. Segja má að nú sé stöðugur straumur fólks niður að höfninni við verbúðirnar í Suðurbugt og að Hörpu yst á Austurbakka. Gamla hafnarsvæðið er að verða ný þungamiðja í borginni.

Núna síðast var opnað þarna Hótel Marina í gamla Slippfélagshúsinu. Flestir eru sammála um að þar hafi tekist vel til. Þetta er endurnýting eins og hún gerist best. Útlit hússins hefur lítið breyst nema það er allt frísklegra og fallegra en það hefur lengi verið.

Með nýju rammaskipulagi fyrir hafnarsvæðið, sem kynnt var í borgarstjórn í síðustu viku, er snúið frá þeirri stefnu, sem ríkti hér of lengi, að rífa allt sem fyrir er og byggja allt nýtt frá grunni. Rammaskipulagið tryggir að gömlu verbúðirnar við Suðurbugt halda sér, allar sem ein, og spilhúsin í Slippnum. Og Slippurinn sjálfur verður fyrst um sinn áfram á sínum gamla stað. Stungið hefur verið upp á að stígurinn norðan hússins fái nafnið Spilhúsastígur. Er það ekki samþykkt hér og nú?

Ný hafnarhverfi

Nýja rammaskipulagið skiptir svæðinu milli Sjóminjasafns og Hörpu í fjögur hafnarhverfi sem kallast Vesturbugt, Suðurbugt, Miðbakki og Austurbakki. Skipulagið leggur áherslu á að hvert þessara hverfa hafi sinn karakter. Götur er hafðar fremur þröngar, eins í Grjótaþorpinu, og inn á milli húsanna eru hér og hvar lítil og nett torg. Húsin eru stölluð og höfð í klassískum reykvískum skala: 3 til 5 hæðir. Form þeirra minnir svolítið á gamla netagerðarhúsið, Nýlendugötu 14, gegnt Hótel Marina. Það er 2 og 4 hæðir.

Gert er ráð fyrir blandaðri byggð: Íbúðir, verslanir, handverkstæði, skrifstofur, hótel, slippur, ferðaþjónusta, söfn, kaffihús, gallerí, veitingastaðir, fiskmarkaður og jafnvel útisundlaug. Þarna verða greiðar leiðir fyrir fótgangandi vegfarendur og hjólandi. Bílastæði eru nær alfarið í bílakjöllurum og kveðið er á um að þau skuli vera að hámarki eitt á íbúð.

Fyrirhuguð uppbygging er áfangabundin. Reiknað er með að vestasta svæðið, milli Slipps og Sjóminjasafns, það er að segja Vesturbugtin, byggist fyrst upp. Þar gætu risið allt að 250 íbúðir. Í fyrsta áfanga verður þó aðeins byggt að Slippnum, það er að segja í vestari hluta Vesturbugtar.

Suðurbugt verður mikið til óbreytt. Þó er gert ráð fyrir að hægt sé að þétta það svæði örlítið með því að byggja hús á bílastæðinu milli Hafnarbúða og austasta hluta verbúðarinnar. Það er í takt við nýja tíma að byggja hús fyrir fólk á afgangslóðum sem hafa verið nýtt sem bílastæði.

Reiknað er með að ekki komi til uppbyggingar á Miðbakka fyrr en eftir að Vesturbugtin hefur byggst upp, eða er að minnsta kosti komin vel af stað. Þá hafa borgarbúar reynslu af þeirri tegund byggðar og geta betur dæmt um hvort þeir vilja halda áfram á sömu braut.

Vegna áforma erlendra aðila að byggja hótel samkvæmt gildandi deiliskipulagi á austasta svæðinu, Austurbakka, var ákveðið að taka það svæði út fyrir sviga. Þar verður til að byrja með áfram gildandi deiliskipulag.

Ekkert snobbhill

Eitt mikilvægasta verkefnið í þeirri vinnu sem nú tekur við er að finna leiðir sem tryggja að nýju hafnarhverfin einkennist af félagslegum fjölbreytileika. Þetta mega ekki verða hverfi þar sem eingöngu sterkefnað fólk hefur efni á að búa. Markaðurinn, sem krefst auðvitað hámarksarðs af sölu lóða og íbúða, má ekki ráð ferðinni einn. Samkvæmt nýsamþykktri húsnæðisstefnu eiga leiguíbúðir að vera að lágmarki 20% íbúða í nýjum hverfum. Ég tel að það hlutfall eigi að vera hærra í Vesturbugt.

Rammaskipulaginu er ætlað að tengja aftur saman borg og höfn. Til að það takist er lykilatriði að Geirsgötu verði breytt úr frá-hrindandi hraðbraut í aðlaðandi borgargötu með rólegri umferð. Sú umbreyting ein og sér er mikilvægur liður í því að byggja upp borg fyrir fólk frekar en bíla. Hún er mikilvæg yfirlýsing um nýja stefnu í skipulagsmálum borgarinnar.

Uppbygging nýju hafnarsvæðanna samkvæmt þessu skipulagi sem hér hefur verið lýst fellur vel að markmiðum endurskoðaðs aðalskipulags borgarinnar til ársins 2030. Þar er gegndarlausri útþenslu borgarinnar snúið við. Borgin á ekki lengur að byggjast út á við heldur inn á við.

Námskeið fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja, reykköfunartækja og loftgæðamælinga
15. og 16. október 2012

Mannvirkjastofnun stendur fyrir námskeiði fyrir þjónustuaðila handslökkvitækja, reykköfunartækja og loftgæðamælinga skv. gr. 38 a í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir. Skilyrði til að öðlast starfsleyfi er að þeir starfsmenn sem annast viðhald og skoðun þessa búðaðar hafi lokið námi og staðist próf sem Mannvirkjastofnun heldur. Efnistök námskeiðsins byggja á reglugerð nr. 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna.

Námskeiðið er ætlað þeim sem uppfylla kröfur um sérákvæði í reglugerð nr. 1067/2011 um þjónustuaðila brunavarna.

Námskeiðinu lýkur með skriflegu prófi.

Námskeiðið verður haldið 15. og 16. október 2012 á Smiðjuvegi 13a Kópavogi.

Námskeiðsgjald er kr. 24.000

Umsóknir um þátttöku sendist fyrir 8. október 2012 á netfangið bernhard@mvs.is á þar til gerðu eyðublaði sem hægt er að nálgast á heimasíðu Mannvirkjastofnunar (www.mvs.is).

Mannvirkjastofnun

Skúlagötu 21 • 101 Reykjavík • Sími: 591 6000
Fax: 591 6001 • mvs@mvs.is • www.mvs.is

Evru-horn Björns

Gjaldmiðlar

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur

Björn Bjarnason, fyrrverandi ráðherra, ritar greinarkorn í horni Fréttablaðsins 26.9.2012. Þar er hann að svara utanríkisráðherra og andmæla þeirri fásinnu Össurar að honum hafi nokkurn tíma dottið í hug að evran gæti verið dugandi gjaldmiðill fyrir Ísland.

Ekki ætla ég mér að taka afstöðu til deilna þeirra félaga. Hana verða þeir að takast á um tveir. Það var hins vegar ein setning sem ég staldraði við hjá Birni, og sýnir hvað kappið um að sverta evruna er oftast meira en forsjálnin. Hann segir: „Við hagfræðilegt mat á gildi evrunnar stöndum við betur að vígi nú en 2007. Evran hefur fallið á prófinu ...“

Fyrri hluti þessara fullyrðinga er réttur. Eftir ítarlega úttekt Seðlabankans á kostum okkar í gjaldmiðilsmálum liggur fyrir vel unnin og alvarleg skýrsla sem vegur og metur af yfirvegun, hvaða bögglar fylgja hverju skammrifi. Niðurstaðan er að aðeins tveir raunhæfir kostir séu til staðar. IKR eða Evran. Hvorugur kosturinn er vandræðalaus. Endingarkostir þeirra og afleiddur fjármálalegur stöðugleiki er ekki sá sami. Látum þetta gott heita um þennan hlut af orðræðu Björns.

Hin fullyrðingin er alröng. Evran hefur ekki fallið á prófinu. Gengi hennar gagnvart Bandaríkjadollar, sem og flestum öðrum gjaldmiðlum, er svipað og þó ívið hærra en það var þegar henni var ýtt á flot á sínum tíma. Hins vegar hafa ríkisstjórnir fjölmargra evrulanda (og reyndar Íslands líka) frá þessum tíma og fram að hruni fallið illilega á prófinu. Það er óráðsía, eyðslusækni og agaleysi ríkisstjórna og þjóðþinga sem búið hefur til skuldavanda ríkja, sem skekur hinn vestræna heim, auk óhóflegrar áhættusækni stórbanka.

Evran sem slík hefur staðist þessa prófraun. Hún heldur gildi sínu. Nú er það svo að jafnvel mest skuldsettu ríkin vilja með engu móti hverfa frá evrunni. Vilja flestu fórna til þess að fá að vera með. Af hverju skyldi það vera? Mér sýnist hornið hans Björns ekki auðveldari dvalarstaður en sá sem hann vísaði Össuri í. Björn þyrfti að læra að greina rétt frá staðreyndum, þó þær falli ekki að hugmyndafræði hans. Það gæti hins vegar orðið honum erfitt.

EMBASSY OF THE UNITED STATES

Skráning í „Græna Korts Happdrættið“

Skráning í „Græna Korts Happdrættið“ 2014 hefst 2. Október 2012.

Þeir aðilar sem vilja taka þátt í happdrættinu verða að skrá sig inni á sérstakri heimasíðu á vegum Bandaríska Ríkisins.

Vefslóðin fyrir skráningu í Græna Korts Happdrættið 2014 er www.dvlottery.state.gov og verður skráning opin frá 2. Október 2012 til kl. 16:00, að íslenskum tíma, 3. nóvember 2012.

Vinsamlegast athugið að þetta er eina heimasíðan á vegum Bandaríska Ríkisins sem ætluð er til skráningar í Græna Korts Happdrættið.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu Bandaríska Sendiráðsins:
http://iceland.usembassy.gov

HÚSGAGNABÆKLINGURINN OKKAR ER KOMINN ÚT!

Í tilefni þess veitum við **25%** kynningarafslátt af öllum vörum í bæklingnum.
Húsgögn, rúm, dýnur, sængur og koddar. Ekki missa af þessu einstaka tilboði!
Athugið! Gildir aðeins fimmtudag til mánudags.

Um rangfærslur

Orkumál

Inga Sigrún Atladóttir
forseti bæjarstjórnar í Sveitarfélaginu Vogum

Í Fréttablaðinu 21. september sl. birtist grein eftir Einar Þ. Magnússon, formann atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar. Þar telur Einar sig vera að hrekja það sem hann kallar rangfærslur af minni hálfu í grein sem birtist í Fréttablaðinu tveimur dögum fyrr. Inntak greinarinnar er spurningin um það hvort Reykjanesskaginn í núverandi mynd sé sjálfsagður og nauðsynlegur fórnarkostnaður fyrir álver í Helguvík. Einar segir það rangfærslur að tala um 8-16 jarðhitavirkjanir á Reykjanesskaga og að þeim fylgi brennisteinsmengun, borstæði, hitaveiturör, vegir, lón með affallsvatni og tvöföld röð af 30 metra háum stálmöstrum eftir endilöngum Reykjanesskaga ásamt tengivirkjum.

Í grein sinni gerir Einar sæmilega grein fyrir háspennulínum milli Hamraness og Fitja en síðan taka við gífuryrði og þekkingarskortur af þeim toga sem einkennt hefur umræðuna um álver í Helguvík. Einar vill ekkert kannast við að það þurfi að reisa 8-16 virkjanir. Hann segist aðeins þekkja til stækkunar Reykjanesvirkjunar, Eldvarpa og Krýsuvíkur, en það er erfitt að trúa því að hann sé svona illa að sér. Í umhverfismatsskýrslu fyrir 250.000t álver í Helguvík eru nefndar til sögunnar Reykjanesvirkjun (stækkun), Eldvörp, Svartsengi (stækkun), Trölladyngja, Sandfell, Seltún, Austurengjar, Hellisheiði (stækkun), Bitra og Hverahlíð. Í þingsályktunartillögu um rammaáætlun bætast við Stóra-Sandvík, Meitill og Gráuhnúkar. Þetta getur ekki hafa farið fram hjá formanni atvinnu- og hafnarráðs Reykjanesbæjar.

Formaðurinn reynir að gera lítið úr brennisteinsvandamálum og segir mengun frá Svartsengi aðeins 10% af því sem hún er á Hellisheiði. Kannski veit hann ekki að Svartsengisstöðin er margfalt minni en Hellisheiðarvirkjun og að álverið þarf töluvert meira rafafl en nemur framleiðslu Hellisheiðarvirkjunar. Afar ólíklegt er að unnt verði að tryggja að allar þessar virkjanir uppfylli reglur um mengun og á það einkum við um virkjanir á Hellisheiði.

Einar segir fullyrðingar um aukna tíðni jarðskjálfta rangar og vitnar til reynslu frá Svartsengi. Um þetta getur hann að sjálfsögðu ekkert fullyrt. Ekki var gert ráð fyrir vanda vegna jarðskjálftavirkni við Hellisheiðarvirkjun en þeir komu samt. Þá telur Einar ekki sjálfgefið að lón skapist vegna virkjana og bendir á Hellisheiðarvirkjun. Þetta er rétt en það segir hreint ekki að engin lón muni myndast.

Alvarlegasta raskið af raforkuverum á Reykjanesskaga tengist virkjununum sjálfum. Stöðvarhús, fjölmargar borholur tengdar með miklum pípulögnum og víðtæku vegakerfi, auk háspennulína og spennuvirkja. Kröfluvirkjun hefur um árabil framleitt 60 MW og umfang hennar þekkja flestir. Álver í Helguvík þarf 435 MW eða sem nemur framleiðslu liðlega sjö Kröfluvirkjana og það er viðbót við núverandi virkjanir á skaganum.

Flutningskerfi raforku á Suðurnesjum hefur verið mér umhugsunarefni síðastliðin ár. Það er rétt hjá Einari að flutningskerfið þarf að styrkja en hugmyndir Landsnets eru ekki þær einu réttu. Flutningskerfið á Suðurnesjum er fyrst og fremst komið að þolmörkum vegna flutnings á 125 MW frá virkjunum HS Orku til álvers á Grundartanga. Hafa ber í huga að HS Orka hefur gert samning um sölu á raforku til álversins við Grundartanga og Orkuveita Reykjavíkur um sölu á raforku frá Hellisheiðarvirkjunum til álvers í Helguvík. Vegna þessara samninga orkufyrirtækjanna þarf að ráðast í mun umfangsmeiri framkvæmdir en nauðsyn krefur. Ef flutningsþörf fyrir raforku væri metin út frá þjóðhagslegri hagkvæmni eins og raforkulög gera ráð fyrir væri farsælla að auka framleiðslugetu Reykjanesvirkjunar úr 100 MW í 150 MW og í stað þess að flytja 125 MW frá Suðurnesjum yrði sú orka nýtt á svæðinu en 125 MW flutt frá Hellisheiði til álversins á Grundartanga. Við þetta fyrirkomulag mun Hitaveita Suðurnesja, með 30 MW aðstoð frá Orkuveitu Reykjavíkur, geta annað raforkuþörf á Suðurnesjum ásamt gagnaveri og fyrsta hluta álversins í Helguvík.

Á árunum fyrir hrun var ekki talið rétt að gagnrýna viðskiptalífið og því var haldið fram að öll umræða sem ekki studdi stöðuga og óhefta uppbyggingu væri til þess fallin að tefja verkefni, tala niður góðar hugmyndir eða vinna gegn framförum. Nú virðist sem orkuiðnaðurinn búi við sama gagnrýnisleysið í skjóli óttans við aukið atvinnuleysi. Heiðarleg umræða er ekki til að hræða eða skemma heldur er hún lykilatriði til að hægt sé að ná sátt um mikilvæg verkefni. Sjónarmið almannahagsmuna og krafan um samfélagslega ábyrgð fá ekki það rými sem þeim ber í umræðu um atvinnuuppbyggingu, orkunýtingu og flutningskerfi raforku á Reykjanesi og því þarf að breyta.

Frelsi til að valda þjáningum og dauða?

Heilbrigðismál

Eyjólfur Þorkelsson
læknir

Dóttir mín er á leikskóla. Þaðan hefur hún komið heim með pestir. Þó er hún á góðum leikskóla, mjög góðum. Það breytir því ekki að hann, eins og allir aðrir leikskólar, er staður þar sem margt fólk finnst á litlu svæði og pestir smitast auðveldlega. Sama gildir um skóla, flugstöðvar, íþróttamiðstöðvar, jafnvel sjúkrahús. Væri rökrétt eða skynsamlegt að neita dóttur minni um menntun, ferðalög, líkamsrækt eða innlögn af ótta við að hún gæti fengið minniháttar pest? Eflaust hefði fólk áhyggjur (með réttu) af uppeldi barnsins. En af hverju mætum við þá af slíkri léttúð því þegar fólk neitar börnum sínum um bólusetningar af ótta við afar, afar óljósa áhættu?

Gjöf sem gefur

Bólusetningar bjarga lífum! Þær hafa bjargað fleiri mannslífum en nokkurt annað vísindaafrek í sögu mannsins! Þær hafa sennilega bjargað fleiri mannslífum en þeim sem töpuðust í öllum styrjöldum 20. aldarinnar! Fyrir örfáum árum létust yfir 800.000 börn úr mislingum árlega. Flest voru í löndum þar sem færri komast að en vilja til að bólusetja börn sín. Samt er helsti bandamaður kíghósta, barnaveiki, lömunarveiki og mislinga ekki fátækt í „þróunarlöndum" heldur undarlegur undirróður í „upplýstum" samfélögum. Ég neita að trúa að andróðursmönnum bólusetninga gangi illt til en fórnarkostnaðurinn af áróðri þeirra er því miður að koma fram. Mislingafaraldrar eru farnir að geisa í mörgum löndum umhverfis okkur og farnir að taka sinn toll í fötluðum og dánum börnum. Það sem af er ári hafa 9 kornabörn látist úr kíghósta í Bandaríkjunum einum! Þó er þar haustið ekki byrjað! Það sorglega er þó að þessum börnum hefði ekki verið hægt að bjarga með að bólusetja þau, til þess voru þau of ung. En þau smituðust og dóu vegna þess að eldri börn í umhverfi þeirra voru ekki bólusett. Í þessu liggur mikilvægasti, dýrmætasti og fegursti kostur bólusetninganna – þú verð ekki bara þig heldur einnig þína nánustu, og líka þá sem þú þekkir ekki neitt, en hafa eða geta ekki verið bólusettir.

„One jab too many"

Fólk á mínum aldri er flest vel varið út af fyrirhyggju foreldra okkar en börn minnar kynslóðar gætu verið í hættu. Ef ég vek ótta einhverra með þessum orðum biðst ég svo innilega afsökunar á því en málefnið stendur mér bara of nærri til að ég geti snúið blinda auganu að vandanum. Í nýlegu erindi varpaði Art Caplan, doktor við heilbrigðis-siðfræðistofnun Háskólans í New York, mestu ábyrgðinni á sjálfskipaða heilsupredikara sem fara fram, oft í krafti frægðar sinnar, með innihaldsrýr en hljómmikil slagorð og áróður gegn bólusetningum. Fremstir fara oft áberandi einstaklingar úr kvikmyndum eða sjónvarpi en fólk úr hjálækningaiðnaðinum og jafnvel fjölmiðlafólk hefur stokkið á vagninn. Þeirra ábyrgð er mikil!

> Ég neita að trúa að andróðursmönnum bólusetninga gangi illt til ...

Þakka ykkur ömmur og afar

Haustið er komið. Senn fara flensurnar á stjá og við hjónin og aðrir læknar og heilbrigðisstarfsfólk fáum flensubólusetningarnar. Þær bólusetningar fá líka afar og ömmur þessa lands og þær mun ég gefa þeim með miklu þakklæti. Þakklæti fyrir að á sínum tíma sýndu þau þá ábyrgð að veita sínum börnum bólusetningar og hlífðu þeim þar með við þjáningum eða dauða. Sú ábyrgð kynni að hafa bjargað mínu lífi, kannski lífi konu minnar en klárlega lífi og heilsu margra minna vina. Sem betur fer fæ ég aldrei að vita hversu margra. Af öllu hjarta – Takk.

Ástand löggæslumála á Suðurlandi

Löggæsla

F.h. stjórnar Lögreglufélags Suðurlands
Adolf Árnason, formaður
Heiðar Bragi Hannesson, varaformaður
Hermundur Guðsteinsson, ritari
Ívar Bjarki Magnússon, gjaldkeri
Magnús Ragnarsson, stjórnarmaður

Stjórn Lögreglufélags Suðurlands kom saman á fundi þann 19. september sl. til þess að ræða grafalvarlegt og versnandi ástand löggæslumála á Suðurlandi sem orsakast af áralöngu fjársvelti. Er svo komið að íbúum og lögreglumönnum er hætta búin vegna fækkunar lögreglumanna við embættin. Þá er samdráttar- og niðurskurðarkrafa innan lögreglu orðin svo að lögreglumenn geta vart sinnt eiðsvörnu og lögbundnu hlutverki sínu.

Við embætti lögreglustjórans á Selfossi hefur lögreglumönnum fækkað úr 28 árið 2007 niður í 20. Voru þá á vakt 5 lögreglumenn virka daga en 7 lögreglumenn um helgar. Nú eru 3 til 4 lögreglumenn á vakt í miðri viku og 5 um helgar. Við embætti lögreglustjórans á Hvolsvelli voru, árið 2007, 9 lögreglumenn en telja nú 7 lögreglumenn. Eru þá jafnan 3 lögreglumenn á vakt, 2 staðsettir á Hvolsvelli og 1 á Kirkjubæjarklaustri.

Er þessi þróun umhugsunarverð í ljósi þess að íbúum með fasta búsetu hefur fjölgað talsvert frá ári til árs, og eru þá ótaldir þeir sem hafa hér dvalarstað eða aðsetur talsverðan hluta ársins í u.þ.b. 7.500 sumarhúsum sem finnast á Suðurlandi. Þá er það staðreynd að yfir helmingur þeirra sem lögreglan á Suðurlandi hefur afskipti af er ekki búsettur innan umdæmanna.

Suðurland býr yfir nokkrum fegurstu náttúruperlum Íslands og hefur umferð ferðamanna, innlendra sem erlendra, stóraukist síðari ár. Telja ýmsir innan ferðaþjónustugeirans að allt að 70-80% allra erlendra ferðamanna á Íslandi (72% samkvæmt könnun Ferðamálastofu árið 2011) hafi viðdvöl á Suðurlandi til lengri eða skemmri tíma, allan ársins hring. Samkvæmt heimasíðu Ferðamálastofu (http://www.ferdamalastofa.is/Category.mvc/Display/503) var heildarfjöldi erlendra gesta 565.611 manns árið 2011. Ef við reiknum með að 70% þeirra hafi lagt leið sína um Suðurland þá gera það um 400 þúsund manns.

Síðustu ár hefur fjársvelti og misskipting fjármagns til lögreglu komið illa niður á embættum lögreglustjóranna á Selfossi og Hvolsvelli og er löggæsla hér nú í lágmarki. Dregið hefur verið saman í akstri lögreglubifreiða en það þýðir að sýnileiki lögreglu minnkar sem og eftirlit og löggæsla. Fækkun lögreglumanna hefur sömu áhrif auk þess sem þjónusta við almenna borgara verður lakari. Hæfir lögreglumenn verða nauðbeygðir til að yfirgefa starfið vegna sífelldrar niðurskurðar- og hagræðingarkröfu sem og versnandi starfsskilyrða og stóraukins álags á þá sem og fjölskyldur þeirra.

> Er svo komið að íbúum og lögreglumönnum er hætta búin vegna fækkunar lögreglumanna við embættin.

Það er dapurlegur raunveruleiki lögreglumanns að þurfa að velja milli tveggja, jafnvel þriggja, slysa eftir því hvert þeirra hljómar alvarlegast og geta ekki sinnt hinum.

Einkar áhugavert er að líta yfir fjárlög komandi árs og bera saman fjárveitingar lögregluembættanna miðað við fjölda íbúa með skráð lögheimili innan hvers lögregluumdæmis eins og sá íbúafjöldi birtist þann 1. janúar 2012 skv. Hagstofu Íslands. Sá samanburður er sláandi og misræmið talsvert.

Lögreglustjórinn á Selfossi fær til ráðstöfunar 262,9 milljónir króna. Sé þeirri upphæð deilt niður á þá 15.198 íbúa umdæmisins verður krónutalan 17.298 krónur á hvern íbúa. Við embætti lögreglustjórans á Hvolsvelli er krónuleg staða eilítið skárri eða 27.717 krónur á hvern íbúa. Þó þarf að taka með í þann reikning að umdæmið er víðfeðmt og strjálbýlt. Við þessar fjárveitingar er ekki gert ráð fyrir þeim fjölda fólks sem hér dvelur reglulega í sumarhúsum sínum árið um kring né stóraukins fjölda erlendra ferðamanna.

Sé horft til umdæmis lögreglustjórans á Suðurnesjum er krónutalan 49.208 krónur á hvern íbúa (fjárlög gera ráð fyrir 1.047 milljónum sem deilast niður á 21.277 íbúa). Í því samhengi þarf þess réttilega að geta að miðstöð millilandaflugs er á Suðurnesjum og mikill fjöldi ferðamanna fer um umdæmið ár hvert á leið sinni til annarra lögregluumdæma. Sú fjárhæð sem liggur að baki hverjum íbúa á Suðurnesjum er nærri því sem eðlilegt mætti teljast fyrir löggæslu á landsvísu.

Lögreglufélag Suðurlands lýsir yfir fullum stuðningi við yfirstjórnir embætta lögreglustjóranna á Selfossi og Hvolsvelli sem rekið hafa embættin þrátt fyrir minnkandi fjárveitingar og stöðugar kröfur um hagræðingu og niðurskurð.

Lögreglufélag Suðurlands kallar þingmenn Suðurlands og fjárveitingarvaldið til ábyrgðar á ofangreindum raunveruleika og varpar þeirri spurningu fram, hvort þingmenn telji að núverandi ástand sé ásættanlegt öryggis-, þjónustu- og löggæslustig fyrir Suðurland. Auk þess kallar Lögreglufélag Suðurlands eftir tillögum til úrlausna og bóta frá Alþingi og þingmönnum suðurkjördæmis.

Með lögum skal land byggja, en með ólögum eyða.

SMALAÐU SAMAN MILLJÓNUM!

Lottópotturinn er **fimmfaldur** og stefnir í **40 milljónir**.
Ekki láta milljónirnar ganga lausar. Leyfðu þér smá Lottó!

Lottó

FARÐU Á NÆSTA SÖLUSTAÐ EÐA Á WWW.LOTTO.IS OG FÁÐU ÞÉR MIÐA

FÍTON / SÍA

LEIKLISTINNI FYLGIR LESTUR „Mér finnst ég betri myndlistarskoðandi en áður, vita meira um stefnur og stíla og hvað menn ætluðu sér," segir Jóhann sem leikur listmálarann Rothko í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Innra vegakerfi tilfinninganna

Jóhann Sigurðarson leikari tekst nú á við eitt af sínum stóru hlutverkum er hann túlkar listmálarann Mark Rothko sem nú er einn dýrasti málari seinni tíma en bjó við fátækt framan af ævinni. *Gunnþóra Gunnarsdóttir* heimsótti Jóhann á Arnarnesið og komst að því að hann ólst upp hjá einstæðri fjögurra barna móður. Báðir hlutu menningarlegt uppeldi þrátt fyrir bág kjör.

Fyrst man ég eftir mér á Hamraendum í Borgarfirði þar sem foreldar mínir, Guðrún Birna Hannesdóttir og Sigurður Sigurðsson, bjuggu. Þau skildu þegar ég var fimm ára og mamma flutti í bæinn með okkur systkinin, Sigrúnu, mig, Ólöfu og Þorstein Gauta sem var á fyrsta ári. Þetta var 1960 og þá voru margir sem ráðlögðu henni hreinlega að gefa börnin því hún gæti ekki alið önn fyrir okkur. Næsta kynslóð á undan hafði oft orðið að bregða á það ráð. Afi minn í föðurætt var einn af ellefu systkinum og var settur í fóstur á næsta bæ, það átti að sækja hann vorið eftir en hann var aldrei sóttur. Kannski varð það honum til lífs. Hin börnin dóu flest ung."

Þannig segist Jóhanni Sigurðarsyni leikara frá þegar hann er beðinn að lýsa ævi sinni frá byrjun. Lífið hefur ekki alltaf farið um hann mjúkum höndum frekar en rússneska listmálarann Rothko sem Jóhann leikur í verkinu Rautt í Borgarleikhúsinu. Sá bjó í gettói um tíma eftir að hann kom til Bandaríkjanna tíu ára gamall með öðrum innflytjendum en er nú dýrasti málari nútímalistasögu. Jóhann gefur ekkert fyrir samlíkingu.

„Þetta slampaðist allt hjá okkur. Við bjuggum í Laugarnesinu og við krakkarnir vorum sendir í sveit á sumrin eins og títt var þá. Ég var í sveit meira og minna til sautján ára aldurs, síðustu þrjú sumrin kaupamaður á Sandlæk í Gnúpverjahreppi. Sjálfsagt munaði litlu að ég yrði bóndi. Það var farið að hvarfla að mér að líta í kringum mig eftir heimasætu og jörð. Fór líka að Hvanneyri að kynna mér aðstæður í bændaskólanum."

Varstu annars alltaf í skóla í borginni? „Nei. Ég var í skóla í Varmahlíð í Skagafirði þegar ég var níu ára. Mamma var að kenna á Löngumýri og ég var á bæ sem heitir Krossanes. Gauti átti að vera þar líka en hann strauk til mömmu yfir skurði og girðingar, fimm ára. Síðar var ég einn vetur í Ljósavatnsskóla og annan á Laugarvatni. Það var mikið flakk á okkur eldri börnunum en mamma var dugleg og beitti öllum brögðum til að láta þetta ganga. Fór í tónlistarskóla á fertugsaldri og kennir enn á píanó."

Hafðir þú ekkert samband við föður þinn? „Jú, jú. En stopult. Hann fór til sjós tveimur árum eftir að við fluttum og var þar meira og minna í 25 ár, oft langdvölum á togurum úti í hafi. Einhvern tíma var hann þrettán mánuði í burtu. Þá veiddu þeir við Grænland og sigldu með aflann til Þýskalands. Menn misstu allt tímaskyn á þessu. Pabbi hringdi kannski í mars og óskaði okkur gleðilegra jóla."

Leiklistin breytti lífinu

Hvaðan koma þér leiklistarhæfileikarnir? „Það er erfitt að festa fingur á því. Mamma var í leiklistarskóla hjá Lárusi Pálssyni einn vetur áður en hún fór í barneignir og búskap. Pabbi var liðtækur líka bæði í leik og söng í sveitinni og föðuramma mín var músíkölsk þannig að þræðirnir liggja víða."

Jóhann útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands vorið 1981 ásamt Sigrúnu Eddu, Karli Ágústi, Guðmundi Ólafs og fleirum sem síðan hafa gert garðinn frægan. „Það var rosalega gaman í leiklistarskólanum og mikil upplifun að komast í þann heim, breytti alveg lífi mínu," rifjar hann upp. „Kjartan Ragnarsson kom á generalprufu á Íslandsklukkunni sem var útskriftarsýning og hringdi í mig daginn eftir. Þá var hann að skrifa leikrit sem hann bauð mér aðalhlutverk í. Það hét Jói og var sýnt 150-160 sinnum, var tvö leikár í Iðnó og farið með það leikför um landið. Þannig byrjaði ferillinn. Ég var hjá Leikfélaginu fyrstu fjögur árin, var svo lausráðinn í þrjú ár en datt inn í verkefni í Þjóðleikhúsinu 1986 og var þar óslitið í 20 ár. Upp á síðkastið hef ég verið í Borgaleikhúsinu, ráðinn til eins árs í senn. Þetta er alltaf spurning um hvaða verk eru í gangi."

Á Þjóðleikhússárunum kveðst Jóhann hafa átt rétt á ársleyfi frá störfum og tekið það á Ítalíu. „Ég átti eftir að dvelja erlendis. Guðrún kona mín gat fengið leyfi og strákarnir okkar voru ekki byrjaðir í skóla svo þetta var kjörið tækifæri. Í leiðinni sótti ég söngtíma hjá kennara sem Kristján Jóhannsson útvegaði mér í Brescia," segir hann brosandi og kveðst áður hafa verið mörg ár í tónlistarskóla, lært söng hjá Sigurði Demetz, tónfræðina og allan pakkann. „Það lá ansi vel við, fjölskyldan var í tónlist, mamma að kenna og Gauti fór alla leið. En mig vantaði herslumun. Svo lenti ég í vondu bílslysi 1988 sem setti veröldina á hvolf hjá mér um tíma. Skrokkurinn fór illa og ég var lengi að ná mér á allan hátt."

> Það voru 20-25 metrar milli bílanna eftir áreksturinn, höggið var svo mikið.

Slysið

Það tekur á Jóhann að rifja upp atburðinn sem tók frá honum elskulega eiginkonu og hjó nærri lífi hans.

„Við vorum á Skúlagötunni að koma keyrandi heim og ég var við stýrið. Það var bíll fyrir framan okkur sem vék allt í einu upp á gangstétt og á okkur skall annar sem kom úr gagnstæðri átt á ofsahraða. Bílstjórinn var á stolnum bíl, dauðadrukkinn, ljóslaus, próflaus og á öfugum vegarhelmingi. Þegar hann vaknaði daginn eftir í fangageymslunni hélt hann að hann hefði lent í áflogum, mundi ekkert hvað hefði gerst. En það voru 20-25 metrar milli bílanna eftir áreksturinn, höggið var svo mikið. Konan mín dó samstundis, hún hét Anna Jóna og var Jónsdóttir."

En að þú skyldir lifa. „Já, ég hef oft velt því fyrir mér af hverju það fór þannig. Ég fór náttúrlega á spítala, fyrst á gjörgæslu því þetta stóð tæpt á tímabili. Þá kynntist ég íslenskri heilbrigðisþjónustu í fyrsta sinn og áttaði mig á hvílíkt öndvegisfólk er þar við aðhlynningu. Svo átti ég marga góða vini og ættingja sem tóku utan um mig."

Áttuð þið Anna Jóna börn? „Ekki saman en hún átti einn dreng, Harald Inga Þorleifsson. Hann var að verða pabbi um daginn, er mikill tölvumaður og stórfyrirtæki erlendis var að bjóða honum vinnu þannig að honum vegnar vel sem betur fer."

Þú nefndir Guðrúnu og strákana áðan. Segðu okkur frá þeim. „Guðrún Sesselja Arnardóttir, eiginkona mín frá 1992, er hæstaréttarlögmaður í dag en þegar við kynntumst var hún að læra frönsku í háskólanum. Við eigum tvo stráka, Örn Gauta og Jóhann Ólaf sem eru fæddir 1995 og 96 og eru báðir í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ. Örn Gauti er hjólabrettamaður og spilar á gítar og Jóhann Ólafur er fótboltamaður. Báðir lærðu svolítið á píanó hjá mömmu og Jóhann Ólafur hélt áfram í tvö ár hjá Gauta bróður en svo tók fótboltinn yfirhöndina. Þetta eru að verða stórir strákar."

Gerði litina að galdraverki

„Hið eilífa sköpunarverk heldur áfram," er ein meitlaðra setninga Rothkos í leikritinu Rautt sem reynir mikið á Jóhann. Hann er á sviðinu nær allan tímann eins og meðleikarinn Hilmar Guðjónsson sem leikur aðstoðarmanninn Ken. Hvernig undirbýr Jóhann sig undir þau andlegu átök sem þar eiga sér stað? „Ég reyni að fara vel með mig, vera vel úthvíldur og helst ná mér í klukkutíma kríu áður en ég fer niður í leikhús. Þegar þangað kemur les ég allt leikritið yfir. Svo reyni ég að stilla einbeitinguna. Áður er ég búinn að byggja verkið upp innra með mér, allt ferðalagið og hugsanirnar sem búa að baki því sem sagt er. Það þarf að búa til þetta innra vegakerfi tilfinninga og hugsana, í það fer æfingatíminn," segir Jóhann sem kveðst líka hafa þurft að leggjast í talsverðan lestur til að kynnast Rothko. „Það er búið að vera rosalega gaman að komast nær þessum pælingum sem voru í gangi. Mér finnst ég betri myndlistarskoðandi en áður, vita meira um stefnur og stíla og hvað menn ætluðu sér."

Vill hann lýsa Rothko fyrir lesendum? „Rotkho hlaut menningarlegt uppeldi og var trúr öllu sem hann gerði. Leikstjórinn okkar, hún Kristín Jóhannesdóttir, hefur staðið fyrir framan verk hans og segir þau vera eins og talað er um í leikritinu. Það sé í þeim hreyfing og birtan komi innan úr myndunum. Þetta tókst Rothko með aðferð sem hann þróaði. Hann gerði litina að galdraverki og setti í þá alls konar leyndarmál sem hann hélt fyrir sig. Ein mynd eftir hann var slegin nú í vor á 10,8 milljarða."

Jóhann leikur í Rauðu óslitið næstu fjórar vikurnar, fimm kvöld í viku. Síðan tekur við Vesturportssýningin Bastarðar sem var forsýnd á listahátíð í vor og hefur verið á fjölum í Danmörku og Svíþjóð í sumar en kemur á svið Borgarleikhússins upp úr 20. október. „Ég tek við af dönskum leikara sem hefur leikið í Rejseholdet," segir Jóhann og kímir. „Fram undan eru líka tíu sýningar af Fanný og Alexander og ætli það verði ekki Mary Poppins eftir áramót? Þetta eru ólík verk. Það er kosturinn við þetta starf á Íslandi hvað fjölbreytileikinn er mikill."

Önnur áhugamál? „Ég á hesta. Það eru leifar af sveitinni. Hef líka gaman af að veiða og spilaði badminton í tuttugu ár en meiddi mig í löppinni í fyrra og hef tekið pásu í því. Svo á ég fjölskyldu og hef mikið gaman af að snúast kringum fólkið mitt. Það er áhugamál."

Europris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Verslunin að KORPUTORGI lokar

70%

afsláttur af öllum vörum

í versluninni á meðan birgðir endast

ALLT Á AÐ SELJAST!

VIÐ LOKUM Á SUNNUDAG KL. 18:00.

OPIÐ Í DAG OG Á SUNNUDAG
KL. 11:00–18:00.

ATH! Afslátturinn gildir eingöngu í verslun Europris að Korputorgi

WWW.EUROPRIS.IS

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

1889 kr. kg

Ísl. matvæli kjúklingabringur

775 kr. kg

Ísl. matvæli, heill kjúklingur

GOTT VERÐ – alla daga!

35% afsláttur

2989 kr. kg

Verð áður ~~4598~~ kr. kg

Ungnauta entrecote, erlent

1598 kr. kg

Lambalærissneiðar af nýslátruðu

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is



Safnaðu AUKAKRÓNUM
í öllum verslunum krónunnar

NÝTT Tilbúnir réttir
– fljótlegt og gott

2698 kr. pk.
Fulleldað kjúklingaspjót, þrenna

1598 kr. kg
Grísk panna með grísakjöti

1598 kr. kg
Indversk panna með grísakjöti

998 kr. pk.
Fulleldað kryddhjúpuð kjúklingasteik

1598 kr. kg
Frönsk hvítklaukspanna með nautakjöti

1598 kr. kg
Ítölsk panna með nautakjöti

998 kr. pk.
Fulleldaðar piparhúðaðar kjúklingalundir

1198 kr. kg
Fulleldaður núðluréttur með kjúklingi

1598 kr. kg
Miðjarðahafspanna með grísakjöti

998 kr. pk.
Fulleldaðir kjúklingaborgarar úr bringu

1298 kr. kg
Fulleldaðar kjúklingabollur í spaghetti

898 kr. kg
Fulleldað bygg með grænmeti

KÍKTU Á kronan.is – meira fyrir minna

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

HVERJIR HALDA ÁFRAM?

						Utan þingflokka
HALDA ÁFRAM	Ásmundur Einar Daðason Eygló Harðardóttir Gunnar Bragi Sveinsson Höskuldur Þórhallsson Sigmundur Davíð Gunnlaugsson Sigurður Ingi Jóhannsson Vigdís Hauksdóttir	Birgitta Jónsdóttir Píratar hafa ekki verið stofnaðir formlega enn þá. Það stendur ekki til að gera það fyrr en í upphafi næsta árs. Ég hef ekki tekið ákvörðun um hvar á lista ég hyggst gefa kost á mér, það er að segja, hvort ég muni leiða lista eður ei. Þór Saari býður fram fyrir Dögun í næstu kosningum	Árni Páll Árnason Björgvin G. Sigurðsson Guðbjartur Hannesson Helgi Hjörvar Jónína Rós Guðmundsdóttir Katrín Júlíusdóttir Kristján L. Möller Lúðvík Geirsson Magnús Orri Schram Mörður Árnason Oddný G. Harðardóttir Ólína Þorvarðardóttir Róbert Marshall Sigmundur Ernir Rúnarsson Sigríður Ingibjörg Ingadóttir Skúli Helgason Valgerður Bjarnadóttir Össur Skarphéðinsson	Árni Johnsen Birgir Ármannsson Bjarni Benediktsson Einar K. Guðfinnsson Guðlaugur Þór Þórðarson Illugi Gunnarsson Jón Gunnarsson Ragnheiður Elín Árnadóttir Ragnheiður Ríkharðsdóttir Unnur Brá Konráðsdóttir	Álfheiður Ingadóttir Lilja Rafney Magnúsdóttir Steingrímur J. Sigfússon Ég hef ekki gefið neitt annað í skyn [en að ég fari í framboð], þá geta menn getið sér til um hvað er líklegast. Ögmundur Jónasson Að öllu óbreyttu geri ég ráð fyrir að gefa kost á mér til endurkjörs á Alþingi.	Guðmundur Steingrímsson (Býður fram fyrir Bjarta framtíð í næstu kosningum.) Ég geri fastlega ráð fyrir að ég fari fram í Reykjavík.
HÆTTA	Birkir Jón Jónsson Siv Friðleifsdóttir		Jóhanna Sigurðardóttir	Ásbjörn Óttarsson Ólöf Nordal Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir 	Þuríður Backman	
ÓRÁÐIÐ		Margrét Tryggvadóttir	Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir	Kristján Þór Júlíusson Pétur H. Blöndal Tryggvi Þór Herbertsson	Árni Þór Sigurðsson Björn Valur Gíslason Guðfríður Lilja Grétarsdóttir Jón Bjarnason Katrín Jakobsdóttir Svandís Svavarsdóttir Þráinn Bertelsson	Atli Gíslason Lilja Mósesdóttir

Aukinn meirihluti heldur áfram

Tveir þriðju sitjandi Alþingismanna, eða aukinn meirihluti, eru ákveðnir í að gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Þeir gætu orðið fleiri þar sem nokkrir eiga eftir að gefa upp afstöðu sína. Aðeins 7 þingmenn eru ákveðnir í að hætta. *Kolbeinn Óttarsson Proppé* skoðaði framboðsmál, hverjir gefa kost á sér og hvaða fólk vill komast inn á hið háa Alþingi í vor.

Alþingiskosningar verða í vor og á næstunni munu flokkarnir ganga í það að velja sér fólk á lista. Mikil endurnýjun varð á þingheimi í tveimur síðustu kosningum og því þarf kannski ekki að koma á óvart að meirihluti þingmanna hyggst gefa kost á sér til áframhaldandi setu. Fréttablaðið fékk svör frá öllum þingmönnum um framtíðaráform þeirra, sem sjá má á töflu hér að ofan.

Rétt er að taka fram að þeir sem eru í dálknum óráðið hafa ýmist ekki ákveðið sig eða vilja ekki gefa upp hver ákvörðun þeirra er.

Fá svör Vinstri grænna

Þingmenn Vinstrihreyfingarinnar – grens framboðs eru dulir sín, hvort sem því veldur að ákvörðun hefur ekki verið tekin eða að beðið er eftir rétta tækifærinu. Undantekning á því eru Lilja Rafney Magnúsdóttir, sem sækist eftir að leiða listann í Norðvesturkjördæmi og Álfheiður Ingadóttir. Hún sækist eftir öðru sætinu í öðru hvoru Reykjavíkurkjördæminu.

Ögmundur Jónasson og Steingrímur J. Sigfússon hyggjast einnig bjóða sig aftur fram. Þuríður Backman hyggst hins vegar hætta.

Flokksfélög munu funda í næsta mánuði og ákveða fyrirkomulag vals á framboðslista. Reikna má með því að þá muni frambjóðendur stíga fram og um fleiri sé ástatt líkt og Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra þegar hún segir: „Ég tilkynni um mín áform þegar búið er að taka ákvörðun um fyrirkomulag vals á lista.“

Steingrímur J. Sigfússon gefur það aðeins út að hann ætli ekki að hætta í pólitík, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun hann sækjast eftir forystusæti í Norðausturkjördæmi. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir það ekki koma á óvart að Steingrímur hyggist halda áfram.

„Hann er svo mikil kjölfesta í sínum flokki og það er varla hægt að ímynda sér hvað mundi gerast í þeim flokki ef hann færi. Auðvitað kemur alltaf maður í manns stað, en hann er gríðarlega mikið sterki maðurinn í flokknum.“

Varaformannsslagur

Bjarni Benediktsson sækist eðlilega áfram eftir forystu í sínu kjördæmi, Suðvesturkjördæmi, enda er hann formaður flokksins. Áhugavert verður að fylgjast með prófkjörum flokksins, þar sem Ólöf Nordal varaformaður hyggst hætta á þingi. Prófkjörin verða því öðrum þræði slagur um varaformennskuna.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fyrrum varaformaður og ráðherra, hyggst einnig hætta í pólitík. „Um leið og ég tek ákvörðun um að gefa ekki kost á mér, hvet ég gott fólk með sjálfstæðishugsjónina að leiðarljósi til að leggja sig fram um að byggja upp metnaðarfullt og framsækið samfélag. Sérstaklega hvet ég konur til að taka virkan þátt og nýta sér það einstaka tækifæri sem nú er í íslenskum stjórnmálum,“ segir hún í tilkynningu.

Illugi Gunnarsson sækist eftir að leiða listann í Reykjavík og hið sama gera Guðlaugur Þór Þórðarson og Hanna Birna Kristjánsdóttir, en þau hafa öll verið nefnd til sögunnar sem mögulegir varaformenn. Það hefur Ragnheiður Elín Árnadóttir einnig verið, en hún sækist eftir efsta sætinu í Suðurkjördæmi. Ljóst er að árangur í prófkjörum mun segja mikið um stöðu kandídata í varaformanninn.

Ásbjörn Óttarsson, sem leiddi listann í Norðvesturkjördæmi síðast, gefur ekki aftur kost á sér og Einar K. Guðfinnsson stefnir á fyrsta sætið.

Formaðurinn færði sig

Miklar hræringar eru í Framsóknarflokknum. Siv Friðleifsdóttir og Birkir Jón Jónsson ætla að setjast í helgan stein, en með Siv fer reynslumesti þingmaður flokksins. Eygló Harðardóttir, sem skipaði annað sætið í Suðurkjördæmi síðast, hyggst færa sig yfir í kjördæmi Sivjar, Suðvesturkjördæmi, og vill leiða listann. Sigurður Ingi Jóhannsson stefnir á efsta sætið í Suðurkjördæmi, eins og Gunnar Bragi Sveinsson gerir í Norðvesturkjördæmi. Þau Vigdís Hauksdóttir, Frosti Sigurjónsson og Gunnlaugur G. Sverrisson hafa óskað eftir stuðningi í fyrsta sætið í Reykjavíkurkjördæmunum.

Norðausturkjördæmi hefur lengi verið sterkasta vígi Framsóknarflokksins og skemmst er að minnast þess að flokkurinn fékk fjóra þingmenn þar árið 2003. Birkir Jón leiddi listann síðast en eftir að hann tilkynnti um brotthvarf sitt ákvað Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokksins, að færa sig norður. Þar er á fleti fyrir Höskuldur Þórhallsson og stefnir í slag um efsta sætið þar.

Gunnar Helgi segist ekki skilja hvað búi að baki ákvörðun Sigmundar. Möguleg skýring sé að hann vilji bjóða fram í kjördæmi þar sem þingsæti sé öruggt.

ERFIÐLEIKAR NÝRRA FRAMBJÓÐENDA

Reglum varðandi prófkjör hefur verið breytt og þak sett á þá fjármuni sem eyða má í þau. „Almennt séð er það þannig að ef þú mátt ekki eyða peningum verður þú að vera frægur til að eiga möguleika, það er meginreglan. Staða nýs fólks er að því leyti erfið.

Hins vegar vinnur það með nýju fólki að það er ákveðin þreyta með hefðbundin stjórnmál og allan braginn á þinginu eftir þetta kjörtímabil. Það er auðvitað bara tilfinning en nýtt fólk gæti átt ágætis tækifæri núna, vegna þessarar óánægju,“ segir Gunnar Helgi.

VALIÐ Á LISTA

Endurnýjun síðustu ára skýrir hve margir vilja halda áfram

Gunnar Helgi Kristinsson, stjórnmálafræðingur

Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands, segir að það hve margir gefi kost á sér til áframhaldandi setu á Alþingi skýrist að miklu leyti af því hve mikil endurnýjun var á þingheimi síðustu árin. Af 63 sem náðu kjöri árið 2009 voru 27, eða 43 prósent, nýir og tveir þriðju hlutar þingmanna, sem náðu kjöri 2009, komu fyrst á þing 2007 eða síðar.

„Það hefur verið gríðarlega mikil endurnýjun á þinginu, eins og sést nú kannski á störfum þess. Þetta er ekki fólk sem er alveg vant því að tala saman á þann vinsamlega hátt sem stundum hefur verið tíðkaður í pólitík. Ég held að það þurfi að skoða þetta í ljósi þess að það hefur verið gríðarleg endurnýjun á undanförnum árum og það er ekkert óeðlilegt að fólk sem hefur á annað borð viljað gefa sig í þetta vilji gefa þessu aðeins meiri séns.“

Prófkjör og fylgissveiflur

Gunnar Helgi bendir á að eitt sé að vilja sitja áfram, annað sé að ná kjöri. Tvennt ráði úrslitum um það hvort vilji þingmanna verði að veruleika.

„Annars vegar eru það prófkjörin og það er búið að breyta leikreglum þar töluvert mikið með því að banna ótakmarkaðan peningaaustur. Við vitum ekki alveg hvaða áhrif það mun hafa. Menn geta ekki í sama mæli og menn gerðu 2007 dælt ótakmörkuðu fjármagni og tryggt sér áfram þingsæti á þeim forsendum. Það er óvissuþáttur og svo er traust á þingmönnum almennt séð og stjórnmálamönnum algjörlega í botni. Það hefur aldrei á Íslandi verið jafn lítið og við vitum ekki hvaða áhrif það mun hafa á gengi þessa fólks.

Svo er annar þáttur að það má búast við því að það verði töluverð sveifla í kosningunum sjálfum núna næsta vor. Kosningarnar 2009 voru óvenjulegar, Vinstri grænn og Samfylkingin fengu hreinan meirihluta og það er ólíklegt að það muni gerast aftur.“

Nýju framboðin

Skoðanakannanir benda til þess að fylgi Samfylkingarinnar og Vinstri grænna muni dala. Gunnar segir óvíst hvort það muni skila sér í meira fylgi Sjálfstæðisflokksins.

„Honum hefur ekki gengið jafn vel í könnunum og menn myndu ætla, enda er hann náttúrulega svolítið sviðinn eftir hrunið. Það er líka óvissa um hvernig nýju framboðunum muni ganga. Það má alveg búast við því að það verði töluverð hreyfing á kjósendum í kosningunum og þar af leiðandi á þingmönnum líka. Það er því ekki útséð um að það verði engin endurnýjun á þingi.“

2.798
KRÓNUR

Hvort sem þú vilt:

- grenna þig
- styrkja þig
- byggja upp vöðva

þá er PROFITT málið.

Profitt fæst í



Vinnustofan.is | 0912

NÝ ANDLIT Á ALÞINGI?

Enn er nægur tími til stefnu fyrir þá sem hyggjast gefa kost á sér til þingmennsku og ætla að taka slaginn í forvali flokkanna. Þó nokkrir hafa þó nú þegar tilkynnt um fyrirætlun sína.

- **Jónína Benediktsdóttir** hefur lýst því yfir að hún sækist eftir því að vera á lista fyrir Framsóknarflokkinn. „Ég er búin að ákveða það að bjóða mig fram en það er algerlega undir flokksmönnum komið að ákveða hvort þeir vilji nýta starfskrafta mína," sagði hún í samtali við Mbl.is.
- **Elín Hirst** sækist eftir 3. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi. Hún starfaði um árabil sem fréttamaður og fréttastjóri. „Fréttamennska og fréttastjórastarfið er að mörgu leyti skylt þingmennsku, þ.e. að þjóna almenningi þó með ólíkum hætti sé."
- **Brynjar Níelsson** hæstaréttarlögmaður sækist eftir þriðja sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. „Með þessari ákvörðun er ég að svara áskorunum og kalli fjölda fólks, sem hvatt hefur mig eindregið til stjórnmálaþátttöku og vísað til þess að þörf sé á nýju fólki í fremstu röð."
- **Frosti Sigurjónsson** rekstrarhagfræðingur sækist eftir því að leiða lista Framsóknarflokksins í öðru hvoru kjördæminu í Reykjavík. Í tilkynningu hans segir að Framsóknarflokkurinn hafi á undanförnum misserum lagt fram skynsamlegar tillögur í lykilmálum og sýnt staðfestu í baráttu fyrir þeim. „Sú endurnýjun sem átt hefur sér stað innan Framsóknarflokksins er mikilvægur grunnur sem ég vil taka þátt í að byggja á."
- **Arndís Soffía Sigurðardóttir** varaþingmaður vill leiða lista Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs í Suðurkjördæmi. „Ég býð fram krafta mína til að leggja öllum þeim lið sem vinna að því að gera Ísland að réttlátara og heiðarlegra samfélagi."
- **Inga Sigrún Atladóttir**, forseti bæjarstjórnar í Vogum, sækist einnig eftir því að leiða lista Vinstri hreyfingarinnar – grens framboðs í Suðurkjördæmi. „Mér finnst ég hafa mikið fram að færa, bæði menntun og reynslu," segir Inga Sigrún í samtali við Smuguna. „Ég vil leggja upp með gagnrýnar spurningar og skapa betra samfélag."
- **Heiða Kristín Helgadóttir**, framkvæmdastjóri Besta flokksins, mun skipa sæti á lista Bjartrar framtíðar, en óljóst er hvaða sæti og í hvaða kjördæmi.
- **Birgir Þórarinsson** varaþingmaður sækist eftir öðru sæti á lista Framsóknarflokksins í Suðurkjördæmi.
- **Guðlaugur G. Sverrisson**, fyrrverandi stjórnarformaður OR, sækist eftir því að leiða lista Framsóknarflokksins í Reykjavík. „Ég tel að samvinnuhugsjónin sé gulls í gildi við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu og vil beita mér fyrir framgangi hennar, bæði í uppbyggingu atvinnulífsins og samstarfi milli stjórnmálaflokka."
- **Hanna Birna Kristjánsdóttir** borgarfulltrúi gefur kost á sér í fyrsta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Hún sagði, í samtali við mbl.is, að hún vildi vinna í þágu almennings og útilokaði ekki framboð til varaformanns flokksins. „Það eru margir mánuðir í það og því finnst mér ekki tímabært að gefa neinar yfirlýsingar um framboð á þeim fundi strax. En ég útiloka ekkert í því sambandi."

JÓNÍNA BENEDIKTSDÓTTIR

ELÍN HIRST

BRYNJAR NÍELSSON

FROSTI SIGURJÓNSSON

ARNDÍS SOFFÍA SIGURÐARDÓTTIR

INGA SIGRÚN ATLADÓTTIR

HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR

BIRGIR ÞÓRARINSSON

GUÐLAUGUR G. SVERRISSON

HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

HNOSSIÐ Stjórnmálaflokkarnir velja brátt á framboðslista fyrir næstu Alþingiskosningar. Langflestir þingmanna sækjast eftir endurkjöri. Frá þingsetningu árið 2009. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRAMHALD AF SÍÐU 24

„Undir venjulegum kringumstæðum er það hins vegar þannig að ef formaður flokksins heldur að hann dragi atkvæði til flokksins ætti hann að fara fram í stóru og fjölmennu kjördæmi til að auka atkvæðahlutfall flokksins. Ég játa einfaldlega að ég veit ekki alveg hvað er þar á ferðinni, en það getur verið að að baki búi einhver sniðug flétta sem ég hef ekki komið auga á."

Formannsslagur

Jóhanna Sigurðardóttir dregur sig í hlé í íslenskum stjórnmálum eftir langa setu á þingi. Hún tók við formennsku í flokknum við erfiðar aðstæður, þegar hún var farin að huga að því að setjast í helgan stein. Í staðinn tók við formennska og forsætisráðherraembættið. Brotthvarf hennar gefur prófkjörum flokksins enn meira vægi, en þau munu hafa mikið að segja um stöðu mögulegra arftaka Jóhönnu.

Helgi Hjörvar og Sigríður Ingibjörg Ingadóttir hafa bæði verið nefnd til sögunnar. Helgi var í þriðja sæti á eftir Jóhönnu og Össuri í síðasta prófkjöri og líklegt verður að teljast að hann sækist eftir efsta sæti í öðru hvoru kjördæminu. Það gerir Sigríður Ingibjörg, en hún varð í fjórða sæti í prófkjörinu síðast, en sameiginlegt prófkjör var fyrir bæði kjördæmin þá líkt og nú og þau skipuðu bæði annað sæti lista.

Það stefnir í stórslag í Suðvesturkjördæmi þar sem Árni Páll Árnason vill leiða listann á ný. Reikna má með að Katrín Júlíusdóttir sækist einnig eftir fyrsta sæti, en hún skipaði annað sætið síðast. Líklegt er að formannsslagurinn standi á milli þeirra tveggja og ljóst er að það sem hefur sigur í prófkjörinu stendur með pálmann í höndunum.

2/3 þingmanna sem tóku sæti á þingi eftir kosningarnar 2009 settust á þing 2007 eða síðar.

Guðbjartur Hannesson hefur einnig verið nefndur sem arftaki Jóhönnu. Hann býður sig aftur fram til fyrsta sætis í Norðvesturkjördæmi. Ólína Þorvarðardóttir býður sig fram í fyrsta eða annað sætið. Líkt og annars staðar mun árangurinn í prófkjöri segja til um möguleikann á formannsembættinu.

Kristján L. Möller sækist eftir því að leiða listann í Norðausturkjördæmi og Björgvin G. Sigurðsson í Suðurkjördæmi.

Nýir flokkar

Guðmundur Steingrímsson mun bjóða fram fyrir Bjarta framtíð, en enn er óráðið hvar eða í hvaða sæti. Þór Saari hyggur einnig á áframhaldandi þingsetu.

„Ég mun að sjálfsögðu gefa kost á mér á lista Dögunar, en hvar veit ég ekki."

Alþingi nýtur ekki mikillar virðingar, en þó má reikna með að margir vilji reyna fyrir sér varðandi sæti á framboðslista, hvort sem er hjá gömlu flokkunum eða þeim nýju.

ORÐRÉTT

„Ég hef tekið þá ákvörðun að gefa áfram kost á mér til að leiða lista Framsóknarmanna í Suðurkjördæmi og þá hef ég einnig gefið kost á mér til að gegna stöðu varaformanns Framsóknarflokksins á næsta flokksþingi sem verður í febrúar fái ég stuðning og kjör til þess." **Sigurður Ingi Jóhannsson**

„Ég er enn óráðin varðandi framhaldið." **Lilja Mósesdóttir**

„Ætla fram í mínu heimakjördæmi Norðausturkjördæmi, fyrir sama gamla góða flokkinn minn, Samfylkinguna og framarlega á listanum vil ég vera." **Jónína Rós Guðmundsdóttir**

„Já ég hef ákveðið að bjóða mig líka fram í forystusæti Framsóknarflokksins í Norðausturkjördæmi. Það er „sure thing" eins og þeir segja. Nei, ég hef bara ákveðið að fara fram í Reykjavík. Hef ekki sett miðið á neitt ákveðið sæti. Félagar mínir ákveða það." **Róbert Marshall**

„Ég hef nú ekkert gefið út og mun ekki beinlínis gera, annað en að ég hef ekki hugleitt enn sem komið er að hætta í pólitík. En, við erum með kjördæmisþing fyrir norðan 7. október og þá verður nú sjálfsagt eitthvað um þetta rætt." **Steingrímur J. Sigfússon**

„Eftir að hafa ráðfært mig við stuðningsmenn og félaga í kjördæminu ákvað ég að gefa áfram kost á mér til þess að leiða lista flokksins í Suðurkjördæmi og sækist eftir 1. sæti í flokksvali því sem fram fer 16.-17. nóvember næstkomandi." **Björgvin G. Sigurðsson**

„Ég hef ákveðið að sækjast á ný eftir oddvitasæti Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkördæmi suður – og vonast ég eftir umboði framsóknarmanna í Reykjavík til þess. Félagar mínir í flokknum hafa lokaorðið í því efni." **Vigdís Hauksdóttir**

„Já ég gef kost á mér til endurkjörs. Í ljósi þess að Ásbjörn Óttarsson sem leiddi listann í síðustu kosningum, gefur ekki kost á sér til endurkjörs, sækist ég eftir 1. sætinu á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Norðvesturkjördæmi." **Einar K. Guðfinnsson**

FJÖLDI NÝRRA FRAMBOÐA

Enn er ekki ljóst hve margir flokkar verða í framboði til Alþingis í vor. Nú þegar hafa fjölmörg samtök kynnt áform sín um framboð. Hvernig skipað verður á lista þeirra, eða hvenær, er hins vegar enn á huldu.

Þau framboð sem eru í farvatninu eru Björt framtíð, Dögun, Húmanistaflokkurinn, Samstaða, Hægri grænir og Lýðræðisflokkurinn. Við þennan lista getur bæst og ekki er öruggt að allir nái að uppfylla formsatriði fyrir framboði.

FJÖRGAÐU TILVERUNA MEÐ CITROËN C3 PICASSO.

SJÁÐU FRUMSÝNINGUNA Á NÝJUM OG GLÆSILEGUM CITROËN C3 PICASSO. ÚRVAL CITROËN BÍLA Í SALNUM.

CITROËN

CITROËN **C3 Picasso** dísil **2.890.000 kr.**

Fæst sjálfskiptur

> Flottur búnaður m.a. aftursæti á sleðum, loftkæling, frjókornasía, aksturstölva, hraðastillir (cruise control), iPod og MP3 tengi og fjarstýring í stýri fyrir hljómtæki ásamt mörgu fleiru.

Komdu á frumsýningu. Skoðaðu Citroën C3 Picasso listaverkið.

Laugardaginn 29. september verður nýr og glæsilegur Citroën C3 Picasso frumsýndur í Brimborg að Bíldshöfða 8 milli 12 og 16. Sjáðu bílinn sem mætir þínum kröfum um fegurð og notagildi á Citroën-sýningunni. Fáguð hönnun, há sætisstaða og rúmgott innanrými. Citroën C3 Picasso er með visthæfri og sparneytinni dísilvél. Í kaupbæti færðu hagkvæman rekstur með lægri kostnaði við þjónustu og varahluti og að lokum frábæra endursölu. Tryggðu rekstrarlegt hagkvæmi og sjáðu nýjan Picasso sem sameinar glæsilega hönnun og hámarkar notagildið.

Komdu í Brimborg, upplifðu góðan fílíng og kynntu þér fjölbreytt úrval okkar af Citroën.

CITROËN **C3 Picasso**
2.890.000 kr.
28.120 kr./mán.**

* Eldsneytisnotkun í langkeyrslu er 3,8L/100 km., í blönduðum akstri 4,2 l/100 km., innanbæjarakstri 4,9 l/100 km. CO2 losun er 112 g/km. Orkuflokkur A.

** Citroën C3 Picasso, 5 dyra, 1,6 HDi 92 hestöfl og 5 gíra. Kaupverð 2.890.000 kr. Mánaðargreiðsla er miðuð við óverðtryggðan bílasamning til 7 ára og uppítökubíl / útborgun að verðmæti 1.200.000 kr. Tökum allar tegundir bíla uppí. Hlutfallstala kostnaðar 10,4%. Frítt í stæði hjá Reykjavíkurborg í 90 mínútur. Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð getur verið frábrugðin mynd í auglýsingu.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | citroen.is

Opið virka daga kl. 09.00 - 17.00, laugardaga kl. 12.00 - 16.00.
Aukin þjónusta. Varahlutaverslun opin laugardaga frá 12-16.

SKÁLDSKAPUR FRÓÐLEIKUR OG FÖNDUR



TILBOÐ kr. 2.499,-
Verð áður kr. 2.999,-



TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.699,-

TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.699,-

TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.799,-

TILBOÐ kr. 1.199,-
Verð áður kr. 1.499,-

TILBOÐ kr. 2.899,-
Verð áður kr. 3.499,-



TILBOÐ kr. 2.499,-
Verð áður kr. 2.999,-

TILBOÐ kr. 3.299,-
Verð áður kr. 3.999,-

Tilboð gildir til og með 03.10.12

Kynningarverð
Kr. 3.999,-
Áður kr. 4.999,-

Tilboð
Kr. 4.899,-
Áður kr. 5.999,-

1.
Innbundin skáldverk

Tilboð
Kr. 3.499,-
Áður kr. 4.499,-

1.
Kiljulisti Eymundsson

TILBOÐ kr. 2.799,-
Verð áður kr. 3.299,-

Jack er fimm ára og hefur aldrei farið út. Átakanleg saga um grimmd og óvæntingu en líka ást.

TILBOÐ kr. 2.499,-
Verð áður kr. 2.999,-

TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.699,-

Ný bók eftir höfund Það sem mér ber og Það sem aldrei gerist.

TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.699,-



TILBOÐ kr. 3.499,-
Verð áður kr. 4.499,-

Mælum með

TILBOÐ kr. 2.999,-
Verð áður kr. 3.599,-

TILBOÐ kr. 3.299,-
Verð áður kr. 3.999,-

1.
Barna- og unglingabækur

TILBOÐ kr. 2.299,-
Verð áður kr. 2.699,-

Eymundsson
Bóksali frá 1872

LÆKNUÐ Lilja Jónasdóttir segist oft hafa verið heppin í viðureign sinni við brjóstakrabbamein og er þakklát fyrir að hafa greinst með krabbamein á meðan æxlið var lítið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Krabbameinið ekkert feimnismál

Lilja Jónasdóttir var stödd í vinnu sinni í fyrravor þegar hún fékk símtal frá lækni sem greindi henni frá því að hún væri með brjóstakrabbamein. Hún sagði *Sigríði Björgu Tómasdóttur* að það hefði reynst mikið happ að greinast snemma.

Lilja Jónasdóttir hjúkrunarfræðingur hefur unnið á dagdeild blóð- og krabbameinslækninga Landspítalans frá haustinu 1995, fyrst við almenn hjúkrunarstörf og krabbameinslyfjagjafir en frá árinu 2007 hefur hún einbeitt sér að slökunarmeðferð fyrir krabbameinssjúka. Hún greindist með brjóstakrabbamein vorið 2011. „Ég gerði mér alltaf grein fyrir því að ég gæti fengið brjóstakrabbamein eins og aðrir. Og fór reglulega í Leitarstöðina sem ég mæli eindregið með að konur geri. Það var mjög djúpt á æxlinu sem ég fékk og ég hefði seint fundið það sjálf. Þarna gerði myndatakan gæfumuninn."

Hætti strax í vinnunni

Lilja segir að þegar hún fékk símtalið um að hún væri með brjóstakrabbamein hafi hana verið farið að gruna að þannig væri því háttað hjá henni. „Mér var eiginlega sögð fréttin í þrennu lagi. Fyrst var ég kölluð inn til að láta taka stungusýni því myndin sýndi eitthvað sem gat þó verið krumpa á brjóstinu. Svo var ég boðuð aftur í skoðun og þá var mig tekið að gruna að ég væri með brjóstakrabbamein. Ég var svo í vinnunni þegar ég fékk tíðindin. Næsti sjúklingur til mín var einmitt kona með brjóstakrabbamein og ég stóð mig að því að vera að bera mig í huganum saman við hana, hvort mér myndi líða svipað og henni. Ég sá að þetta gekk ekki og tók mér frí frá vinnu strax eftir daginn."

Lilja segir að flestum sé eðlilega mjög brugðið við tíðindi um krabbamein og fjölskyldan hennar hafi þar ekki verið nein undantekning. Hún hafi sjálf hins vegar þekkt sjúkdóminn það vel í gegnum sitt starf að hún hafi haldið ró sinni. „Ég vissi að ríflega 90 prósent þeirra sem fá sjúkdóminn eru enn lifandi eftir fimm ár og mjög margar þeirra læknast að fullu. Og ég vissi að æxlið var lítið þannig að ég var róleg. Svo róleg að ég frestaði skurðaðgerðinni aðeins og fór í fyrirhugaða ferð með vinum til Ítalíu."

Þegar heim var komið fór Lilja í skurðaðgerð og svo tók lyfjameðferð við. „Hún tók ansi mikið á. Eftir fyrstu tvær lyfjagjafirnar varð ég mjög veik, ég lækkaði svo mikið í blóðgildum að ég varð að fara upp á spítala. Vinnureglur eru þær að ég varð að fara á bráðamóttökuna í Fossvogi, þrátt fyrr að legudeildir fyrir krabbameinsveika séu á sjúkrahúsinu við Hringbraut. Í bæði skiptin varð ég að vera á bráðamóttökunni í sex tíma áður en ég fékk grænt ljós til að fara með sjúkrabíl á krabbameinsdeildina við Hringbraut."

> Það sem reyndist mér erfiðast fyrir utan verkina og veikindin sem fylgdu lyfjameðferðinni var þessi frelsissvipting sem fylgir því að gera ekki treyst líkama sínum.

Oft heppin í ferlinu

Lilja hafði samþykkt að taka þátt í alþjóðlegri krabbameinsrannsókn áður en meðferð hennar hófst og hún segir að það hafi reynst henni happadrjúgt. „Ég var svo oft heppin í öllu þessu ferli. Til að mynda að ég skyldi drífa mig á Leitarstöðina þetta vor sem var ansi þéttsetið hjá mér. Ef ég hefði trassað rannsóknina þá hefði getað farið svo að krabbameinið hefði breiðst út, ég var nefnilega með illvíga tegund af brjóstakrabbameini. Í rannsókninni var safnað gögnum um árangur krabbameinslyfjagjafar af hefðbundinni lengd og styttri meðferðar með sömu lyfjum. Svo var ég svo heppin að lenda í þeim hópi í rannsókninni sem hlaut styttri meðferð en venjan er. Fyrirfram gat ég ekki vitað að ég myndi lenda í þeim hópi en ég ákvað að taka þátt eftir umhugsun, því auðvitað veltir maður fyrir sér hvort styttri meðferð dugi til. Styttri lyfjagjöf þýddi að henni lauk fyrir jól hjá mér. En hefði ég fengið hefðbundna meðferð lyki henni nú í október."

Þegar lyfjameðferð lauk tók geislameðferð við. „Ég kveið geislunum dálítið sem sýndi mér að maður kvíðir því sem maður þekkir ekki. En þeir fóru síðan betur í mig en lyfjagjöfin.

Frelsissviptingin erfiðust

Lilja segir að þrátt fyrir að hún þekkti vel til krabbameins og krabbameinsmeðferðar í gegnum sitt starf sitt hafi hún öðlast nýja sýn á upplifun sjúklinga. „Ég hafði auðvitað heyrt margar sögur, enda alltaf með fólk í einstaklingsmeðferð. Það er samt allt annar handleggur að ganga sjálfur í gegn um meðferð. Það sem reyndist mér erfiðast fyrir utan verkina og veikindin sem fylgdu lyfjameðferðinni var þessi frelsissvipting sem fylgir því að geta ekki treyst líkama sínum. Ég vissi aldrei hvernig heilsan yrði þannig að ég gat aldrei sagt til um hvort ég gæti mætt einhvers staðar. Svo fannst mér erfið upplifun að þurfa að vera í lyfjagjöfinni með mörgum í einu, þurfa að heyra sjúkrasögur annarra. Einn til tveir í herbergi væri kappnóg."

Lilja greip til ýmissa ráða til að létta sér lífið á meðan á erfiðri lyfjagjöf stóð, sem hún deilir fúslega með lesendum Fréttablaðsins. „Ég horfði á eina skemmtilega bíómynd á dag. Það létti mér lífið til muna. Við hjónin sátum þá saman síðdegis eða á kvöldin og horfðum saman á myndina. Samstarfskona dóttur minnar sendi mér fulla tösku af DVD-myndum og svo aðra þegar ég var búin að horfa á þær allar. Svo fór ég í gönguferð á hverjum degi, fór alltaf eitthvað út þó stutt væri. Hreyfingin hjálpaði mér mjög mikið. Ég fór líka í leikfimi tvisvar í viku, hópþjálfun fyrir krabbameinsveika á Landspítalanum. Þessi þjálfun hjálpaði mér einnig mjög mikið. Svo slakaði ég á þrisvar á dag."

Lilja lærði á sínum tíma dáleiðslu í lækningarskyni og hefur beitt slökun og dáleiðslu á krabbameinsveika. „Hún reynist mikið hjálpartæki til dæmis gegn áunninni ógleði. Ógleði sem sumir sjúklingar finna fyrir á leiðinni í lyfjameðferð, vegna þess að krabbameinslyfin hafa valdið þeim ógleði. Slökun er líka góð leið til að fást við kvíða. Mér fannst mjög gott að slaka á þrisvar á dag. En hugurinn var of órólegur til þess að ég gæti gert það hjálparlaust þannig að ég notaði geisladisk sem ég gaf út fyrir nokkrum árum og þannig náði ég að slaka á með því að hlusta á mína eigin handleiðslu."

Hvítt hár fyrir brúnt

Lilja segir fjölskylduna hafa staðið þétt við hlið hennar í veikindunum. „Maðurinn minn, Stefán Halldórsson, kom með mér í allar lyfjameðferðirnar sem var líka gott fyrir hann. Þá gat hann spurt sinna spurninga og þurfti ekki að óttast að ég væri að matreiða sannleikann fyrir hann. Svo var ómetanlegur stuðningur í því fyrir mig að hafa Sólveigu dóttur mína með mér þegar ég á lá inni vegna veikinda, hún var til dæmis minn talsmaður þegar ég var of veik til að standa í því að koma því til skila að ég væri með mjólkuróþol, en það var alltaf verið að gefa mér mjólkurmat. Vinirnir voru líka í miklu sambandi og sjúkdómurinn var aldrei neitt feimnismál, enda varð ég ekkert vör við aumingjasvip eða vorkunn sem betur fer."

Lilja og eiginmaður hennar eiga reyndar þrjár dætur, Ásta Björg er búsett í Danmörku og Hildur Kristín var í Japan síðasta vetur. „Ég ákvað að ég skyldi heimsækja hana þegar geislameðferðinni lyki sem var mikil hvatning í þjálfuninni. Og það stóð heima, við fórum út í mars."

Lilja er nú aftur komin út til fyrri starfa, sjálfri sér lík þó að brúna hárið sé orðið hvítt. „Ég vissi ekki að ég væri komin með svona fallega hvítt hár. Ég litaði það reyndar áður en svona óx það eftir hármissinn sem fylgdi lyfjagjöfinni," segir hún og brosir.

BLEIK SLAUFA Í BARÁTTUSKYNI

Bleika slaufan, fjáröflunar- og árvekniátak Krabbameinsfélags Íslands í baráttunni gegn krabbameinum hjá konum, hefst formlega á mánudag og er það í þrettánda sinn sem átakinu er hrundið úr vör. Fyrsta slaufan var afhent í gær og jafnframt kynnt hver hannaði slaufuna sem að þessu sinni er hönnuð af skartgripaverkstæðinu SIGN í Hafnarfirði. Hönnun slaufunnar byggir á tveimur blómum sem sveigjast hvort um annað og eru táknmyndir kvenna. Á bakhlið slaufunnar eru fjögurra blaða smárar en samkvæmt þjóðtrú eru þeir gæfumerki. Slaufan, sem seld er víða um land, kostar 1.500 krónur og er einnig fáanleg sem silfurnæla og silfurhálsmen. Krabbameinsfélagið hefur sett sér það markmið að selja fimmtíu þúsund slaufur fram til 15. október þegar slaufusölunni lýkur.

Fyrsta slaufan var að þessu sinni afhent biskupi Íslands, frú Agnesi M. Sigurðardóttur, en hún tók við slaufunni úr hendi einnar af sex hvunndagshetjum sem tóku við bleiku slaufunni í fyrra úr hendi frú Vigdísar Finnbogadóttur, fyrrverandi forseta Íslands.

Næg bílastæði og kaffi á könnunni

RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

Opið alla helgina kl. 10–19

HUGSAÐU ÞÉR TÖLU – INNBUNDIN
Verð: 490 kr.

PAGANINISAMNINGURINN – INNBUNDIN
Verð: 490 kr.

GRALLI GORMUR OG LITADÝRÐIN MIKLA
Verð: 1.290 kr.

LÉTTARA OG BETRA LÍF
Verð: 990 kr.



TALNAPÚKINN
Verð: 690 kr.

PÉTUR OG ÚLFURINN
Verð: 1.190 kr.

KYNLÍFSBIBLÍAN*
Verð: 990 kr.
VERÐ ANNARS 2.490 KR.

VEGGSPJALD MEÐ ÍSLENSKU HÚSDÝRUNUM FYLGIR

UPP Í SVEIT
Verð: 990 kr.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

* Gildir aðeins til og með 30/09/2012

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.

JÓLAMATUR NÖNNU*
Verð: 2.990 kr.
VERÐ ANNARS 3.990 KR.



SMÁRÉTTIR NÖNNU*
Verð: 1.990 kr.
VERÐ ANNARS 3.740 KR.



MÚFFUR Í HVERT MÁL*
Verð: 2.490 kr.
VERÐ ANNARS 3.190 KR.

Nanna Rögnvaldardóttir kynnir bók sína **Múffur í hvert mál** frá kl. 14 í dag

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

1979

Jóhanna Sigurðardóttir var fyrsta konan til að taka sæti á þingi fyrir Alþýðuflokkinn árið 1978. Árið 1966 skipaði hún 5. sæti á lista Alþýðuflokksins í borgarstjórnarkosningum. Leiðarahöfundur Alþýðublaðsins hrósaði þá þessari „ungu og myndarleg konu“ sem hefði nýlega verið kjörin formaður Flugfreyjufélagsins, „fegursta verkalýðsfélags í landinu“.

2009

Fáir ef nokkrir aðrir stjórnmálamenn en Jóhanna Sigurðardóttir hefðu getað stillt til friðar eftir hrun, að mati Guðna Th. Jóhannessonar. En tregða hennar til að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi í Icesave-deilunni gaf Ólafi Ragnari Grímssyni tækifæri til að taka sviðsljósið.

1994

Eftir að hafa lotið í lægra haldi fyrir Jóni Baldvini Hannibalssyni í formannskjöri Alþýðuflokksins steig Jóhanna í ræðustól og mælti hin fleygu orð: Minn tími mun koma. Tími Jóhönnu kom óvænt í ársbyrjun 2009 þegar upp úr samstarfi Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar slitnaði í kjölfar hrunsins.

1998

Jóhanna setti ræðumet á Alþingi þegar hún talaði í samtals tíu klukkustundir og átta mínútur við aðra umræðu um húsnæðisfrumvarp Páls Pétursson félagsmálaráðherra. Metið stendur enn.

Tími Jóhönnu að lokum kominn

Jóhanna Sigurðardóttir ætlar að hætta í stjórnmálum er kjörtímabilinu lýkur í vor. Fréttablaðið rifjar af því tilefni upp nokkur eftirminnileg augnablik úr ferli hennar frá því að Jóhanna hóf afskipti af verkalýðsmálum fyrir hönd flugfreyja og þar til hún settist í stól forsætisráðherra vorið 2009.

■ ÁHRIFAMESTA KONAN Í ÍSLENSKUM STJÓRNMÁLUM

Mesta afrekið var að lægja öldurnar árið 2009

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur segir merkum stjórnmálaferli að ljúka

Jóhanna er núna að ljúka merkum stjórnmálaferli sem hófst þegar Alþýðuflokkurinn vann stórsigur árið 1978. Það má segja að Jóhanna hafi átt ágætis feril á þingi sem bæði þingmaður og ráðherra en hann náði auðvitað hápunkti þegar hún var kölluð til í ársbyrjun 2009 þegar allt var að hrynja hér. Það verður talið hennar mesta afrek að lægja öldurnar þá,“ segir Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur spurður um arfleifð og feril Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra.

„Auðvitað eru ekki allir sammála um þetta og því síður um verk hennar á stóli forsætisráðherra en það var ekki sjálfsagt að henni tækist að stilla til friðar. Eins og þetta horfir við mér hefði enginn annar stjórnmálamaður getað tekist þetta verk á hendur. Jóhanna naut trausts og stuðnings út fyrir raðir eigin flokks. Hún var líka þekkt sem málsvari minnihlutahópa sem átti ugglaust sinn þátt í þeirri sátt sem um hana skapaðist í kjölfar Búsáhaldabyltingarinnar.“

Guðni segir erfitt, vegna nálægðar við tímabilið að leggja mat á verk Jóhönnu. „Það er eflaust margt sem hefur tekist vel og annað sem hefur tekist miður vel. En ef nefna á eitthvað gagnrýnivert þá má segja að það sem helst hafi skort hjá Jóhönnu sé hæfni, kapp og löngun til að láta að sér kveða á alþjóðavettvangi í þeim illdeilum sem við höfum staðið í í tengslum við Icesave. Hún hefur verið treg til að tala máli Íslands eins og eftir var tekið, sem skapaði tómarúm sem aðrir gátu þá nýtt sér,“ segir Guðni sem metur það svo að þannig hafi forseta Íslands verið gefið svigrúm til að taka sviðsljósið sem hann hafi óspart nýtt sér.

„En svo er auðvitað margt annað sem mætti nefna í tengslum við Jóhönnu. Hún er mikilvæg í sögu kvenréttinda hér á landi. Hún og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eru þær konur sem hafa komist til mestra áhrifa í íslenskum stjórnmálum. Ekki síður má horfa til hennar í tengslum við baráttu samkynhneigðra.

Hún var með þeim fyrstu í hópi samkynhneigðra til að ganga í hjónaband og þó hún hafi aldrei viljað að kastljósinu væri beint að hennar einkalífi og íslenskur almenningur hafi ekki velt vöngum yfir því þá var það heimsviðburður að hér var samkynhneigður forsætisráðherra.

MYNDAVÉLARÝMING
LOKADAGUR

Rýmum fyrir nýjum vélum og bjóðum því myndavélar og tökuvélar með miklum afslætti. Mjög takmarkað magn.

Rýmingunni lýkur í dag!

RÝMINGUNNI LÝKUR Í DAG
OPIÐ KL. 11 - 16

JVC CASIO Nikon OLYMPUS Panasonic

VERÐ FRÁ KR. 9.990

Takmarkað magn - Fyrstur kemur fyrstur fær!

Alltaf gæði og góð kaup! STOFNAÐ 1971

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

BREYTINGAR Á facebook

SEPTEMBER 2006
- Boðið upp á **stöðufærslur** í fyrsta sinn. Á sama tíma var fréttaveita á forsíðu kynnt til leiks ásamt upplýsingaveitu á notendasíðum.
- **Facebook opnað öllum**, hafði áður bara verið opið fólki með ákveðin háskólanetföng.

OKTÓBER 2006
- Notendum gert kleift að **deila** myndum, greinum, tenglum og myndböndum sem eru vistuð annars staðar á netinu.

APRÍL 2007
- Fyrsta stóra endurhönnun Facebook, sú hönnun sem var á síðunni þegar Íslendingar tóku að flykkjast þangað. Innhólfið var kynnt til sögunnar þar sem í fyrsta sinn var hægt að skoða einkasamræður við aðra notendur í heild sinni í stað stakra skilaboða.

NÓVEMBER 2007
- Facebook býður upp á sérstakar **síður fyrir fyrirtæki**.

JÚNÍ 2007
- Notendum gert kleift að hýsa **myndbönd** hjá Facebook.

NÓVEMBER 2007
- Facebook birtir **áhugatengdar auglýsingar** sniðnar að áhugamálum þínum og vina þinna.

APRÍL 2008
- **Facebook chat** kynnt, rauntímaspjallforrit sem er nú ein vinsælasta þjónusta síðunnar.

JÚNÍ 2008
- Opnað fyrir athugasemdir við stöðufærslur.

JÚLÍ 2008
- **Facebook endurhannað**. Upplýsingaveita og veggur sameinuð í vegg. Eftir þessa breytingu gátu notendur fyrst skrifað á veggi annarra. Jafnframt var svokallaður færsludálkur kynntur til leiks sem gerði notendum kleift að uppfæra stöðu, setja inn myndir, tengla og myndbönd á sama stað.

SEPTEMBER 2011
- **Núverandi hönnun** Facebook, sem kallast „Timeline“, kynnt.

JANÚAR 2009
- Facebook fer að **minna á afmæli vina**.

FEBRÚAR 2009
- **Like-takkinn** kynntur til leiks.

MARS 2009
- **Ný forsíðuhönnun**. Notendur þurftu ekki lengur að endurhlaða forsíðuna til að sjá nýjar færslur.

MAÍ 2009
- Facebook býður upp á að **skrá fjölskyldutengsl**.

SEPTEMBER 2009
- Notendum gert kleift að **merkja aðra notendur í færslum**.

FEBRÚAR 2010
- **Ný valmynd**. Rauðu tilkynningarnar um það sem hefur gerst frá síðustu heimsókn birtast.

JÚNÍ 2010
- Like-takka bætt við athugasemdir.

DESEMBER 2010
- **Ný hönnun á síðum notenda**. Flipar með upplýsingum, myndum og vinalista færast og eru nú undir forsíðumynd. Fimm myndir birtast nú í renningi fyrir ofan færsludálkinn.
- Notendur geta fyllt út lista yfir nám og störf.

JÚLÍ 2011
- Boðið upp á **myndbandsspjall**, í samstarfi við Skype, sem viðbót við rauntímaspjallið.

SEPTEMBER 2011
- **Ný efnisveita** bætist við hægra megin á síðunni sem sýnir á mun ítarlegri hátt en áður hvað aðrir notendur aðhafast.

status lifir – fortíðin á facebook

Gamlir Facebook-draugar ollu samfélagslegu móðursýkiskasti í vikunni sem leið. Vefurinn er svo samofinn daglegu lífi okkar flestra að við eigum erfitt með að setja okkur í þriggja ára gömul spor. *Brynjar Guðnason* og *Stígur Helgason* litu yfir farinn veg.

Fyrst var minnst á fyrirbærið Facebook í íslenskum fjölmiðlum í DV 17. mars 2006. Fréttin fjallaði um óknyttastráka í Alabama sem sættu ákæru fyrir að hafa brennt níu kirkjur til grunna. „Hinir ákærðu voru allir með svokallaðar Facebook-heimasíður, sem eru sérstaklega gerðar fyrir nema á framhaldsskólastigi í Bandaríkjunum,“ sagði í frétt DV. Þar höfðu þeir aulað út úr sér einhverjum óheppilegum ummælum. Þetta var reyndar ónákvæmt – síðan var jú fyrst smíðuð fyrir háskólanema, en færði svo út kvíarnar inn í framhaldsskólana áður en hún var opnuð almenningi yfir 13 ára aldri í september 2006.

Þetta var þá – í gamla daga – árið 2006. Síðan hefur margt breyst og núna eru allir og amma þeirra á Facebook – bókstaflega. Um skeið bárust reglulega fréttir af gamalmennum, allt upp í nírætt, sem voru að feta sig inn í töfraveröld tækninnar, ekki síst til að ná betri tengslum við fjölskylduna sem var í æ ríkari mæli farin að lifa og hrærast á þessum byltingarkennda samskiptavef. Þau gömlu þurftu að velja um að vera með eða fara hreinlega á mis við nýjustu tíðindin af sínum nánustu.

Gamlir og gleymdir tímar

Facebook ratаði enn og aftur í fréttir í liðinni viku, nú vegna móðursýki sem greip um sig þegar fólk taldi fullvíst að æði persónuleg og jafnvel vandræðaleg einkaskilaboð fyrri ára væru tekin að birtast fyrir allra augum á „veggnum“ þeirra. Aðstandendur Facebook báru þennan orðróm reyndar strax til baka – sögðu að fólk væri bara fljótt að gleyma.

Í eina tíð hefði það nefnilega verið þannig að fólk átti samskipti á Facebook með því að skrifa skilaboð veggja á milli. Þrátt fyrir það, og þá staðreynd að sagan um opinberu einkaskilaboðin hefur ekki fengist staðfest af einu einasta marktæka tæknigúrúi, eru margir enn vantrúaðir á skýringarnar. Sumir þeirra eru flúnir af Facebook.

Af þessu tilefni er ágætt að rifja upp klausu úr Fréttablaðinu frá því í ágúst 2008. Þar var Facebook sagt vera „á niðurleið“, og með fylgdu þessi orð: „Annarlegt að lesa samskipti vina og kærustupara sem kjósa að nota þennan miðil til að eiga samskipti hvort við annað. Fyrir allra augum.“

Staðreyndin er sú, eins og sést glögglega hér að ofan, að Facebook hefur breyst býsna ört síðan það sló í gegn árið 2007. Og sumt er beinlínis erfitt að ímynda sér að hafi nokkru sinni verið öðruvísi en í dag. Í árdaga var til dæmis ekkert til sem hét „fréttayfirlit“, þar sem birtust á einum stað allar nýjar stöðuuppfærslur (e. statusa) tengslanetsins. Ef maður vildi kynna sér hvað aðrir væru að aðhafast og segja þurfti maður að gjöra svo vel að smella á nafn hvers og eins og renna yfir heimasvæði þeirra.

Og lengi eftir að bætt var úr þessu var þjónustan þó ekki svo fullkomin að maður gæti leyft síðunni að malla í bakgrunni og sækja sjálfvirkt allar nýjustu vendingar. Til að halda í við samfélag sitt þurfti að þjösnast á hnappnum sem endurhlóð síðuna. Álagið á F5-takkann á lyklaborðinu var gríðarlegt. Hver hefði svo giskað á að spjallmöguleikinn hefði verið innleiddur áður en boðið var upp á að skrifa athugasemdir við stöðuuppfærslur?

7.000

Íslendingar voru á Facebook í október 2007. Þeirra á meðal voru nokkrir frægir.

Allt annað líf

Vinsældir Facebook eru ótrúlegar – um það þarf ekki að rökræða – en vinsældirnar falla ekki alls staðar jafnvel í kramið. Fólk ver orðið svo miklum tíma í tjáskipti á Facebook að fjöldi vinnustaða hefur séð sig nauðbeygðan til að loka á þennan mest sótta vef veraldar. Hann er farinn að hafa áhrif á framlegð og framleiðni.

Til að byrja með var Facebook og tilvist þess fréttaefni út af fyrir sig. Í október 2007 sagði Fréttablaðið frá því að Facebook-æði hefði gripið þjóðina. Þar væru nú sjö þúsund Íslendingar og meira að segja nokkrir frægir, til dæmis Ruth Reginalds, Halla Vilhjálmsdóttir, Einar Bárðarson og Sigga Beinteins! Notendafjöldinn reis hratt og nú er áætlað að yfir 220 þúsund Íslendingar noti Facebook svo til stanslaust.

Af og til hefur vefurinn líka blandast inn í fréttamál. Þannig sagði Fréttablaðið frá því í maí 2010 að Tryggingastofnun ríkisins væri farin að fylgjast með Facebook-síðum bótaþega og hefði nappað suma sem opinberuðu það netleiðis með yfirlýsingum og myndum að þeir lifðu alls ekki bótahæfu lífi. Þá hefur vefurinn verið kallaður skæður hjónadjöfull og netdaðri kennt um ófáa skilnaði.

Eins og vonlegt er með tækni hefur því margoft verið spáð að Facebook hljóti senn að líða undir lok – bólan geti ekki annað en sprungið. Þessar hrakspár hafa hins vegar enn ekki gengið eftir, ekki einu sinni eftir að „timeline“ var kynnt til sögunnar og margir héldu að heimurinn mundi farast. Við fíklarnir setjum læk á það!

EKKI MIKLAR BYLTINGAR Útlit vefjarins hefur í sjálfu sér ekki tekið miklum stakkaskiptum í tímans rás. Meiri áhersla hefur verið lögð á að breyta virkninni.

HVAÐ Á BARNIÐ AÐ HEITA?

Síðan Facebook náði vinsældum á Íslandi hefur ítrekað verið reynt að íslenska nafn vefjarins, með misjöfnum árangri. Hér gefur að líta þau helstu, sem sum hver lifa enn:

fasbók **fésbók** **flettismetti** **snjáldra** **snjáldurskinna**

OPNUM

nýja og glæsilega fagverslun fyrir fagmenn að Smiðjuvegi 11 1. október

Reyndir sölumenn okkar taka vel á móti þér

VATNSVIRKINN

FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur | Sími: 510 1400 | Fax: 510 1499 | www.vatnsvirkinn.is

ÚTSALA

LÝKUR Á MORGUN!

WORX

WORX RAFMAGNS VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!

ÞÚ SPARAR 8.000!
VERÐ ÁÐUR 24.995
NÚ **16.995** kr.

Hjólsög Worx
WU434, 1500W, 190mm.
5244838

ÞÚ SPARAR 3.000!
VERÐ ÁÐUR 12.995
NÚ **9.995** kr.

Juðari Worx
WU645, 250W, 115mm.
5244858

ÞÚ SPARAR 5.000!
VERÐ ÁÐUR 14.995
NÚ **9.995** kr.

Slípirokkur Worx
WU710, 710W, 125mm.
5244872

Frigor

ÞÚ SPARAR 20.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 73.900
NÚ **59.900** kr.

Frystikista
G215, 203 ltr, A+.
1805482

ÞÚ SPARAR 34.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 113.200
NÚ **79.000** kr.

Ofn m/blæstri
stál.
1850498

Amica

Russell Hobbs

VERÐ ÁÐUR 10.197
NÚ **7.990** kr.

Töfrasproti Desire
400W, 3 in 1.
1840064

VERÐ ÁÐUR 4.999
NÚ **3.999** kr.

Ostahnífar
sett.
2001014

GLÓPERUR
10 STK 40W
VERÐ ÁÐUR 890
NÚ **590** kr.

VERÐ ÁÐUR 18.990
NÚ **14.999** kr.

Salerni
Seko.
7910000

BLÖNDUNARTÆKI 20-25% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 13.395
NÚ **9.999**kr.

Handlaugartæki
EMMEVI.
7900020

EMMEVI

PARKET 30-50% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 2.690
NÚ **1.345** kr/m²

Harðparket 8 mm
Eik Catania, 8 x 192 x 1292 mm
146946

ÁRSINS

BRJÁLAÐ VERÐ!

KAFFI GARÐUR,
SKÚTUV. ALLAR HELGAR!
Hádegismatur laug. kl 11:30 -13 990 kr.
Vöfflur og kaffi á 450 (alla helgina)
Barnaís á 99 krónur allar helgar!

Heilsutorgið
Skútuvogi

Það gerist ekki betra!

Benedikta Jónsdóttir (Benna)
og Edda Björgvins
með fyrirlestur í Blómavali 2. október.

Eins og þeim er einum lagið miðla þær af reynslu sinni í því augnamiði að hjálpa fólki að tileinka sér heilbrigðan, áhrifaríkan og skemmtilegan lífsstíl.

Karlmenn og konur verið velkomin.
Fyrirlesturinn er 2.október
kl.17.30-19.00 í Blómavali Skútuvogi.
Verð 2.900,-
Skráning á www.blomaval.is

ERIKUR
3 stk.
999 kr

RÓSABÚNT
7 rósir
999 kr

POTTA-PLÖNTUÚTSALA
20-50%
AFSLÁTTUR
MIKIÐ ÚRVAL AF FERSKUM OG FLOTTUM POTTAPLÖNTUM Á ÓTRÚLEGU VERÐI

BLÖNDUÐ BÚNT
999 kr

HAUSTLAUKA SPRENGJA
Túlipanar
50stk/999 kr
Krókusar
50 stk/999 kr
Páskaliljur
20stk/999 kr.

STÆRRI LAUKAR BETRI BLÓM

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

ÚTSALA

LÝKUR Á MORGUN!

WORX

WORX RAFMAGNS VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!

ÞÚ SPARAR 8.000!
VERÐ ÁÐUR 24.995
NÚ **16.995** kr.

Hjólsög Worx
WU434, 1500W, 190mm.
5244838

ÞÚ SPARAR 3.000!
VERÐ ÁÐUR 12.995
NÚ **9.995** kr.

Juðari Worx
WU645, 250W, 115mm.
5244858

ÞÚ SPARAR 5.000!
VERÐ ÁÐUR 14.995
NÚ **9.995** kr.

Slípirokkur Worx
WU710, 710W, 125mm.
5244872

Frigor

ÞÚ SPARAR 20.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 73.900
NÚ **59.900** kr.

Frystikista
G215, 203 ltr, A+.
1805482

ÞÚ SPARAR 34.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ
30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 113.200
NÚ **79.000** kr.

Ofn m/blæstri
stál.
1850498

Amica

Russell Hobbs

VERÐ ÁÐUR 10.197
NÚ **7.990** kr.

Töfrasproti Desire
400W, 3 in 1.
1840064

VERÐ ÁÐUR 4.999
NÚ **3.999** kr.

Ostahnífar
sett.
2001014

GLÓPERUR
10 STK 40W
VERÐ ÁÐUR 890
NÚ **590** kr.

VERÐ ÁÐUR 18.990
NÚ **14.999** kr.

Salerni
Seko.
7910000

BLÖNDUNARTÆKI 20-25% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 13.395
NÚ **9.999**kr.

Handlaugartæki
EMMEVI.
7900020

EMMEVI

PARKET 30-50% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 2.690
NÚ **1.345** kr/m²

Harðparket 8 mm
Eik Catania, 8 x 192 x 1292 mm
146946

FERÐIR

LAUGARDAGUR **29. SEPTEMBER 2012**

Kynningarblað

Á leikfimihátíð á Ítalíu
Íbúðaskipti
Á faraldsfæti um Ástralíu
Áhugavert í Barcelona
Heimasíða ferðalanga
Matur á ferðalögum

Skemmtilegur ferðavetur fram undan með Úrvali Útsýn

Ferðaskrifstofan **Úrval Útsýn** kynnir glæsilegan ferðabækling um helgina. Auk vinsælla sólarlandaferða eru margar fjölbreyttar og skemmtilegar ferðir í boði í vetur. Meða nýjunga í vetur er nýr áfangastaður í skíðaferðum.

Úrval Útsýn kynnir um helgina nýja og glæsilega haust- og vetrardagskrá en þá kemur nýr ferðabæklingur út. Eins og venjulega er margar spennandi nýjungar í boði í bland við eldri áfangastaði sem hafa notið vinsælda í mörg ár. Þorsteinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar, segir ferðaskrifstofuna bjóða upp á fjölbreytt úrval ferða í vetur þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. „Meðal spennandi nýjunga hjá okkur í vetur er nýr áfangastaður í skíðaferðum okkar sem er Canazei á Ítalíu. Síðan eru Kanaríeyjar alltaf jafn vinsælar en við bjóðum upp á tvo áfangastaði þar í vetur, Tenerife og Gran Canaria. Golfferðirnar okkar hafa síðan slegið í gegn og er uppselt í þær allar. Svo virðist vera sem efnahagshrunið hafi haft lítil áhrif á golfþorsta landsmanna.“

Sólin vinsæl

Sólþyrstum Íslendingum bjóðast nú reglulegar ferðir í vetur til tveggja áfangastaða á Kanaríeyjum, Tenerife og Gran Canaria. Tenerife er sannkölluð paradís fyrir vandláta ferðalanga enda nýtur hún sérstöðu fyrir einstakt náttúrufar og mikla veðursæld. „Það eru ekki mörg ár síðan Tenerife var kynntur aftur til sögunnar á Íslandi en staðurinn hefur fest sig gríðarlega vel í sessi. Það er alveg ótrúlegt hvað hann hefur fallið vel í kramið hjá Íslendingum.“ Góð hótel, snyrtilegt umhverfi og frábært loftslag einkennir Kanaríeyjar. „Þar er aldrei of kalt eða heitt heldur stöðugur og þægilegur andvari. Kanaríeyjar eru í raun dæmi um hið fullkomna veðurfar og henta Íslendingum frábærlega vel.“ Gran Canaria býður upp á fjölmarga spennandi gistimöguleika og fallegar strendur. „Þar er einnig mikið úrval veitingastaða, kaffihúsa og frábærra verslunarkjarna.“ Einnig má nefna að skipulagðar ferðir Úrvalsfólks eru í boði í haust, vetur og vor til Tenerife, Gran Canaria og Benidorm. Úrvalsklúbburinn er ferðaklúbbur ætlaður 60 ára og eldri.

Þorsteinn Guðjónsson, framkvæmdastjóri Úrvals Útsýnar.

Frábærir skíðastaðir

Úrval Útsýn býður upp á þrjá frábæra skíðastaði á Ítalíu í vetur. Nýr áfangastaður er kynntur til sögunnar en um er að ræða Canazei sem tilheyrir einu besta og stærsta skíðasvæði heims sem kallast Dolomiti Superski. Í miðjum bænum er kláfur sem flytur skíðafólk upp á skíðasvæði fyrir ofan bæinn þar sem hægt er að velja úr fjölda skíðaleiða. „Bærinn er einstaklega líflegur og skemmtilegur. Í bænum er mikið úrval góðra veitingahúsa og kráa sem taka vel á móti skíðamönnum úr brekkunni í lok dags og jafnvel langt fram á nótt.“ Einnig er boðið upp á skíðaferðir til Madonna og Selva Val Gardena. Báðir staðirnir bjóða upp á góða gistimöguleika, góða veitingastaði og frábæra skíðabrekkur að sögn Þorsteins.

Siglt um heimshöfin

Skemmtisiglingar á framandi slóðir hafa lengi verið vinsælar hjá Íslendingum. Í vetur býður Úrval Útsýn eins og fyrr upp á nokkrar stórskemmtilegar siglingar um fjarlægar slóðir. „Glæsilegasta skemmtisigling okkar í vetur er fimmtán daga ferð sem hefst í Dubai og endar við strendur Ítalíu. Ferðin býður upp á einstaka náttúrufegurð, sögu og menningu og framandi áfangastaði þar sem meðal annars er boðið upp á spennandi skoðunarferðir.“ Úrval Útsýn bauð upp á sömu ferð í fyrra að sögn Þorsteins og sló hún í gegn. Auk þess er boðið upp á þrjár spennandi siglingar um Vestur-Karíbahaf þar sem endað er í Flórída.

Konur skemmta sér

Úrval Útsýn hefur um nokkurra ára skeið boðið upp á skemmtilegar kvennaferðir undir nafninu „Ný og betri“. Um er að ræða vikuferðir þar sem þaulvanir leiðbeinendur blanda saman skemmtun og uppbyggilegum námskeiðum í góðu veðri á suðlægum ströndum. „Þessar ferðir hafa skilað til baka alveg gríðarlega ánægðum þátttakendum. Ferðirnar eru góð blanda af hreyfingu og fyrirlestrum en um leið fá þátttakendur góðan frítíma. Þessi ferð er fyrir konur á öllum aldri.“

Af öðrum spennandi kostum nefnir Þorsteinn borgarferðirnar sívinsælu og ýmsar íþrótta- og tónlistarferðir sem íþróttadeild Úrvals Útsýnar skipuleggur fyrir hópa og einstaklinga.

Hægt er að lesa nánar um allar ferðir Úrvals Útsýnar á heimasíðu þeirra, www.urvalutsyn.is.

Sýna dans á leikfimihátíð aldraðra

Guðni Kolbeinsson er í skemmtilegum karlaleikfimihóp í Kramhúsinu. Hópurinn er nú á leið til Toskana á Ítalíu þar sem hann tekur þátt í leikfimisýningu. Karlarnir ætla að sýna dansatriði en það hefði þeim ekki dottið í hug þegar ferðin var ákveðin.

Sýningin heitir Golden Age Gym Festival og er ætluð fimmtugum og eldri. Guðni segir að karlarnir í leikfimihópnum hafi hlegið í nokkrar vikur þegar þátttakan var fyrst nefnd við þá. Það var því ekki úr vegi að spyrja Guðna hvernig þetta hafi komið til. „Jú, við erum að fara á einhvers konar leikfimimót aldraðra á Ítalíu. Ástæðu þess má rekja til Fréttablaðsins. Einhverra hluta vegna komst blaðamaður þar á bæ á snoðir um þennan karlaleikfimihóp og fylgispekt hans við Sólleyju Jóhannsdóttur leikfimikennara en sumir hafa verið hjá henni í tuttugu ár. Einn úr hópnum, Rúnar Gunnarsson, var í viðtali við blaðið en það reyndist draga dilk á eftir sér. Eftir viðtalið fékk hann nefnilega tölvupóst frá Fimleikasambandi Íslands þar sem okkur var bent á þessa leikfimihátíð á Ítalíu. Spurt var hvort þetta væri ekki eitthvað fyrir okkur?“

Guðni segir að hópurinn, sem samanstendur af ellefu körlum, hafi litið á þetta sem brandara fyrst í stað. „Síðan komst Sóley á snoðir um þetta og viku síðar var ákveðið að við færum þarna suður eftir. Eiginkonurnar taka virkan þátt í þessu með okkur. Við ætlum að sýna atriðið tvisvar á hátíðinni,“ segir Guðni og bætir við að þetta séu svona smávegis dansspor, armbeygjur og pínulítið sipp.

Ég veit aldrei hvort þú ert að koma eða fara, syngur Rod Stewart í laginu sem Sóleyjardrengirnir leika listir sínar eftir. Frá vinstri Ólafur Jón Bríem, Rúnar Gunnarsson, Sigurður Björgúlfsson, Björn Sveinsson, Hróbjartur Hróbjartsson, Ágúst Þór Gunnarsson, Guðni Kolbeinsson, Hafliði M. Guðmundsson, Sigurður Björgvinsson og Einar Karl Haraldsson. MYND/VILHELM

En eru fimleikar í þessu? „Nei, við megum nú þakka fyrir að geta gert armbeygjurnar,“ svara Guðni og hlær. Bætir síðan við: „Þú ert nú ekki að tala um einhverja unglinga. Fyrst var þetta einungis venjuleg leikfimi, svo fór Sóley að bæta við danssporum og nú er þetta orðið að dansatriði. Við ákváðum í upphafi að gera þetta í þeirri trú að við ættum að sýna leikfimi en smám saman tók dansinn yfir hjá Sóleyju. Hefði okkur verið sagt í vor að við ættum að sýna dans hefðum við aldrei tekið þetta í mál.“

Karlahópurinn verður í sérhönnuðum búningum en hátíðin byrjar á skrúðgöngu. „Þetta verður eins og á Ólympíuleikunum með fánabera og flöggum. Þarna koma 1650 manns víðs vegar frá í Evrópu og sýna stutt atriði á pöllum í þorpi sem heitir Montecatini Terme. Við sýnum á mánudag og miðvikudag en hópurinn fer út í dag,“ segir Guðni og bætir við. „Við ætlum bara að hafa gaman af þessu. Við búumst ekki við að leggja heiminn að fótum okkar sem íþróttamenn en gerum okkar besta.“

Æfingar hafa staðið yfir í ágúst og Guðni segir að Sóley hafi tekið þetta mjög alvarlega. „Annars æfum við hjá henni tvisvar í viku yfir veturinn. Þetta er fjölbreytt leikfimi sem gerir okkur gott. Við værum ekki þarna ár eftir ár nema vegna þess að árangurinn skilar sér og þetta er skemmtilegt,“ segir Guðni sem er farinn að hlakka til ferðarinnar, enda aldrei komið til Ítalíu áður. Með í förinni er 25 manna hópur frá Akranesi sem æfir línudans.

En verður sýningunni sjónvarpað? „Nei, það er bannað. Sonur einna hjónanna hefur meira að segja hótað öllu illu ef þetta fer á Youtube.“

elin@365.is

Besti tíminn í Colorado er febrúarmánuður en þá er nægur snjór og púðurfæri algengt.

Signý segir að í Vail sé ekki bara stórkostlegt skíðasvæði heldur sé bærinn líka lifandi og skemmtilegur. MYND/GVA

Yfir 20 ára reynsla

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar býður upp á ferðir til skíðasvæðisins í Vail. Flogið er beint til Denver og gist á hóteli í hjarta Vail.

Ferðaskrifstofa Guðmundar Jónassonar hefur í rúm tuttugu ár boðið upp á skíðaferðir til Vail í Colorado í Bandaríkjunum. „Skíðasvæðið í Vail er stærsta samfellda skíðasvæði Norður-Ameríku en það er yfir 2.500 hektarar,“ segir Signý Guðmundsdóttir. „Þar má finna brekkur við allra hæfi, bæði troðnar og ótroðnar. 34 skíðalyftur eru á þremur svæðum og er auðvelt að skíða á milli þeirra. Sami lyftupassi gildir á öllu svæðinu í Vail. Ýmisleg önnur afþreying er í fjallinu, svo sem Adventure Ridge-skemmtigarðurinn en þar má finna skautasvell, snjósleðabrautir, skíðahjól, trampólín og margt fleira.“

Ferðaskrifstofan býður upp á beint flug til Denver en þaðan er tveggja klukkustunda akstur til Vail. Gist er á hótelinu Evergreen Lodge sem er í hjarta Vail og í göngufæri við aðallyftustöðina. „Vail er ekki bara stórkostlegt skíðasvæði heldur er bærinn lifandi og skemmtilegur með fjölda verslana og veitingahúsa. Af fenginni reynslu vitum við að besti tíminn í Colorado er febrúarmánuður en þá er nægur snjór og púðurfæri algengt. Við mælum með að fólk komi til Vail og upplifi,“ segir Signý.

Allar nánari upplýsingar má finna á vefsíðu Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónassonar, www.ferdir.is.

OKTÓBER VEISLA

Síðustu sætin í október

Frá kr. 89.900
– með allt innifalið

TENERIFE

Vikulega í október

Villa Adeje Beach

Frá kr. 89.900 í viku með allt innifalið

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð með einu svefnherbergi.
Netverð m.v. 2 fullorðna í studio íbúð kr. 114.900 á mann.

30. október í 23 nætur
frá kr. 157.700

KANARÍ

30. október – 23 nætur

Heimsferðir bjóða einstakt tilboð í ferð fyrir eldri borgara í haust til Kanaríeyja. Við bjóðum fjölbreytt úrval gististaða. Haustið er svo sannarlega frábær tími á þessum einstaka áfangastað. Mikil dagskrá í boði í fylgd reyndra fararstjóra.

Frá kr. 157.700

Netverð á mann, m.v. 2 í íbúð á Jardin del Atlantico í 23 nætur. Aukagjald fyrir allt innifalið kr. 60.700 krónur á mann. Sértilboð 30. október.

Frá kr. 79.900

COSTA DEL SOL

16. október – 10 nætur

Frá kr. 79.900 – 10 nátta ferð

Verð m.v. 2 - 4 í herbergi / stúdíó / íbúð.
Stökktu tilboð 16. október í 10 nætur.

ALICANTE

frá 9.900

aðra leið með sköttum

BARCELONA

11-15. október

Kr. 99.800

– 4 nátta helgarferð

Hotel Barcelona Plaza ****+

Verð á mann m.v. gistingu í tvíbýli í 4 nætur með morgunverði. Aukagjald fyrir einbýli kr. 32.000.

MADEIRA

22.-31. október

Fararstjóri: Valgerður Hauksdóttir

Frá kr. 233.900 á mann í tvíbýli

Innifalið: Flug, skattar, gisting á 4* hóteli með hálfu fæði í 9 nætur, 5 kynnisferðir, akstur til og frá flugvelli og íslensk fararstjórn.

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

ENNEMM / SIA • NM54571

Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri, sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Glæsileg vatnasýning í Barcelona

Ferðamönnum sem koma til Barcelona fjölgar ár frá ári. Ár hvert er slegið nýtt met en mikil fjölgun er á ferðamönnum frá Austur-Evrópu og Rússlandi. Árið 2010 komu 7,3 milljónir ferðamanna til Barcelona þegar nýtt met var slegið en þeir voru enn fleiri í fyrra. Allt stefnir í enn eitt metið þetta árið. Barcelona var mest sótta borgin í Evrópu á síðasta ári.

Á Römblunni, sem er frægasta gata í Barcelona, er erfitt að ganga um vegna mannfjölda þegar ferðamannatíminn stendur sem hæst. Samfara þessu hefur verðlag stigið og margir kvarta yfir því að þurfa að borga 12 evrur (tæpar 2.000 krónur) fyrir bjórglas á þessari frægu götu.

Vatnaturninn í Barcelona er glæsilegur.

Það er margt spennandi að sjá í Barcelona og ferðamenn eru duglegir að heimsækja helstu staði. Eitt helsta aðdráttarafl borgarinnar er Magic-gosbrunnurinn við Montjuic-höllina. Þúsundir ferðamanna fylgjast með þegar þessi stóri og merkilegi gosbrunnur fer í gang með mikilli vatnasýningu, tónlist og glæsilegum litbrigðum. Gosbrunnurinn var byggður fyrir heimssýninguna 1929 og þótti mikið undur á þeim tíma. Hönnuðurinn Carles Buigas lagði þessa hugmynd fram ári fyrir sýninguna en fæstir trúðu að hægt væri að að byggja svo metnaðarfullt verkefni á svo skömmum tíma. Um 3.000 starfsmenn voru ráðnir til að vinna við gosbrunninn og þeim tókst að ljúka verkefninu á réttum tíma.

Gosbrunnurinn þykir mikið listaverk og ferðamenn taka andköf af hrifningu þegar sýningin fer í gang. Um 2.600 lítrar af vatni flæða upp úr gosbrunninum á hverri sekúndu í sýningunni og dansa með ljósum og tónlist í glæsilegu atriði.

Fyrir þá sem eru á leið til Barcelona þá skal upplýst að vetrartími sýninganna er á föstudögum og laugardögum á hálftíma fresti, klukkan 19, 19.30, 20 og 20.30.



Þeir sem leggja leið sína til Barcelona ættu að skoða galdra-gosbrunninn.

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélag Íslands, segir margt spennandi vera á döfinni í útivistarferðum í haust og vetur.

Nýr Baldvinsskáli Ferðafélagsins vígður

Ferðafélag Íslands hefur í boði margar skemmtilegar ferðir, jafnt styttri sem lengri og við allra hæfi í vetur. Mikil fjölgun hefur orðið á þátttöku í ferðunum og útivistaráhugi er stöðugt að aukast.

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, segist vera stoltur yfir því að fyrir nokkrum dögum var opnaður nýr Baldvinsskáli á Fimmvörðuhálsi. Skálinn kemur í stað eldri skála sem þar var. „Þetta er 60 fermetra vel búið hús. Með því erum við að stórbæta aðstöðu og öryggi fyrir ferðamenn. Gamli skálinn var kominn til ára sinna og ekki í góðu standi. Nú kemur þessi nýi í staðinn sem mun gjörbreyta aðstöðu ferðamanna. Það er mjög ánægjulegt að búið sé að reisa þennan nýja skála. Þarna hefur fólk skjól í öruggu húsi eða getur komið við og borðað nestið sitt. Húsið er hins vegar ekki ætlað fyrir gistingu nema í algjörri neyð en um tuttugu manns geta gist í skálanum í neyðartilfellum. Hins vegar er hægt að gista í skála Útivistar ofar á hálsinum," segir Páll.

> **Þarna hefur fólk skjól í öruggu húsi eða getur komið við og borðað nestið sitt.**

Ferðaáætlun Ferðafélagsins kemur út í byrjun janúar og þar verður að venju fjölbreytt úrval ferða við allra hæfi. „Fjallaferðirnar okkar, eitt fjall á viku eða eitt fjall á mánuði halda áfram en hægt er að skrá sig í það verkefni um áramótin. Fjallaferðirnar hafa notið mikilla vinsælda.

Fram undan er örlítið að hægjast á eftir sumarið og framboð á ferðum kannski ekki jafnmikið og í sumar. Þó verður alltaf ein og ein dags- eða helgarferð í boði. Við erum að klára samstarf við Háskóla Íslands en við höfum boðið upp á gönguferðir um borgina með leiðsögn. Síðan verða aðventuferðir og aðrar stemningsferðir í kringum jól og áramót, blysganga og þess konar."

Allar upplýsingar um ferðir birtast á heimasíðunni, www.fi.is.

NORWEGIAN FLÝGUR TIL NEW YORK

Norska flugfélagið Norwegian, sem flýgur meðal annars til Íslands, tilkynnti í vikunni að félagið myndi hefja flug til New York næsta vor. Fargjaldaverði verður haldið í lágmarki en ódýrustu sæti verða á 2.000 norskar krónur (Um 42 þúsund íslenskar) báðar leiðir.

Áhugi Norðmanna á Bandaríkjunum hefur aukist mikið og er það ekki síst sá áhugi sem varð til þess að Norwegian sótti um leyfi til Bandaríkjaflugs. Félagið hef fengið pláss á John F. Kennedy-flugvellinum í New York. Áhugi er fyrir að fljúga til fleiri borga ef vel gengur með New York-flugið. Sala á miðum hefst núna í haust. Flugfélagið SAS flýgur einnig til New York. Þá hefur Norwegian sótt um leyfi til að fljúga til Bangkok í Taílandi.

SKOÐAÐU HEIMINN Í ÞRÍVÍDD

Fyrirtækið Google er þekkt fyrir nýjungar á sviði tækni. Fyrir nokkrum árum hóf það þróun á aðferð við að taka myndir af svæðum á nýstárlegan máta. Tæknin kallast Google Street View og gerir fólki kleift að ferðast um götur og stræti í tölvunni heima hjá sér eða í snjallsímanum sínum. Með nokkrum smellum getur notandinn ferðast um götur Lundúnaborgar líkt og hann sjálfur gangi þar um eða virt fyrir sér fagra náttúru svissnesku Alpanna. Aðferðin við að taka myndirnar er háþróuð og betrumbætt af sérfræðingum Google. Allt að 15 myndavélum sem taka myndir í 360 gráður er komið fyrir í litlu mastri sem fest er á farartæki. Myndavélarnar eru svo tengdar lítilli tölvu, GPS-tæki og þrívíddargeisla sem mælir fjarlægðir. Farartækið er ýmist bíll, hjól, bátur, handkeyrð kerra eða snjósleði. Myndunum er svo rennt í gegnum sér forrit og settar á netið þannig að fólk um allan heim geti notið þeirra.

SÍMAR ERU VINSÆLIR HJÁ ÞJÓFUM

Það er aldrei of varlega farið á ferðalögum. Vasaþjófar eru um allt og nota hinar ýmsu aðferðir til að nálgast þínar eigur. Sumir ganga upp að ferðamanni, hella yfir hann „óvart“ en bjóðast síðan til að þrífa eftir sig. Um leið er þjófurinn að tæma vasa. Önnur vinsæl þjófaleið er þegar nokkrir eru saman og sýna einhvers konar atriði og beina þannig athygli ferðamanns frá þjófnum sem nýtir sér tækifærið. GSM-símar eru mjög vinsælir hjá þjófum. Símaþjófnaður jókst um 43% í löndum Evrópu á síðasta ári. Ekki er ráðlagt að leggja síma eða myndavél frá sér á borð þegar matar er neytt á veitingahúsi. Ekki hengja veski á stólbak þegar sest er að snæðingi. Betra er að hafa beltistösku. Ekki hafa mikla peninga á þér í skoðunarferðum. Ekki borga lítilræði með stórum seðlum. Taktu ljósrit af passanum áður en haldið er í ferðalag.



ÍSLENSKA SIA.IS ICE 59351 04/12

Árshátíð, haustferð, stórafmæli?
Njótið þess að ferðast saman og vera til. Icelandair býður hópferðir til fjölmargra áfangastaða austan hafs og vestan, ferðir sniðnar að þörfum fólks í góðra vina hópi sem eiga örugglega eftir að hressa upp á tilveruna.

Hafið samband við hópadeild Icelandair
Skipuleggið ferðina tímanlega. Við getum séð um að bóka flug, hótel, rútur, skoðunarferðir og kvöldverði. Leitið tilboða með því að fylla út fyrirspurnarformið á icelandair.is/hopar.*

+ Nánari upplýsingar hjá hópadeild Icelandair í síma 50 50 406 eða á hopar@icelandair.is

ICELANDAIR

* Hópur miðaðst við að 10 eða fleiri ferðist saman.

Flugrútan alltaf til taks

Reykjavík Excursions – Kynnisferðir reka Flugrútuna sem ekur á milli Reykjavíkur og Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. „Einföld og þægileg leið fyrir fólk til að komast til og frá flugvellinum," segir Þórarinn Þór, sölu- og markaðsstjóri fyrirtækisins.

Kynnisferðir voru stofnaðar 1968 og er því eitt elsta og rótgrónasta fólksflutningafyrirtæki landsins. Frá árinu 1979 hafa Kynnisferðir séð um akstur til og frá Keflavíkurflugvelli. Þessi elsta áætlunarleið hófst með samningi við Flugleiðir um akstur með flugfarþega og flugáhafnir milli Reykjavíkur og flugvallarins. Í dag eru farnar allt að tuttugu ferðir til og frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar á degi hverjum.

„Í hvert sinn sem áætlunar- og leiguflugvélar lenda á Keflavíkurflugvelli þá er flugrúta til staðar. Hvort sem fólk er að fara í flug eða koma úr því, þá getur það hoppað áhyggjulaust upp í flugrútuna og notið þess að komast á einfaldan og öruggan hátt á áfangastað. Ferðunum fjölgar svo eftir því hversu mörg flug eru í gangi hverju sinni. Á góðum degi í júlí voru um þrjátíu brottfarir frá flugstöðinni til Reykjavíkur," segir Þórarinn.

Flugrútan fer frá Umferðarmiðstöðinni BSÍ og stoppar á leiðinni til móts við Aktu-Taktu í Garðabæ og gegnt Fjörukránni í Hafnarfirði á leið sinni út á völl.

„Fólk getur þannig sparað sér tíma og fyrirhöfn með því að taka rútuna. Það þarf ekki að finna stæði fyrir bílinn á flugvellinum með tilheyrandi kostnaði eða hafa áhyggjur af því að fá einhvern til að keyra sig. Þetta er einföld og þægileg leið til að komast á milli höfuðborgarsvæðisins og flugvallarins."

Hægt er að bóka far með Flugrútunni í tveimur einföldum skrefum á heimasíðunni www.flugrutan.is „Með útprentaðan miða kemst farþeginn beint um borð í rútuna og sleppur þannig við biðraðir. En að sjálfsögðu er hægt að kaupa miða bara á BSÍ eða í flugstöðinni. "

„Fólk getur sparað sér tíma og fyrirhöfn með því að taka Flugrútuna." MYND/GVA

Nánari upplýsingar um flugrútuna og brottfarir frá BSÍ er að finna á www.flugrutan.is.

Upplýsingar um aðrar ferðir og þjónustu er að finna á **www.re.is**.

Með ferðabragð í munni

Matur er ómissandi förunautur á lífsins ferðalögum. Stór hluti upplifunar ferðafólks úr ókunnum löndum felst í munnbitum sem aldrei gleymast. Hér eru nefnd sum af bestu matarlöndum heims:

- Taíland stendur á vegamótum Indlands, Kína og Eyjaálfu og matarmenning Taílendinga sameinar það besta úr þremur áttum. Einkennandi er hvítlaukur og rauður pipar, en einnig límónusafi, kóríander og sítrónugras.
- Frakkland er dásamað á heimsvísu fyrir sælkerafæði, hvort sem í munninn rata ostar, kampavín, sniglar eða snittubrauð. Í franska eldhúsinu er daðrað við hráefnið og í hverju héraði finnast áhrif veðurfars og landsvæðis í sérréttum hússins.
- Spánn er heimaland unaðslegrar matarupplifunar og þykir katalónska eldhúsið allra best. Þar er saffran, broddkúmen og hunang notað til kryddunar sjávarfangs og kjötrétta, umlukið fínustu sósum.
- Kína geymir fágaðasta bragðskyn heims og í eldhúsinu gætir jafnvægis yins og yangs í öllum máltíðum. Þannig eru grænmeti og ávextir bornir fram á móti heitkrydduðum aðalréttum og hrísgrjón og núðlur með nánast öllum réttum.
- Mexíkó er undir sterkum spænskum áhrifum þegar kemur að matargerð en einnig frönskum og afrískum. Kjötréttir með baunum úr ýmsum áttum eru áberandi og notaðir sem fyllingar í harðar og mjúkar maískökur.
- Ítalía er heimaland vinsælustu rétta veraldar og engin furða þótt matur sé frægasta útflutningsvara Ítala. Þaðan koma þunnbotna pitsur, pasta og rísottó og enginn hellir upp á betra kaffi en Ítalir.
- Indland er land síbreytilegrar matargerðarlistar því þar breytist bragð landshorna á milli. Exótísk krydd einkenna indverska matarmenningu í bland við lostæta matseld á hrísgrjónum, grænmeti, fisk og kjöti.

Hefur ferðaþrá í blóðinu

Þrúður Helgadóttir stofnaði síðuna **Bakpokinn.com** árið 2004. Þar með sameinaði hún áhugamál sín; óstjórnlega ferðalöngun og tölvuáhuga. Í dag býr hún í strandbænum La Serenea í Síle og kennir heimamönnum ensku.

Á síðunni Bakpokinn.com er að finna fjöldann allan af upplýsingum um ferðalög og þá einna helst svo kölluð bakpokaferðalög. Þrúður Helgadóttir á veg og vanda af síðunni.

Ferðanörd

„Ég var og er algjört ferðanörd og var í ferðamálafræði frá 2002-2006 í Fjölbrautaskóla Suðurlands. Vinir mínir voru alltaf að leita til mín varðandi upplýsingar um tengla á ferðaskrifstofur sem sérhæfðu sig í heimsreisum og þess háttar. Út frá því kviknaði sú hugmynd að stofna heimasíðu til að halda utan um allar þessar upplýsingar. Síðan þá hefur Bakpokinn.com vaxið og dafnað og er orðin sú íslenska síða sem hefur að geyma hvað mestan fróðleik um bakpokaferðalög."

Þar má nálgast allar upplýsingar um svokölluð Round the world flights, eða flug umhverfis heiminn, ferðaskrifstofur, gistingu, ferðamáta, bólusetningar, nauðsynlegan farangur, mismunandi sjúkdóma eftir svæðum og ótal margt fleira. Síðan er í raun draumasíða þess sem hyggur á ferðalög upp á eigin spýtur um heiminn.

Hefur áhrif

Þrúður hefur unnið síðuna í sjálfboðavinnu en ferðalög eru hennar aðalástríða. „Þegar ég var að byrja með síðuna voru fáir að fara í heimsreisur. Fljótlega eftir að hún opnaði og heimsreisublogg fóru að birtast, virtist þeim fjölga sem fóru í slíkar ferðir. Ég vil trúa því að síðan hafi átt þar stóran þátt, sem getur verið algjör vitleysa í mér," segir Þrúður og hlær.

Kennir ensku í Síle

Um þessar mundir býr Þrúður í Síle, í strandbænum La Serena sem er um 500 kílómetra norður af Santíago. Þar kennir hún heimamönnum ensku. „Heima á Hellu var mikið af Sílebúum um tíma og ég átti kærasta þaðan. Ég hef því komið hingað nánast óslitið í 1-3 mánuði á ári undanfarin tíu ár. Svo þegar efnahagsástandið á Íslandi fór versnandi hugsaði ég mér til hreyfings. Í Síle er gott efnahagsástand, næga vinnu að fá og yndislegt fólk. Ég tók því TEFL-próf á netinu, sem er enskukennslupróf, og flutti til Síle til að kenna ensku."

Ekki á leiðinni heim strax

Þrúður segist njóta sín vel í smábænum og ekki væsi um hana.

Hér er Þrúður á góðri stund ásamt samstarfsfélögum sínum úr skólanum þar sem hún kennir ensku.

Hún nýtur daganna og sinnir áhugamálum sínum á daginn og kennir á kvöldin. „Ég leigi herbergi, sem dugar mér, fer oft út að borða og út á lífið og hef það bara mjög fínt." Spurð um hvort hún ætli sér ekki að koma heim segist hún ætla að vera í Síle fram í apríl á næsta ári.

„Þá fer ég til Perú sem leiðsögumaður. Það eru 16-20 manns að koma í þá ferð. Ég bóka rútu fyrir fólkið og verð leiðsögumaður þess um svæðið sem við ferðumst um."

Ferðafrelsi mikilvægt

Mörg járn eru í eldinum hjá Þrúði, en hún stóð fyrir undirskriftasöfnun þar sem ríkistjórnin íslenska var hvött til að semja við ríkistjórn Ástralíu og Nýja-Sjálands um svokallað vinnuleyfi, eða Working Holiday Visa. „Leyfið er fyrir ferðamenn á aldrinum 18-30 ára til að vinna og ferðast í allt að 12 mánuði án þess að fá sérstakt dvalarleyfi. Þetta leyfi stendur flestum Evrópulöndum til boða og öllum Norðurlöndunum nema Íslandi. Það tókst að safna 500 undirskriftum og skrifaði ég bréf til þingmanna, ræðismanna og Íslendingafélaga til að vekja athygli á málinu. Þannig að þetta er í vinnslu."

Sjálfboðaliðasamtök í Amazon

Árið 2010 stofnaði Þrúður sjálfboðaliðasamtökin Wachimak í Amazon-regnskógunum í Ekvador. „Þar getur fólk farið og unnið með Kicwa-indíánum. Þá gistir það hjá þeim og vinnur við kennslu- og samfélagsstörf, líkt og að kenna börnum ensku, kenna listgreinar, samfélagsgreinar, íþróttir eða annað skemmtilegt. Einnig er hægt að vinna á ökrunum með indíánunum við lífræna ræktun." Mjög margir alls staðar að úr heiminum hafa tekið þátt í starfinu. Hægt er að kynna sér starfið nánar á http://www.wachimak.com.

Sé einhver að huga að því að leggja upp í heimsreisu ætti hann að byrja ferðina á því að líta inn á heimasíðu Þrúðar www.bakpokinn.com.

SNJALLSÍMAFORRIT

LAUGARDAGUR **29. SEPTEMBER 2012**

Kynningarblað Nýjungar, Betri þjónusta, Þægindi

Appað á stærsta skemmtistað í heimi

Með **Nova-appinu** í snjallsímum geta viðskiptavinir Nova hlustað á lagalista DJ Nova, horft á Nova TV, fyllt á frelsið og fengið 2 fyrir 1-tilboð úr öllum áttum. Með Nova-appinu er stærsti skemmtistaður í heimi orðinn enn stærri og skemmtilegri og er þó hvergi hættur að blómstra.

Nova-appið er aðgangsmiði að stærsta skemmtistað í heimi þar sem viðskiptavinum Nova býðst úrval tónlistar, þjónustu og spennandi 2 fyrir 1-tilboð," upplýsir Harald Pétursson uppfinningamaður hjá Nova.

Appið sem Harald talar um bauðst Nova-notendum í fyrsta sinn á dögunum.

„Fyrstu helgina eftir að appið kom út sóttu það þúsundir notenda til að nýta sér þjónustu, tilboð og skemmtun, enda ávinningur fyrir viðskiptavini Nova að tileinka sér appið sem fyrst í snjallsíma sína," segir Harald.

Nova-appið skiptist í fjóra hluta: Tónlist, 2 fyrir 1, Fyllt'ann og Stólinn.

„Tveir fyrir einn er vinsæl þjónusta fyrir viðskiptavini Nova þar sem tilboð koma úr ólíkum áttum. Þar má nefna 2 fyrir 1 í bíó, tilboð á gítarnámskeið, matsölustaði, verslanir og í raun þjónustu úr öllum áttum," útskýrir Harald.

Á Fyllt'ann flipanum geta Frelsis-viðskiptavinir Nova fyllt á inneign síma sinna og einnig er hægt að fylla á önnur númer sem er tilvalið fyrir foreldra sem fylla á farsímanúmer barna sinna.

„Mjög þægileg og einföld leið til að fylla á frelsið og fljótlegra en að fara í heimabanka og fylla á þar," segir Harald.

Meðal unga fólksins er vinsælasti hluti Nova-appsins Tónlist en þar finna allir tónlist við sitt hæfi.

„Á Tónlistar-flipanum er úrval lagalista DJ Nova í samstarfi við Tónlist.is. Þar má nefna vinsælustu tónlistina hverju sinni, tónlist fyrir krakka, partítónlist, bestu tónlistina í ræktina og fleira. Þjónustan er ókeypis fyrir viðskiptavini Nova en þegar þeir eru á 3G-þjónustukerfinu greiða þeir fyrir niðurhal. Hjá Nova erum við einmitt með netpakka sem eru tilvaldir fyrir þá sem hlusta á tónlist í símanum sínum," útskýrir Harald.

> **Við munum stöðugt bæta við appið svo það nýtist viðskiptavinum Nova sem best. Nova er enda stærsti skemmtistaður í heimi og þangað á alltaf að vera skemmtilegt að koma.**

„Á Tónlistar-flipanum er einnig hægt að horfa á tónlistarmyndbönd Nova TV og velja Vinatóna sem er sú tónlist sem heyrist þegar hringt er í viðskiptavini Nova," segir Harald.

Stóllinn er fjórði flipi Nova-appsins.

„Þar koma fram upplýsingar og yfirlit um notkun símanúmersins í hverjum mánuði, hvað viðkomandi hefur talað í margar mínútur og fyrir hvaða upphæð, hvað hann hefur notað mikið gagnamagn og fleira. Þar er einnig hægt að stilla talhólf, hafa samband við þjónustuver og kaupa netpakka, svo fátt eitt sé nefnt."

Harald segir gamanið rétt að byrja á stærsta skemmtistað í heimi því jafnt og þétt bætist við tilboð frá nýjum aðilum og á döfinni sé ný útgáfa af Nova-appinu sem verði afar skemmtileg viðbót fyrir viðskiptavini Nova.

„Í dag nýtist Nova-appið eigendum iPhone og Android sem eru mest seldu snjallsímarnir í dag. Við munum stöðugt bæta við appið svo það nýtist viðskiptavinum Nova sem best. Nova er enda stærsti skemmtistaður í heimi og þangað á alltaf að vera skemmtilegt að koma," segir Harald.

Hægt er að sækja Nova-appið í App Store og Google Play undir Nova Iceland.

Harald Pétursson er uppfinningamaður hjá Nova, stærsta skemmtistað í heimi. Þar hefur gleðin enn aukist eftir að nýja Nova-appið bauðst viðskiptavinum fyrirtækisins. MYND/VALLI

Tímasparnaður og betri þjónusta

Snjallsímaforrit Póstsins einfaldar og bætir þjónustu við viðskiptavini fyrirtækisins. Viðskiptavinir Póstsins hafa tekið því mjög vel enda sparar það oft mikinn tíma og fyrirhöfn.

Pósturinn setti nýtt snjallforrit á markað á síðasta ári sem hefur fengið góðar viðtökur. Snjallsímaforritið er ætlað Android- og iPhone-símum og þar geta viðskiptavinir Póstsins sótt ýmsa þjónustu og flett upp gagnlegum upplýsingum. Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins, segir viðskiptavini fyrirtækisins hafa tekið snjallsímaforritinu fagnandi enda stórbæti það þjónustuna og spari mikinn tíma. „Viðskiptavinir okkar geta nýtt snjallsímaforritið á ýmsan hátt. Fyrst má nefna að hægt er að rekja sendingar bréfa og pakka í forritinu og finna hvar í ferlinu sendingin er stödd. Þetta á bæði við um sendingar sem viðskiptavinir eiga von á og þær sem fara frá þeim.“ Ágústa segir þjónustuna mikið notaða, bæði í snjallsímaforritinu en einnig á vef fyrirtækisins. „Viðskiptavinur okkar fær viðtökunúmer sem hann nýtir til að fylgjast með hvar sendingin er stödd hverju sinni. Þannig er hægt að fylgjast betur með því hvar og hvenær hægt er að nálgast sendinguna. Þetta er auðvitað mun fljótlegri og þægilegri leið en að hringja í þjónustuver okkar eða fara á næsta pósthús en að sjálfsögðu tökum við vel á móti viðskiptavinum þar líka.“

SMS-frímerki spara sporin

Önnur þjónusta í snjallsímaforritinu snýr að svokölluðum SMS-frímerkjum. „Þetta eru í raun og veru frímerki sem viðskiptavinir kaupa í gegnum símann sinn. Þeir óska eftir ákveðnum fjölda frímerkja með SMS-i í númerið 1900 eða í gegnum snjallsímaforritið og fá til baka kóða sem þeir skrifa á umslagið. Þannig spara þeir sér sporin og þurfa ekki að kaupa frímerki í næsta pósthúsi. Þessi aðgerð er í boði fyrir alla GSM-síma og ekki bundin við snjallsímaforritið.“ Nýjungin kom á markað fyrir síðustu jól og vakti mikla athygli að sögn Ágústu. „Viðskiptavinir okkar voru mjög ánægðir með þessa nýjung og hafa nýtt sér þessa þjónustu stöðugt síðan.“

Af öðrum þjónustuþáttum sem hægt er að nýta má nefna gagnvirkt kort þar sem hægt er að finna öll pósthús og póstkassa á landinu ásamt upplýsingum um póstnúmer og opnunartíma. „Fæstir eru með það á hreinu hvar næsti póstkassi er. Snjallsímaforritið gerir viðskiptavinum kleift að kaupa SMS-frímerki og finna svo næsta póstkassa. Einfaldara getur það ekki orðið.“

Að lokum nefnir hún valmöguleika þar sem hægt er að hringja í þjónustuver Póstsins með einum hnappi auk þess sem hægt er að fletta upp verðskrá Póstsins.

Ágústa segir valmöguleikann þar sem hægt er að rekja sendingar vera vinsælastan. „Þessi þjónusta er einnig mikið nýtt inni á vefnum hjá okkur. SMS-frímerkin sækja síðan stöðugt á enda afar þægilegur kostur fyrir viðskiptavini. Einnig má nefna valmöguleikann að finna póstkassa og pósthús en hann sækir einnig mikið á.“

Spennandi viðbætur fram undan

Ýmsar viðbætur og nýjungar eru á teikniborðinu að sögn Ágústu enda þýðir lítið að hennar sögn að setja snjallsímaforrit á markað ef ekki er ætlunin að þróa það áfram. „Það er svo margt sem hægt er að þróa áfram í svona hlutum. Það eru einhverjar viðbætur í pípunum sem ekki er rétt að greina frá núna en það verður eitthvað mjög spennandi.“ Þegar Pósturinn hóf undirbúning að gerð snjallsímaforritsins voru sambærileg fyrirtæki skoðuð erlendis. Ágústa segir þar vera mikið lagt upp úr verðþættinum þannig að viðskiptavinir geta reiknað út hvað kosti að senda bréf og pakka. „Það er vissulega þáttur sem við höfum skoðað. Það væri gaman að sjá til dæmis reiknivél inni í snjallsímaforritinu okkar. Við teljum okkur þó hafa góða þjónustu að bjóða upp á fyrir viðskiptavini okkar miðað við sambærileg fyrirtæki erlendis en mörg þeirra bjóða ekki enn þá upp á svona þjónustu.“

Pósturinn hefur að sögn Ágústu fengið mjög góð viðbrögð við snjallsímaforritinu frá viðskiptavinum enda var lagt upp með það í upphafi að hafa viðmótið einfalt. „Markmiðið er auðvitað að flýta fyrir og því er óþarfi að flækja hlutina. Aðalmarkmiðið er að spara tíma fyrir viðskiptavini okkar og veita betri þjónustu.“

Hægt að nálgast snjallsímaforritið ókeypis á vef Póstsins, www.postur.is.



„Aðalmarkmiðið er að spara viðskiptavinum okkar tíma og veita betri þjónustu,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir, forstöðumaður markaðsdeildar Póstsins. MYND/GVA

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, s: 512 5432, tp. sverrirbs@365.is **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

VÍTAMÍNBOMBA Í RÚMIÐ

Komdu elskunni á óvart á laugardagsmorgni með vítamínbombu í rúmið. Brytjaðu niður exótíska ávexti í skál og berðu fram með grískri jógúrt og agave-sírópi. Toppaðu með grænum djús og þið farið hoppandi kát út í daginn.

Viltu ná góðum árangri í skólanum frá byrjun?
Við bjóðum þér
NÁMSAÐSTOÐ
til að styrkja grunninn.
Nemendaþjónustan sf www.namsadstod.is s. 557 9233

15% AFSLÁTTUR AF YFIRHÖFNUM
Opið laugardag 11-15
BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Yoga
Yogavin
Yoga hefst 2. okt
Byrjendanámskeið hefst 3. okt
Krakkayoga hefst 9. okt
Ásta Arnardóttir • Yogavin, Auðbrekku 2
s: 862 6098 • www.this.is/asta • asta@this.is

FÆDDIST HLÆJANDI

DEYR SEINT ÚR LEIÐINDUM *Gleðivaldurinn Siggi Hlö er ómissandi förunautur lífsglaðra landsmanna á laugardögum. Hann upplýsir engin leyndarmál hér.*

Mamma segir að ég hafi fæðst skellihlæjandi og mér finnst lífið alltof skemmtilegt til að sóa því í fýlu. Ég er þó kannski örlítið hressari í þáttunum en ég er heima í stofu," svarar Sigurður Helgi Hlöðversson, öðru nafni Siggi Hlö, spurður hvort hann sé alltaf í urrandi stuði.

„Mitt kikk er að skemmta fólki og ég fæ seint leið á því að vera kátur í útvarpinu. Ég hef áður látið hafa eftir mér að á legstein minn verði ekki hægt að rita: „Hann dó úr leiðindum." Ég er hins vegar mennskur og þarf stundum að rífa mig af stað á kvöldin en þegar ég er mættur eru tilþrifin klár."

VINSÆLASTUR AF ÖLLUM

„Ég fann strax í fyrstu útsendingunni að þátturinn mundi trylla lýðinn," segir Siggi um vinsælasta útvarpsþátt þjóðarinnar sem hann hefur stýrt á Bylgjunni í bráðum fimm ár.

„Ekkert útvarpsefni hefur meiri hlustun en Veistu hver ég var?, hvorki fréttir né talmál, og þannig hefur það verið lengi," upplýsir Siggi og hefur sínar skýringar á fagnandi viðtökum landsmanna.

„Klukkan fjögur á laugardögum er helgin loks byrjuð á íslenskum heimilum og allt dottið í dúnalogn eftir ferð í Sorpu og Ikea-rúntinn. Þá kveikir fólk á útvarpinu, hittir á skellihlæjandi gaur með gargandi lið á línunni og kemst í almennilegt helgarstuð. Þátturinn mætti því verulegri þörf og allt hélst í hendur; hressi gaurinn, tónlist úr fortíðinni og hlustendur sem voru strax með á nótunum að taka þátt í fjörinu með mér," útskýrir Siggi.

„Það sem gleður mig mest er að nú fæ ég háa fimmu frá tvítugum ungmennum sem farnir eru að hlusta á þáttinn en fyrstu árin voru hlustendur flestir af minni kynslóð, í kringum fertugt."

100 PRÓSENT LÍFSGLEÐI

Á níunda áratugnum segist Siggi hafa fylgt alþýðumenningu jafnaldra sinna en frá því tímabili er tónlist í þáttum hans sprottin.

„Ég átti reyndar leðurjakka og þóttist vera pönkari en þorði ekki á Hlemm. Því hlustaði ég grimmt á Wham og Duran Duran í pönkgallanum og hélt að það væri kúl sem það var auðvitað alls ekki," viðurkennir Siggi og hlær.

STUÐBOLTI
Siggi Hlö segir skemmtilegast að tala við konur í sumarbústaðapartíum.
MYND/ANTON

LOSAÐ UM MÁLBEINIÐ

„Fólki þykir hins vegar skemmtilegra að hringja þegar það er búið að fá sér einn og ég upplýsi engin leyndarmál þegar ég segi að þjóðin sé búin að fá sér í glas um miðjan dag á laugardögum."

FRAMHALD Á SÍÐU 2

Yoga með Maggý

Byrjar á nýjum stað með:
meðgöngujóga
mömmujóga og
rólegt morgunjóga.
Kennsla hefst 1. október
samkvæmt stundaskrá.

MEÐGÖNGU JÓGA
Yogavin
Yoga maggý
Auðbrekku 2, 200 Kópavogur
Vefsíða: maggy.is - Upplýsingar í síma 821 7482

VIETNAM MARKET
ALLT FYRIR AUSTURLENSKA MATARGERÐ
387 kr.
320 kr.
699 kr.
550 kr.
Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík Sími: 534 7268

PHO VIETNAMESE
HOLLT OG GOTT
Opið:
mán - föst Kl. 11 - 21
lau - sun Kl. 12 - 21
BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU
1.250 kr
1.350 kr
1.250 kr
PHO víetnamskur veitingastaður // Ármúla 21 - 108 Reykjavík - Sími: 588 6868 - www.pho.is

LAGERSALA
allt að 80% afsláttur

Rúmföt - margar stærðir

Úrval af barnarúmfatnaði

Handklæði og margt fleira

Laugardag & sunnudag 11-16
Laugavegi 178

Lin DESIGN

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Hann segir tónlist frá diskótímanum og níunda áratugnum eiga aftur upp á pallborð yngri hlustenda því nú dúkki hún upp í tölvuleikjum og bíómyndum.

„Ég átta mig samt ekki á hvort yngra fólkið hlusti út af tónlistinni eða þeirri samsuðu sem verður til í fólki, tónlist og fjöri þáttarins. Fólk kemst sjálfkrafa í stuð við það eitt að hlusta og ég sé iðulega færslur á fésbókinni þar sem mér er kennt um að einhver hafi óvart opnað bjór og sé nú á leið á djammið. Það finnst mér líka í stórgóðu lagi," segir Siggi og hlær enn meir.

Í þáttinn hringja margir góðglaðir en Siggi segir af og frá að allir sem hringi inn séu við skál.

„Fólki þykir hins vegar skemmtilegra að hringja þegar það er búið að fá sér einn og ég held að ég upplýsi engin leyndarmál þegar ég segi að þjóðin sé búin að fá sér í glas um miðjan dag á laugardögum. Sú staðreynd fór bara í útvarpið eftir að þátturinn minn byrjaði," segir Siggi sem hljóðritar símtöl til þáttarins og velur úr þeim bestu.

„Hlustendur mínir eru hundrað prósent lífsglaðir og ég fæ ekki leiðinlegt fólk á línuna. Það nennir heldur enginn að hlusta á fúlan kall úr Laugarnesinu og miklu skemmtilegra að hlusta á stelpur sem fara saman í sveit til að fá sér hvítvín í pottinum," útskýrir Siggi.

GRÁTUR OG HLÁTUR

Að sögn Sigga hafa ekki orðið óvæntar uppákomur í útvarpinu en stundum þegar hann þeytir skífum.

„Þannig mannaði einn sig upp og fór á hnén þegar ég spilaði í Neskaupsstað í sumar. Ég lækkaði í græjunum svo hann gæti borið upp bónorðið og konan játaðist manninum. Allir fóru að grenja og allt varð geðveikt og ballið bara enn betra á eftir," segir Siggi.

Hann segir mest umbeðna lagið nú um mundir vera Don't Stop Believing sem bandaríska rokksveitin Journey gerði fyrst vinsælt 1981.

„Lagið var rifjað upp í Glee og búið að margspila það svoleiðis í þættinum að nú er það orðið sparilag. Óskalisti hlustenda fer reyndar í hringi og nú aftur farið að biðja um Turn Me Loose með Loverboy sem var vinsælasta lagið fyrstu tvö árin. Ég neita annars engum óskalögum því í þættinum er ég að skemmta öðrum en ekki sjálfum mér."

KÓSÍ SÓFAKLESSA

Fríhelgi er nánast óþekkt fyrirbæri hjá Sigga og hann bókaður sem plötusnúður fram í apríl 2013.

„Vissulega eru gerðar kröfur til manns en ég þarf eins og aðrir frí inn á milli til að hlaða batteríin. Ívar Guðmundsson hefur endrum og sinnum leyst mig af í þættinum og alveg frábær staðgengill sem var einnig plötusnúður á eitís-tímabilinu. Því er stundum ósanngjarnt að allt verði brjálað ef ég tek mér smá frí og þá fæ ég að heyra það óþvegið hjá hlustendum," segir Siggi og brosir.

Hann segir fríhelgi drauma sinna snúast um sælkeramat fyrir frúna og tvö uppkomin börn sín.

„Við erum mikið fyrir að gera vel við okkur og erum samrýmd fjölskylda. Við kunnum að hafa það kósí og notalegt heima."

En hvað stendur til þegar færi gefst um helgina?

„Þá breytist ég í sófaklessu enda stór sjónvarpshelgi fram undan. Ég er mikill unnandi enska boltans og svo hefst Ryder Cup um helgina þar sem ég mun ekki missa af höggi," segir hann hlæjandi.

thordis@365.is

VEISTU HVER HANN ER?

Þátturinn Veistu hver ég var? átti upphaflega að vera í loftinu í þrjá mánuði en er nú að nálgast fimm ára afmæli sitt. Siggi segist glaður halda áfram með þáttinn á meðan hann sé sá allra vinsælasti meðal þjóðarinnar.

MYND/ANTON

NÝTT OG ENN BETRA
PRÓGASTRÓ
Góð melting er undirstaða að góðu dagformi

UPPLIFÐU MUNINN!

PRÓGASTRÓ DDS® PLÚS 3 -inniheldur m.a. hinn öfluga DDS1 asídófílus sem er bæði gall- og sýruþolin.

PRÓGASTRÓ DDS® PLÚS 3 -er sannkölluð himnasending fyrir meltinguna, bætir og byggir meltingarflóruna og hefur reynst vel þeim sem þjást m.a. af meltingarkrampa, uppþembu, kandíta, lausri og tregri meltingu.

PRÓGASTRÓ kemur í 100 hylkja glerglösum með íslenskum leiðbeiningum

100% NÁTTÚRULEGT

Þessi vara er laus við:
Mjólk
Glúten
Sykur
Soja
Rotvarnarefni

PREMTUN.IS

Fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

SUNDBÍÓ Í LAUGARDALSLAUG

Aftur til fortíðar

Efnt verður til sundbíós í Laugardalslaug í kvöld en það er orðin ein af sérgreinum kvikmyndahátíðarinnar RIFF. Í ár verður myndin Aftur til framtíðar (Back to the Future) sýnd, en það er sígild ævintýramynd Roberts Zemeckis frá árinu 1985.

Skreytingar í Laugardalslaug verða í stíl við skólaballið, sem er ein af lykilsenum myndarinnar, og andi og tónlist ársins 1955 mun svífa yfir vötnum.

Miðasala fer fram á www.riff.is.

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Jónína María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is s 512 5473
Sverrir Birgir Sverrisson
sverrirbs@365.is, s 512 5432
Elsa Jensdóttir
elsaj@365.is s. 512-5427

ego dekor

DAKOTA leðursófasett
3+1+1 Litir: Svart og Brúnt
Verð: 421.000,-

OSCAR leðurhornsófi
Litur: Svart - Stærð: 276X220
Verð: 389.000,-

TV skenkur Hvítt háglans
Svart gler - Breidd: 180cm
Verð: 109.000,-



TV skenkur Hvítt háglans
Breidd: 240cm Verð: 129.900,-
Breidd: 180cm Verð: 109.000,-

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

JESSIE	TORINO	TESS	MONET
16.900,-	16.900,-	18.900,-	19.900,-

Skenkur Hvítt háglans
Breidd: 160cm
Verð: 138.000,-

CORAL tungusófi
Stærð: 290X156
Tilboðsverð: 194.650,-

NEW ENGLAND tungusófi
Stærð: 290X165
Tilboðsverð: 199.750,-

APOLLO tungusófi
Stærð: 288X198
Tilboðsverð: 232.200,-

HAMPTON tungusófi
Stærð: 318X197
Tilboðsverð: 248.400,-

Opið mán-fös: 10:00 - 18.00
Opið um helgina: Lau 10.00-16.00 - Sun: 13.00-16.00

Ego Dekor - Bæjarlind 12
S: 5444420 - www.egodekor.is

ÖFLUG VÖRN GEGN SVEPPASÝKINGUM

ICECARE KYNNIR *Silja Ívarsdóttir segir Bio-Kult Candéa hylkin hafa breytt lífi sínu. Hún er nú að mestu laus við sveppasýkingar sem hrjáðu hana lengi. „Ég vil eiginlega orða það þannig að Bio-Kult Candéa hylkin hafi bjargað lífi mínu," segir Silja Ívarsdóttir.*

Bio-Kult Candéa er öflug blanda af vinveittum gerlum, hvítlauk og þrúgukjarnaþykkni (e. grape seed extract). Það virkar sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu í meltingarvegi kvenna og karla. Sveppasýking getur lýst sér á mismunandi hátt og komið fram með ólíkum hætti. Einkenni sveppasýkingar geta meðal annars verið munnangur, fæðuóþol, pirringur, skapsveiflur, þreyta, meltingartruflanir, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni og alls kyns húðvandamál. Bio-Kult Candéa er öflug vörn gegn sveppasýkingu á viðkvæmum svæðum hjá konum.

Silja Ívarsdóttir mælir hiklaust með Bio-Kult Candéa-hylkjunum og segir þau hafa gjörbreytt lífi sínu til hins betra. „Ég hef þjáðst af kláða á kynfærasvæði svo lengi sem ég man eftir mér," segir Silja. „Fyrir um sex árum fór kláðinn að versna og mér leið alveg rosalega illa. Ég var búin að ganga milli lækna bæði hér heima og erlendis þar sem ég bjó í tvö ár en án árangurs. Kláðinn jókst mjög þegar ég var að fara að sofa svo þetta hafði þau áhrif að svefninn versnaði og ég svaf lítið og slitrótt. Það að fá ekki nægan svefn hafði mjög slæm áhrif á mig. Ég breyttist í gangandi stressbolta og var alltaf þreytt og kvíðin og með miklar skapsveiflur. Það leiddi til þess að meltingin fór í klessu og ég hafði hægðir um það bil einu sinni í viku, ef ég var heppin. Í vor fór ég í viðtal hjá konu sem mælir ph-gildi líkamans og í ljós kom að ég var með candida-sveppasýkingu í meltingarvegi. Ég hafði lesið um Bio-Kult og strax eftir viðtalið fór ég og keypti hylki og fann samstundis breytingu. Ég vil eiginlega orða það þannig að Bio-Kult Candéa-hylkin hafi bjargað lífi mínu."



Í dag líður Silju mun betur og er að mestu laus við kláða, stress og skapsveiflur og meltingin er komin í gott lag. „Með inntöku hylkjanna tók ég svo augljóslega eftir breytingum stig frá stigi. Hjá mér snarminnkaði kláðinn sem varð til þess að svefninn lagaðist sem varð svo til þess að stressið og kvíðinn minnkaði og skapsveiflurnar einnig sem leiddi til betri meltingar sem varð til þess að húðin fór hægt og rólega að lagast. Ég vona að sem flestir heyri mína sögu þar sem Bio-Kult Candéa er búið að gefa mér nýtt líf," segir Silja.

Bio-Kult Candéa-hylkin henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Þau fást í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Hægt er að nálgast ítarlegar upplýsingar í íslenskum bæklingi á heimasíðu Icecare, icecare.is og heimsækja Facebook-síðu Bio-Kult Candéa til að taka þátt í léttum leik.

NÝTT LÍF Silja segir notkun Bio-Kult Candéa hafa breytt lífi sínu. Hún er nú laus við kláða og meltingin er orðin betri. MYND/GVA

MINNI MATARLYST

Icecare kynnir *Zotrim jurtatöflur hjálpa fólki við að minnka matarskammta og léttast um leið. Þær auka einnig orku og brennslu. Regína Róbertsdóttir hefur breytt um lífsstíl með hjálp Zotrim.*

Zotrim-jurtatöflur eru blanda þriggja jurta sem hjálpa til við að minnka matarskammta. Magn fæðu minnkar í hverri máltíð og staðfest er með rannsóknum að saðsemi helst lengur eftir máltíð. Þegar fólk minnkar matarskammta sína með hjálp Zotrim léttist það um leið. Regína Róbertsdóttir hefur breytt um lífsstíl með hjálp Zotrim. „Ég fann fljótlega eftir að ég byrjaði á Zotrim að ég varð miklu orkumeiri og nartþörfin hvarf. Einnig fann ég að bjúgurinn minnkaði fljótt og hvarf svo alveg. Ég hef svo miklu meiri orku og er bæði hressari andlega og líkamlega. Ég er orðin það orkumikil að þegar ég leggst á koddann þá sofna ég strax og þarf því ekki að nota svefnlyf lengur."

Jurtirnar í Zotrim-jurtatöflunum eru yerba maté, guarana og damiana. Yerba maté er hressandi og hefur þau áhrif að það verður fituniðurbrot. Það dregur úr matarlyst og eykur brennslu. Guarana hefur örvandi áhrif á meltingu og minnkar matarlyst. Damiana er viðurkennd sem fæðubótarefni og er kynörvandi. Tvö af efnunum innihalda koffín og eru því örvandi. Þannig er verkun taflnanna tvíþætt, þær auka brennslu og minnka neyslu.

Helsti kostur Zotrim-jurtataflnanna er sá að fólk nær að stjórna hungurtilfinningunni og þær hjálpa til við að minnka neyslu á kaloríum. „Zotrim hefur gert gæfumuninn hjá mér því mér finnst mjög leiðinlegt að fara í megrun og mega aldrei leyfa mér neitt. Ég tek tvær til þrjár töflur fyrir mat, helst þrisvar á dag. Þá borða ég minna og verð lengur södd. Núna borða ég það sem mig langar í, bara miklu minna, og lítið sem ekkert á milli mála. Samt sem áður hef ég lést um tíu kíló og ummálið minnkað um nokkra sentímetra," segir Regína.

Hver pakkning af Zotrim inniheldur 180 stykki sem er 30 daga skammtur, handhægar pakkningar sem auðvelt er að hafa með sér.

GERIR GÆFU MUNINN

„Zotrim hefur gert gæfumuninn hjá mér því mér finnst mjög leiðnlegt að fara í megrun og mega aldrei leyfa mér neitt."

MISSTI 10 KÍLÓ Regína hefur bæði lést og ummál hennar hefur minnkað eftir að hún fór að nota Zotrim-jurtatöflurnar.

Leiðtogi á sviði upplýsingaöryggismála

Höfum verið beðin um að leita að sérfræðingi á sviði upplýsingaöryggismála fyrir einn umbjóðenda okkar. Við leitum að traustum og sjálfstæðum einstaklingi sem þrífst í krefjandi umhverfi. Lögð er rík áhersla á áreiðanleika og vönduð vinnubrögð. Í boði er leiðtogastarf með miklum tækifærum hjá öflugu og traustu fyrirtæki.

Starfssvið

- Úttektir og ráðgjöf í UT öryggismálum
- Stjórnun og fagleg leiðsögn
- Tilboðs- og samningagerð

Hæfniskröfur

- Reynsla af ráðgjöf í UT öryggismálum
- Hæfileiki til að tjá sig í ræðu og riti
- Leiðtogahæfileikar og metnaður til að ná árangri
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi

*Nánari upplýsingar um starfið veita Torfi Markússon (**torfi@intellecta.is**) og Ari Eyberg (**ari@intellecta.is**) í síma 511 1225. Umsóknarfrestur er til og með 8 október nk. Umsókn óskast fyllt út á www.intellecta.is. **Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilskrá.*
Intellecta, Síðumúla 5, 108 Reykjavík, sími 511 1225

intellecta
ráðgjöf ráðningar rannsóknir

Landsbankinn auglýsir eftir framkvæmdastjóra

Landsbankinn leitar að öflugum framkvæmdastjóra til að stýra nýju sviði innan bankans, Rekstri og upplýsingatækni.

Framkvæmdastjórinn mun starfa náið með öðrum framkvæmdastjórum og bankastjóra við að stýra bankanum í samræmi við stefnu og markmið bankans.

Eitt meginábyrgðarsvið framkvæmdastjórans er að leiða umbótastarf til að ná hagkvæmni í rekstri og endurhögun bankans.

Leitað er að einstaklingi með ríka stjórnunar- og leiðtogahæfileika auk víðtækrar þekkingar og reynslu í stjórnun flókinna verkefna í stærri skipulagsheildum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Framhaldsmenntun í verkfræði, viðskiptafræði eða sambærilegu námi
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af stefnumótun og hæfni til að miðla sýn

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Baldur G. Jónsson, Mannauðsstjóri Landsbankans í síma 410 7904 eða á baldur.g.jonsson@landsbankinn.is.

Umsókn merkt „Framkvæmdastjóri“ fyllist út á vef bankans.

Nánari upplýsingar um skipulag og starfsemi bankans á landsbankinn.is.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

www.vinna.is

vinna.is
sími: 511 1144

Pizza Hut

Vaktstjóri

Okkar drauma vaktstjóri heldur reglu á hlutunum, er ákveðinn og sanngjarn.
Ef þú hefur gaman af þjónustu og hefur góða stjórnunarhæfni erum við að leita að þér!
Um 100% starf er að ræða, í bland dag-, kvöld- og helgarvinna og launin eru góð.
Ef þú vilt starfa hjá traustu fyrirtæki á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið tækifærið þitt!
Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar, Mjöll hjá Talent Ráðningum tekur vel á móti þér.

Starfssvið:
- Stjórnun vakta
- Þjálfun starfsfólks
- Þjónusta við viðskiptavini
- Starfsmannastjórnun í samráði við veitingastjóra

Hæfniskröfur:
- Góð reynsla af þjónustu og stjórnun
- Mikil þjónustulund
- Samviskusemi og reglusemi
- Afburðahæfni í samskiptum

TALENT RÁÐNINGAR
Linnetsstíg 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Mjöll Jónsdóttir hjá Talent Ráðningum, mjoll@talent.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

Vantar þig aukatekjur?

Alþjóðlegt fyrirtæki með áratuga reynslu leitar eftir jákvæðu ábyrgðarfullu fólki, sem getur unnið sjálfstætt.
Miklir framtíðarmöguleikar, sveigjanlegur vinnutími og stuðningur.
Möguleiki á að starfa erlendis. Fullt starf eða hlutastarf.
Góðir tekjumöguleikar frá 50 þús. til 600 þús. á mánuði.
Hafið samband í síma 696 1012 eða sendið email á
fullkominndagur@gmail.com

TOPPLAGNIR

Topplagnir ehf. óska eftir að ráða pípulagningamenn. Þurfa að vera stundvísir og áreiðanlegir, og geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á topplagnir@internet.is
Upplýsingar gefur Brynjar í síma 698-8412

Framtíðarstarfsmaður óskast í gagnaöflun og úrvinnslu með áherslu á tæknimál

Vegna aukinna umsvifa óskar Maskína eftir að ráða öflugan starfsmann í gagnaöflun og úrvinnslu með áherslu á tæknimál. Til greina kemur að ráða í hlutastarf til að byrja með sem gæti aukist á næstu mánuðum eða misserum í fullt starf. Þannig kæmi til greina að ráða einstakling sem er langt kominn í námi.

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun eða að viðkomandi sé að ljúka háskólanámi
- Mjög góð þekking á Excel
- Áhugi á tæknimálum og nýjungum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á að byggja upp framtíðarfyrirtæki
- Mjög góð íslenskukunnátta
- Góð enskukunnátta
- Grunnþekking í forritun kostur

Við bjóðum:
- Gott vinnuumhverfi
- Fjölbreytt og krefjandi verkefni
- Nýtt og framsækið fyrirtæki með kraftmiklu samstarfsfólki
- Góð laun fyrir réttan einstakling

Frekari upplýsingar veitir Þóra Ásgeirsdóttir í síma 896 4427. Umsóknir með ferilskrá skal senda í tölvupósti á thora@maskina.is fyrir 5. október 2012.

Maskína er tveggja ára gamalt markaðs- og viðhorfsrannsóknarfyrirtæki. Maskína býður bæði megindlegar og eigindlegar aðferðir í rannsóknum sínum. Leiðarljós Maskínu eru fagmennska, nýjungar í markaðsrannsóknum og gott samband við viðskiptavini.

Fíton/SÍA

maskína rannsóknir
laugarvegi 1a
101 reykjavík
maskina@maskina.is
www.maskina.is

maskína

STÖRF HJÁ GARÐABÆ

DEILDARSTJÓRI LAUNADEILDAR

Garðabær auglýsir eftir deildarstjóra launadeildar í 100% starf í Ráðhúsi bæjarins.

Í Ráðhúsi Garðabæjar er leitast við að veita framúrskarandi þjónustu undir slagorðinu *þjónusta til þín*. Unnið er samkvæmt gildunum jákvæðni, fagmennska og áreiðanleiki.

Starf deildarstjóra launadeildar heyrir undir fjármála- og stjórnsýslusvið og viðkomandi vinnur náið með mannauðsstjóra og fjármálastjóra.

Starfssvið:
- Viðkomandi starfsmaður hefur umsjón með allri launavinnslu sveitarfélagsins og stofnana þess. Hann er ábyrgur fyrir því að laun séu greidd samkvæmt gildandi kjarasamningum og annast skil vegna launa til lífeyrissjóða, stéttarfélaga o.fl.
- Viðkomandi starfsmaður veitir upplýsingar til starfsmanna um laun þeirra, réttindi og skyldur. Viðkomandi starfsmaður annast upplýsingagjöf til forstöðumanna stofnana um launakjör starfsmanna og annast áætlun launa vegna fjárhagsáætlunar.

Menntun, reynsla og hæfni:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi er æskileg eða mikil reynsla við launavinnslu og notkun launakerfa.
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Góð tölvukunnátta, öguð vinnubrögð og reglufesta
- Hæfni í mannlegum samskiptum er afar mikilvæg
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsóknarfrestur er til og með 15. október 2012.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi hlutaðeigandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vinsamlegast sækið um með því að fylla út almenna atvinnuumsókn á Minn Garðabær.

Nánari upplýsingar:
Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, gudjon@gardabaer.is

Vilhjálmur Kári Haraldsson, mannauðsstjóri, vilhjalmurha@gardabaer.is

Sími: **525 8500**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is
þjónusta til þín

Capacent Ráðningar

TÆKNIMAÐUR

OPTIMA

Optima óskar eftir að ráða öflugan aðila í starf tæknimanns. Viðkomandi mun koma inn í sterkan hóp starfsmanna á tæknisviði Optima ehf.

Starfssvið:
- Viðgerðir á tækjum s.s. prenturum, skönnum, ljósritunarvélum og öðrum tækjum sem fyrirtækið er með í sölu og þjónustu
- Önnur tilfallandi verkefni innan tæknisviðs

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Menntun á sviði rafiðnfræði eða önnur sambærleg tæknimenntun
- Haldgóð starfsreynsla af sambærilegu starfi
- Reynsla, þekking og áhugi á tæknimálum nauðsynlegur
- Góð tölvu- og enskukunnátta skilyrði

Lykileiginleikar viðkomandi starfsmanns eru sjálfstæði í vinnubrögðum, skipulagsgeta og góð hæfni í samskiptum við annað fólk, bæði viðskiptavini og samstarfsmenn.

Í boði er krefjandi starf enda um mjög flókin tæki að ræða. Viðkomandi þarf að geta tekist á við flókinn tækjabúnað og hugbúnað. Starfið felur í sér námskeið bæði hér á landi sem og erlendis.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Elín Friðjónsdóttir (elin.fridjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

MANNAUÐSSTJÓRI

TRYGGINGASTOFNUN

Tryggingastofnun auglýsir laust til umsóknar starf mannauðsstjóra stofnunarinnar.

Hlutverk mannauðsstjóra er að tryggja mótun stefnu um mannauðsmál stofnunarinnar og fylgja eftir faglegri framkvæmd hennar, í samráði við aðra stjórnendur. Meðal verkefna eru mannaflaspá, ráðningar, nýliðamóttaka, starfsþróun, starfsmannasamtöl, frammistöðumat, launamál, upplýsingamiðlun og stofnanasamningar. Mannauðsstjóri heyrir beint undir forstjóra og er formaður mannauðsnefndar stofnunarinnar.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á sviði mannauðsstjórnunar
- Reynsla á sviði opinberrar stjórnsýslu er kostur

Færni og aðrir eiginleikar:
- Frumkvæði og hugmyndaauðgi
- Samskipta- og leiðtogahæfileikar
- Greiningarhæfni
- Færni í verkefna- og breytingastjórnun
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti

Tryggingastofnun er þjónustustofnun sem gegnir lykilhlutverki í velferðarkerfi Íslands. Hlutverk stofnunarinnar er að framfylgja lögum um almannatryggingar, lögum um félagslega aðstoð og lögum um málefni langveikra barna auk þess að sinna öðrum verkefnum sem stofnuninni eru falin hverju sinni. Hjá Tryggingastofnun starfa yfir 100 starfsmenn. Stofnunin vinnur eftir framtíðarsýn til 2015 og gildi stofnunarinnar eru traust, samvinna og metnaður.

Valnefnd mun fara yfir umsóknir og meta hæfni umsækjenda í starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veita Sigríður Lillý Baldursdóttir forstjóri Tryggingastofnunar (sigridur.baldursdottir@tr.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir hjá Capacent (jona.sigurjonsdottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 15. október næstkomandi.
Áhugasamir eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent ráðninga, **www.capacent.is**, og skila ítarlegri ferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem umsækjandi rökstyður hæfni sína í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

KÍKTU Á WWW.CAPACENT.IS

capacent

LAUS STÖRF Á REKSTRARSVIÐI STRÆTÓ BS.

Við auglýsum eftir ábyrgu og kröftugu starfsfólki í akstursdeild Strætó. Í boði er fjölbreytt framtíðarstarf við góðar starfsaðstæður á Hesthálsi 14. Viðkomandi þarf að vera eldri en 25 ára, skipulagður og námsfús. Starfið hentar báðum kynjum.

STARFSMANNAFULLTRÚI

Helsta starfssvið:

- Starfsmannamál s.s. umsjón með innri vef, orlofsmál, tímaskráningar, mælingar, lykiltölur, starfsmannaþjónusta og námskeiðshald.
- Gæða- og vottunarmál s.s. þróun og hönnun ferla, skráningar og eftirfylgni.
- Ráðningarferli s.s. úrvinnsla atvinnuumsókna og móttaka nýliða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði starfsmannamála
- Reynsla af starfsmannamálum
- Skipulagshæfni
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Heiðarleiki, samvinna og kurteisi skilyrði
- Samvinna og þjónustulund
- Jákvæðni og sveigjanleiki

DEILDARFULLTRÚI

Helsta starfssvið:

- Mönnun vagnstjóra og þvottastöðvar
- Vaktakerfissmíð
- Þróun og hönnun vinnuferla
- Skipulag orlofsmála
- Tjónamál og skráningar
- Ýmis verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf
- Tölvumenntun og/eða mjög góð tövluþekking
- Áhugi á tækninýjungum og þróun skilyrði
- Skipulagshæfileikar og útsjónasemi
- Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Geta til þess að starfa undir álagi
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Heiðarleiki, samvinna og kurteisi skilyrði
- Þolinmæði og þjónustulund

Nánari upplýsingar veitir
Jóhannes Jóhannesson
Sviðsstjóri Rekstrarsviðs á netfanginu joi@straeto.is

Umsóknir berist til
joi@straeto.is

Umsóknarfrestur er til
14. október 2012

Ef þig langar að starfa eftir gildum Strætó og taka þátt í því góða starfi sem á sér stað innan Strætó hvetjum við þig til þess að sækja um.

strætó.is

Strætó er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk þess er að sinna almennings-samgöngum á höfuðborgarsvæðinu. Strætó starfar í anda gæðastjórnunar og er í vottunarferli vegna stefnu sinnar í öryggis- og umhverfismálum.

Gildi Strætó eru stundvísi, áreiðanleiki, fagmennska og gæði. Ætlunarverk Strætó er að bjóða hagkvæmar, fjölþættar og umhverfisvænar almenningssamgöngur. Strætó er handhafi forvarnarverðlauna VÍS.

Forstöðumaður Eignastýringar

Landsbankinn leitar að öflugum og traustum stjórnanda til að annast Eignastýringu bankans en undir Eignastýringu heyra Einkabankaþjónusta og Stýring eigna.

Starfsemin tilheyrir Mörkuðum sem er nýtt svið innan bankans. Viðkomandi þarf að tileinka sér og starfa í anda stefnu bankans og vera tilbúinn í krefjandi verkefni. Áhugi og ánægja af samstarfi og þátttöku í öflugri liðsheild er lykilatriði.

Hluti af ráðningarferlinu verður hæfismat til að tryggja að hæfniskröfur og eiginleikar séu til staðar.

Hæfniskröfur og eiginleikar

- Metnaður og leiðtogahæfileikar
- Miklir samskiptahæfileikar
- Reynsla og þekking á samningatækni
- Framúrskarandi greiningarhæfni
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Gott vald á íslensku og ensku
- Reynsla af eignastýringu
- Próf í verðbréfaviðskiptum
- Áhugi og skilningur á þörfum viðskiptavina

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veita Baldur G. Jónsson, Mannauðsstjóri í síma 410 7904 og Bergþóra Sigurðardóttir, Starfsþróunarstjóri í síma 410 7907.

Umsókn merkt „Forstöðumaður Eignastýringar“ fyllist út á vef bankans. Umsóknarfrestur er til og með 10. október nk.

Nánari upplýsingar um skipulag og starfsemi bankans á landsbankinn.is.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS · JL.is · SÍA

www.vinna.is

Hugbúnaðargerð

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með jákvætt hugarfar til starfa við umfangsmikl hugbúnaðarkerfi sem byggja á Linux. Unnið er í sérfræðingateymum eftir Agile hugmyndafræði. Við leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, stöðugar umbætur og að nota nýjustu aðferðir og tækni í hugbúnaðargerð. Við stuðlum að þekkingaröflun og þróun í starfi með leshópum, "testing-katas" og öflugum faghópum.

Starfssvið:

- Þátttaka í þróun nýrra hugbúnaðarlausna í öflugu sérfræðingateymi
- Hönnun, forritun og prófanir á hugbúnaði sem er grunnur undir stýribúnað hinna ýmsu tækja og kerfa sem Marel framleiðir hér og erlendis

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði, verkfræði eða skyldum greinum
- Reynsla af hugbúnaðargerð
- Þekking á C/C++, Bash og Lua er kostur
- Þekking á Linux er kostur
- Þekking á prófanadrifinni forritun (TDD) er kostur
- Þekking á rauntímaúrvinnslu og stýringum er kostur

Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk.
Einungis er tekið við umsóknum á heimasíðu Marel, **www.marel.com/jobs**.

Nánari upplýsingar um starfið veita Jón Þór Ólafsson **Jon.Olafsson@marel.com** og Haukur Hafsteinsson, **haukur.hafsteinsson@marel.com** í síma **563 8000**.

12-0641 – HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 4000 manns í fimm heimsálfum, þar af um 460 á Íslandi.

Marel er með stærstu hugbúnaðarfyrirtækjum á Íslandi og er í fararbroddi á heimsvísu í þróun hugbúnaðar sem stýrir háþróuðum tækjum og kerfum í matvælavinnslu.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

www.marel.com

marel

Landsvirkjun er í eigu íslensku þjóðarinnar og vinnur rafmagn úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafli og jarðvarma. Fyrirtækið vinnur 73% allrar raforku í landinu og er eitt af tíu stærstu orkufyrirtækjum í Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.

Landsvirkjun

Tækifæri við Þjórsá

TÆKNISTÖRF Á ÞJÓRSÁRSVÆÐI

Landsvirkjun óskar eftir að ráða tæknimann (iðn- eða tæknifræðing) og vélfræðing í rekstur og stöðvargæslu við aflstöðvar og veitumannvirki á Þjórsársvæðinu. Í störfunum felst eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirkja, ásamt verkefnabundinni vinnu við framþróun og viðhald vottana í gæða-, öryggis- og umhverfismálum.

Um þriðjungur allrar raforku sem framleidd er á Íslandi verður til í fimm aflstöðvum Landsvirkjunar á Þjórsársvæðinu. Sjötta stöðin er í byggingu við Búðarháls. Starfsstöð er í þjónustumiðstöð við Búrfellsstöð. Ráðning vélfræðings er tímabundin í 12 – 18 mánuði.

Sótt er um störfin á vef Capacent
Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is).
Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Vantar þig starfsmann?

- við leysum málið.

Nánari upplýsingar hjá Vinna.is

Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Heilsugæslulæknir	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Hella	201209/083
Deildarlæknir við geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201209/082
Félagsráðgjafi við geðdeild	Sjúkrahúsið á Akureyri	Akureyri	201209/081
Heilsugæslulæknir	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Hafnarfjörður	201209/080
Starfsnám í utanríkisþjónustunni	Utanríkisráðuneytið	Reykjavík	201209/079
Sérfræðingur	Sjúkratryggingar Íslands	Reykjavík	201209/078
Mannauðsstjóri	Tryggingastofnun	Reykjavík	201209/077
Matráður	Vegagerðin	Akureyri	201209/076
Hjúkrunarfr.á skurðlækningasvið	Landspítali, skurðlækningadeild	Reykjavík	201209/075
Hugbúnaðarsérfræðingur	Landspítali, hugbúnaðarlausnir	Reykjavík	201209/074
Starfsmaður í tölvuþjónustu	Landspítali, rekstrarlausnir	Reykjavík	201209/073
Verkefnastjóri í rekstrarlausnum	Landspítali, rekstrarlausnir	Reykjavík	201209/072
Rafeindavirki	Landspítali, heilbrigðistækni	Reykjavík	201209/071
Geislafræðingur eða hjúkrunarfr.	Landspítali, geislam. krabbameina	Reykjavík	201209/070
Læknir	Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki	Sauðárkrókur	201209/069
Starfsmaður í ræstingu	Alþingi	Reykjavík	201209/068
Ráðgjafi	Lánasjóður íslenskra námsmanna	Reykjavík	201209/067
Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201209/066
Varðstjóri	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201209/065
Lögreglumenn	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201209/064
Rannsóknarlögreglumaður	Lögreglustjórinn á höfuðborgarsv.	Reykjavík	201209/063
Verkefnastjóri hugbúnaðarverkefna	Tollstjóri	Reykjavík	201209/062

Viltu bætast í hópinn?

Leikskólinn Sjáland leitar eftir skemmtilegu og jákvæðu fólki

Menntunarkröfur:
Leikskólakennari
Önnur uppeldismenntun
Reynsla í starfi

Hæfniskröfur:
Frumkvæði
Sjálfstæði
Stundvísi
Jákvæðni og gleði
Jákvæðni

Leikskólinn Sjálland hefur skýra stefnu og framtíðarsýn. Við erum skóli í þróun og metum mikils áhuga og metnað starfsmanna okkar. Við erum Grænn skóli með áherslu á umhverfismennt og græn gildi. Við vinnum eftir skýrri skólastefnu sem byggir á fjölgreindunum og einstaklingsmiðuðu námi. Leiðarljós okkar í starfsmannahópnum er *„að samskipti séu opin, góð og gagnrýnin, og byggja á jákvæðni, nákvæmni og virðingu“.*

Umsóknarfrestur er til 6.október n.k. Frekari upplýsingar veitir Sara Hrund Finnbogadóttir mannauðsstjóri í síma 578-1220 eða á netfangið: sarahrund@sjaland.is . Einnig er hægt að sækja um á vefslóðinni www.sjaland.is

Leikskólinn Sjáland er einkarekinn leikskóli í Garðabæ staðsettur í sannkallaðri náttúruperlu við fjöruna í Sjálands-hverfi. Leikskólinn opnaði í ágúst 2005 og er því nánast nýr og öll aðstaða til fyrirmyndar. Áhersla er á hollustu og heilbrigði og því er leikskólinn reyklaus vinnustaður.

LEIKSKÓLINN SJÁLAND
– náttúruleg gleði

Framkvæmdastjóri

Vilt þú taka þátt í því að byggja upp leiðandi fyrirtæki í afþreyingu á Íslandi?

Stjórn Meira fjör ehf., óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra til að stýra Skemmtigarðinum í Smáralind. Leitað er að drífandi einstaklingi sem hefur góða samskiptahæfni og getu til að þróa, byggja upp og stýra daglegum rekstri skapandi fyrirtækis í margbreytilegu og skemmtilegu umhverfi.

Starfssvið:
- Ábyrgð á daglegum rekstri
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Markaðs- og kynningarmál
- Starfsmannamál
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja og þátttaka í fagsýningum erlendis

Hæfniskröfur:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af rekstri, stjórnun og mannahaldi skilyrði
- Reynsla af markaðsmálum og kynningarstarfi æskileg
- Leiðtogahæfileikar og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, drifkraftur og brennandi áhugi á að mæta væntingum viðskiptavina Skemmtigarðsins

Skemmtigarðurinn í Smáralind býður upp á fjölbreytta afþreyingu fyrir einstaklinga, fjölskyldur, hópa og ferðamenn. Hjá fyrirtækinu starfa 40 manns.

Nánari upplýsingar:

Rannveig J. Haraldsdóttir
rannveig@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 7. október nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Einstaklingar af báðum kynjum eru hvattir til að sækja um starfið.

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

Leikskólinn Krakkaborg Flóahreppi

Leikskólinn Krakkaborg óskar eftir leikskólakennara til starfa. Leikskólinn er staðsettur 8 km austur af Selfossi.

Um er að ræða 50% stöðu, vinnutími frá kl. 13:00 – 17:00. Æskilegt er að umsækjandi sé leikskólakennari eða hafi háskólamenntun á sviði uppeldisfræða. Ef ekki fæst fagfólk til starfa mun leiðbeinandi verða ráðinn tímabundið í stöðuna.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í nánu samstarfi við stjórnendur.

Umsóknafrestur er til 11 október.

Hægt er að sækja um á netinu á www.leikskolinn.is/krakkaborg undir flipanum um leikskólann – starfsumsóknir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri í síma 482-3085 eða með því að senda fyrirspurnir á karen@floahreppur.is

Starfsmaður óskast á Ísafold

Litlir hópar - lifandi ferðir

Ferðaskrifstofan Ísafold Travel skipuleggur einkum sérferðir fyrir litla hópa undir kjörorðinu **„Private groups – Personal touch“**. Okkur vantar sem fyrst öflugan starfsmann í hópinn til að vinna að gerð ferðalýsinga, tilboða og sölu.

Viðkomandi þarf að hafa mjög góða íslensku- og enskukunnáttu. Þýskukunnátta ásamt reynslu af vefmarkaðssetningu og/eða starfi leiðsögumanns er ótvíræður kostur.

Áhugasamir hafi samband við **Jón Baldur** í síma **897 3015** eða á **jb@isafoldtravel.is**.

ISAFOLD TRAVEL | Suðurhraun 2b | 210 Garðabær
Sími 544 8866 | info@isafoldtravel.is | www.isafoldtravel.is

ÍSAFOLD TRAVEL er traust, framsækið og starfsmannavænt ferðaþjónustufyrirtæki, stofnað 1997, og er móðurfyrirtæki jeppaleigunnar Ísak, www.isak.is.

Starfsmenn í pökkunardeild

Í pökkunardeild fer fram vélakeyrsla í kartona- og þynnupökkun, uppgjör eftir vinnslu og skjalfesting. Einnig tæknileg umsjón/aðstoð við uppsetningu auk breytinga og stillinga á pökkunarlínum. Starfsmenn í pökkunardeild vinna eftir skriflegum leiðbeiningum og fylgja verkferlum. Unnið er á þrískiptum átta tíma vöktum sem skiptast í dag-, kvöld- og næturvaktir og hver starfsmaður vinnur fjórðu hverja helgi og þá er unnið á tólf tíma vöktum.

Helstu verkefni:

- Framkvæmd allra nauðsynlegra prófa í pökkun
- Mötun véla á kartonum, fylgiseðlum, töflum og hylkjum
- Eftirfylgni með því að vélar gangi eðlilega
- Aðstoð við frágang eftir lotur og skiptingar
- Uppgjör eftir vinnslu og skjalfestingar
- Þrif á vélbúnaði á milli framleiðslulota
- Þátttaka í umbótaverkefnum

Við leitum að einstaklingum:

- með almenna menntun og/eða starfsreynslu sem nýtist
- sem eru verklagnir og geta tileinkað sér nákvæm vinnubrögð
- sem líkar vel að vinna í hópi
- sem geta unnið eftir nákvæmu skipulagi og fylgt reglum
- sem eru stundvísir og geta unnið vaktavinnu
- með ensku- og tölvukunnáttu

Fleiri laus störf á www.actavis.is

MEDIS

Þjónustustjóri í Customer Service

Medis leitar að öflugum liðsmanni til að slást í hóp 85 starfsmanna á Íslandi og erlendis. Medis er eitt af dótturfyrirtækjum Actavis Group og annast sölu á lyfjum og lyfjahugviti fyrir samstæðuna til annarra lyfjafyrirtækja. Velta fyrirtækisins er um 200 milljónir evra á ári og meðal viðskiptavina Medis eru öll stærstu samheitalyfjafyrirtæki í Evrópu. Medis varð í fyrsta sæti 244 fyrirtækja á Íslandi sem uppfylltu skilyrði sem Creditinfo setti til að fá vottun sem *Framúrskarandi fyrirtæki 2011*.

Helstu verkefni:

- Samskipti við erlenda viðskiptavini vegna vörusölu
- Heildaryfirsýn yfir þarfir viðskiptavina
- Eftirfylgni og stuðningur við viðskiptavini Medis og framleiðslueiningar Actavis

Við leitum að einstaklingi

- með háskólamenntun sem nýtist í starfi
- með mjög góða enskukunnáttu, bæði í töluðu og rituðu máli
- sem tileinkar sér nákvæm, öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- með góða samskiptahæfni

Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mötuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfa, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
- öflugt starfsmannafélag

Nánari upplýsingar veita Jenný Sif Steingrímsdóttir, **jsteingrimsdottir@actavis.is** og Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir, **risaksdottir@actavis.is**
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **7. október nk**.
Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis.

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

actavis

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í 40 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa um 700 starfsmenn á ýmsum sviðum.

Endurvinnslan óskar eftir sérfræðingi á skrifstofu í fullt starf

Fjölbreytt starf í boði á góðum og traustum vinnustað.

Endurvinnslan hf. óskar eftir starfsmanni á skrifstofu til að sinna samskiptum við viðskiptavini og eftirliti með starfsemi fyrirtækisins. Starfsmaður þarf einnig að standa að uppbyggingu ferla og koma þeim í virkni.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólamenntun
Góðir samskiptahæfileikar
Sjálfstæði og nákvæmni í vinnubrögðum
Góð tölvukunnátta
Góð enskukunnátta

Umsóknarfrestur er til 12. október

Umsóknir skulu berast með tölvupósti
til Hönnu Andrésdóttur, ha@evhf.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 122771

Endurvinnslan hf. var stofnuð árið 1989. Endurvinnslan sér ein um móttöku allra einnota drykkjarvöruumbúða hérlendis, greiðir út skilagjald þeirra, undirbýr þær til útflutnings og selur til endurvinnslu. 60 umboðsaðilar starfa fyrir félagið um allt land.

www.endurvinnslan.is

Endurvinnslan

AD. MOMENT | FOTO: F. RINGE

For attractive clients in major growth, we are looking for engineers and technicians. The companies are located at Sola near Stavanger, Norway, supplying equipment and services to the oil industry. The positions require that the applicant settles in Stavanger.

FIND YOUR NEW JOB AT
www.hytech.no

Two electrical engineers and one HVAC engineer

Responsibilities:
- project management
- collaboration with disciplines
- financial management
- project participation

Qualifications:
- HVAC engineer or electrical engineer
- 3-5 years experience in project related work

Mechanics

Responsibilities:
- assembling, testing of our new products at our workshop
- installation of Hydraulics, tubing, hose and couplings
- service of hydraulic machines and equipment to our customers

Qualifications / certificates:
- mechanic
- automation
- machine
- 3-5 years experience with similar work

Personal qualities:
- good communication skills in English and Scandinavian
- structured and accurate
- ability to work in teams

HYTECH
Personnel

For questions about the positions, contact **Egil Olsen on +47 958 37 33.**
Send your application and CV to **egil@hytech.no**

Hytech Personnel AS, Skvadronveien 27, 4050 Sola. Hytech is certified according to NS-EN ISO 9001:2008

Au pair í London

Au pair óskast til að aðstoða með tveggja ára strák og væntanlegt barn.
Verður að hafa gaman af börnum og hundum, vera skipulögð/lagður, sjálfstæð/ur, 18 ára eða eldri, reyklaus og með bílpróf.
Þarf að geta hafið störf í október og verið í það minnsta fram í ágúst 2013.
Ferilskrá, mynd og viðeigandi meðmæli óskast sent á islenskaupairlondon@gmail.com fyrir 5. okt.

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Sérfræðilæknir

Laust er til umsóknar starf sérfræðilæknis í öldrunarlækningum. Starfið veitist frá 1. febrúar 2013 eða eftir samkomulagi. Starfshlutfall er 100% en hlutastarf kemur til álita.

Helstu verkefni og ábyrgð
- Vinna á legu-, dag- og göngudeild ásamt vaktþjónustu við öldrunarlækningadeild LSH
- Vinna við samráðskvaðningar á aðrar deildir Landspítala
- Þátttaka í kennslu og vísindavinnu í samvinnu við yfirlækni

Hæfnikröfur
- Sérfræðiviðurkenning á Íslandi í almennum lyflækningum og öldrunarlækningum
- Jákvæðni, sveigjanleiki og lipurð í samskiptum

Nánari upplýsingar
- Umsóknarfrestur er til og með 15.12.2012
- Upplýsingar veitir Pálmi V Jónsson yfirlæknir, palmivj@landspitali.is, sími: 543-1000
- Umsókn skulu fylgja vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, reynslu af kennslu, vísindavinnu og stjórnunarstörfum ásamt sérprentun eða ljósriti af greinum sem umsækjandi kann að hafa birt eða skrifað.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast, í tvíriti, Pálma V. Jónssyni, yfirlækni, öldrunarlækningadeild LSH, Landakoti.
- Mat stöðunefndar læknaráðs Landspítala byggist á innsendum umsóknargögnum. Viðtöl verða við umsækjendur og ákvörðun um ráðningu í starfið byggir einnig á þeim.
- Ef samið verður um fullt starf (100%) þá er það bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Laus störf hjá Olíudreifingu ehf.

Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða í eftirfarandi störf á Þjónustudeild í Reykjavík. Starfsvettvangur er allt landið og því æskilegt að starfsmaður geti farið út á land til skamms tíma í senn. Um framtíðarstörf er að ræða.

Rafvirkja / rafeindavirkja

Um fjölbreytt starf er að ræða við uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði fyrir eldsneytisafgreiðslu og almenn rafvirkjastörf.

Járniðnaðarmenn

Vélvirkja/málmsmiði/suðumenn/pípulagningamenn

Fjölbreytt verkefni við nýsmíði, lagnavinnu, uppsetningu og viðhald á tækjabúnaði og ýmsa sérsmíði.

Bílaviðgerðir

Leitað er að bifvélavirkja, vélvirkja eða einstaklingi vönum vinnu við viðhald stórra tækja.
Fjölbreytt starf við viðhald og viðgerðir á bifreiðum og flutninga- og afgreiðslutækjum ásamt búnaði þeirra.

Allar nánari upplýsingar veita:
Árni Ingimundarsson forstöðumaður
Simi: 550 9940 arni@odr.is
Sæþór Árni Hallgrímsson þjónustustjóri
Sími: 550 9958 saethor@odr.is
Umsóknir berist í tölvupósti eða á skrifstofu að Hólmaslóð 8 -10 101 Reykjavík

Sjá nánari upplýsingar um fyrirtækið á www.oliudreifing.is

Gæða BAKSTUR
ÖMMUBAKSTUR

Viðhald véla og fl.

Gæðabakstur óskar eftir vélvirkja/vélstjóra eða laghentum manni til viðgerðarstarfa
Þarf að hafa innsýni í iðnaðarstýringar og góða suðukunnáttu.
Hæfniskröfur:
Skipulagshæfni, fumkvæðni, vandvirkni, hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni og vinnugleði
Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda til villi@gaedabakstur.is

GOLFKLÚBBUR REYKJAVÍKUR

Yfirvallarstjóri hjá GR

Golfklúbbur Reykjavíkur auglýsir eftir dugmiklum, jákvæðum einstaklingi til þess að taka að sér starf yfirvallarstjóra yfir golfvöllum félagsins. GR er stærsti golfklúbbur landsins og rekur 18 holu golfvöll og 6 holu æfingavöll í Grafarholti og 27 holu golfvöll á Korpúlfsstöðum ásamt 9 holu æfingavelli.

Yfirvallarstjóri GR er nýtt starf og hefur sá sem ráðinn verður í verkið gott tækifæri til að taka þátt í mótun starfsins og framtíðar uppbyggingu valla GR. Verksvið yfirvallastjóra er að stýra öllum aðgerðum á golfvöllum GR í samráði við framkvæmdastjóra og vallarnefnd GR. Þá ber yfirvallarstjóri ábyrgð á fjárhagslegum rekstri vallanna.

Gerðar eru kröfur um eftirfarandi:
- Að umsækjandi hafi stjórnunarreynslu.
- Að umsækjandi sé menntaður í golfvallarfræðum.
- Að umsækjandi hafi reynslu og/eða þekkingu á fjármálum.
- Að umsækjandi hafi starfsreynslu að uppbyggingu og viðhaldi golfvalla.
- Að umsækjandi hafi skipulagshæfni og sjálfstæði við vinnu.
- Að umsækjandi sé reglusamur.
- Að umsækjandi hafi færni í mannlegum samskiptum.
- Að umsækjandi hafi frumkvæði og metnað til að ná árangri í starfi.

Umsóknum skal skila á skrifstofu félagsins að Korpúlfsstöðum fyrir 10. október 2012, **„merkt Starfsumsókn“**.

Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Yfirmaður mötuneytis í Foldaskóla

Foldaskóli óskar eftir að ráða yfirmann í mötuneyti skólans.

Helstu verkefni og ábyrgð:
Yfirmaður mötuneytis ber ábyrgð á matseld, innkaupum, stjórnun, skipulagningu og framkvæmd starfsins í eldhúsinu í samvinnu við skólastjóra.

Hæfniskröfur:
- Menntun á sviði matreiðslu og/eða reynsla af matreiðslu
- Góð þekking á næringarfræði og rekstri mötuneyta
- Þekking á rekstri
- Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum
- Stundvísi

Umsóknarfrestur er til 15. október 2012.

Allar frekari upplýsingar veitir Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólastjóri í síma 540 7600 eða netfangið kristinn.breidfjord.gudmundsson@reykjavik.is

Laun eru samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur eru beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.reykjavik.is/storf

Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Ráðgjafi hjá LÍN

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna óskar eftir að ráða ráðgjafa til starfa í þjónustudeild sjóðsins frá og með 1. nóvember 2012.

Starfssvið
- Ráðgjöf til viðskiptavina lánasjóðsins
- Úrvinnsla gagna og umsókna

Eiginleikar umsækjanda
- Góðir samskiptahæfileikar
- Skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi

Menntun og hæfniskröfur
- Háskólapróf
- Færni í íslensku og ensku
- Starfsreynsla og þekking á opinberum rekstri er kostur

Í boði er lifandi og krefjandi starfsumhverfi þar sem starfsþróun og uppbygging öflugrar þjónustu haldast í hendur.
Starfið hentar jafnt körlum sem konum en í samræmi við jafnréttisáætlun LÍN er unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna innan stofnunarinnar.
Umsóknir skulu sendar á edk@lin.is merktar „Ráðgjafi í þjónustudeild LÍN“
Umsóknarfrestur er til 14. október 2012.

LÁNASJÓÐUR ÍSLENSKRA NÁMSMANNA

Lánasjóður íslenskra námsmanna Borgartúni 21 // 105 Reykjavík | Sími 560 4000 // Fax 560 4090 lin@lin.is // www.lin.is

Vélfræðingur

NORÐURORKA

Norðurorka hf. óskar eftir að ráða vélfræðing í kerfisstjórn.
Kerfisstjórn er hluti af framkvæmdasviði fyrirtækisins.

Starfssvið
- Daglegur rekstur vinnslusvæða og aðveitukerfa hita- og vatnsveitu
- Vinnslueftirlit hitaveitu
- Eftirlit með dreifikerfum hita-, raf- og vatnsveitu
- Umsjón varaaflstöðva til rafmagnsframleiðslu
- Daglegur rekstur Glerárvirkjunar
- Daglegur rekstur virkjana Fallorku
- Bakvaktir
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur
- 4. stig vélstjórnar
- Sveinspróf í viðurkenndri málmiðnaðargrein
- Rafvirkjamenntun er kostur
- Starfsreynsla af störfum vélfræðings skilyrði
- Góð almenn tölvukunnátta
- Reynsla af vinnu með viðhaldsstjórnunarkerfi æskileg
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Jákvæðni og góð samskiptafærni

Upplýsingar um starfið veitir Árni Árnason í síma 899 8308 einnig má senda fyrirspurnir á arni@no.is
Umsjón með ráðningunni hefur Guðrún Björg Harðardóttir (gbh@no.is) .
Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á netfanginu gbh@no.is
Umsóknum á að fylgja starfsferilskrár og afrit af prófskírteinum.

Norðurorka hf. selur heitt vatn og er dreifi – og veitusvæðið allur Eyjafjörður nema Dalvíkurbyggð. Þá rekur fyrirtækið vatnsveitu á Akureyri og þremur öðrum sveitarfélögum við Eyjafjörð og annast raforkudreifingu á Akureyri.
Norðurorka hf. starfar samkv. vottuðu gæðakerfi ISO 9001 og er DMM viðhaldsstjórnunarkerfi hluti af því.
Mötuneyti er á staðnum. Norðurorka er tóbakslaus vinnustaður. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er að finna á www.no.is

Hefur þú **ex**Factor?

HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGUR

Expectus óskar eftir að bæta kraftmiklum einstaklingi við þróunarteymi **exMon**. Við leitum að starfsmanni sem gegnir lykilhlutverki í greiningu, hönnun og forritun á **exMon.** Umsækjandi þarf að hafa brennandi áhuga á tölvutækni og nýtingu hennar í kröfuhörðu umhverfi viðskiptavina **Expectus.**

Hugbúnaðarlausnin **exMon** er notuð af mörgum leiðandi fyrirtækjum á Íslandi og gerir þeim kleift að fyrirbyggja tekjuleka með rauntímaeftirliti á öllum helstu viðskiptakerfum. **exMon** er þróað í .NET umhverfinu og við leitum að snillingi sem er tilbúinn að sökkva sér ofan í ASP.NET MVC, jQuery, WCF, rauntímaforritun og viðmótshönnun og nota til þess Agile aðferðir.

Fyrirspurnir um starfið og umsóknir sendast á þróunarstjóra Expectus, Gunnar Stein Magnússon á netfangið gunnarsteinn@expectus.is eða í síma 444 9807.
Allar umsóknir og fyrirspurnir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og þeim svarað.

Umsóknarfrestur er til og með 8. október.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf á sviði tölvunarfræði, sambærilegt nám eða umtalsverð starfsreynsla.
- Þekking og reynsla af .NET, C#, ASP.NET og SQL.
- Frumkvæði, sjálfstæði og geta til að starfa í hópi sérfræðinga.

Kostir:
- Microsoft Certifications Professional (MCP) gráður.
- Þekking á Agile þróunaraðferðum.
- Skilningur á notkun og meðhöndlun upplýsinga við rekstur fyrirtækja.

Kría hönnunarstofa - www.kria.is

Expectus er metnaðarfullt hugbúnaðar- og ráðgjafarfyrirtæki sem sérhæfir sig í að skerpa línur í rekstri fyrirtækja og veita stjórnendum aðstoð við að ná auknum árangri. Til að ná settu marki býður félagið lausnir í stefnumótun á ýmsum sviðum stjórnunar, rekstrar og breytinga ásamt því að bjóða framúrskarandi lausnir á sviði upplýsingavinnslu (Business Intelligence) sem styrkja árangursmat og eftirlit með rekstri.

expectus

Vegmúla 2 108 Reykjavík Sími 444 9800 expectus@expectus.is www.expectus.is

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

Forstöðumaður Vistheimilis barna

Barnavernd Reykjavíkur auglýsir eftir forstöðumanni á Vistheimili barna. Á vistheimilinu dvelja tímabundið 0-13 ára börn, sem vistuð eru af barnaverndarástæðum. Allt að 7 börn geta dvalist á vistheimilinu í einu.

Viðkomandi starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Leitað er að starfsmanni sem bæði er með þekkingu og reynslu af stjórnun og rekstri - og reynslu af barnaverndarstarfi og starfi með foreldrum. Starfið felur m.a. í sér yfirumsjón með allri þjónustu vistheimilisins og stjórnun á daglegum rekstri.

Helstu verkefni eru:
- Fagleg og fjárhagsleg ábyrgð á starfsemi Vistheimilis barna
- Stjórnun starfsmannamála og ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu
- Yfirumsjón með allri þjónustu heimilisins
- Stjórnun á daglegum rekstri
- Þverfaglegt samstarf við aðrar stofnanir og samstarfsaðila

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði félagsvísinda, uppeldis og menntunar eða sálfræði
- Þekking og reynsla af stjórnun og rekstri
- Þekking og reynsla af starfi með börnum, foreldrum og af barnaverndarstarfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags.
Umsækjendur er vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf

Umsóknarfrestur er til 14. október 2012.

Nánari upplýsingar veita Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, í síma 411-1111, netfang: halldora.drofn.gunnarsdottir@reykjavik.is og Steinunn Kristinsdóttir, í síma 581-1024, netfang: steinunn.kristinsdottir@reykjavik.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavikurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Golfkennari Golfklúbbs Akureyrar

Vilt þú taka þátt í spennandi starfi Golfklúbbs Akureyrar?

Laus er til umsóknar staða golfkennara Golfklúbbs Akureyrar (GA). Golfkennari gegnir lykilhlutverki í starfi klúbbsins og hefur yfirumsjón með skipulagi og þjálfun kylfinga í klúbbnum.
Nánari upplýsingar um GA má finna á www.gagolf.is og www.arcticopen.is.

Starfssvið:
- Stefnumótun og markmiðasetning varðandi golfþjálfun
- Ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjálfunar barna og unglinga
- Ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjálfunar afrekskylfinga
- Ábyrgð á þjónustu við almenna kylfinga á sviði þjálfunar
- Upplýsingagjöf og samstarf við stjórn og nefndir klúbbsins

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Viðurkennt PGA golfkennaranám
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Leiðtogahæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Geta til að tjá sig í ræðu og riti
- Jákvæðni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsókn skal fylgja greinargóð ferilskrá umsækjanda og kynningarbréf þar sem ástæða umsóknar er tilgreind.
Nánari upplýsingar um starfið veitir Jón Steindór Árnason, gjaldkeri GA, í síma 864-8924 og í netfanginu jsarnason@gmail.com.
Umsóknarfrestur er til 15. október. Umsóknum má skila rafrænt á netfangið umsokn@gagolf.is



Áberandi góður hagdeildarsnillingur óskast til Vodafone

Okkur vantar stórgóðan sérfræðing í hagdeildina sem er talnaglöggur, nákvæmur og getur haldið mörgum boltum á lofti í einu. Viðkomandi verður að búa yfir bókhaldsþekkingu, geta gert rekstrargreiningar, hafa hæfileika til að forgangsraða og síðast en ekki síst hafa brennandi löngun til að gera vel.

Ef þú ert með háskólamenntun í viðskiptafræði eða aðra menntun sem nýtist í starfi (og finnst þessi lýsing eiga vel við þig) þá hvetjum við þig til að sækja um.

Nánari upplýsingar um starfið og hæfniskröfur er að finna á **vodafone.is/storf.**

Umsóknarfrestur er til og með 6. október 2012.

Þín ánægja er okkar markmið

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild

Framtíðarsýn Landspítala er að vera í fremstu röð háskólasjúkrahúsa, eftirsóttur vinnustaður og stolt landsmanna, sjúklinga og starfsmanna. Landspítali er stærsti vinnustaður landsins með um um 4.500 starfsmenn.

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild hefur umsjón með öllum tölvukerfum spítalans, lækningatækjum, tölvum og öðrum tæknibúnaði. Á deildinni starfa rúmlega 70 starfsmenn. Hlutverk deildarinnar er að styðja við kjarnastarfsemi spítalans enda heilbrigðis- og upplýsingatækni ein megin forsenda hagræðingar og framþróunar í starfsemi hans. Þrjár einingar okkar auglýsa nú fjögur laus störf.

Hugbúnaðarsérfræðingur

Hugbúnaðarlausnir óska eftir að ráða öflugan hugbúnaðarsérfræðing til starfa við umsjón og rekstur hugbúnaðarkerfa.

Hugbúnaðarlausnir sjá um rekstur fjölda hugbúnaðarkerfa og er meginhluti þeirra á sviði rafrænnar sjúkraskrár. Auk þess fer fram á vegum deildarinnar umfangsmikil þróun og samþætting kerfa.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Undirbúa uppsetningu á nýjum útgáfum og skipuleggja innleiðingu þeirra
- Þjónusta, upplýsingagjöf og ráðgjöf til notenda.
- Greining á þörfum notenda og þátttaka í verkefnum
- Verkefnastjórn og samskipti við birgja.

Hæfnikröfur

- Háskólapróf í tölvunarfræði, eða sambærileg menntun
- Þekking og reynsla af gagnasafnsvinnslu og forritun
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Öguð og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af hópvinnu og verkefnastjó

Upplýsingar veita:

Hannes Þór Bjarnason, netfang hannesb@landspitali.is, sími 543 5391

Verkefnastjóri í Rekstrarlausnum

Rekstrarlausnir (RL) sjá um rekstur tölvukerfa Landspítala og þjónustu við um 5.000 notendur. Í RL starfa rúmlega 30 sérfræðingar sem sinna daglegum rekstri og þjónustu ásamt innkaupum og innleiðingu á miðlægum tölvubúnaði. Starfsemi RL er vottuð samkvæmt gæðastaðlinum ISO-9001 og öryggisstaðlinum ISO 27001.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Verkefnastjórnun í verkefnum Rekstrarlausna.
- Umsjón með verkefnaskrá RL.
- Samskipti við starfsmenn og stjórnendur heilbrigðis- og upplýsingatæknideildar.

Hæfnikröfur

- Menntun og reynsla í verkefnastjórnun er æskileg
- Háskólamenntun í verkfræði, tæknifræði, tölvunarfræði eða sambærilegu er æskileg
- Þekking og reynsla í upplýsingatækni er mikilvæg
- Vottun í verkefnastjórnun, IPMA-C eða sambærileg, er æskileg
- Skipulagshæfileikar og frumkvæði ásamt metnaði til að ná árangri í starfi
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Ólafur Helgi Halldórsson, netfang olafurha@landspitali.is, sími 543 5453

Starfsmaður í tölvuþjónustu

Heilbrigðis- og upplýsingatæknideild auglýsir eftir starfsmanni í tölvuþjónustu. Starfið felst í almennri tölvuþjónustu við notendur í gegnum þjónustusíma sem og aðstoð við notendur á vettvangi. Við leitum að jákvæðum einstaklingi með mikla þjónustulund og tölvumenntun sem nýtist í starfi.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Símsvörun í þjónustusíma
- Aðstoð við notendur á vettvangi
- Uppsetning á hugbúnaði fyrir notendur
- Aðgangsveiting að tölvukerfum

Hæfnikröfur

- Tölvumenntun frá Tækniskólanum eða sambærileg
- Alþjóðleg próf frá Microsoft er kostur
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð

Upplýsingar veita:

Kjartan Kjartansson, netfang kjartan@landspitali.is, sími 543 5269

Rafeindavirki

Heilbrigðistæknieining sér um almennan rekstur, viðhald og viðgerðir yfir 8000 lækningatækja spítalans. Á deildinni starfa um 20 starfsmenn með mikla reynslu og fjölbreytta menntun.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Viðgerðir á lækningatækjum
- Eftirlit með viðhaldi
- Eftirfylgni verkefna

Hæfnikröfur

- Próf í rafeindavirkjun
- Faglegur metnaður
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Upplýsingar veita:

Magnús Björnsson, netfang magnus@landspitali.is, sími 824 5720
Hjörleifur Halldórsson, netfang hjorleih@landspitali.is, sími 825 5048

Nánari upplýsingar

- Umsóknarfrestur er til og með 13. október 2012
- Um er að ræða 100% starfshlutfall
- Umsóknum fylgi náms- og starfsferilskrá ásamt kynningarbréfi þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Dómhildi Árnadóttur, mannauðsráðgjafa, kvenna- og barnasviði, Landspítala Hringbraut

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starfið rafrænt á; www.landspitali.is, undir „laus störf". Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

Vegna aukinna umsvifa

óskum við eftir að ráða öfluga bifreiðasmiði

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

Bifreiðasmiður

Starfssvið:
- Almennar viðgerðir við bílaréttingar

Hæfniskröfur:
- Próf í bifreiðasmíði
- Starfsreynsla æskileg
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Rík þjónustulund og frumkvæði í starfi

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 8. október á netfangið atvinna@toyota.is, merkt starfi sem sótt er um.

Nánari upplýsingar veitir Metta Kristín Friðriksdóttir á netfangið metta@toyota.is

Toyota Kauptúni er söluaðili Toyota bifreiða, vara- og aukahluta á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmenn fyrirtækisins byggja gildi sín og viðmið í starfi á The Toyota Way: Stjórnunar-, þjónustu- og mannauðsstefnu Toyota.

Gagnkvæm virðing og náin samvinna eru hornsteinar í daglegri starfsemi Toyota Kauptúni. Hverri áskorun er tekið fagnandi og leita starfsmenn stöðugt leiða til að tryggja áframhaldandi framfarir í öllu því sem við kemur starfsemi fyrirtækisins og þjónustu gagnvart viðskiptavinum þess.

Framtíðarsýn fyrirtækisins er: „Framsæknasta þjónustufyrirtækið á Íslandi"

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Sími: 570 5070
www.toyotakauptuni.is

KÓPAVOGSBÆR

Daggæsluráðgjafi

Daggæsluráðgjafi leikskóladeildar sinnir ráðgjöf, fræðslu og hefur eftirlit með daggæslu í heimahúsum auk annarra verkefna. Starfshlutfall er 75-100%

Menntunar – og hæfniskröfur
- Leikskólakennaramenntun.
- Reynsla af starfi með ungum börnum.
- Góð færni í mannlegum samskiptum.
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góðir skipulagshæfileikar og góð tölvukunnátta.

Laun eru skv. kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og FSL.
Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur er til og með 14. október nk.
Nánari upplýsingar veitir Sigurlaug Bjarnadóttir upplýsingar í síma 570-1500 og á netfanginu *sigurlaug@kopavogur.is*

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar *www.kopavogur.is*

www.kopavogur.is

GRUND — MÖRK HJÚKRUNARHEIMILI

Sjúkraliðar - Hópstjórar

Okkur á Grund langar að bæta við þann góða hóp sjúkraliða sem er starfandi við heimilið. Laus er til umsóknir staða í 80% vaktavinnu, engar næturvaktir. Staðan er laus frá 1/10 2012 eða eftir nánara samkomulagi.
Reynsla af öldrunarhjúkrun er æskileg.

Starf hópstjóra á Grund er sjálfstætt og fjölbreytt. Hjúkrunarfræðingur er alltaf í húsinu til ráðgjafar og stuðnings.

Einnig vantar okkur sjúkraliða í 80% stöðu við eitt af heimilunum okkar í Mörk-hjúkrunarheimili, Suðurlandsbraut 66.

Nánari upplýsingar um störfin, starfshlutfall, vaktir og launakjör veitir Sigrún Faulk hjúkrunarforstjóri, virka daga frá klukkan 9.00-16.00 í síma 530-6116.

Upplýsingar fyrir Mörk veitir Helga J. Karlsd. í síma 560-1719 og 530-6165

Trúnaður, traust og umhyggja eru höfð að leiðarljósi í samskiptum og lögð áhersla á góðan vinnuanda, sjálfstæð vinnubrögð og heimilislegt umhverfi.

www.grund.is

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

Vinnusparnaður
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

Markviss leit
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

Þriggja mánaða ábyrgð
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

Ekkert staðfestingargjald
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

Fjöldi hæfra umsækjenda
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

Fjölbreyttar þjónustuleiðir
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

Reynsla og þekking
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

Sanngjarnt verð
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

---

Krakkaborg

Leikskólinn Krakkaborg Flóahreppi

Leikskólinn Krakkaborg óskar eftir leikskólakennara til starfa. Leikskólinn er staðsettur 8 km austur af Selfossi.

Um er að ræða 50% stöðu, vinnutími frá kl. 13:00 – 17:00. Æskilegt er að umsækjandi sé leikskólakennari eða hafi háskólamenntun á sviði uppeldisfræða. Ef ekki fæst fagfólk til starfa mun leiðbeinandi verða ráðinn tímabundið í stöðuna.

Óskað er eftir jákvæðum, skapandi og metnaðarfullum einstaklingi með góða hæfni í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þarf að vera tilbúinn til að taka þátt í að vinna að uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri í nánu samstarfi við stjórnendur.

Umsóknafrestur er til 11 október.

Hægt er að sækja um á netinu á www.leikskolinn.is/krakkaborg undir flipanum um leikskólann – starfsumsóknir.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Karen Viðarsdóttir leikskólastjóri í síma 482-3085 eða með því að senda fyrirspurnir á karen@floahreppur.is

Lyfjaval APÓTEK

Störf í Apóteki

Lyfjaval óskar eftir að ráða lyfjatækni eða afgreiðslufólk með reynslu af apóteksstörfum. Vinnutími er kl. 9-18 virka daga.

Umsóknarfrestur er til 6. október.

Umsóknir má senda á póstfangið lyfjaval@lyfjaval.is
Einnig er hægt að fylla út umsókn á lyfjaval.is
Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Vantar þig vinnu?

Nings veitingastaðir óska eftir að ráða vaktstjóra í fullt starf.

Um er að ræða vaktavinnu.

Viðkomandi þarf að vera yfir tvítugt, búa yfir ríkri þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, góðu valdi á íslenskri tungu og enskukunnátta er kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 9. okt. n.k.

Nánari upplýsingar í síma 822 8867 og 822 8833

Hægt er að skila inn umsóknum á www.nings.is
- (hafa samband - umsóknir).

KRAFTUR

Kraftur – stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur

Kraftur leitar að sálfræðingi til að hafa umsjón með Stuðningsneti félagsins, um er að ræða 50% starfshlutfall. Í gegnum Stuðningsnetið eru sjálfboðaliðar þjálfaðir til að gerast stuðningsfulltrúar sem veita jafningjastuðning til annarra í svipuðum sporum.

Helstu hlutverk umsjónarmanns stuðningsnetsins eru að:
- Meta umsækjendur í hlutverk stuðningsfulltrúa
- Halda námskeið fyrir stuðningsfulltrúa
- Finna viðeigandi stuðningsfulltrúa fyrir beiðnir sem berast.
- Veita stuðningsfulltrúum handleiðslu
- Skipleggja endurmenntun
- Kynning á stuðningsnetinu
- Samstarf við stjórn og framkvæmdarstjóra félagsins.

Við leitum að sálfræðingi með
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Getu til að koma fram á opinberum vettvangi
- Góða samstarfshæfileika
- Ríka þjónustulund

Umsóknir með ferilskrá sendist á kraftur@kraftur.org **til og með 10. október.** Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorvaldur Daníelsson framkvæmdastjóri Krafts í síma 848-8822 eða Valdi@kraftur.org

Nordic eMarketing

Google AdWords sérfræðingur óskast

Nordic eMarketing óskar eftir að ráða til sín sérfræðing með þekkingu á Google auglýsingum. Viðkomandi verður að geta sýnt fram á reynslu, AdWords vottun er æskileg en ekki nauðsynleg.

Til frekari upplýsinga hafið samband við Hreggvið í síma 5409500 eða á netfang: hsm@nem.is. Allar upplýsingar eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Nordic eMarketing hefur langa reynslu af markaðssetningu á Internetinu og starfar fyrir mörg þekkt fyrirtæki, bæði á Íslandi og erlendis. **Nordic eMarketing** byggir styrk sinn á góðri þekkingu á markaðsmálum á netinu, tækniþekkingu og öflugu tengslaneti sem gerir því kleift að tryggja viðskiptavinum sínum hámarks árangur.

Vegna aukinna umsvifa

óskum við eftir að ráða öfluga bifvélavirkja

Við leitum að jákvæðum, drífandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast á við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.

Bifvélavirkjar - Almennar viðgerðir

Starfssvið:
- Almennar bílaviðgerðir
- Önnur tilfallandi verkefni

Hæfniskröfur:
- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla og góð þekking á bílum
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

Bílar óskast

Toyota RAV4 óskast fyrir allt að milljón. Er með glæsilegan bíl og allt að hálfri milljón í seðlum í milligjöf. S. 899-2276

Óska eftir að kaupa Jeep Wrangler 2004-2008. Hafðu samband Síma 775-1119.

Óska eftir bíl á bilinu 30-400þ +. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

Jeppar

Fæst á 650.þ stgr
Til sölu Toyota Yaris T-Sport árg. 2002 bsk. 3 dyra ek. 142.þ km ásett verð 850.þ fæst á 650.þ stgr. Uppl. í síma 896-5290.

Ekinn aðeins 39 þ. km
Til sölu Toyota Raw árg. ,04 ek. 39. þ. km sjálfsk, spoiler, varadekkshlíf, litur silfur, ný heilsársdekk. Bifreiðin er eins og ný. Fæst á 1890 þ. staðgr. Uppl. í s: 896 0015.

Nissan Pathfinder, SE, 2,5 Disel sjálfskiptur, ek.131 þ. Skoðum skipti á ódýrari disel jeppa helst Pajero. Verð 3,3 millj. Uppl. í s 697 7739.

Til sölu Musso, árg. 2001, ekinn 149 þ.km, sjálfsk., bensín, næsta skoðum 2013. Bilað mismunadrif og ryð í grind. Að öðru leyti í góðu standi. Góð dekk. Selst í núverandi ástandi. Tilboð. Símar 8663026 og 8478056.

Fornbílar

Ford F250 ,82. 2,8 Disel vél úr Patrol. Dana 60 hásingar að aftan. Þarfnast uppgerðar. Verð 140 þús. S. 772 0701.

GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Sendibílar

Ódýr sendibílaþjónusta. Heimsendingar og fyrirtækjaþjónusta. www.keyrsla.is S:820-3880

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópferðabílar

M.B. Sprinter 518, árg. ,07 sjálfsk. cruise control, loftkæling, 18 sæti, ek. 200 þús. km. ný sprautaður. uppl. s: 820 5750.

Vörubílar

Til sölu Nissan ICO T150. Burðageta 3,950. Kassi hæð 2,11m, Lengd 4,12m, Breidd 2,32m. Hliðaropnun breidd 3,58m, hæð 2m. Skipti á minni. Uppl. í síma 611 5005/772 5000

Húsbílar

Mótorhjól

Til sölu Kawasaki KLX 450R götuskráð, árgerð 2008 og ekið 4.000 km. Frekari upplýsingar í síma 863-2292.

Fjórhjól

Polaris 6x6 ekið 1100km árg. 2006. Spil, handahlífar, Verð 1.1 mil bjarni@experience.is eða 820 0820.

Kerrur

ÚTSALA á kerrum
Brenderup 3205S. 204x142x35cm. Verð áður kr. 202.000, verð nú kr. 172.000. Lyfta.is - 421 4037 - www.lyfta.is

KERRA TIL SÖLU. Ný ónotuð sterkbyggð kerra stærð 3x1,5 m 1000 kg opnanleg framan og aftan heit galv + krossviður v 350.000 kr. Uppl. 8927687.

Örfáar kerrur eftir á tilboði 135þ.m/vsk Topplausnir smiðjuvegi 40 s:517-7718 www.topplausnir.is

Vinnuvélar

Körfubíll til sölu. Volvo F614. árgerð 1986 Simon búnaður 18 metra vinnuhæð. Einfaldur og áreiðanlegur búnaður. Verð 3 mill. Áhugasamir sendi uppl korfubilar@korfubilar.is

Bílalyftur- Dekkjavélar
Tveggja pósta bílalyftur 3,5T og 3,8T, höfum einnig dekkjavélar á tilboðsverði á lager. O.K.Varahlutir ehf S:696-1050. okspares@simnet.is

Lyftarar

Körfubílaleiga
Ódýr og góð þjónusta. NÝ vinnuhæð 35 metrar. S. 893 3573.

Bátar

Rúmlega 6 metra bátur til sölu. Verð 480.000 með vagni 770-5144

Hjólbarðar

Ný og notuð dekk í miklu úrval 13", 14", 15" 16", 17", 18", 19" og 20". VAKA S: 567 6700.

Dekkjavélar
TILBOÐ Á Affelgunar og Ballancevélum. Minnum einnig á varahlutaþjónustu fyrir vörubíla og vinnuvélar S: 696-1050 okspares@simnet.is

Varahlutir

Varahlutavaktin
Sími 555 6666
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

Pípulagnir
Faglærðir pípar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315 / 699 6069.

Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www.hreingerningar.is S. 772 1450

A-Ö Þrif&Hreinlæti
S. 662 0662
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

Garðyrkja

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málarameistari
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

Málningarþjónusta
Reykjavíkur
20% afsláttur fyrir eldriborgara og öryrkja. Alhliða málningarþjónusta. S. 778 0100.

Meindýraeyðing

Meindýraeyðir
Meindýravarnir og - eftirlit. Húsasmiður og löggiltur meindýraeyðir. Ægir Hauksson s: 775-1551

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Parketþjónusta
Parketslípun, lagnir og viðgerðir. Látið fagmenn vinna verkin. Árni Gunnarsson Húsasmíðameistari s. 698 1559.

Parketslípun, frá aðeins 2.500 krfm. 20 ára reynsla og þjónusta. www.parketsliparinn.is S: 772 8100.

ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.



Húsaviðgerðir - Nýbyggingar
Tilboð ókeypis
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

Nudd

NUDD NUDD NUDD Slökunarnudd 101 RVK. S. 857 0740. Irena Kontulová.

Spádómar

Spásíminn 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

Raflagnir, dyrasímar.
S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

RAFVIRKJUN S. 896 6025
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

KEYPT & SELT

Til sölu

Til sölu 40fet góður gámur Verð 300Þ. með VSK Uppl. S 840-6100.

Þjónusta

Þjónusta

Til sölu. Deutz 1 cyl 14hp í góðu standi Verð 100þús. 7705144

Ammoníak og Freon kælimiðlar á tilboði. Íshúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

Stjórnaðu rakastiginu í geymslum, tækjarýmum eða á heimilinu. Íshúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

Til sölu sjónvarpssamstæða úr kirsuberjavið. B= 174cm H= 183cm D=40cm. Tvær skápaeiningar með hurðum og skúffum. Fimm 90cm hillur á milli skápa. Sími 897 4425.

Tryggðu góð loftskitpi. Verð frá 29.900 kr. án barka. Íshúsið ehf, S.566 6000, www.ishusid.is

Sérverslun með náttúruvænar og andlegar vörur.
Úrval af saltkristalslömpum, lífrænum snyrti- og húðvörum, blómadropum, himalaya baðsalti, reykelsum, ilmkertum, slökunargeisladiskum, englaspilum, o.fl. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös 12-18. Lau 12-15. www.ditto.is

Er með ódýrar notaðar þvottavélar til sölu. Ábyrgð. Skútuvogi 13, 104 Rvk. S: 777 6729.

Genie Bílskúrshurðaropnarar
Amerískir snigildrifnir, varahluta og viðgerðaþjónusta í 30 ár. Tilboð í september. Sjálfvirkur ehf s. 892 7654

Ódýr heimilstæki
Höfum til sölu notaðar þvottavélar, þurrkara og uppþvottavélar. Casa-raf ehf. Síðumúla 37, að neðan verðu. S. 845 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Kaupi gull !
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin

Staðgreiðum gull, demanta og úr.
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Upplýsingar í síma 661 7000.

Óska eftir að kaupa vínyl hljómplötur, CD diska og playstation leiki. Uppl. í s. 698 8629.

Kaupum gamla seðla, skjöl, minningapeninga, póstkort, hlutabréf o.fl. S.5528222

Óska eftir að kaupa lagervöru, allt kemur til greina. Upplýsingar í s: 822 0311

Hljóðfæri

Tveir mjög vel með farnir kontrabassar í ¼ stærð til sölu. Hagstætt verð. Uppl. í síma 899-3133.

Harmonikur og harmonikkugeisladiskar í úrvali. Tökum harmonikkur í umboðssölu. Úrval af nýjum harmonikum og harmonikukennsla. www.egtonar.is Sími 824 7610 & 660 1648.

Verslun

ÚTSÖLUMARKAÐUR Í ÁLFHEIMUM.
Byrjar 30 sept og verður 1,2,3 okt. Opið frá Kl. 13-18 Litla Búðin Akranesi, Uppl. s. 861 1599 www.litlabudin.is

Skoffín í Álfheimum!
Skoffín poppar upp í Álfheimum 2 í dag frá kl: 11-16. Litrík og lífræn barnaföt.

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

HEILSA

Heilsuvörur

Allar nýju HERBALIFE vörurnar fást hjá mér. Sólrún Ósk S. 891 9883 www.heilsufrettir.is/solosk

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

NUDD OG HEILSA
Margar teg. af NUDDI. Einnig DETOX-úthreinsun, FÓTAAÐGERÐIR og SNYRTING. Viðráðanleg verð og þú kemst fljótt að. Opið frá 12-18 alla daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407

VIÐBYGGINGAR

KVARÐI TEIKNISTOFA www.kvardi.is • S.555 2020 -861 2628

SKARTGRIPANÁMSKEIÐ

MIKIÐ ÚRVAL AF SKARTGRIPAEFNI. LEÐURBÖNDIN VINSÆLU OG SEGLULLÁSAR. FLOTTAR PANDORAS STYLE PERLUR.
ERUM Á FACEBOOK.COM/GLITEHF
GLIT
Glit ehf. Krókhálsi 5, 110 Rvk. sími 587 5411

Rýmingarsala á hárkollum.
70% afsláttur laugardaginn 29. sept frá kl. 10.00 til 13.00
Allt á að seljast.
Greifinn Hringbraut 119. S: 552-2099

Bílaþjónustan Bilaði Billinn
SKÓGARHLÍÐ 10 • 105 RVK • S. 445 5562 • GSM 615 2562
Bremsuviðgerðir • Bón og þvottur • Bremsuklossar • mössun • Spindilkúlur • Stýrisenda • Rafgeyma • allar perur.
Bjóðum einnig upp á aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.
ÓDÝR OG GÓÐ ÞJÓNUSTA
OPIÐ FRÁ 10-22 MÁNUDAGA - LAUGARDAGA
LOKAÐ Á SUNNUDÖGUM

BRA BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS
Nýbýlavegi 10 - Kóp. - S. 554 2510
TOYOTA-*þjónusta* www.bilasprautun.is

Club Car golfbílar með húsi

Club Car rafmagns bílar með húsi til á lager, ýmsir litir.
2 ára ábyrgð á bíl og 4 ára ábyrgð á geymum
Vetrarsól ehf., Askalind 4, Kóp. S: 564 1864

LOK Á HEITA POTTA

• Einangrunarlok
• Yfirbreiðslur
• Metum ástand og gerum við
www.fjardarbolstrun.is
Fjarðarbólstrun S. 561 4188 • 840 0339 fjardarbolstrun@gmail.com

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna · Pípulagnir · Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir · Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

KÆLAR
Kæliklefar - Frystiklefar
Stakir - Fullbúnir
íshúsið www.ishusid.is 566 6000

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRÍTT
Gólflist

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímapantanir s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 · 110 reykjavík · sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
http//www.facebook.com/bilathjonustabjarka

STERK LOK á alla heita potta.

(Myndir á facebook)
Eitt verð á öllum stærðum
Framleiðum lokin eftir málum.
Sterkasta áklæðið á markaðnum sem þolir vel raka- klór og veðráttu.
Tjalda og Seglaþjónustan
Kristinn 899-7663 - 461-5077 Tjalda@simnet.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

steinunnsg@365.is arnarut@365.is sigrunh@365.is

Námskeið

Þjónusta

Glímir þú við þyngdar- eða átvanda! MFM Matarfíknarmiðstöðin Sími: 568 3868 www.matarfikn.is

Andri Sigurðsson (B.Sc. sálfræði, dáleiðslutæknir) veitir dáleiðslumeðferð. Viltu byrja að léttast, taka á kvíða, hætta að reykja o.fl.? Góður árangur og mikil reynsla. Tímapantanir á andridaleidir@gmail.com eða í síma 867-2605. www.dáleiðslutækni.is

Dóra Dröfn Skúladóttir, hefur opnað samtalsmeðferðarstofu að Skipholti 50b. Með Diploma í Hugrænni atferlismeðferð. Viðtalspantanir alla daga í síma 841-7010. Netfang: hamir@simnet.is.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

NORSKA I & II-
NORSKA f. starfsfólk í heilbrigðisgeira, SÆNSKA, ENSKA f. börn, unglinga og fullorðna. ÍSLENSKA f. útlendinga - ICELANDIC.

NÁMSKEIÐ BYRJA-COURSES START 8/10. Kvölds/Morgna-Mornings/Evenings. 4 vikur x 5 daga viku-4 weeks x 5 days a week. Stundaskrá sjá: www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. s.5881160

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

www.aksturinn.is
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HEIMILIÐ

Dýrahald

Afghan hvolpar - Einstakir og hugljúfir!

Yndislegir og ljúfir afghan hvolpar til sölu. Gullfallegir og hvers manns hugljúfi. Frábærir fjölskylduhundar, rólegir og yfirvegaðir. Nánari upplýsingar á vefsíðu: www.glitnirafghans.tk eða http://glitnirafghans.weebly.com/

Saluki hvolpar. Afhendast í nóv, bólusettir, heilsufarsskoðaðir, ættbók HRFÍ. www.saluki.is Eyrún 824-5947.

Langar þig í hund?

Hundaræktarfélag Íslands er eina hundaræktarfélagið á Íslandi, sem er aðili að FCI, alþjóðasamtökum hundaræktarfélaga. Hundaræktarfélag Íslands stuðlar að réttri meðferð, aðbúnaði og uppeldi hunda og góðum samskiptum milli hundeigenda, yfirvalda og almennings. Leitaðu upplýsinga á vefsíðu HRFÍ, www.hrfi.is

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Herbergi í 101!
Til leigu fullbúið herbergi í miðbæ Rvk. Aðgangur að baði, eldhúsi, þvottahúsi og fríu interneti. Laus strax.
Á besta stað í bænum.
Upplýsingar í síma 661 7015 og 898 8685.

2ja herbergja íbúð til leigu í Vesturbænum. Verð 160 þús/mán. Laus strax. Uppl. 8974548/6608107

Herbergi til leigu 101. Wyhajme pokój pralka aneks kuchenny tazienka, ogrzewanie swiatto w cenie. 893-2012

íbúð í 105 62fm studio. 130Þ. plús hiti og rafmagn, trygging. S. 8600360.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

Til leigu 2ja herb. íbúð 74fm, mjög góð sérhæð í tvíbýli, 221 Hafnarfjörður. Laus frá 01/11 2012. Uppl. s. 659 2671 og 565 3655.

Til leigu glæsileg 3. herbergja íbúð m. bílastæðahúsi, Kóp. Verð 190.000 pr. mán. hússjóður innifalin. Uppl. s. 660 6600 og ksv@vortex.is

Hús til leigu í Árbæ

140 fm hús sem leigist til 1.júní 2013. S: 864 5853. Vinsamlegast sendið uppl. á netfangið: bogga56@talnet.is

Einbýlishús til leigu, 7 herb. þar af 4 svefnh. Í húsinu er 2 herb. aukaíbúð með sér inngangi. Einnig er tvöfaldur stór bílskúr. Staðsetning Kópavogur, Austurbær. Uppl. í s. 899 3381 e. kl. 17.

Ca. 25fm herb. til leigu á góðum stað í Garðabæ með aðgang af öllu f. kk leigjanda. Uppl. s. 868 2480 og 869 8122.

Til leigu 2 herb. íbúð í miðbæ 101 Rvk. 120 pr. mán. 2 mán. fyrirfram. Uppl. 776 3260.

Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Húsnæði óskast

Ungt par í vinnu óskar eftir íbúð 3-4herb í Rvk og Kóp. Greiðslugeta milli 80-140þús. Uppl. í s. 6979301 Anna.

ÓE Stúdíóíbúð til langtímal. er rólegur 32 ára einhleypur og skilvís. Vil búa í Rvk-Kóp. Vil íbúð á bilinu 45-55 fm. Verðhugmynd 65 á mán. S. 821 4336.

Reglusamur ungur maður í góðri vinnu óskar eftir herbergi á leigu, helst í 101 eða 104. Sími 846 9153.

Norðlingaholt

Óskum eftir rúmgóðri íbúð í Norðlingaholti á viðráðanlegu leigu-verði. Erum rólegar og reglusamar - göngum vel um. Erum með góð meðmæli. Húsaleiga ávalt greidd 1. dag hvers mánaðar gegnum greiðslupjónustu bankanna. Sími 699 2241.

Óskum eftir snyrtilegri 3+ herb. íbúð í Rvk. Helst í Grafarvogi. Bílskýli æskilegt, reglusemi og góð umgengni. Meðmæli. Uppl. í s. 663-0644

Óska eftir bílskúr til leigu á svæði 111, uppl. í síma 7742756

Sumarbústaðir

Til sölu 35m2 fokhelt sumarhús/gestahús með litlu svefnlofti til fluttnings Forsteyptar undirstöður og allt innbú fylgir með ásamt baðinnréttingu, wc og töluvert af byggingarefni til að klára húsið að innan verð 4.8 millj. Tilbúið til innréttinga 6,3 millj. og fullbúið 7,6 millj. Einnig 28m2 bílskúr/geymsla fullbúin til fluttnings forsteyptar undirstöður fylgja með , selst saman eða í sitthvoru lagi. Skipti a.t.h sem hluti af greiðslu á Bíl , húsbíl eða hjólhýs uppl 898-1598

Til sölu sérstaklega vandað 25 sumarhús (Gestahús) Húsið er alveg nýtt og fullbúið með wc sturtu (og hitakút) ofnum, ljósum og á gólfum er parkett og flísar. Byggingakostnaður 3,5m selst með 800Þ afslætti = 2,8m Uppl. S 840-6100.

Atvinnuhúsnæði

51fm iðnaðarhúsnæði til leigu vesturbæ í Kóp. Uppl.s. 699 8120

Geymsluhúsnæði

www.buslodageymsla.is

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymsluhús.is

Upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. Uppl, í síma 770-5144.

Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

Geymslur.com

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

Gisting

ATVINNA

Atvinna í boði

Söluturninn Jolli í Hafnarfirði óskar eftir að ráða einstaklinga í fullt starf í dagvinnu. Einungis duglegt, áreiðanlegt og samviskusamt fólk kemur til greina. Aðeins 20 ára og eldri koma til greina. Umsóknareyðublöð fást á staðnum.

Veislulist Skútan
Óskar eftir starfsmanni í uppvask og aðstoð í eldhús frá kl. 8-16 virka daga.
Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 565 1810 eftir kl. 13:00

Loftorka ehf
Óskar eftir verkamönnum til malbikunar og jarðvinnuframkvæmda.
Upplýsingar í síma 565 0875 eða 892 0525

Óskum eftir vönu símasölufólki sem getur hafið störf strax.
Mikil vinna framundan, bæði dag- og kvöldvinna.
Umsóknarfrestur er til og með 8. október nk.
Áhugasamir sendi umsókn og upplýsingar um aldur og fyrri störf á netfangið styrktarfelag@samhjalp.is

Vinna heima

Frábært til framtíðar sem krefst vilja og tíma. Tekjur: auka eða aðal. Þú ræður ferðinni. 2 klst á dag 5 daga vikunnar s. 822 8244.

Kaffistaður í miðbænum óskar eftir að ráða vanan kaffibarþjón í afleysingar. Dag- og helgarvinna. Sendið upplýsingar á italskikaffibarinn@gmail.com

Óskum eftir flinkum og skemmtilegum matreiðslumanni í framtíðarstarf. Mjög góður vinnuandi og vinnuaðstaða. Ásamt góðum launum fyrir réttan aðila. Vinsamlegast sendið ferilskrá og eða fyrirspurnir inná job@101hotel.is

Óskum eftir starfsmanni í fullt og hlutastarf í uppvask og sal. 18 ára aldurstakmark. Áhugasamir sendið ferilskrá á rubytuesdayice@gmail.com Ruby Tuesday Höfðabakka & Skipholti.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan
S. 661 7000.

Vantar þig forritara með mikla reynslu?
Höfum á skrá forritara með Diplómapróf í kerfisfræði - BSc í tölvunarfræði - BSc í hugbúnaðarverkfræði -BSc í tölvunarstærðfræði. Geta hafið störf nú þegar.
Starfsmannaþjónustan
s .661-7000

35 ára KK bílstjóri óskar eftir vinnu er með meirapróf. Uppl. s. 848 8842

Vantar vinnu á höfuðborgarsvæðinu, er 27 ára með reynslu af lager og útkeyrslustörfum ásamt verktakavinnu. Góð tölvukunnátta. Allt kemur til greina. Sími. 8232293 Jóhannes

Viðskiptatækifæri

UMSJÓN VERSLUNAR
Óskum eftir traustum einstaklingi, til að sjá um og starfa við rekstur rótgróins söluturns í RVK með góða veltu. Rakið tækifæri fyrir réttan aðila til að skapa sér góðar tekjur.

Áhugasamir sendi tölvupóst á: plan10@simnet.is

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

3 - 5 þús á mánuði

HVOLPAR, COCKER SPANIEL. HEILSUF.SK. ÆTTB.F. HJÁ HRFÍ. VÍSA RAÐGR. (36 MÁN.) VERÐ-GR SAM. COCKERSPANIEL.DYRALAND.IS S. 869-8232/564-4432.

Aðalfundur Rósarinnar, landsfélags jafnaðarmanna. Verður 3. Okt. 2012 kl 18.00 að strandgötu 6 Hafnarfirði, 2 hæð. Dagskrá: Aðalfundarstörf. Lagabreytingar. Fundurinn er aðeins opinn skráðum félögum. Stjórn Rósarinnar.

Sölusýning

Sölusýning

Sg smiður ehf **verður með kynningu að Þrúðsölum 7 sem er sýningarhús, framkvæmdastjóri verður á staðnum milli kl. 14 og 16 í dag.**

Um er að ræða hús við Þrymsali 8 og Þorrasali 31 húsin verða afhend fullfrágengin að utan sem innan og lóð frágengin, hægt er að skrifa sig á hús. Uppl. í s. 892 4624

BYLGJAN 989

Sprengisandur

kraftmikill þjóðmálaþáttur

Sigurjón M. Egilsson stýrir Sprengisandi á sunnudagsmorgnum kl. 10–12

Fjárhagsstaðan alltaf á hreinu

Nýtt snjallsímaforrit frá Arion banka er nú aðgengilegt. Arion banka-appið gerir viðskiptavinum bankans kleift að fylgjast með fjármálum sínum í símanum með einum smelli og án innskráningar. Viðtökurnar hafa verið góðar og viðskiptavinir verið duglegir að gefa jákvæð ummæli og hugmyndir að næstu skrefum.

Arion banki hefur sett í loftið nýtt snjallsímaforrit sem veitir viðskiptavinum aðgang að fjárhagslegum upplýsingum sínum á eins fljótlegan og auðveldan hátt og mögulegt er. „Við unnum út frá hugmyndinni „einn smellur“, það er að segja að notandinn getur nálgast yfirlit yfir allt sem skiptir máli með einum smelli,“ segir Vilhjálmur Alvar Halldórsson, forstöðumaður netviðskipta Arion banka.

„Viðskiptavinir hafa verið að kalla eftir þessari þjónustu og svo virðist þróunin vera í þessa átt. Við hugsuðum lengi hvort við ættum að láta það nægja að vera með netbankann í símanum (m.arion.is) sem virkar fyrir alla farsíma sem komast á netið en eftir að við duttum niður á hugmyndina um „einn smell“ þá ákváðum við að taka appið í notkun. Miðað við viðtökurnar og notkunina þá teljum við að þetta sé komið til að vera. Þetta rímar líka vel við það sem er að gerast annars staðar í heiminum hvað varðar snjallsíma og fjármálaupplýsingar en þar hefur orðið sprenging líkt og við erum að sjá hjá okkur. Svo er þetta nú líka einfaldasta leiðin í bankann og það er í sjálfu sér næg ástæða til þess að fara út í svona.“

Lee Roy Tipton, þróunarstjóri netviðskipta, og Vilhjálmur Alvar Halldórsson, forstöðumaður netviðskipta, eru ánægðir með nýtt snjallsímaforrit sem veitir viðskiptavinum Arion banka aðgang að fjárhagslegum upplýsingum sínum. MYND/GVA



Margir kostir við appið

Vilhjálmur segir kostina við Arion banka appið vera nokkra. „Til að byrja með er appið auðvelt í uppsetningu og notkun. Með appið við hönd eru viðskiptavinir einnig betur upplýstir um stöðuna hverju sinni og geta til dæmis séð stöðuna á reikningnum á einungis nokkrum sekúndum og þannig ákveðið hvort þeir eigi að kaupa ákveðna vöru eða ekki. Viðskiptavinir fá einnig tilkynningu í gegnum appið þegar einhver greiðir inn á reikning þeirra og þannig vita þeir strax af því þegar til dæmis launin eru lögð inn eða önnur greiðsla sem beðið er eftir. Þótt þetta hljómi kannski ekki mjög merkilega þá finnst flestum gaman að sjá þegar eitthvað kemur inn á reikninginn. Við höfum líka fengið mjög jákvæð viðbrögð við þessu sem er skemmtilegt.“

Munur á netbanka og appi

Fyrir mörgum virðist ekki vera mikill munur á netbanka í símanum og nýja appinu. „Netbankinn í símanum er aðgengilegur í öllum þeim símum sem eru með netaðgang. Arion banka-appið er sérhannað fyrir Android- og iPhone-síma. Í netbankanum þarf maður að skrá sig inn í hvert skipti með notendanafni, lykilorði og auðkennisnúmeri sem þýðir að það þarf alltaf að tilkynna hver viðkomandi er í hvert sinn sem farið er í netbankann. Með appinu er þessi auðkenning aðeins í upphafi þegar appið er sett upp á símanum. Þá myndast tenging á milli farsímans og bankans og auðkenning í hvert skipti óþörf,“ segir Lee Roy Tipton, þróunarstjóri netviðskipta Arion banka.

Appið er öruggt

Að sögn Lee Roy hefur mikil áhersla verið lögð á öryggismál enda um viðkvæmar upplýsingar að ræða. „Við höfum gert allt sem í okkar valdi stendur til að verja gögnin og hafa bæði innlendir og erlendir sérfræðingar í öryggismálum gert úttekt á appinu. Við höfum einnig tryggt að ef einhver óprúttinn einstaklingur kemst yfir símtækið og nær að ráða margþætta dulkóðunina, þá er mjög takmarkað það sem hann getur gert við þau gögn. Í netbankanum er hægt að afskrá símtækið þannig að næst þegar appið hefur samband við bankann þurrkum við út af símanum öll gögn er viðkoma appinu. Rétt eins og þegar tilkynnt er um stolið kreditkort þá er það tekið úr sambandi.“

Sprenging í snjallsímavæðingu

Vilhjálmur segir viðtökurnar við Arion banka-appinu hafa verið framar vonum. „Viðtökurnar hafa komið okkur skemmtilega á óvart. Viðskiptavinir hafa verið mjög duglegir að hafa samband og gefa okkur jákvæð ummæli og hugmyndir að næstu skrefum. Það hefur orðið sprenging í snjallsímavæðingu á Íslandi og í raun í heiminum öllum og það er því ljóst að þarna var þörf á markaðnum og tímasetningin góð. Hegðun viðskiptavina er einnig að breytast sem er mjög áhugavert. Nú þegar sjáum við mikla aukningu á kvöldin og um helgar þar sem fólk notar símann sinn í ríkara mæli til að nálgast fjármálaupplýsingar sínar. Margir hafa haft á orði við okkur að þeim þyki þetta það eðlilegt að þeir furða sig á því að enginn hafi gert þetta fyrr.“

KOMA STERKIR INN

LG koma mjög sterkir inn í snjallsímabaráttuna með flottum tækjum á góðu verði. LG voru sem dæmi fyrstir til að íslenska Android-stýrikerfið og tók það alla leið með því að íslenska QWERTY-lyklaborðið. Þá eru þeir búnir íslenskri orðabók.

LG hafa verið mjög framarlega í tækninýjungum og voru sem dæmi fyrstir til að koma með tvíkjarna síma og fleira. LG hafa slegið í gegn með LG Optimus L-seríunni sem þeir kynntu til sögunnar á þessu ári og hefur hún selst gríðarlega vel og komið vel út í alla staði. L-serían byggist á flottri hönnun og fá eigendur símanna töluvert meira fyrir minna.

L9 sem er væntanlegur er með 4,7 tommu skjá, HD-upptöku og nokkrum nýjungum eins og breytilegu QWERTY-lyklaborði, sem tekur sem dæmi tillit til þess hvort eigandinn er örvhentur og fleira. Hann mun einnig vera búinn þeim möguleika að taka ljósmynd með því að segja „cheese". Þá verður hann búinn skemmtilegri nýjung sem heitir Q translator sem gerir eigandanum kleift að nota myndavélina til að þýða erlend tungumál. Verðið á honum er fáránlegt eða um það bil 59.900 út úr búð.

VIÐSKIPTAVINIR FÁ FORGANG

Tal er með tvær verslanir, í Kringlu og Smáralind. „Við erum líka með umboðsverslun í Eldhafi á Akureyri, sú verslun er á Glerártorgi."

Í verslunum Tals er veitt almenn afgreiðsla sem og sala á símtækjum og þjónustu.

Í þjónustuveri Tals 1817 er tekið á móti öllum þeim fyrirspurnum sem viðskiptavinir kunna að hafa. Núverandi viðskiptavinir eru þar í forgangi. Fyrirspurnum sem þola ekki bið, eins og um bilanir í síma og interneti, er svarað hratt og örugglega. Viðskiptavinir geta einnig nýtt sér netsamtal á www.tal.is eða sent tölvupóst úr snjallsímanum.

1 Í settings þarf að skrá inn símanúmer. Það þarf bara að gera einu sinni.

2 Þegar kveikt er á forritinu staðsetur síminn þann sem ætlar að panta bíl (blár depill). Með stækkunarglerinu finnur kerfið sjálfvirkt næsta lausa bíl.

3 Þegar bíllinn er fundinn er ýtt á request. Gulur takki í hægra horni.

4 Ef staðsetningin er ekki nákvæm er hægt að leiðrétta það með auðveldum hætti með einum fingri.

5 Bíllinn er pantaður með því að ýta á send Request.

Pantaðu leigubíl án þess að hringja

iTaxi er nýtt íslenskt snjallsímaforrit sem auðveldar fólki að panta leigubíl.

Þú opnar forritið og síminn staðsetur þig. Þú ýtir síðan á lítið stækkunargler í hægra horninu og forritið leitar að næsta lausa bíl og skiptir engu hjá hvaða leigubílastöð hann er," útskýrir Jón Norðfjörð Kristjánsson sem hannaði forritið ásamt félögum sínum hjá P84 development. „Við erum ekki í samkeppni við leigubílastöðvar. Markmiðið er einungis að auka aðgengi farþega að leigubílum og um leið viðskipti bílstjóranna, en forritið tryggir líka að farþegar fái bíl sem allra fyrst enda er það sá bíll sem er næstur, óháð leigubílastöð, sem fer á staðinn.

Jón segir farþega ekkert þurfa að hringja. „Það er nóg að kikka örfáum sinnum og þú ert búinn að panta bíl. Þá er hægt að fylgjast með ferð bílsins á korti ef fólk vill."

Jón segir sams konar forrit til erlendis en þau virki flest eins og símaskrá. „Þá finnur forritið næstu leigubílastöð við þig og gefur þér beint samband við leigubílsstjóra."

Jón segir iTaxi sérstaklega hentugt fyrir útlendinga og ætti það að vera eitt af þeim smáforritum sem þeir hlaða niður við komuna til landsins. „Það er erfitt fyrir þá að hringja á leigubílastöð og panta bíl á Bræðraborgarstíg 24 svo dæmi sé nefnt. Þá er auðveldara að ýta á takka og láta símann staðsetja sig."

Forritið fæst á App Store og Play Store. „Það er enn sem komið er frítt og eru komin 800 niðurhöl. Það er í notkun hjá tuttugu leigubílsstjórum um allt land en skilvirknin veltur vitanlega á því að sem flestir taki þátt," segir Jón. Hann segir kerfið virka sérstaklega vel á Akureyri, Egilstöðum og Eskifirði þar sem þónokkrir leigubílsstjórar eru búnir að taka það í notkun.

Jón segir stöðugt verið að gera uppfærslur á kerfinu eins og gengur með önnur smáforrit. „Nú þegar Apple breytti kortavef sínum þurftum við að endurhanna kerfið. Samkvæmt kortavef Apple eru sum hverfi ekki til. Okkar leið fram hjá því er sú að þegar farþegi kveikir á forritinu sækjum við upplýsingar á Google um hvar hann er staðsettur. Þannig komumst við fram hjá þessari villu hjá Apple."

iTAXI

Qr-kóði fyrir Android.

Qr-kóði fyrir iPhone.



Jón hannaði forritið ásamt félögum sínum hjá P84 development.

MYND/VALLI

VISSIR ÞÚ ...

- **... að** Motorola framleiddi fyrsta farsímann?
- **... að** í Hong Kong eiga flestir jarðarbúa farsíma, en fæstir í Úkraínu?
- **... að** yfir 100 milljón farsímum er fleygt á ári hverju?
- **... að** Vesturlandabúar tala að meðaltali minnst hálftíma á dag í farsíma?
- **... að** Nokia er stærsti farsímaframleiðandi í heiminum?
- **... að** konur nota farsíma meira en karlar?
- **... að** fyrsta símtal úr farsíma átti sér stað vorið 1973?
- **... að** tveir af hverjum þremur sem eiga farsíma nota ljós úr þeim sem vasaljós?
- **... að** ungir Kóreubúar senda yfir 200 þúsund sms-skeyti á ári?
- **... að** Japanar skipta árlega gamla farsímanum sínum út fyrir nýjan?
- **... að** langflestir unglingar geta ritað sms blindandi á farsíma sína?

Furðulegar hugmyndir um farsíma

Farsímar hafa tekið örum framförum síðustu ár og hafa ýmsar skondnar hugmyndir litið dagsins ljós. Sumar hafa fengið grænt ljós. Aðrar ekki.

1 Fyrirtækin KDDI og Flower Robotics kynntu símann Polaris fyrir nokkrum árum. Síminn er með innbyggt eftirlitskerfi sem birtir sjálfkrafa nýjar upplýsingar um heilsu, viðskipti og veður. Þá er hægt að nota símann Polaris eins og fjarstýringu á önnur raftæki.

2 Nokia 888 er hugmyndafarsími hannaður af Tamer Nakisci. Hægt er að breyta formi símans, hafa hann beinan, boginn, í bylgjum, hjartalaga og notað hann sem armband. Ólíklegt er að hann fari í framleiðslu.

3 Þessi farsími kallast Matchbox Cell Phone en heitið vísar til þess að hann þykir einna helst líkjast eldspýtnastokki. Síminn er kannski ekki mikið augnayndi en er afar léttur og meðfærilegur. Með því að ýta á hnapp rennur lok af lyklaborði.

4 Farsímann Nokia SURV1 má hengja í belti og þykir henta vel fyrir ferðalanga. Síminn er höggþolinn og með innbyggðu GPS-staðsetningartæki, MP3-spilara og vasaljósi.

5 Eins og heiti Marlboro 508 farsímans gefur til kynna er útlitið sótt í Marlboro sígarettupakka. Síminn er með innbyggðu bluetooth, MP3/MP4, útvarpi og 1,3-megapixla myndavél. Rúsínan í pylsuendanum er hólf á hliðinni undir sígarettur.

Vistvæn ferðamennska

Í dag er þessi iðnaður í jafnvel enn hraðari vexti en hefðbundinn ferðamannaiðnaður. Þrátt fyrir hraðan vöxt vistvænnar ferðamennsku vita margir ekki hvað hún er.

Vistvæn ferðamennska felur í sér að heimsækja viðkvæma og óspillta staði þar sem verndun umhverfisins og náttúrunnar er höfð að leiðarljósi á virkan hátt. Hún felur yfirleitt í sér ferðir til staða þar sem plöntu- og dýralíf og menningararfur er meginaðdráttaraflið og gefur þeim þá um leið hagrænt gildi.

Með vistvænni ferðamennsku er verið að reyna að bæta kjör þess fólks sem býr á þessum stöðum. Henni er ætlað að fræða ferðamenn, að afla fé til varðveislu vistkerfisins, að auka virðingu fyrir mismunandi menningu og mannréttindum, að raska hvorki né spilla því sem ferðamennirnir eru komnir til að njóta og að taka virkan þátt í að vernda náttúru og menningararf viðkomandi svæðis. Endurvinnsla, orkusparnaður og varðveisla drykkjarvatns eru einnig stórir þættir í vistvænni ferðamennsku.

Með vistvænni ferðaþjónustu geta Íslendingar sýnt í verki að umhverfið, menningin og náttúran sé þeim raunverulega mikils virði og hún gefur okkur tækifæri til að skapa störf í dreifbýli án þess að spilla umhverfinu.

Víða á netinu má finna upplýsingar fyrir ferðamenn um hvernig þeir geti stundað vistvæna ferðamennsku hér á landi. Fyrsta ráðið er að kynna sér land og þjóð áður en ferðalagið er skipulagt. Ferðamennirnir þurfa að gera það upp við sig hvort þeir vilji fara í gönguferð um hálendið eða dvelja í höfuðborginni og njóta menningarinnar. Ef þeir velja að fara í göngur eru þeir hvattir til að fara með leiðsögumönnum sem fylgja reglum vistvænnar ferðaþjónustu. Ef þeir ferðast einir eiga þeir að fara eftir reglum og fylgja gönguleiðum og heimsækja aðeins staði sem heimilt er að fara á. Þeir eru einnig hvattir til að gista á minni gistiheimilum sem eru í eigu bæjarbúa sjálfra. Einn megintilgangur vistvænnar ferðamennsku er að sá hagnaður sem verður til vegna ferðaþjónustunnar gangi til varðveislu auðlindanna sjálfra.

Hjólreiðar eru vistvænn ferðamáti að því leyti að þær menga ekki loftið. NORDICPHOTO/GETTY

TREX - Hópferðamiðstöðin er 35 ára um þessar mundir. MYND/ANTON

Örugg og farsæl hópferðaþjónusta í 35 ár

Hópferðafyrirtækið Trex hefur þjónustað íslenska markaðinn í 35 ár. Fyrirtækið sinnir bæði stórum og smærri verkefnum.

Trex – Hópferðamiðstöðin ehf. er 35 ára um þessar mundir. Fyrirtækið var stofnað árið 1977 af nokkrum rútueigendum sem tóku sig til og stofnuðu nýtt hópferðafyrirtæki undir nafninu Hópferðamiðstöðin. Miklar breytingar hafa orðið á þessum tíma en fyrirtækið hefur um árabil verið eitt af þeim öflugustu í sínum geira í ferðaþjónustunni hérlendis. Tímamót urðu fyrir tíu árum með sameiningu við gamalgróið hópferðafyrirtæki og ferðaskrifstofuna Vestfjarðaleið. Árið 2006 tók fyrirtækið upp nýtt vörumerki, Trex, sem er stytting úr Travel Experiences og hefur það heiti náð að festa sig sessi.

Aðalsmerki fyrirtækisins hefur jafnan verið að veita góða þjónustu með stórum og fjölbreyttum bílaflota sem fáir aðrir geta státað af. Ekkert verkefni er of stórt eða of lítið fyrir Trex. Sem dæmi um verkefni má nefna akstur fyrir

nokkrar af stærstu ferðaskrifstofunum, innlendum og erlendum, er skipuleggja hópferðir um Ísland. Þá hefur fyrirtækið sérhæft sig í akstri með börn og ungmenni en í haust hófst einmitt sautjánda árið þar sem séð er um akstur fyrir Grunnskóla Reykjavíkur.

Meðal nýmæla í ferðaþjónustu er að Trex – Hópferðamiðstöðin hefur hafið daglegar ferðir í Þórsmörk og Landmannalaugar yfir sumarið sem gengið hafa vel og er vísir að fleiri sambærilegum ferðum.

Árið 1996 flutti fyrirtækið í nýtt og glæsilegt húsnæði að Hesthálsi 10 í Reykjavík sem hefur verið bækistöð þess síðan en þar verður 35 ára afmælinu einmitt fagnað sérstaklega föstudaginn 28. september milli kl. 17 og 19.

Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Allt sem þú þarft...



Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir **92%** lesenda blaðanna

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
18-49 ára á höfuðborgarsvæðinu. Meðallestur á tölublað, jan.-júní 2012.

Tóku við hlutverki gestgjafa

Hervör Alma Árnadóttir og fjölskylda láta vel af þeim ferðamáta að hafa íbúðaskipti. Þannig hafa þau kynnst fólki og stöðum sem þau hefðu ekki annars kynnst. Hún hefur ekki áhyggjur af því að lána sína íbúð enda hefur það gefist mjög vel hingað til.

Hervör Alma Árnadóttir, lektor í félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, hefur haft íbúðaskipti við fólk hér og þar um heiminn. „Við fjölskyldan gerðum þetta fyrst fyrir rúmum tíu árum og höfum gert þetta nánast árlega alveg síðan. Ég heyrði af þessum möguleika í gegnum bróður minn og fannst þetta mikið ævintýri," segir Hervör.

Hervör prófaði að hafa íbúðaskipti í fyrsta sinn fyrir rúmum tíu árum fyrst og fremst af ævintýraþrá. MYND/ANTON

Út að leika í hverfinu

„Með þessum íbúðaskiptum höfum við komist á staði sem við hefðum ekki annars komist á og kynnst fólki sem við hefðum aldrei kynnst. Við höfum komist nær þeim anda sem ríkir í hverju samfélagi fyrir sig og börnunum finnst þetta miklu skemmtilegra heldur en að húka inni á hótelherbergi. Þau kynnast krökkunum í hverfinu og geta farið út í fótbolta að leika sér."

Bjuggu í félagsmiðstöð

Fjölskylda Hervarar hefur gist í heimahúsum meðal annars á Spáni, í Frakklandi og í Kanada. „Sjö vikna ferð sem við fórum í til Kanada fyrir nokkrum árum stendur alveg upp úr. Þá höfðum við íbúðaskipti við hjón sem heita Fred og Ruth og búa um hundrað kílómetra norðan við Toronto. Þegar við komum þangað tók vinafólk þeirra á móti okkur og sýndi okkur húsið þeirra og vildi koma okkur inn í líf þeirra. Það kom svo í ljós að við áttum að taka við hlutverki þeirra á meðan þau væru í burtu og það var alls ekki lítið hlutverkið sem þau gegndu í vinahópnum," segir Hervör og hlær. „Hús þeirra Ruthar og Freds var nokkurs konar félagsmiðstöð hverfisins. Á fimmtudagskvöldum kom fullt af fólki heim til þeirra að spila blak en það var blakvöllur úti í garði. Allt þetta fólk vafði okkur ást og umhyggju og þetta var alveg frábært. Á sunnudögum hittust svo allir á kaffihúsi í bænum og fóru saman í hjólatúr og fengu sér svo að borða á eftir. Það var svo gaman hvað allir voru velkomnir og allir fengu að vera með sama hvort það voru börn eða fullorðnir. Það var aldrei nein áhersla á að vera fyrstur að hjóla eða að vinna blakleikinn, allir skemmtu sér bara saman."

Heimboð til ókunnugra

Hervör segir eitt af því sem sé skemmtilegt við að ferðast á þennan máta vera að þá séu þau yfirleitt einu ferðamennirnir á því svæði sem þau búa á og veki athygli út af því. „Okkur var til dæmis boðið heim í mat til fólks sem við hittum í bíói í Kanada og byrjaði að spjalla við okkur. Við fórum svo með þeim út í garð að spila ameríska fótbolta og þá áttu allir að vera með, líka gamla konan á fimmtugsaldrinum," segir Hervör og brosir því hún átti við sjálfa sig í þessu samhengi.

Hér er hluti hópsins sem hittist á sunnudögum til að fara í hjólatúra saman. MYND/ÚR EINKASAFNI

Vinir hittast meira

Hún segir það hafa verið gaman að sjá hvað fólk ræktaði vinasamböndin þarna úti. „Fólk hittist með fjölskyldurnar en lokaði sig ekki af með fjölskyldunni sinni eins og oft tíðkast hér heima. Við höldum enn tengslum við þetta vinafólk þeirra Freds og Ruthar og eftir þessa ferð reynum við að koma fólkinu sem kemur og gistir í húsinu okkar í samband við vini okkar hér heima til að það upplifi þessi nánu tengsl við landið og fólkið eins og við gerðum. Systkini mín hafa öll stundað íbúðaskipti og þau hafa samband við fólkið sem gistir hjá okkur á meðan við erum úti."

Ótvíræðir kostir

Kostir þess að hafa íbúðaskipti eru ótvíræðir að mati Hervarar. Þannig kynnist maður nýjum stöðum og nýju fólki og svo er þessi ferðamáti ódýrari. Hún segist ekki vera neitt stressuð yfir því að lána húsið sitt ókunnugu fólki. „Áður en lagt er í ferðalagið höfum við verið í tölvusamskiptum við tilvonandi gesti okkar. Hingað til höfum við til dæmis alltaf komið heim í hreinna hús en við fórum frá þannig að þetta hefur aldrei verið neitt mál hjá okkur." Fjölskyldan ætlar að halda áfram að hafa íbúðaskipti og hefur velt fyrir sér að fara um páska eða yfir langa helgi en hún hefur hingað til aðeins gert þetta á sumrin. „Við mælum algjörlega með þessum ferðamáta," segir Hervör.

Dýrmæt ferð

Ódýr bílaleigubíll

Budget®

Ertu á leiðinni til útlanda? Pantaðu ódýra bílaleigubílinn hér heima í síma 562 6060 eða á budget.is og gerðu ferðina dýrmætari.

www.budget.is

flugrútan

Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

Kauptu miða núna á www.flugrutan.is

Alltaf laus sæti.

Frí þráðlaus internet-tenging í öllum bílum

BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
☎ 580 5400
main@re.is • www.re.is

FERÐASKRIFSTOFA FERÐAMÁLASTOFA LEYFISHAFI

GLOBAL PASSENGER NETWORK®

SAF ★★★ STARFSMENNTA-VIÐURKENNING 2011

Skannaðu strikamerkið með snjallsímanum þínum

EXPO - www.expo.is • 823 3304

BRATTASTA GATA HEIMS

Baldwin-stræti í borginni Dunedin á Nýja-Sjálandi er talin vera brattasta íbúagata heims og er viðurkennd af Heimsmetabók Guinness sem slík. Gatan er 350 metra löng og er lægst þrjátíu metra yfir sjávarmáli en rís svo í hundrað metra yfir sjávarmál. Brattari hlutar götunnar eru úr steypu til að auðvelda viðhald því ef hún væri úr malbiki eins og aðrir hlutar hennar myndi það leka niður á sólríkum dögum. Gatan er nefnd eftir William Baldwin, bæjarfulltrúa og stofnanda dagblaðs, sem deildi svæðinu niður.

SÖFN OPIN ALLA NÓTTINA Í PARÍS

Þann 6. október verða flest söfn og gallerí í París opin alla nóttina. Auk þess verða margar sundlaugar og ýmsar opinberar byggingar einnig opnar. Viðburðurinn kallast Hvíta nóttin og hefur verið haldinn síðan árið 2002. Hvíta nóttin nýtur mikilla vinsælda meðal Parísarbúa og þeirra mörgu ferðamanna sem heimsækja borgina ár hvert. Auk hefðbundinna sýninga á söfnum og galleríum borgarinnar er boðið upp á ljósasýningar og ýmsar óvæntar sýningar. Ókeypis er inn á alla viðburði.

HALTU KJAFTI!

Frakkar eru ruddalegasta þjóðin heim að sækja segir á ferðavefnum Skyscanner.com. Könnunin fór fram fyrr á þessu ári með þeim hætti að notendur síðunnar voru beðnir að velja þau lönd þar sem heimamenn brosa aldrei og eru yfirhöfuð óvingjarnlegir. Evrópubúar komu almennt illa úr könnuninni en 20 Evrópuþjóðir eru á listanum sem inniheldur 34 þjóðir. Næstir á listanum og stutt á eftir Frökkum eru Rússar og Bretar fylgja þar á eftir. Sjö af tíu efstu þjóðum á listanum eru Evrópuþjóðir en Ísland er ekki á listanum. Nokkrar Asíuþjóðir eru listanum og er Kína efst þeirra í sjötta sæti. Íbúar Mið- og Suður-Ameríku og Afríku eru samkvæmt listanum kurteisir og brosmildir við ferðamenn en einungis tvær þjóðir þaðan komust á listann, Egyptaland og Brasilía. Skyscanner.com er aðsóknarmesti ferðavefur í Evrópu með yfir 25 milljónir heimsókna í hverjum mánuði.

GLÖÐ BÖRN Í HÁLOFTUNUM

Flug með lítil börn getur verið óárennilegt. Því er mikilvægt að undirbúa ferðalagið með spennandi dægradvöl og vistum fyrir börnin, hvort sem flugleiðin er stutt eða löng.

- Flugferð með litlum börnum er meiri streituvaldur fyrir foreldrana en börnin sjálf. Dragið því djúpt andann og haldið ró ykkar þótt barnið gráti, öskri eða sparki í sætið fyrir framan. Hafið hugfast að þið greiddu fyrir farið, rétt eins og barnlausa fólkið sem horfir á með hneykslunarsvip, og að hvergi komi fram að börn séu óvelkomnir farþegar í flugvélum.
- Ekkert er tekið fram um öryggi barna þegar fjölskyldan flýgur saman. Takið því vel eftir leiðbeiningum flugþjóna um öryggisbúnað og öryggisútganga og hafið börnin ávallt spennt í flugtaki, lendingu og við ókyrrð í háloftunum.
- „Töfrataska“ er nauðsynlegur ferðafélagi með börnum. Hafið í henni staðgott snarl og smávegis sælgæti og eitthvað sem barnið hefur ekki séð áður. Það gæti verið ný bók, litir og litabók, límmiðar, spilastokkur, púsluspil eða nýtt leikfang með ljósum og tökkum. Gott er að syngja eða lesa fyrir börnin, leika við þau með fingurbrúðum, tala um það sem sést út um gluggann eða horfa saman á nýja mynd í DVD-spilara. Passið upp á að rafknúin tæki séu fullhlaðin eða með nýjum rafhlöðum áður en lagt er af stað.

Fáðu frítt eintak sent heim til þín þér að kostnaðarlausu!

Úrval-Útsýn kynnir nýjan bækling: Vetrarfrí 2012-13. Ný ævintýri, hreinar strendur og fyrsta flokks hótel bíða þín á úrvals áfangastöðum. Þú getur nálgast ferðabæklinginn á söluskrifstofum Úrvals-Útsýnar eða fengið hann sendan frítt heim! Þú pantar frítt eintak á heimasíðu okkar urvalutsyn.is og við sendum hann heim til þín, þér að kostnaðarlausu. Tryggðu þér eintak því við erum byrjuð að bóka.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLI 4 108 RVK | S. 585 4000 | MEIRA Á URVALUTSYN.IS

Þú getur einnig sótt stafrænt eintak af bæklingnum með því að smella mynd af þessum QR kóða með snjallsímanum þínum.

VERTU ÞINN EIGIN KAFFIBARÞJÓNN

Að búa til espresso er list. Til þess þarf 6,7 grömm af eðalkaffi, nákvæma tímasetningu, rétt hitastig og mátulegan þrýsting. illy hefur hannað kaffivélar og kaffihylki sem hafa fullkomið vald á þessari list.

Útkoman er ilmandi og bragðmikið kaffi með silkimjúkri áferð í hverjum einasta sopa.

Vélarnar fást í Byggt og búið Kringlunni, Epal Skeifunni, Heimilistækjum Suðurlandsbraut, Hjá Jóa Fel Garðabæ og Holtagörðum, Púkó & smart Laugavegi, Líf og list Smáralind og Kokku Laugavegi. Kaffið í vélarnar fæst einnig í verslunum Hagkaups, Krónunnar, Nóatúns og í Fjarðarkaupum Hafnarfirði.

KAUPAUKI

ARTE E SCIENZA DELL'ESPRESSO

illy espresso meðalristað
Jafnvægi á milli styrks og mýktar einkennir þessa gæðablöndu öðru fremur. Einnig skýr keimur af súkkulaði, ristuðu brauði, karamellu og blómum.

illy espresso dökkristað
Kraftmikil og ljómandi blanda með góðri fyllingu. Súkkulaðiangan með keim af ristuðu brauði og karamellu.

illy espresso koffínlaust
Bragð og angan meðalristuðu blöndunnar - en án koffíns.

illy langur espresso
Í „löngum" espresso fá eiginleikar miðlungsristuðu kaffiblöndunnar að njóta sín til fulls. Með kaffihylkjunum er hægt að búa til meira magn af kaffi en í klassískum espresso án þess að það komi niður á fyllingu og froðu.

NÝ VARA

illy Monoarabica Brazil
Þéttur keimur en flauelsmjúk áferð. Kröftugir súkkulaðitónar sem vekja upp hlýjar tilfinningar. Veisla fyrir skynfærin.

illy Monoarabica Ethiopia
Sætt en með léttu beisku bragði. Hógvær freisting með ávaxtakenndum sítrus- og jasmíntónum sem gefa létta en fágaða fyllingu.

illy Monoarabica Guatemala
Skarpt en jafnframt sætt bragð. Áberandi súkklaðitónar ásamt sítrus, hunangi og karamellu.

Gunnar stefnir á titilinn í UFC

Bardagakappinn Gunnar Nelson stígur sín fyrstu skref í UFC-keppninni í kvöld þegar hann mætir Bandaríkjamanninum DaMarques Johnson. *Kristján Hjálmarsson* ræddi við sérfræðinginn **Dóra DNA** sem telur möguleika Gunnars mikla.

„Það að Gunni sé kominn í UFC er eiginlega stærsta skrefið sem hægt er að taka. Sá sem er meistari í UFC er í raun heimsmeistarinn í blönduðum bardagalistum," segir Dóri DNA, sérfræðingur Stöðvar 2 Sport í blönduðum bardagalistum.

Gunnar Nelson keppir sinn fyrsta bardaga í UFC-keppninni í kvöld þar sem hann mætir Bandaríkjamanninum DaMarques Johnson. Um tvö hundruð Íslendingar munu fylgja Gunnari til Nottingham á Englandi og styðja við bakið á besta bardagamanni Íslands.

Upphaflega átti Gunnar að mæta Þjóðverjanum Pascal Krauss. Hann heltist hins vegar úr lestinni sem og Bandaríkjamaðurinn Rich Attonito. Þá skaut DaMarques upp kollinum. Dóri DNA segir þetta hringl með andstæðinga Gunnars ekki koma til með að hafa áhrif á Íslendinginn.

„Þetta myndi kannski hafa áhrif á einhverja aðra keppendur en ekki Gunna. Það eru mjög margar og mismunandi aðferðir sem menn nota til að undirbúa sig fyrir bardaga í blönduðum bardagalistum. Sumir kynna sér andstæðinginn mjög vel, helstu veikleika og svona en það gerir Gunni ekki. Hann er jafn vel undirbúinn fyrir alla andstæðinga sama hvað gengur á. Hann nýtir sér mistök og opnanir andstæðinganna og þá skiptir ekki máli hvort það er Krauss eða DaMarques Johnson. Þetta hefur kannski verið ruglandi að einhverju leyti en ég held að Gunni sé aðallega feginn að bardaginn verði. Það er oft sem bardagarnir eru slegnir af með stuttum fyrirvara og DaMarques á hrós skilið fyrir að vilja mæta Gunna. Það hefði verið hrikalegt ef bardaginn hefði verið sleginn af enda tvær fullar flugvélar á leiðinni út að styðja hann."

Boxið hans Gunnars vanmetið

Eins og nafnið gefur til kynna eru blandaðar bardagalistir, blanda úr öllum helstu bardagalistum heims. Keppendur byrja standandi og mega sparka og kýla, líkt og í boxi eða karate, en þegar í gólfið kemur reynir meira á glímutökin. Gunnar er af mörgum talinn einn besti glímumaður heims í sínum þyngdarflokki og sumir segja að hann sé ekki jafn sterkur standandi. Dóri segir þetta hins vegar mikinn misskilning.

„Menn vilja gjarnan sjá hlutina svarthvíta. Það eru margir sem halda að Gunni sé lélegur standandi en hann er í raun mjög góður í að sparka og kýla. Hann hreyfir sig eins og karatemaður, heldur höndunum lágt og er á mikilli hreyfingu en hann er með mjög góðan vinstri krók, frábær hægri bein högg og góð snögg lág spörk. Sá sem vanmetur Gunna standandi lendir í mestu vandræðum. Gunni lifir á mistökum sem andstæðingurinn gerir, hvort sem það er standandi eða liggjandi og hann er mjög góður í að sjá mistökin sem andstæðingarnir gera."

Allt getur gerst

Dóri segir að þótt Gunnar sé sigurstranglegri í viðureigninni í kvöld geti allt gerst í svona bardaga. „Mér líst mjög vel á bardagann en það má ekki gleyma því að allt getur gerst. Mike Tyson tapaði til dæmis eitt sinn fyrir Buster Douglas. DaMarques er feykilega spennandi andstæðingur af því að hann er svo agressívur og hann er mjög reyndur. Hann gæti þó reynt að halda aftur af sér, reynt að tína Gunna í sundur með hnitmiðuðum höggum og flýja þess á milli, svona „hit and run". Það eru langflestir sem segja að þetta sé frábær bardagi fyrir Gunna, hann eigi eftir að finna sínar opnanir og ef þeir fara í gólfið þá mun Gunni vinna. DaMarques er samt alveg ágætur í gólfinu og hefur klárað bardaga þannig en fólk áttar sig bara ekki á því hvað Gunni er góður í gólfinu. Hann læsir andstæðinginn, finnur yfirburðarstöðu og klárar hann. Andstæðingarnir vita að Gunni ætlar að reyna að ná þeim niður en það breytir samt engu. Eina von DaMarques er að halda sér standandi. En eins og ég segi þá getur allt gerst."

Dóri spáir Gunnari engu að síður sigri. „Annaðhvort fer þetta alveg eftir skólabókinni, Gunni tekur hann niður og klárar í fyrstu lotu, eða þetta verður eltingaleikur, og þegar DaMarques fer að þreytast tekur Gunni hann niður í annarri lotu og klárar hann."

Stefnir á heimsmeistaratitilinn

Bardaginn gegn DaMarques er fyrsti bardagi Gunnars innan UFC en hann gerði fyrir skömmu þriggja bardaga samning við samtökin. Þegar bardagar innan UFC fara fram eru yfirleitt tíu bardagar á kvöldi. Fimm af þeim eru aðalbardagar sem eru sýndir í beinni útsendingu. Þar sem Gunnar er að fara að berjast í fyrsta sinn er bardagi hans ekki einn af þeim stóru, þó bardagi hans verði sýndur á Stöð 2 Sport.

„Ef Gunni vinnur sinn bardaga er nokkuð víst að hann komist að sjónvarpsmegin í næsta bardaga. Umfram allt vilja þeir hjá UFC hafa sem mest spennandi bardaga þeim megin svo það er að duga eða drepast fyrir Gunna í kvöld," segir Dóri en bætir þó við að ekki sé um heimsendi að ræða fyrir Gunnar fari svo að hann tapi í kvöld.

„Þeir reka hann ekki heim þótt hann tapi bardaganum en það myndi örugglega hægja á öllu ferlinu. Gunni hefur sjálfur sagt mér að hann stefni á gullið í UFC. Það liggur fyrir að hann ætlar sér að verða heimsmeistari og ég hef fulla trú á því," segir Dóri. „Það verður mjög gaman að fylgjast með honum. Það er ekki til ljótleiki hjá honum, ofbeldi eða neikvæðni – hann er frábær sendiherra Íslands í þessari grein."

HVAÐ SEGIR DÓRI DNA UM STYRKLEIKA GUNNARS OG DEMARQUES?

Gunnar Nelson
24 ára / 180 cm. / 77 kg.
10 bardagar
9 sigrar - 1 jafntefli

DeMarques Johnson
30 ára / 185 cm. / 77 kg.
30 bardagar (þar af 10 í UFC)
19 sigrar - 11 töp



ANDLEGA HLIÐIN

Hann er hrikalega yfirvegaður og gerir ekki mistök, panikkar ekki þó hann sé undir pressu. Hann hefur klárlega yfirburði þegar kemur að andlegu hliðinni.

Hann hefur tapað oft og netverjar segja að ef hann tapi þessum bardaga verði hann rekinn frá UFC. Hann hlýtur því að vera rétt stilltur fyrir þennan bardaga. Hann er agressívur og reyndur en gerir sín mistök.

BOXIÐ

Gunni er miklu betri standandi en fólk gerir sér grein fyrir. Hannhefur þennan karatestíl sem gerir honum kleift að finna opnanir og notar höggin til að koma sér í betri aðstöðu. Hann er með frábæran vinstri krók og frábæra hægri beina.

Hann getur rotað mann með einu höggi og það er alltaf hættan í þessu. En hann er ekki varnarlega miðaður, gefur oft höggstað á sér. Kraftmikill en ekki yfirburða tæknilegur.

GLÍMAN

Gunni er einn besti glímurmaður heims í sínum þyngdarflokki. Hann þekkir verksins glímutök.

Þó hann hafi unnið einhverja bardaga með lásum er hann enginn Gunnar þegar kemur að glímunni.

SPÖRKIN

Gunni er gamall karatemaður, með leiftursnögg lágspörk, þegar þrjú eða fjögur þannig spörk eru komin er ekki jafn mikið vor í löppunum á þér og þá missa andstæðingarnir oft hraða.

Spörkin hjá honum eru góð. Hann er kraftmikill og notar hnén mikið. Það er ekkert sérstakt í gangi þar en hann er samt öflugur.

Lærðu að njóta lífsins

7 daga heilsudvöl 11.–18. nóvember

Námskeiðið er fyrir þá sem vilja njóta lífsins, lifa lífinu aðeins hægar og huga að andlegri og líkamlegri líðan. Dvölin gefur einnig einstakt tækifæri til að taka upp nýjar og skynsamlegar leiðir hvað varðar hreyfingu, næringu og svefn.

Innifalið er ljúffengur og hollur matur í öll mál, aðgangur að sundlaugum, baðhúsi, líkamsrækt og yoga. Nudd og val um ýmsar meðferðir í boði.

Verð á mann kr. 121.900.

HEILSUSTOFNUN NLFÍ HVERAGERÐI

Nánari upplýsingar í síma 483 0300 og á vefsíðunni www.hnlfi.is

- berum ábyrgð á eigin heilsu

GUNNAR Í BEINNI Á STÖÐ 2 SPORT

Þátturinn Gunnarshólmi, í umsjón Dóra DNA, verður sýndur á Stöð 2 Sport í dag og endursýndur í kvöld. Í þættinum verður farið yfir undirbúning Gunnars fyrir bardagann auk þess sem blandaðar bardagalistir verða kynntar. „Við fjöllum aðeins um bardagaklúbbinn Mjölni, heyrum í þjálfara hans, John Kavanagh, sem er stórskemmtilegur Íri, í Haraldi föður hans og Gunna sjálfum. Við spyrjum hann meðal annars að því hvað hann ætli að gera ef hann eignast milljón dollara," segir Dóri. „Við þurftum að skera niður ansi mikið efni í hálftíma þátt en vonandi getum við gert meira þegar hann keppir næst."

Gunnarshólmi verður sýndur á Stöð 2 Sport klukkan 13.05 og á Sport 3 klukkan 17.20. Bardagi Gunnars hefst 17.55 í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Gunnarshólmi verður svo endursýndur strax á eftir.

Stöð 2 SPORT

Okkur vantar

FRAMÚRSKARANDI FÓLK!

Viðskiptastjóri

Sem viðskiptastjóri Skapalóns leiðir þú áfram teymi fagmanna fyrir hönd viðskiptavina okkar. Þú berð ábyrgð á verkefnum, útfærslum og gæðum þeirra verka sem þú ferð fyrir ásamt því að sjá um uppgjör þeirra. Við treystum á kunnáttu þína og eljusemi, berum virðingu fyrir metnaði þínum og drifkrafti, styðjum við bakið á þér og miðlum til þín þekkingu okkar.

Mikilvægt er að búa að:

- Góðri samskiptahæfni
- Reynslu af viðskiptastjórn
- Reynslu af markaðsmálum
- Reynslu af vefumsjón
- Vera tæknilega þenkjandi
- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynslu af vef- og hugbúnaðarþróun

Vefhönnuður

Hjá Skapalón starfa 4 vefhönnuðir, okkur vantar þann fimmta. Vefhönnuðir okkar hafa fullkomið vald á grafískri framsetningu sem og fullan skilning á atferli vefnotandans við daglegt vafur á ólíkum viðtækjum. Ástríða, geta og hæfileikar eru þeir kostir sem við óskum eftir.

Mikilvægt að búa að:

- Fullkomnu valdi á Photoshop og Illustrator
- Minnst 2 ára reynslu af vef-og viðmótshönnun
- Þarft ekki að kunna css en gott að hafa skilning á því
- Góðum samskiptahæfileikum
- Metnaði til að tileinka sér nýjustu stefnur og strauma í viðmótshönnun
- Góðri verkmöppu sem talar sínu máli

Viðmótsforritari (HTML/CSS)

Sem CSS-ari hjá Skapalón vinnur þú náið með vefhönnuðum og bakenda-forriturum í teymum við framendaforritun. Hjá Skapalón fær fólk tækifæri til að virkja hæfileika sína og bera ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnið er að.

Við leitum að fólki með reynslu sem vill starfa með framúrskarandi fólki við krefjandi og fjölbreytt verkefni.

Mikilvægt er að hafa gott vald á:

- HTML/XHTML/HTML5
- CSS 2.1/CSS 3
- Javascript
- Vafra samhæfing (Cross-browser compatibility)
- Grunn kunnáttu á Photoshop
- Að nota Javascript framewhorks (t.d jQuery, Mootools)
- Hafa gott auga þegar kemur að hönnun

Vinnsla og markaðssetning

Við leitum að aðila sem hefur ástríðu fyrir markaðssetningu vefja, hefur brennandi áhuga á efnisvinnslu, framsetningu texta og myndefnis á vefum og er internet megin í lífinu.

Þetta starf myndum við glöð vilja móta með þér.

Gott er að búa að:

- Gott vald á rituðu máli íslensku og ensku
- Reynslu af notkun vefumsjónakerfa
- Reynslu af markaðssetningu á netinu
- Þekkingu á Google AdWords
- Þekkingu á Google Analytics eða öðru vefgreiningartæki
- Skilning á leitarvélabestun
- Reynslu af notkun samfélagsmiðla
- Brennandi áhuga á markaðsmálum

Skapalón er þjónustudrifin vefstofa sem leggur áherslu á að gerð framúrskarandi vefja og veflausna. Hjá Skapalón starfar samhentur hópur fagaðila fyrir mörg af metnaðarfyllstu fyrirtækjum á netinu. Við bjóðum meðal annars gott og hvetjandi starfsumhverfi, frábært starfsmannafélag, hæfileikaríkt samstarfsfólk, sjálfstæði, frábæra viðskiptavini, krefjandi verkefni og tækifæri til að skara framúr.

Vinsamlegast sendið umsóknir með upplýsingum um nám og starfsreynslu á **sos@skapalon.is**
Umsóknarfrestur er til og með 5. október. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

SKAPALÓN

Krossgáta

Lárétt

1. Segir vagn barns skítugan (9)
11. Útvega gyðjunni elskhuga fyrir sælureitinn (10)
12. Flæðijafna gefur hnökralausa (11)
13. Galli á málflutningi um saggablett? (10)
14. Boxgólf eða bossakant? (9)
15. Ríkjandi mæla fyrir um að feit dragi strax öndina (10)
17. Forfeður kalla á útgjöld vegna hótana (9)
18. Þarf bæði teygjur og hártoganir svo að tæfutúttur verði höfuðprýði (11)
20. Meira minni í tölvuna fyrir skáldpiss (9)
23. Ótrúlegt að geta skynjað sjaldgæft (7)
25. Svík mitt föðurland fyrir gabardínbrók (10)
26. Er Sætún sár á borgarlíkamanum? (10)
29. Fletti aukaútgáfu útaf fyrir sig (8)
31. Raða reisunum (13)
32. Margs vís í þessum heimi og öðrum (10)
33. Þekkjum stræti með ljósum (9)
34. Skýrast sést skítur á vegi þar sem þessi stendur (10)
35. Fúl flytur stíga sem henta hrossum (9)

Lóðrétt

1. Flytur bréf dufl? Þá er ég varnarlaus (13)
2. Segir jörð, áflog og sársauka áberandi í myndlist (16)
3. Að vista kópa ber vott um ruglaðan vanþroska (9)
4. Útsölusjónvarpsefni eða hluti af útboðnu verki (13)
5. Rek frið beina til uppruna þeirra (7)
6. Svínasteik til hátíðabrigða er upphaf auðsöfnunar (9)
7. Hálfköruð blæs á hraktar (9)
8. Drekk spes sóda við Svartahaf (6)
9. Taldi tvisvar einn, tvisvar fimmhundruð og tvisvar þúsund áður en sól settist (6)
10. Glíma Ástvalds um leiðtogasætið (12)
16. Rófubleik eða nepjuglær? (8)
19. Notkunarsnið afhjúpar lífsmáta (13)
21. Undirbúningsmat kallar á skammir (11)
22. Strákaálma? Það þýðir leikrit og læti (11)
23. Gerðu borð úr spýtu með allskonar (11)
24. Frásögn nær að ræsa skjálfta (10)
27. Sex rómversk huga að heilsu lamaðra (7)
28. Bella verður varla annað úr þessu (7)
29. Rek vott til fleins (6)
30. Aðflug framkallar öngvit (6)





Lausnarorð síðustu viku var
SAUÐLAUKSDALUR

FORLAGIÐ

Vegleg verðlaun

Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi eintak af bókinni Fimmtíu gráir skuggar frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Sigríður Ragnarsdóttir, Ísafirði**.



Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist fyrirbæri sem veldur margvíslegum vandræðum, jafnt í heimi tækninnar sem okkar mannanna. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 3. október næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „29. september“.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1991

Aristide settur af forsetastóli á Haíti með valdaráni hersins

Jean-Bertrand Aristide var hrakinn í útlegð frá Haíti eftir aðeins fáa mánuði. Við tók herforingjastjórn sem var flæmd frá völdum þremur árum síðar. Aristide varð aftur forseti, en féll í ónáð hjá eigin landsmönnum.

Á þessum degi fyrir réttu 21 ári, hinn 29. maí árið 1991, lét herinn á Haíti til skarar skríða gegn Jean-Bertrand Aristide forseta og velti honum úr sessi. Valdatíð herforingjanna varði í þrjú ár, en þá tók Aristide aftur við.

Stjórnmálaástandið á Haíti hefur um áratugaskeið einkennst af óstöðugleika, ofbeldi og gegndarlausri spillingu. Aristide, sem var kaþólskur prestur, starfaði að samfélagslegum umbótum, en bæði valdhafar og framámenn innan kirkjunnar litu hann hornauga. Vegna þessa var hann í sjálfskipaðri útlegð erlendis um nokkurra ára skeið og sneri ekki aftur fyrr en árið 1985.

HRAKINN FRÁ VÖLDUM Jean-Bertrand Aristide var hrakinn frá völdum eftir einungis fárra mánaða setu í embætti.
NORDICPHOTOS/AFP

Herforingjar réðu lögum og lofum á seinni hluta níunda áratugarins og var hart tekið á andófi. Meðal annars var reynt að ráða Aristide af dögum auk þess sem ráðist var á messu sem hann stóð fyrir með þeim afleiðingum að þrettán létust og á áttunda tug slösuðust.

Hann var rekinn úr starfi en bauð sig fram til forseta árið 1990, eftir að herforingastjórnin hafði hrakist frá völdum.

Aristide vann yfirburðasigur í þessum fyrstu sannarlega lýðræðislegu kosningum í sögu Haíti. Umbótastarf hans kom hins vegar illa við auðmannastéttina, sem var vön að fara sínu fram, sem og yfirmenn hersins. Því fór svo að herinn snerist gegn honum og hrifsaði til sín völdin í blóðugu valdaráni. Aristide flúði land og lifði í útlegð næstu ár.

Þegar Sameinuðu þjóðirnar heimiluðu loks vopnaða íhlutun á Haíti haustið 1994 létu herforingjarnir undan og bandarískt herlið kom til landsins til að stilla til friðar. Aristide gegndi embætti út kjörtímabil sitt, til 1996, án þess þó að ná tökum á efnahags- og þjóðfélagsmeinum sem hrjáðu Haíti.

Aristide var aftur kjörinn forseti árið 2000 og stóð af sér aðra herforingauppreisn árið eftir. Næstu ár mætti hann sífellt meiri andstöðu og hrökklaðist loks frá völdum árið 2004 eftir mikil mótmæli og róstur. Hann bjó í útlegð í Suður-Afríku allt fram á síðasta ár þegar hann sneri aftur. Löngum hefur fallið á ímynd hans sem baráttumanns fyrir frelsi og mannréttindum þar sem ásakanir um spillingu og eiturlyfjamisferli hafa verið í forgrunni.

- þj

Heimild: Britannica

HVAÐ ER ATHUGAVERT VIÐ ÞESSA MYND?

Göngum til góðs

Landssöfnun 6. október 2012

Rauði krossinn hjálpar árlega 150 börnum í Síerra Leone að læra iðn og koma undir sig fótunum eftir borgarastyrjöld.
Vertu með, gakktu til góðs á laugardaginn eða taktu vel á móti göngufólki.
Stuðningur þinn getur skipt sköpum í lífi barns í neyð.

Hringdu í söfnunarsíma Rauða krossins:

904 1500 (1.500 kr. framlag) | **904 3000** (3.000 kr. framlag) | **904 5000** (5.000 kr. framlag)

Skráning: **www.raudikrossinn.is**

Rauði krossinn

EIMSKIP kostar birtingu þessarar auglýsingar.

FÍTON / SÍA FIO42451

tímamót

timamot@frettabladid.is

81 **SIGMUNDUR GUÐBJARNASON** fyrrverandi rektor á afmæli í dag
„Það er virkilega ómaksins vert að taka virkan þátt í baráttunni fyrir betri tíð.“

Merkisatburðir

1906 Landssími Íslands tekur til starfa og Hannes Hafstein ráðherra sendir konungi fyrsta símskeytið um nýlagðan neðansjávarstreng.

1922 Norræna félagið er stofnað í Reykjavík.

1974 Auður Eir Vilhjálmsdóttir er fyrst kvenna vígð til prests á Íslandi.

1980 Flugvél var flogið til Reykjavíkur frá Færeyjum með mann standandi á þaki vélarinnar. Flugið tók sex klukkustundir og var maðurinn að reyna að setja heimsmet.

1990 Nesjavallavirkjun í Grafningi er gangsett. Fyrsti áfangi hennar er 100 megavött.

1996 Jarðskjálfti upp á fimm stig á Richter finnst við Bárðarbungu.

FORSTÖÐUMAÐUR HRINGSJÁR „Það er mikill sveigjanleiki í náminu en samt er þetta alvöru skóli með alvöru kröfur,“ segir Helga Eysteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

HRINGSJÁ, NÁMS- OG STARFSENDURHÆFING: ER 25 ÁRA Í ÁR

Gaman að fylgjast með fólki auka getu sína og sjálfstraust

„Hringsjá byrjaði 1987 sem lítill skóli sem hét þá Starfsþjálfun fatlaðra og var samstarfsverkefni Öryrkjabandalags Íslands og félagsmálaráðuneytisins. Svo hefur hún þróast í að verða náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk á aldrinum 18-67 ára sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla. Oft er þetta fólk sem þarf að staldra við, endurmeta stöðu sína og rifja upp námsefni síðustu bekkja grunnskólans og fyrstu bekkja menntaskólans,“ segir Helga Eysteinsdóttir um starfsemina í Hringsjá í Hátúni 10d. Hún er þar forstöðumaður og segir það gefandi og skemmtilegt starf. „Það er svo gaman að fylgjast með fólki auka getu sína og sjálfstraust,“ segir hún sannfærandi.

Um 60 manns stunda nám í Hringsjá dagsdaglega að sögn Helgu. Nú á haustönn eru yngstu nemendurnir 22 ára og sá elsti 61 árs. Auk þess eru haldin námskeið í Hringsjá sem upp undir 300 manns sækja á hverju ári – námskeið í minnistækni, námskeið fyrir fólk með ADHD, stærðfræði fyrir byrjendur og enska fyrir byrjendur svo nokkuð sé nefnt. „Margir þurfa einungis námskeið til að fleyta sér áfram,“ segir Helga og upplýsir að ekki komist nema brot af þeim fjölda að, sem sæki um daglega námið. „Við tökum bara 22 nýja á hverri önn en fáum um 100 umsóknir,“ segir hún. „Hér er einstaklingsmiðað nám þannig að allir fá kennsluefni við hæfi. Þó fólk sé í sama hópnum í þrjár annir þá er einn kannski að útskrifast með fimm einingar á framhaldsskólastigi og annar með fjörutíu. Það er svo gott fyrir fólk sem er að ná sér eftir veikindi og áföll að geta tekið námið á sínum hraða því heimilisástæður eru svo mismunandi. Það er mikill sveigjanleiki hér en samt er þetta alvöru skóli með alvöru kröfur,“ segir Helga og bætir við að kennararnir séu allir með framhaldsskólakennsluréttindi.

En verður aldarfjórðungsafmælisins minnst með einhverjum hætti? „Já, það verður efnt til kaffisamsætis 7. október með hátíðardagskrá og öllum fyrrverandi og núverandi nemendum, starfsmönnum og stjórnarmönnum er boðið. Svo er fyrirhugað að halda ráðstefnu næsta vor þar sem áhersla verður lögð á hlutverk náms í endurhæfingu.“

gun@frettabladid.is

> Það er svo gott fyrir fólk sem er að ná sér eftir veikindi og áföll að geta tekið námið á sínum hraða því heimilisástæður eru svo mismunandi.

ÓTVÍRÆÐUR ÁRANGUR

Helga segir árangur starfsemi Hringsjár hafa verið metinn árið 2006, allt aftur til upphafsins. Þá hafi 70% þátttakenda verið komin í nám eða vinnu og árangurinn mælst 90% þegar spurt var hvort fólki liði betur og ætti auðveldara með að halda utan um málefni fjölskyldunnar og heimili sitt. Nú er nýtt árangursmat í gangi og niðurstöðurnar mjög svipaðar, að sögn Helgu, nema hvað nú fer meirihluti nemenda í áframhaldandi nám, meðal annars til að uppfylla kröfur vinnumarkaðarins.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar og vinar,

BÁRU HANSDÓTTUR
Efstaleiti 75, Reykjanesbæ.

Guðmundur Pétursson
Pétur Rúðrik Guðmundsson
Sólveig Gígja Guðmundsdóttir

Móðir okkar og tengdamóðir,

RANNVEIG UNNUR SIGÞÓRSDÓTTIR
áður til heimilis að Lindargötu 61,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 20. september. Útför fer fram frá Fossvogskapellu þriðjudaginn 2. október kl. 13.00.

Bjarnfríður Bjarnadóttir
Eyrún Magnúsdóttir
Stefán Loftur Stefánsson
Gunnar Þór Finnbjörnsson

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og systir,

JÓNÍNA ÓLAFSDÓTTIR,
Melás 11, Garðabæ

Lést sunnudaginn 23. september á Krabbameinsdeild Landspítalans v. Hringbraut. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju fimmtudaginn 4. október kl. 15:00 Blóm og kransar afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahjúkrun Karítas og Krabbameinsdeild 11-E.

Hafþór Árnason
Sigríður Kristín Hafþórsdóttir
Hanna Björk Hafþórsdóttir
Ólafur Árni Hafþórsson
Helga María Hafþórsdóttir
Sigríður Benediktsdóttir
Sigurvin Ólafsson
Magnús Már Magnússon
Sveinbjörn Hólmgeirsson
Hanna Sigrún Steinarsdóttir
Svandís Sigurðardóttir
Ríkey, Ísak, Bergur, Sara, Hafþór, Freyr og Aníta Máney

ÚTFARARÞJÓNUSTA Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
Sími 551 3485
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

Rúnar Geirmundsson · Sigurður Rúnarsson · Elís Rúnarsson · Þorbergur Þórðarson

Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110 & 893 8638
www.utfarir.is • runar@utfarir.is
Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

---

†

Ástkær sonur, bróðir og frændi,

JÓN HILMAR HÁLFDÁNARSON

lést á gjörgæsludeild Landspítalans mánudaginn 17. september. Útför hans fer fram mánudaginn 1. október kl. 13.00 frá Garðakirkju.

Fyrir hönd aðstandenda,
Hálfdán Jónsson
Júlíus Atli Hálfdánarson
Matthías Hálfdánarson
Júlíana Gísladóttir
Lovísa Grétarsdóttir
Brynja Guðmundsdóttir

---

†

Við þökkum innilega samúð og vinarhug við andlát og útför okkar ástkæru,

ÓLAFAR MAGNÚSDÓTTUR
Hvassaleiti 56.

Magnús R. Jónasson
Sigrún Sigurðardóttir
Sigurrós Jónasdóttir
Ólafur G. Flóvenz
Elín Jónasdóttir
Eggert Jónasson
ömmubörn og langömmubörn.

VILD ER SNILLD

SJÁLFVIRKUR AFSLÁTTUR
BEINT Í VASA ÁSKRIFENDA

VIRKJAÐU Fardu á stod2.is/vild og skráðu kreditkortið þitt.

VERSLAÐU Þú þarft ekkert að gera. Afslátturinn er við kassa.

SPARAÐU Þú sparar á hverjum degi. Fjöldi samstarfsaðila.

10%
afsláttur hjá 10-11 ef verslað er fyrir 2.000 kr. eða meira
Gildir af öllum vörum nema tóbaki, símkortum, Lottó eða 1x2.

Borgarleikhúsið

25%
afsláttur á allar leiksýningar
Á sama tíma að ári í Borgarleikhúsinu í október og í Hofi á Akureyri í nóvember.

Borgarleikhúsið: 568 8000
Menningarhúsið Hof: 450 1000

HOF MENNINGARHÚS

10-11

40%
afsláttur af bílaþrifum að utan.
Gildir til og með 6.október

THE SUSHI

Skemmtigarðurinn SMÁRALIND

25%
afsláttur af öllu hjá Skemmtigarðinum Smáralind á sunnudögum

Splass
Engin venjuleg bílaþvottastöð!

12%
afsláttur hjá Osushi
Gildir aðeins ef keypt er fyrir 2.000 kr. eða meira

Iceland Express
- lækkar verð

BARCELONA
37.900 kr.
5.–8. október
Innifalið: Flug með Iceland Express fram og til baka með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð.
Skráning á stod2.is/vild.

MEIRI OG ÖFLUGRI FRÍÐINDI FYRIR ÁSKRIFENDUR

Virkjaðu kreditkortið þitt og annarra fjölskyldumeðlima á **MÍNAR SÍÐUR** á **WWW.STOD2.IS.**

Væntanlegir samstafsaðilar eru Olís, ÓB bensín, A4 og Cintamani.

olís ÓB A4 CINTAMANI

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

MAIA SIGURÐARDÓTTIR
sálfræðingur,

lést 13. september síðastliðinn.
Útförin fór fram í kyrrþey.

Sigurður Andri Sigurðsson
Maríanna Garðarsdóttir **Snorri Guðmundsson**
Kristján Garðarsson **Marta Nordal**
og barnabörn.

†

Hjartans þakkir til ykkar allra sem heiðrað hafa minningu okkar ástkæra,

VILHJÁLMS FREYS JÓNSSONAR
véltæknifræðings.

Samúð ykkar, nærvera og stuðningur hefur verið okkur ómetanlegur styrkur.

Kristjana Harðardóttir
Steinunn Snædís Vilhjálmsdóttir
Jón Snævar Vilhjálmsson
Inga Sóley Kristjönudóttir
Carolina Castillo **Davíð G. Waage**
Steinunn Gísladóttir **Jón Vilhelmsson**
Gísli Jónsson
Hörður Jökull, Alexander, Ísabella og ástvinir

†

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við fráfall okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

HALLFRÍÐAR SVAVARSDÓTTUR
Sæborg, Svalbarðseyri.

Sérstakar þakkir fyrir einstaka umönnun færum við starfsfólki gjörgæslu- og lyfjadeildar FSA, Heimahlynningar á Akureyri og á Hlíð dvalarheimili.

Benedikt Friðbjörnsson
Hörður Benediktsson **Hafdís Freyja Rögnvaldsdóttir**
Kristján Ellert Benediktsson **Ólöf Gústafsdóttir**
Steinunn Benediktsdóttir **Árni Jónsson**
Ólöf Benediktsdóttir
Sigríður Benediktsdóttir
Friðbjörn Benediktsson **Thelma Baldursdóttir**
Benedikt Benediktsson **Guðrún Rut Guðmundsdóttir**
ömmu- og langömmubörn.

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN GUÐLAUG SIGURGEIRSDÓTTIR
Skarphéðinsgötu 4, Reykjavík,

lést á Droplaugarstöðum miðvikudaginn 26. september. Jarðsungið verður frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarkort Félags aðstandenda heimilisfólks á Droplaugarstöðum sem fást á skrifstofu Droplaugarstaða.

Sigurgeir A. Jónsson **Þóra Hafsteinsdóttir**
Sonja B. Jónsdóttir **Guðmundur Kristjánsson**
Ívar Jónsson **Lilja Mósesdóttir**
Fannar Jónsson **Elísabet S. Auðunsdóttir**
Jón Þór Sigurgeirsson
Guðrún Iðunn Sigurgeirsdóttir **Einar Bjarni Sigurðsson**
Birkir Kristján Guðmundsson, Jón Reginbald Ívarsson, Hrafnhildur Fannarsdóttir, Fannar Gunnsteinsson, Óskar Þór Einarsson og Sigurgeir Egill Einarsson.

GL GRANÍT OG LEGSTEINAR

Mikið úrval

Allir legsteinar á kr. 75.000,-

Miðhraun 22 b, 210 Garðabæ, Sími 571 0400 granit@granit.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

LANGHOLTSSKÓLI: HELDUR UPP Á SEXTUGSAFMÆLI Í DAG

SÍUNGUR SEXTÍU ÁRA SKÓLI

Langholtsskóli fagnar 60 ára afmæli á þessu hausti og haldið verður upp á það í skólanum í dag milli klukkan 11 og 14. Dagskráin hefst með leik Skólahljómsveitar Austurbæjar.

Skólinn var settur í fyrsta sinn 14. nóvember 1952. Skólabyggingin sem húsameistararnir Einar Sveinsson og Gunnar Ólafsson teiknuðu þótti öll hin glæsilegasta. Stofurnar voru í mismunandi litum og húsgögn voru hönnuð í samræmi við það besta sem þekktist erlendis á þeim tíma. Síðan hefur fjórum sinnum verið byggt við skólann.

Fyrsta veturinn voru 676 nemendur í skólanum en þegar mest lét voru þeir 1.190, skólaárið 1958 til 1959. Miðað var við að 30 nemendur væru í hverjum bekk og kennt var alla daga vikunnar nema á sunnudögum. Í dag eru nemendur skólans 574 talsins.

Á afmælishátíðinni í dag sýna nemendur afrakstur þemavinnu um sögu skólans og gefa innsýn í skólastarfið fyrr og nú. Fyrrum nemendur og starfsmenn, foreldrar og aðrir velunnarar skólans eru velkomnir.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

HALLGRÍMUR V. MARINÓSSON
Hellisgötu 1, Hafnarfirði,

lést á krabbameinsdeild 11E Landspítalanum við Hringbraut þann 25. september sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju föstudaginn 5. október kl. 13.00.

Arndís K. Sigurbjörnsdóttir
Margrét Hallgrímsdóttir
Sigurbjörg Hallgrímsdóttir **Kristján Jónsson**
Kristín Hallgrímsdóttir **Birgir Björnsson**
Katrín Kristín Hallgrímsdóttir
og barnabörn.

†

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og tengdasonur,

EINAR RAFN INGVALDSSON
Vesturtúni 57, Álftanesi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 24. september. Útför hans fer fram frá Vídalínskirkju mánudaginn 8. október kl. 13.00.

Katrín Jónína Gunnarsdóttir
Ingvaldur Þór Einarsson **Brynja Blanda Brynleifsdóttir**
Ari Rafn Einarsson
Rakel Einarsdóttir
Maríanna Björg og Einar Helgi Ingvaldsbörn
Guðrún Halldórsdóttir

Stillanleg heilsurúm!

Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Tilboðsdagar í september!

12 mánaða vaxtalaus lán á stillanlegum rúmum*

* 3,5% lántökugjald

TEMPUR WARRANTY 15 YEARS LIMITED WARRANTY MATTRESSES

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

EINA DÝNAN OG KODDINN SEM VIÐURKENND ERU AF NASA OG VOTTUÐ AF GEIMFERÐASTOFNUNINNI

Stillanlegt og þægilegt!

Charlotte Julien Dream your world™

Upplifðu þægindi, upplifðu stuðning, upplifðu TEMPUR®

Þegur þú sefur á TEMPUR heilsudýnu, hvílast hryggur og liðir í sinni náttúrulegu stöðu. Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er og með öðrum færðu nudd. Vaknaðu upp endurnærð(ur) og tilbúin(n) í átök dagsins.

ÁÐEINS FRÁ TEMPUR® VIÐURKENNT TEMPUR EFNI

Þráðlaus fjarstýring



- LED-vasaljós
- Klukka
- Vekjaraklukka
- Upp/niður höfðalag
- Upp/niður fótasvæði
- Rúm í flata stöðu
- 3 minni
- Nudd
- Bylgjunudd

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

SEPT.-TILBOÐ Kr. 578.550,-

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

Þú elskar að vakna á Tempur heilsurúmi!

Tempur® Cloud heilsurúm 180 x 200 cm

TILBOÐ Kr. 379.800,-

Verð áður 469.800,-

180 x 200 cm Dýna, botn og lappir

90.000 kr. afsláttur í sept.

TEMPUR DÝNUR OG KODDAR

Lingen svefnsófi

TILBOÐ AÐEINS Kr. 99.000,-

Verð áður 123.750,-

20% afsláttur í sept.

Góð svampdýna
Breidd: 200 cm
Dýpt: 120 cm

www.betrabak.is

Betra BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

OKKAR LÁGA

79.990
~~99.990~~
15,6"

acer

Acer Aspire 5749G-2354G
Intel Core i3 2350M SandyBridge örgjörvi sem er öflugri en eldri gerðir með endurbættri Intel HD3000 skjástýringu. 500GB harður diskur.

119.990
~~139.990~~
15,6"

TOSHIBA

Toshiba L855D-104
Nýjasti og besti fjögurra kjarna AMD örgjörvinn 3.2 GHz A10-4600M. Mjög hraðvirk með 8GB 1600MHz DDR3 minni og AMD HD7660G DX11 skjákjarni fyrir öfluga grafíkvinnslu og leiki. Risastór 750GB harður diskur.

TEXTI OG VERÐ ERU BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR

acer

ACER AM3581T32364G34
Allt að 8 klst. rafhlöðuending. Flott hönnuð, örþunn og mjög meðfærileg. Kemur með Intel Core i3 örgjörva. 4GB vinnsluminni og 320GB harður diskur.

119.990
~~139.990~~
15,6"

109.990
~~129.990~~
15,6"

ASUS

ASUS K53E-SX1261V
3.1GHz Turbo Intel Dual Core i5 örgjörvi, 4Gb DDR3 1333MHz minni, 500GB hljóðlátur harðdiskur, 15.6" WXGA LED skjár, USB 2.0 og USB 3.0, VGA, HDMI, kortalesari, Intel HD 3000 skjákort, Windows 7 Home Premium 64-BIT.

KOMDU UM HELGINA OG SKOÐAÐU ÖLL DÚNDURTILBOÐIN Í SJÓNVÖRPUM,

0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !

Aðeins 3% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði

MAX VERÐ+

-20.000 AFSLÁTTUR

AF 6 VINSÆLUM FARTÖLVUM UM HELGINA

acer

ACER AV5-17132366G50
Silfruð og öflug fartölva með Intel Core i3 örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 500GB hörðum diski. USB3 tengi fyrir margfaldan flutningshraða á gögnum og HDMI fyrir bestu hljóm- og myndgæði.

TOSHIBA

Toshiba SAT L850-14J
Kemur með Ivy Bridge Intel Core i5 3210M örgjörva og AMD Radeon HD7670M skjákorti með 1GB minni. 4GB 1600 MHz DDR3 minni og 640GB harður diskur.

MAX ER RISA RAFTÆKJAMARKAÐUR Í KAUPTÚNI Í GARÐABÆ. 2.000 FERMETRAR STÚTFULLIR AF SJÓNVÖRPUM, HEIMILISTÆKJUM, TÖLVUM OG RAFTÆKJUM FYRIR HEIMILIÐ Á LÆGRA VERÐI !

ÞVOTTAVÉLUM OG ÖÐRUM RAFTÆKJUM.

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

MAX Kauptúni 1 - Garðabæ
Sími 412 2200 - www.max.is

BEINT Á MÓTI IKEA

krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is



3D **DISNEY** ætlar á árinu að senda valdar Pixar-myndir aftur í bíó og það í þrívídd. Fyrsta kvikmyndin í væntanlegri myndaröð er Leitin að Nemó og hefjast sýningar á henni nú um helgina.

Konráð og félagar á ferð og flugi

11

Teikningar og texti Bragi Halldórsson

Á himninum sáu þau hóp af fuglum á flugi en þeir voru svo langt í burtu að þeir voru bara sem svartir skuggar að sjá. „Skyldu einhverjir af þessum skuggum vera alveg eins?" spurði Konráð. „Ég skal!" gall í Róberti. „Ég er með svo góða sjón." Hann rýndi með hauk-fránum augum á fugla-hópinn. „Búinn að sjá þetta, tveir eru alveg eins, en ég segi ykkur ekki hverjir, þið verðið að leysa þetta sjálf." Það urraði reiðilega í Kötu en hún sagði ekki neitt, heldur rýndi hún í fuglahópinn. Hún skyldi sjá hverjir væru eins og láta Róbert ekki komast upp með þetta mont.

Getur þú séð hvaða tveir fuglar eru alveg eins?

HEILABROT

1. Hvað er það sem gengur án afláts en kemst aldrei til dyra?
2. Kringlótt eins og kaka, svört eins og moldin en með langt skott. Hvað er það?
3. Í hvaða mánuði borða menn minnst?
4. Hvað eru mörg manna- og bæjarnöfn á vasahníf?

Svör

1: Klukkan. 2: Steikarpanna. 3: Febrúar, hann er stystur. 4: Oddur, Hjalti, Skafti, Bakki, Kinn, Egg.

Þú getur sent gátur til **krakkar@frettabladid.is**

BRÆÐUR Adrians Sölva, þeir Valens Torfi og Emilien Kári, hafa gaman af bókum bróður síns. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MYNDIRNAR KOMA BARA AF SJÁLFU SÉR

Þegar Adrian Sölvi var tólf ára gaf hann út sína fyrstu bók sem hann setti upp í tölvunni með eigin sögu og myndum. Nú er hann fimmtán ára og bækurnar orðnar þrjár, Grái Litli, Ertu svona lítill og Hvað varð um húsið.

Nafn og aldur: „Ég heiti Adrian Sölvi Ingimundarson og er 15 ára."

Er einhver saga á bak við Adrian nafnið? „Mamma mín er frönsk og því er fyrra nafnið franskt og seinna rammíslenskt."

Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir að skrifa sögur? „Ég var 12 ára þegar ég gerði fyrstu söguna mína."

Hvernig kom það til að þú fórst að skrifa bækur? „Ég var held ég svona 10 ára þegar ég reyndi að gera mína fyrstu bók sem var þá reyndar einungis teiknuð og átti að vera teiknimyndasaga, en það varð aldrei neitt úr því vegna þess að ég var svo óánægður með myndirnar."

Hvernig datt þér í hug að gera klippimyndir? „Það kom franskur maður hingað til Íslands sem var að lesa upp úr sögum sem hann hafði búið til og ég var beðinn um að koma til þess að þýða yfir á íslensku fyrir krakkana á leikskólanum. Í þeirri ferð kynntist ég þessari nýju aðferð við að búa til klippimyndir."

Gerir þú myndirnar með skærum eða í tölvunni? „Ég þróaði mína aðferð við að búa til klippimyndir og nota aðeins pappír sem ég klippi og límir hvern ofan á annan."

Ertu mikið í tölvu? „Nei ég er ekki mikill tölvukall en kann samt smá á þær. Auðvitað lærði ég heilmikið við að setja bækurnar upp í tölvunni.

Lestu mikið sjálfur? „Þegar ég var yngri las ég á hverju kvöldi en núna er það meira lestur fyrir skólann."

Er erfitt að fá hugmyndir í sögurnar? „Þegar ég er að búa til bækurnar þá er í rauninni erfiðast að klára verkefnið til enda, því það er ekki erfitt að fá góðar hugmyndir en það er erfiðara að framkvæma þær og ljúka.

„Veistu alltaf hvernig myndir passa við? „Þegar ég er að búa til sögurnar þá þarf ég ekkert að hugsa mig um hvernig myndirnar eiga að vera, þær koma bara af sjálfu sér þegar ég er búinn að skrifa söguna."

Er dýrt að gefa út svona bækur? „Auðvitað er dýrt að gefa út bækur en ef maður er nógu duglegur við að selja þær þá er hægt að borga prentunina og kannski hagnast smá á þeim."

Hvar selur þú þær? „Ég hef verið að selja þær á útimörkuðum fyrir jólin og svo voru þær í Pennanum."

Eru ritstörf aðaláhugamálið þitt eða áttu fleiri? Ég æfi júdó á fullu og er einnig í fjallabruni (e. downhill)."

Ætlarðu að halda áfram að verða rithöfundur? „Ég stefni kannski ekki á að verða rithöfundur í framtíðinni en ég væri til í að fá bókaútgefanda til að hjálpa mér við útgáfu á fleiri bókum."

- gun

Þekkir þú Mary Poppins?

Mary Poppins er ein vinsælasta barnabókahetja sögunnar og hún er enn að safna nýjum aðdáendum. Bækurnar um hana njóta stöðugra vinsælda, kvikmynd hefur verið gerð eftir sögunum og eftir áramótin verður leikritið um hana sýnt í Borgarleikhúsinu. Þess vegna er tilvalið að lesa sögurnar fyrst. En um hvað eru þessar bækur og hver er eiginlega Mary Poppins?

Svona byrjar þetta allt saman: Í Kirsuberjagötu búa fyrirmyndarhjónin Banks með tveimur börnum sínum. Þau eru í vandræðum því enn ein barnfóstran hefur gefist upp á óþekktinni í krökkunum tveimur, Jane og Michael. Eitt síðkvöldið þegar austanvindurinn blæs birtist skyndilega vel klædd og ofurlítið kuldaleg kona með regnhlíf á tröppunum hjá Banks-fjölskyldunni og sækir um barnfóstrustarfið. Hér er komin Mary Poppins sjálf, skemmtilegasta og skrítnasta barnfóstra sem systkinin hafa kynnst.

Jane og Michael finna fljótt út að Mary Poppins er ólík öllum öðrum barnfóstrum og áður en varir lenda þau með henni í ótrúlegum ævintýrum, svo ekki sé meira sagt.

Mary Poppins minnir okkur á að það sem mestu máli skiptir er að vera maður sjálfur og njóta þess að vera ekki eins og allir aðrir. Sjálf er hún ekki dæmigerð að neinu leyti, hvorki sem barnfóstra, kennari, vinkona né kvenmaður.

GUNNAR NELSON

BERST VIÐ ÞÁ BESTU

LAUGARDAG KL. 17.55

SPORT HD

FYRSTI BARDAGI GUNNARS Í UFC

GUNNARSHÓLMI

NÝR ÞÁTTUR UM GUNNAR NELSON

KL. 13.05 Á STÖÐ 2 SPORT
OG KL. 17.20 Á SPORT 3

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Í SÍMA 512 5100 EÐA Á STOD2.IS

Iceland Express - lækkar verð
glo RESTAURANT
pepsi MAX
Gull

LOKAUMFERÐIN Í PEPSI DEILDINNI

LAUGARDAG KL. 13.45

Breiðablik - Stjarnan í beinni og sumarið gert upp í Pepsi-mörkunum

pepsi deildin

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

krossgáta



LÁRÉTT
2. klastur, **6.** í röð, **8.** ringulreið, **9.** umrót, **11.** hljóm, **12.** orðstír, **14.** mont, **16.** átt, **17.** eyða, **18.** hress, **20.** íþróttafélag, **21.** eggja.

LÓÐRÉTT
1. helminguð, **3.** stefna, **4.** kassabók, **5.** mak, **7.** þegn, **10.** haf, **13.** sódi, **15.** bakki, **16.** er, **19.** ónefndur.

LAUSN
LÁRÉTT: **2.** fúsk, **6.** áb, **8.** tíð, **9.** los, **11.** óm, **12.** frægð, **14.** grobb, **16.** sá, **17.** sóa, **18.** erm, **20.** kr, **21.** mana.
LÓÐRÉTT: **1.** hálf, **3.** út, **4.** sjóðbók, **5.** kám, **7.** borgara, **10.** sær, **13.** gos, **15.** barð, **16.** sem, **19.** nn.

Íslendingar eru klikk

BAKÞANKAR
Brynhildar Björnsdóttur

Árið er fjögur eftir hrun. Öll Evrópa er komin undir einn hatt…, æ, afsakið öll. Ein lítil eyja á hjara veraldar unir enn farsæl, fróð og frjáls við ysta haf. Eyjarskeggjar eru eins misjafnir og þeir eru margir, eins og gerist með þjóðir en þeir búa yfir leynivopni sem gerir þá alveg ósigrandi. Þeir eru nefnilega klikk!

FYRST til að benda á þetta var áhugaatferlisfræðingurinn, ferða- og fjölmiðlakonan Sarah Wilson, sem heimsótti eyjuna í tíu daga og skrifaði grein um upplifun sína undir yfirskriftinni „Icelanders are kooky“, Íslendingar eru klikk! Hún tekur reyndar skýrt fram að allt sé klikkið mjög jákvætt, og felist í að vera skemmtilega „öðruvísi“. Sarah er reyndar frá Ástralíu og hvað henni finnst vera „eins“ er ekki alveg ljóst. Það sem er ljóst er að henni finnst við Íslendingar vera yndislegir, spennandi og, já, klikk. Eins og raunar flestum útlendingum sem hingað koma.

SARAH féll fyrir landi og lýð þrátt fyrir að finnast norðurslóðir og hitastigið þar alveg kapítuli út af fyrir sig. Hún gekk meira að segja um á stuttbuxum, skjálfandi af kulda, af því að eyjarskeggjar sögðu henni að það væri sumar og henni fannst ókurteislegt að rengja þá. Enda mjög klikkað að tala um sumar þegar hitastigið er ekki nema ellefu gráður.

YNDISLEGA klikk! Dansandi börn og djasshljómsveitir á hverju götuhorni. Ungir íslenskir karlmenn heilluðu hana með klæðaburði sínum, prjónaskap og opinni og blíðlegri framkomu. Kímnigáfan fannst henni skemmtileg, þurr og sjálfshæðin. Ýmsar staðreyndir um staðhætti vöktu athygli hennar, til dæmis að hundar og bjór skyldu hafa verið bannaðir í Reykjavík þangað til seint á síðustu öld. Íslendingarnir eru, samkvæmt henni, listrænir, furðulegir, elska kók og ógeðslegan skyndibita, smart, þó þeir klæði sig eins og þeir hafi búið fötin til sjálfir, gestrisnir og fara í prjónagöngur með álfum… alveg satt. Rosalega skemmtilega klikkað!

EFTIR að hafa lesið grein Söru Wilson finnst manni næstum synd að hún skyldi ekki vera hérna lengur, til dæmis í þessari viku. Hversu klikk er það til dæmis að einn ríkisstarfsmaður er tíu tíma að vinna sér inn mánaðarlaun annars ríkisstarfsmanns, annar embættismaður kaupir í krafti starfs síns stórgallað bókhaldskerfi af bróður sínum fyrir sömu upphæð og nægir til að endurnýja nauðsynleg krabbameinslækningatæki? Og þetta er bara þessi vika!

SARAH Wilson skýrir þetta reyndar allt saman með tilvitnun í Litlu-Íslendingabók: „Íslendingar eru Suður-Evrópuþjóð Norður-Evrópu.“ Sem sagt Rómverjar. Sem eins og allir vita eru klikk!

myndasögur

Pondus
Eftir Frode Øverli

Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið
Eftir Tony Lopes

Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





HAUSTIÐ 2012

Taktu þátt í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins um haustið. Sendu inn mynd sem tengist haustinu með einum eða öðrum hætti og þú gætir unnið 22" Philips LED sjónvarp.

Skilafrestur á myndunum er til hádegis þann 3. október. Vinningsmyndin verður á forsíðu Fréttablaðsins þann 6. október en vinningshafi fær að auki 22" Philips LED sjónvarp frá Heimilistækjum. Leikhúsmiðar fyrir tvo í Borgarleikhúsið koma í hlut annars og þriðja sætis.

Sendu inn mynd á ljosmyndakeppni@frettabladid.is

Heimilistæki ht.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Prófaðu nýju
Ora súpurnar

Nú færðu þrjár nýjar tegundir af vinsælu Ora súpunum í næstu verslun. Prófaðu íslenska kjötsúpu, gúllassúpu eða mexíkóska súpu og bjóddu bragðlaukunum upp á sann-kallaða veislu.
Vörurnar frá Ora endurspegla sanna ástríðu íslenskri matargerð og hafa verið ómissandi á íslenskum heimilum í 60 ár.

Prófaðu ljúffenga og matarmiklar súpur sem nú fást nú í næstu verslun. Íslensk framleiðsla úr hágæða íslensku hráefni.

Íslensk kjötsúpa
Ekta íslensk kjötsúpa sem fæst í næstu verslun.

Mexíkósk súpa
Kitlaðu bragðlaukana og prófaðu nýja mexíkóska súpu með kjúklingi.

Gúllassúpa
Prófaðu bragðgóða og matarmikla Ora gúllas-súpu í næstu verslun.

Skoðaðu ora.is

Fylgstu með á Facebook

Skoðaðu tilboðin, uppskriftirnar og fróðleikinn á afmælisárinu á ora.is. Taktu þátt í afmælisleiknum á Facebook.

ÁSTRÍÐA Í MATARGERÐ
60
Ora í sextíu ár
1952 - 2012

ora

Mundu eftir 60 ára afmæli Ora

HOMO ISLANDICUS Málþing verður í Listasafni Íslands í dag milli ellefu og eitt í tengslum við sýningu Ólafar Nordal, Musée Islandique . Málþingið er haldið í samstarfi við Háskóla Íslands.

SKYGGNST INN Í HLJÓÐHEIM 17. ALDARINNAR

Halla Steinunn Stefánsdóttir, listrænn stjórnandi kammerhópsins Nordic Affect, ætlar að upplýsa gesti á tónleikum hópsins á morgun um tónlistarlíf London á 17. öld sem hún segir hafa verið æði litríkt.

Tónleikar Nordic Affect, sem haldnir verða í Þjóðmenningarhúsinu á morgun, eru þeir fyrstu í vetrartónleikaröð hópsins. Að þessu sinni verður sjónum beint að enskri sautjándu aldar tónlist. „Við förum með tónleikagesti til London sautjándu aldarinnar en þá ríkti þar afar skemmtilegt tímabil í tónlistinni. Karl II konungur var snúinn aftur úr útlegð og með honum lifnaði yfir tónlistarlífi borgarinnar sem hafði látið á sjá undir siðavandri stjórn Cromwell. Karl hafði dvalið við frönsku hirðina í útlegð sinni og vildi ólmur hafa sína hirð eins og þá frönsku. Það þýddi meðal annars blómlegt tónlistarlíf," segir Halla Steinunn Stefánsdóttir fiðluleikari og listrænn stjórnandi Nordic Affect.

„Við ætlum að flytja margvíslega tónlist frá tímabilinu, allt frá slögurum sem fluttir voru á pöbbum, lögum sem leikin voru á heimilum og yfir í dásemdartónlist eftir Purcell, sem er þekktasta tónskáld tímans."

Halla Steinunn, sem einnig er þekkt fyrir tónlistarþætti sína á Rás eitt sem fjalla um tónlist fyrri alda, Girni, grúsk og gloríur, segir frá bakgrunni verkanna á tónleikunum. „Ég segi frá bæði til að kynna tónlistina og setja í samhengi. Mér þykir mjög áhugavert að velta fyrir mér úr hvaða jarðvegi tónlist sprettur, það eykur skilning á tónlistinni. Ég geri það á þessum tónleikum meðal annars með því að glugga í dagbók Pepys sem dvaldi við bresku hirðina á 17. öld. Dagbókin hans hefur varðveist og gefur góða innsýn inn í þann heim."

Ásamt Höllu Steinunni munu þær Sara DeCorso fiðluleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari koma fram á tónleikunum. Þær eru allar með menntun í sagnfræðilegum hljóðfæraleik og því á heimavelli í barokktónlistinni. „Við höfum flutt töluvert af tónlist sem hefur aldrei áður hljómað hér á landi. En Nordic Affect spilar þó ekki bara barokktónlist heldur höfum við líka gert mikið af því að frumflytja verk tónskálda," segir Halla Steinunn að lokum.

> Mér þykir mjög áhugavert að velta fyrir mér úr hvaða jarðvegi tónlist sprettur.
>
> **HALLA STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR**
> NORDIC AFFECT

Tónleikarnir hefjast klukkan fjögur.

sigridur@frettabladid.is

NORDIC AFFECT Halla Steinunn Stefánsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Sara DeCorso koma fram á tónleikum í Þjóðmenningarhúsinu á morgun klukkan fjögur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

TÓNLEIKARÖÐ OG GEISLADISKUR Í BÍGERÐ

Tónleikarnir á morgun er þeir fyrstu í hinni föstu vetrartónleikaröð Nordic Affect í Þjóðmenningarhúsinu. Á næstu tónleikum sem fara fram í nóvember verður meðal annars frumflutt ný tónsmíð eftir Guðmund Stein Gunnarsson. Tónleikarnir eru styrktir af Tónlistarsjóði Menntamálaráðuneytisins og Menningarsjóði Reykjavíkurborgar. Kammerhópurinn Nordic Affect hefur verið starfræktur frá árinu 2005 og hefur á tónleikum sínum flutt allt frá danstónlist 17. aldar til hinnar spennandi raftónlistar okkar tíma og hafa geisladiskar með leik þeirra hlotið Kraumsverðlaunin og Íslensku tónlistarverðlaunin. Meðal verkefna hópsins á næstunni auk tónleikahalds er hljóðritun á nýjum geisladiski með verkum eftir íslensk kventónskáld sem styrktur er af Menningarsjóði Hlaðvarpans.

Galleri Fold í 20 ár 1992–2012
uppboð.is
Keramikuppboð
22. september – 1. október
Bókauppboð
15. – 30. september
Myndlistaruppboð
29. september – 10. október

Listmunauppboð
mánudaginn 8. október
Síðustu forvöð til að koma verkum á uppboðið er mánudagurinn 1. október.
LISTMUNASALA fold
Opið virka daga 10–18, laugard. kl. 11–14, sunnud. lokað
Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

Miðasala í Hörpu og á www.harpa.is - sími 528 5050 - midasala@harpa.is

Miðasala er hafin í Hörpu, s. 528 5050, www.harpa.is og á miði.is

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

UNGSVEIT
Sinfóníuhljómsveitar Íslands
SUN. 30.09.12 » 14:00
Ferð um óravíddir himingeimsins
Baldur Brönnimann _ *hljómsveitarstjóri*
Gustav Holst _ *Plánetunar*
Námsmenn fá 50% afslátt af miðaverði
www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í anddyri Hörpu » Opið 10-18 virka daga og 12-18 um helgar

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

VERÐHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-19 ALLA DAGA**

1.000 TITLAR UNDIR 1.000 KR.

MIKIÐ ÚRVAL HLJÓÐBÓKA!

ALDREI MEIRA ÚRVAL!

ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



~~19.900,-~~
4.990,-



~~2.480,-~~
990,-

~~18.900,-~~
7.900,-

~~2.699,-~~
1.490,-

~~3.990,-~~
990,-

~~18.900,-~~
9.900,-

~~5.990,-~~
990,-

~~5.990,-~~
2.990,-

~~3.990,-~~
1.990,-



~~2.490,-~~
690,-

~~5.990,-~~
2.990,-

~~3.990,-~~
990,-

FÁGÆTAR BARNABÆKUR – ALDREI ÁÐUR Á BÓKAMARKAÐI!

Sælan í eldhúsinu hjá ömmu

Bækur ★★★☆☆

Eldhús ömmu Rún

Sigmundur Ernir Rúnarsson

Uppheimar

Sigmundur Ernir Rúnarsson hefur nú gefið út níu ljóðabækur. Sú fyrsta, Kringumstæður, kom út þegar hann var innan við tvítugt, en síðan hefur mislangt liðið á milli bóka. Á bókarkápu stendur að titillinn á Eldhúsi ömmu Rún sé ekki í eignarfalli af virðingu við ömmur höfundarins, þær Sigrúnu og Guðrúnu. Sennilega þýðir það að Sigmundur vilji leyfa konum að eiga sig sjálfar og er það vel. Afar koma líka mikið við sögu í ljóðunum, en það breytir ekki því að eldhúsin voru yfirráðasvæði kvenna, enda voru þær „húsmæður af sígildum skóla tryggðar og trúar“ .

Og jú, titillinn gefur góða hugmynd um efni bókarinnar. Flest ljóðin eru bernskuminningar úr eldhúsum, þar sem matarlegt öryggi ríkir og amma og afi eru þar til staðar fyrir drenginn sinn. Líklega geta flestir lesendur mátað sínar minningar við ljóðin og a.m.k. gat þessi lesandi hér fundið hlýjuna úr eldhúsi sinnar eigin ömmu.

Ég gruflaði í áferð fingranna á meðan hún stagaði í sokka, dag eftir dag. Hennar voru lúðir, en mínir sléttir einsog nýskrældar kartöflur úr köldu geymslunni undir brún.
Yfir hægum rómi útvarpssögunnar átum við saman sveskjur úr sinnepslitaða tinbauknum á meðan sokkarnir fengu meina sinna bót. (35)

Ástin og indæl fortíðarþráin skína alls staðar í gegn. Enn fremur eru mörg ljóðanna spaugileg og skemmta:

Ef það var grautur í hádegismatinn hafði afi þann sið að taka út úr sér tennurnar. Báða gómana geymdi hann í glasi á borðinu, en sötraði svo vellinginn með innföllnum vörunum. Amma hafði af þessu ama, en sagði aldrei orð.
Og sjálfum fannst mér það aldrei sérstaklega matarlegt að sjá brosið í glasinu. (36)

Orðanotkun er æði fornleg og á köflum eilítil tilgerð í stílnum, þó ekki sé það stór galli á verkinu. Til dæmis er talað um ljóra, verelsi, grýtur og bolsíur – og fáeinum orðum þurfti ég að fletta upp. Þetta skýrist vitaskuld af því að ömmurnar sem fjallað er um voru fæddar um aldamótin 1900 og tungutak þeirra hefur augljóslega haft mótandi áhrif á höfundinn og ljóðin.

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

Niðurstaða: Falleg ljóð, skrifuð af ljúfri fortíðarþrá og augljósri væntumþykju höfundar í garð þeirra sem fjallað er um.

KAUPTU FJÓRAR
& FÁÐU SEX FERNUR

NÝTT! NÚ FÆST HLEÐSLA LÍKA
MEÐ SÚKKULAÐIBRAGÐI.

HOLL OG UPPBYGGILEG NÆRING EFTIR GÓÐA ÆFINGU.
HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURÓÞOL.

HLEÐSLA ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA PRÓTEIN

LÍNA EÐA PIPPA? Brynhildur Björnsdóttir spyr hvers vegna sum nöfn eru þýdd í barnabókum en önnur ekki.

Þýddar barnabækur í öndvegi

Bandalag þýðenda og túlka (ÞOT) heldur alþjóðadag þýðenda hátíðlegan á sunnudag með málþingi um þýðingar á barnabókum.

Þrír mætir barnabókavinir halda erindi: Þorleifur Hauksson ræðir Bróðir minn Ljónshjarta eftir Astrid Lindgren og tæpir á sérkennum hennar miðað við aðrar bækur höfundar. Að auki verður vikið að vettvangi barnabóka á Íslandi á áttunda áratug liðinnar aldar þegar sagan kom út í íslenskri þýðingu. Í erindinu Pippí langstrumpur og Haraldur Potsson veltir Brynhildur Björnsdóttir því fyrir sér hvers vegna sum nöfn eru þýdd og önnur ekki í barnabókum. Þórarinn Leifsson, fjallar um Ole Lund Kirkegaard, höfund Gúmmí Tarsans, Góða dátann Svejk og Nonnabækurnar.

Málþingið er haldið á efri hæðinni í Iðnó frá klukkan 15 til 17. Aðgangur er ókeypis og eru allir unnendur góðra bóka og þýðinga hvattir til að mæta.

STÓRSVEIT REYKJAVÍKUR

Stórsveitin og Lars Jansson

Stórsveit Reykjavíkur heldur tónleika ásamt sænska píanóleikaranum Lars Jansson í Kaldalónssal Hörpu á sunnudag klukkan 16.

Jansson, sem er í hópi fremstu djasstónlistarmanna Svía, stýrir sveitinni í heilli dagskrá eigin verka, auk þess að leika á píanó.

Þetta verða aðrir tónleikar Stórsveitar Reykjavíkur í Hörpu eftir að hún flutti inn í húsið en hún lék tónlist Glenn Gould fyrir fullum Eldborgarsal á Jazzhátíð Reykjavíkur á dögunum.

Almennt miðaverð á tónleikana er 2.500 krónur en afsláttur er fyrir nemendur og eldri borgara.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Laugardagur 29. september

Fundir

10.30 Almennur félagsfundur hjá Framsóknarfélagi Reykjavíkur verður haldinn í Framsóknarhúsinu að Hverfisgötu 33. Gestir fundarinns verða þau Sigmundur Davíð Gunnlaugsson formaður Framsóknar og Vigdís Hauksdóttir alþingismaður.

Sýningar

16.00 Sýning Heiðrúnar Kristjánsdóttur, Kjölfesta, verður opnuð í Reykjavík Art Gallery, Skúlagötu 30.

Hátíðir

14.00 Reykjavík International Film Festival er fullu fjöri í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á heimasíðunni http://riff.is/schedule.

Uppákomur

20.00 Haldið verður sundbíó í Laugardalslaug í tilefni af Reykjavík International Film Festival. Sýnd verður hin klassíska ævintýramynd Aftur til framtíðar (e. Back to the Future).

Málþing

11.00 Málþing í tengslum við sýninguna Musée Islandique; Ólöf Nordal verður haldin í Listasafni Íslands. Málþingið er í samstarfi við Háskóla Íslands á sviði mannfræði og listfræði.

Tónlist

22.00 Kristjana Arngrímsdóttir, Örn Eldjárn og Jón Rafnsson bjóða upp á notalega kvöldstund á Café Rosenberg. Rómantískar ballöður og heitir tangóar. Aðgangseyrir er kr. 2.000 og enginn posi er á staðnum.

23.00 Ingvar Grétarsson skemmtir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Sunnudagur 30. september

Félagsvist

14.00 Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

19.00 Bridge tvímenningur verður spilaður í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14. Allir velkomnir.

Sýningar

14.00 Möguleikhúsið sýnir barnaleiksýninguna Ástarsaga úr fjöllunum í menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Sýningin er ætluð börnum á aldrinum 2ja til 9 ára og miðaverð er kr. 2.200.

Hátíðir

14.00 Reykjavík International Film Festival er fullu fjöri í Reykjavík. Dagskrá má nálgast á heimasíðunni http://riff.is/schedule.

Uppákomur

20.00 Biskup Íslands, frú Agnes M. Sigurðardóttir, prédikar í fyrstu Tómasarmessu haustsins í Breiðholtskirkju í Mjódd. Þema messunnar er Fylg þú mér. Tómasarmessur einkennast af fjölbreyttum söng og tónlist.

Dansleikir

20.00 Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík verður haldinn að Stangarhyl 4. Danshljómsveitin Klassík leikur létta danstónlist. Aðgangseyrir fyrir félaga FEB er kr. 1.500 og fyrir aðra kr. 1.800.

Málþing

14.00 Forvörður, jarðfræðingur og listamenn leiða saman hesta sína á málþingi sem helgað er sýningunni Hreyfing augnabliksins sem nú stendur yfir í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur.

Tónlist

16.00 Andrea Jónsdóttir leikur tónlist af plötum á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Kammerhópurinn Nordic Affect stígur á stokk í bókasal Þjóðmenningarhússins undir yfirskriftinni London brennur. Miðaverð er kr. 2.000 en kr. 1.000 fyrir námsmenn og eldri borgara.

Leiðsögn

15.00 Sigrún Ó. Einarsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna Heitt gler í 30 ár í Listasafni Kópavogs, Gerðarsafni.

Listamannaspjall

15.00 Hafnarborg býður upp á listamannsspjall með Katrínu Elvarsdóttur ljósmyndara. Hún ræðir við gesti um verk sín á sýningunni SKIA.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

TRÖLLAUKIN ÁSTARSAGA Möguleikhúsið sýnir aftur barnaleiksýninguna Ástarsaga úr fjöllunum í menningarmiðstöðinni Gerðubergi en verkið byggir á samnefndri og sígildri bók Guðrúnar Helgadóttur og Brians Pilkington.

2 SINNUM hefur Kanye West sýnt fatalínu sína á tískuvikunni í París en eftir blendnar móttökur tískuspekinga og viðskiptavina virðist West hafa gefið þennan draum upp á bátinn og sýnir ekki nýja fatalínu í ár.

Af afrískum uppruna

TÍSKA Keija Minor er nýr ritstjóri tímaritsins Brides og er þar með fyrsti ritstjóri útgáfufyrirtækisins Conde Nast af afrískum uppruna. Conde Nast gefur út tímarit á borð við Vogue, W, GQ, Vanity Fair, The New Yorker og WWD ásamt því að halda úti vefsíðunni Style.com. Minor hefur einnig starfað sem ritstjóri Gotham Magazine og Los Angeles Confidential.

SPENNT Keija Minor tekur við sem ritstýra Brides. NORDICPHOTOS/GETTY



VINSKAPUR EINHLEYPRA

Einhleypingar á öllum aldri eiga það til að finnast þeir vera þriðja hjól í vagni innan um vini sína sem eru jafnvel allir í samböndum. Félögin Sóló og París eru skemmtilegur vettvangur fyrir einhleypa til að koma saman með öðrum í sömu stöðu og mynda vináttubönd.

VINÁTTA Klúbbarnir Sóló og París eru til þess fallnir að veita einhleypum félagsskap til að gera ýmislegt sem pör gera yfirleitt saman. NORDICPHOTOS/AFP

„Fólk upplifir oft höfnun úr hjónasamfélaginu þegar það verður eitt eftir til dæmis makamissi eða skilnað. Við viljum gefa því tækifæri til að eignast vini til að gera hluti með, hluti sem fólk í samböndum gerir venjulega saman,“ segir Guðrún Bjarnadóttir, meðlimur í París, félagi einhleypra.

París var stofnað árið 2003 og eru meðlimir um sjötíu talsins. Félagið er fyrir fólk frá miðjum aldri og upp úr og er markmið þess að veita félagsskap og stuðla að vináttu. „Þetta er ekki stefnumótaþjónusta, þótt það komi að sjálfsögðu fyrir að fólk kynnist á þann hátt þarna eins og hvar annars staðar,“ segir Guðrún.

Sólóklúbburinn er svipað félag, en fyrir yngra fólk og markhópur þess er aldurinn frá þrítugu til fimmtugs. Klúbburinn var stofnaður árið 2007 og hafa á milli 700 og 800 meðlimir verið í félaginu frá stofnun segir Stefán H. Jóhannesson, meðlimur og einn stofnenda.

„Þar sem það er skilyrði að fólk sé einhleypt til að vera í félaginu er það auðvitað þess eðlis að fólk kemur og fer,“ segir Stefán og bætir við að mörg pör hafi orðið til innan Sólóklúbbsins, þó hann sé ekki stefnumótaklúbbur frekar en Parísarklúbburinn. „Auðvitað gerist það. Það er bara eðlilegt og skemmtilegt þegar fólk kynnist í svona venjulegu umhverfi en ekki ölvað á djamminu,“ segir hann.

> Þar sem það er skilyrði að fólk sé einhleypt til að vera í félaginu er það auðvitað þess eðlis að fólk kemur og fer
>
> **STEFÁN H. JÓHANNESSON**
> MEÐLIMUR SÓLÓ

Bæði París og Sóló bjóða upp á fjölda skemmtilegra viðburða í viku hverri, auk þess sem félögin starfrækja lokaðar heimasíður þar sem fólk getur leitað eftir félaga til gera ýmislegt með, til að mynda að sækja ákveðnar leiksýningar sem það langar til að sjá.

Kynjahlutföll eru körlum í óhag í báðum félögum en Stefán segir karlana þó vera hlutfallslega virkari. „Þó karlmenn skipi ekki nema um þrjátíu prósent hópsins eru hlutföllin örugglega nær 40/60 þegar horft er til viðbragðanna því þeir eru svo duglegir að taka þátt,“ segir hann. - trs

EINNIG HÆGT AÐ FINNA ÁSTINA Á NETINU

Þótt skilgreint hlutverk bæði Sóló og París sé ekki að leiða fólk saman í rómantískum tilgangi eru þó feikimargar síður til á netinu sem freista þess að gera einmitt það. Síður eins og einkamal.is hafa verið vinsælar í lengri tíma og með tilkomu Facebook hefur ástarleitin aldrei verið fjölbreyttari. „Mér er mikið í mun um að eyða þessari spéhræðslu varðandi það að vera meðlimur inni á svona síðu. Þetta er bara venjulegt fólk sem langar að kynnast fólki en nennir ekki endilega að vera hangandi niðri miðbæ til að hitta einhvern og ekki bankar þetta upp á hjá manni,“ segir Drífa Björk Kristjánsdóttir sem stofnaði síðuna Síða fyrir einhleypa á Facebook fyrir tveimur árum. Fjölda annarra síðna í svipuðum dúr er að finna á Facebook og má þar meðal annars nefna Einhleypur Einhleyp, Ferðavinir einhleypra, Félagsvist fyrir einhleypa og Einhleypir þrítugir og yngri. Ekki má svo gleyma hinni frægu síðu Taggalicious.

Því er óhætt að segja að netið bjóði upp á hafsjó möguleika til að finna sér lífsförunaut, hvort sem er með vinskap í huga eða eitthvað meira en það.

Smokkakonan biðlar til þín

KYNLÍF Alþjóðlegi getnaðarvarnardagurinn var síðasta miðvikudag. Ég tók honum fagnandi. Ég fór snemma á fætur, fékk mér staðgóðan morgunmat og fyllti svo alla vasa af smokkum og lagði af stað út í fallegan daginn. Þetta er reyndar eitthvað sem ég geri á hverjum morgni því ég er smokkakonan. Þú last þetta rétt. Ég geng borgina endilanga með úttroðna vasa af smokkum frá Durex og rétti gestum og gangandi. Og það alveg ókeypis. Sumum kann að þykja ég skrýtin en það er nú ekki ný upplifun fyrir mér. Ég hef stærri hnöppum að hneppa en að velta mér upp úr áliti annarra. Ég er að breiða út fagnaðarerindið sem smokkar eru. Smokkar eru okkar eina vörn gegn kynsjúkdómum og getnaði. Í landi þar sem kunningsskapur stýrir líkindum á notkun verja og nærstum „allir“ hafa verið með „öllum“ þá er erindi mitt mjög mikilvægt. Við státum af alls kyns óeftirsóknarverðum kynlífsmetum, eins og meti í smiti kynsjúkdóma, slakri smokkanotkun og fjölda bólfélaga. Ég tel það því vera skyldu mína að auka sýnileika smokka og aðgengi þeirra.

Ég játa þó að til er Hr. Smokkur og þaðan fékk ég hugmyndina. Mechai Viravaidya er taílenskur snillingur sem tók það að sér smokkavæða samlanda sína. Hann vissi að til þess að hækka menntunarstigið og koma Taílandi upp úr fátækt þá yrði fjölskyldustærðin að minnka. Það gekk heldur ekki að foreldrar létust frá börnum sínum úr kynsjúkdómum. Hann tók til sinna ráða og kynfræddi og smokkavæddi landann. Þetta tókst svona glimrandi vel, fjölskyldustærð minnkaði og það dró markvisst úr kynsjúkdómum. Hann gerði eitt sem var sérstaklega sniðugt og það var að láta alla strætisvagnabílstjóra og löggreglumenn ganga með smokka á sér til gjaldfrjálsrar dreifingar. En frábær hugmynd!

TAKTU VIÐ SMOKKNUM Smokkar eru eina vörnin gegn kynsjúkdómum. Þiggðu einn slíkan frá Siggu Dögg næst þegar þú mætir henni á förnum vegi. NORDICPHOTOS/GETTY

Ekki hætta lestri hér og fletta blaðsíðunni, bíddu aðeins. Þú heldur kannski að dreifing á smokkum hvetji til kynlífs eða leiði til þess að börn taki þeim ekki eins alvarlega og þau ættu. En það hafa engar rannsóknir sýnt fram á að kynfræðsla auki líkur á að börn stundi kynlíf, heldur hið gagnstæða. Kynfræðsla seinkar kynlífi og gerir kynhegðun ábyrgari og eykur líkur á notkun verja þegar það hefst. Þá hafa Ástralir verið ákafir talsmenn þess að kynna smokkinn snemma fyrir börnum til að venja þau við hann og draga úr feimni og ótta. Smokkur er eitthvað sem ætti að vera til á öllum heimilum þar sem er barn á kynþroskaaldri. Stór krukka uppi í hillu inni á baði sem heimilismenn geta gengið í að vild. Á hana er svo reglulega fyllt svo ekki sé verið að fylgjast markvisst með notkun og draga (rangar) ályktanir um kynhegðun viðkomandi. Þegar við mætumst á förnum vegi, þiggðu smokkinn og notaðu hann.

KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is

Heimili og Hugmyndir

Verslun fagurkerans

5 ára afmæli - 15% afsláttur - 5 daga

Frá laugardegi 29. september til 5. október

Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • sími 578 4400 • www.heimilioghugmyndir.is

Flamant

Við erum á facebook

KAFAR Í BENIDORM Héðinn Ólafsson stofnaði kafaraskóla á Benidorm ásamt félaga sínum, Alexander Manrique.

Opnar kafaraskóla á Benidorm

Héðinn Ólafsson og Alexander Manrique opnuðu saman köfunarskóla í strandborginni Benidorm á Spáni fyrir skemmstu. Héðinn hefur starfað við köfun hérlendis í ellefu ár og verður með annan fótinn úti á Spáni í vetur.

„Þetta byrjaði þannig að Alexander nennti ekki að búa á Íslandi lengur og fluttist til Benidorm. Hann vann við köfun á þessu svæði og sá fljótlega að það var markaður fyrir köfunarskóla þar sem kennararnir töluðu ensku eða Norðurlandamál. Hinir skólarnir eru allir í eigu Spánverja og flestir kennararnir aðeins spænskumælandi," útskýrir Héðinn.

Hann og Alexander eru báðir köfunarkennarar og hafa starfað sem slíkir í fjölda ára. Nýja kafaraskólann nefndu þeir Dive Benidorm og bjóða þeir upp á námskeið í köfun sem og ferðir fyrir þá sem eru með kafararéttindi. „Köfun er mjög vinsæl afþreying eins og hefur sýnt sig hér heima, vöxturinn er ótrúlegur."

Alexander mun sjá um allan daglegan rekstur skólans en Héðinn mun deila tíma sínum milli Íslands og Spánar og kenna á báðum stöðum. „Ég er orðinn svo gamall og börnin mín öll uppkomin. Eiginkona mín kemur með mér út þannig að ég get þvælst á milli eftir því hvar vinnan er hverju sinni."

Í tilefni stofnunar skólans býður Dive Benidorm fólki á byrjendanámskeið í köfun ásamt gistingu í viku fyrir aðeins 450 evrur. Tilboðið gildir út nóvember. *Hægt er að fá nánari upplýsingar um skólann í síma 6993000.*

-sm

Bíó ★★★★

Meet the Fokkens

Gabrielle Provaas, Rob Schröder.

Sýnd á RIFF-hátíðinni.

Fíllinn í herberginu

Sjötugu tvíburasysturnar Martine og Louise Fokkens hafa í rúm fjörutíu ár verið vændiskonur í Amsterdam og eru enn að. Önnur þeirra hætti reyndar að stunda samfarir fyrir tveimur árum sökum gigtveiki, en flengingar og drottnunarleikir hennar njóta enn nokkurra vinsælda meðal vændiskaupenda.

Þessar skrautlegu systur hafa gengið í gegnum margt á lífsleiðinni, verið beittar ofbeldi og þurft að sjá fyrir fjölskyldunni með vafasömum hætti. Í dag er raunin önnur, en fastar í viðjum vanans halda þær uppteknum hætti og munu eflaust gera þar til yfir lýkur. Þær eru slarkfærir listmálarar og sinna því áhugamáli af ástríðu. Maður veltir því fyrir sér hvort þær hefðu náð árangri á því sviði hefði einhver haft trú á þeim. Eða þær sjálfar.

Meet the Fokkens er vel gerð og þrælskemmtileg heimildarmynd um mikla furðufugla. Skræpótt (og samstæð) föt tvíburanna hætta þó fljótlega að vera fyndin þegar gríman fellur, og við blasir hversdagslegur breyskleiki mannsins í sinni döprustu mynd. Túristarnir í Rauða hverfinu labba flissandi fram hjá glugga systranna og sjá þeim bregða fyrir í sekúndubrot (fínasta krydd í ferðasöguna) en gera sér eflaust ekki grein fyrir að þarna hafa þær húkt allt sitt líf.

Myndin stundar þó ekki neina djúpköfun af viti. Dramatíkin leynist í því sem við fáum ekki að vita. Fokkens-systurnar eru hressar á yfirborðinu og það er myndin líka. En það er risastór fíll í herberginu.

Haukur Viðar Alfreðsson

Niðurstaða: Þú munt aldrei gleyma Fokkens-systrunum.

LAUGARDAGURINN 29. SEPTEMBER

14:00	**Íslenskar Stuttmyndir 3 Q&A**	Bió Paradís 1
14:00	Fimm stjörnu tilvera	Bió Paradís 2
14:00	Diaz: Ekki þrifa blóðið	Bió Paradís 3
14:00	Íslenskar Stuttmyndir 1	Bió Paradís 4
14:00	Kjúklingur með plómum	Háskólabíó 2
14:00	Gleym mér ei	Háskólabíó 3
15:00	Marco Macaco	Háskólabíó 4
14:00	Hreyfimyndir Leikskólanna	Norræna húsið
16:00	**Eitur í æðum/Völvuspá Q&A**	Bió Paradís 1
16:00	Lokalimurinn	Bió Paradís 2
16:30	Eftir brúðkaupið	Bió Paradís 3
16:00	Friðarsúlan	Bió Paradís 4
16:00	Lifi andpólarnir	Háskólabíó 2
16:00	Sætir draumar Mustafa	Háskólabíó 3
16:45	Gullna hofið	Háskólabíó 4
16:00	Á eftir ísnum	Norræna húsið
18:00	**Drottningin af Montreuil Q&A**	Bió Paradís 1
18:00	Koss Pútins	Bió Paradís 2
18:45	Ég sendi Þennan stað	Bió Paradís 3
17:15	**Pad Yatra: ferðin græna Q&A**	Bió Paradís 4
18:00	**Marina Abramovic Listamaðurinn er við Q&A**	Háskólabíó 2
18:00	Lore	Háskólabíó 3
18:15	Á mörkunum	Háskólabíó 4
18:00	Systir	Norræna húsið
20:00	**Atanasoff Q&A**	Bió Paradís 1
20:00	Frumkvöðlakrakkarnir	Bió Paradís 2
20:00	**Siðaskipti Q&A**	Bió Paradís 3
19:00	Sniglaplánetan	Bió Paradís 4
20:00	**Hárlausi hárskerinn Q&A**	Háskólabíó 1
20:00	Skepnur suðursins villta	Háskólabíó 3
20:00	**Lífdraumar Q&A**	Háskólabíó 4
20:00	**Sundbíó /sérviðburður**	**Laugardalslaug**
21:30	Inferno	Bió Paradís 1
22:00	Dóttir	Bió Paradís 2
22:00	Kyrralíf	Bió Paradís 3
21:00	Íslenskar Stuttmyndir 2	Bió Paradís 4
22:30	Heimili á hjólum	Háskólabíó 2
22:00	Nágrannar Guðs	Háskólabíó 3
22:00	Það var sonurinn	Háskólabíó 4

SUNNUDAGURINN 30. SEPTEMBER

14:00	**Persepolis Q&A**	Bió Paradís 1
14:00	Freddie Mercury - The Great Pretender	Bió Paradís 2
14:00	Borða sofa deyja	Bió Paradís 3
14:00	Íslenskar Stuttmyndir 1	Bió Paradís 4
14:00	Vetrahirðingjar	Háskólabíó 2
14:00	Ítalía: Vera eða fara?	Háskólabíó 3
14:00	Drengurinn sem borðar fuglamat	Háskólabíó 4
14:00	Frumkvöðlakrakkarnir	Norræna húsið
16:30	**Ég er í hljómsveit Q&A**	Bió Paradís 1
16:00	Lögin á Þessum slóðum	Bió Paradís 2
16:00	Allir í fjölskyldunni	Bió Paradís 3
16:00	Koss Púttins	Bió Paradís 4
16:00	Ai Wei Wei	Háskólabíó 2
16:00	Barbara	Háskólabíó 3
16:00	Marco Macaco	Háskólabíó 4
16:00	Siðaskipti	Norræna húsið
18:00	Sendiherrann	Bió Paradís 1
18:00	Á eftir ísnum	Bió Paradís 2
18:00	Vandræðalegi Max 2	Bió Paradís 3
18:00	Heimurinn sem mætir henni	Bió Paradís 4
18:00	**Kjúklingur með plómum Q&A**	Háskólabíó 2
18:00	**Dagur á himni Q&A**	Háskólabíó 3
18:00	Ljóska	Háskólabíó 4
18:00	Hljóðahliðrun	Norræna húsið
20:00	Niðri í austri	Bió Paradís 1
20:00	Læti	Bió Paradís 2
20:00	Íslenskar Stuttmyndir 2	Bió Paradís 3
20:00	Kyrralíf	Bió Paradís 4
20:15	Leitin að sykurmanninum	Háskólabíó 2
20:00	Nágrannar Guðs	Háskólabíó 3
20:00	Það var sonurinn	Háskólabíó 4
20:00	**Bió hjá Hrafni Gunnlaugssyni /sérviðburður**	Laugarnestangi 65, 105 Reykjavík
22:00	Suspiria	Bió Paradís 1
21:30	5 brotnar myndavélar	Bió Paradís 2
22:00	Stigið fram	Bió Paradís 3
22:00	Íslenskar Stuttmyndir 3	Bió Paradís 4
22:00	Kon-Tiki	Háskólabíó 2
22:00	Drengurinn sem borðar fuglamat	Háskólabíó 3
22:00	Draumur Wagners	Háskólabíó 4

Miðasala í verslunum Eymundsson í Austurstræti og Kringlunni og á riff.is

Reykjavík
International
Film
Festival

Hafðu RIFF í hendi þér

Í boði fyrir iPhone og Android.

Meira RIFF með Símanum

Síminn er stuðningsaðili RIFF – Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík. Með RIFF appi Símans færðu allar upplýsingar um dagskrána, myndirnar og leikstjórana og getur sett saman þína eigin dagskrá til að missa ekki af neinu.

Skannaðu kóðann til að ná í appið
eða finndu „RIFF Síminn“ á App Store eða Play Store.

Síminn

ENNEMM / SÍA / NM54390

FJÖGUR BÖRN Tori Spelling er búin að eignast fjögur börn á fimm árum.

Komin heim

Leikkonan geðþekka Tori Spelling er nú komin heim af spítalanum eftir að hafa eignast sitt fjórða barn, og það á aðeins fimm árum. Drengurinn, Finn Davey, var tekinn með keisaraskurði þann 30. ágúst og hefur þurft að dveljast á sjúkrahúsi síðan.

Spelling er best þekkt fyrir hlutverk sitt sem Donna í unglingasápunni Beverly Hills og fyrir að vera dóttir framleiðandans Aarons Spelling. Hún giftist Dean McDermott árið 2006 og á börnin fjögur með honum. Elst er það sonurinn Liam Aaron 5 ára, svo dæturnar Stella Doreen 4 ára og Hattie Margaret sem verður 1 árs í október og nú loks litli Finn Davey.

FERÐAST UM TÍMA OG RÚM

Tímaflakk hefur lengi verið mönnum hugleikið í afþreyingariðnaðinum enda felur það í sér marga spennandi möguleika. Nýjasta dæmið er hasarmyndin Looper. Fréttablaðið kynnti sér nokkur vinsæl ferðalög um tíma og rúm.

TIME BANDITS Dvergar í leit að fjársjóði klikka sjaldan og alls ekki í þessari mynd frá 1981.

Time Bandits (1981)
Ellefu ára strákur ferðast aftur í tímann með hópi dverga í leit að fjársjóði. Á áframhaldandi tímaflakki sínu hitta þeir sögufrægar persónur á borð við Napóleon og Hróa hött. Leikstjóri þessarar ævintýramyndar var Terry Gilliam úr Monty Python-hópnum og á meðal leikara voru Sean Connery og John Cleese.

Back to the Future (1985)
Marty McFly ferðast fyrir mistök þrjátíu ár aftur í tímann í tímavél sem vinur hans, klikkaði vísindamaðurinn Emmett Brown, hefur búið til úr DeLorean-bíl. Vinsælasta tímaflakksmynd allra tíma sem gat af sér tvær framhaldsmyndir þar sem McFly fór fram í tímann og svo aftur til villta vestursins.

Bill & Ted´s Excellent Adventure (1989)
Tveir vitgrannir menntaskólanemar ferðast aftur í tímann í símaklefa til að geta náð sagnfræðiprófi. Framtíð heimsins liggur undir, hvorki meira né minna. Þeir hitta ýmsar frægar sögupersónur á ferðalagi sínu um tímann. Framhaldsmyndin Bill & Ted´s Bogus Journey kom út tveimur árum síðar.

12 MONKEYS Bruce Willis er iðinn við tímaflakkið.

12 Monkeys (1995)
Dæmdur glæpamaður situr í fangelsi í framtíðinni eftir mikil ragnarök sem urðu eftir að banvænn vírus gekk yfir jörðina. Hann er sendur aftur í tímann til komast að uppruna vírussins, fyrst til ársins 1990 og svo til 1996, auk þess sem hann skýtur upp kollinum í síðari heimsstyrjöldinni. Rétt eins og í Time Bandits var Terry Gilliam leikstjóri.

DOCTOR WHO Er fyrir löngu orðinn samgróinn breskri dægurmenningu.

The Time Traveller´s Wife (2009)
Byggð á samnefndri bók eftir bandaríska rithöfundinn Audrey Niffenegger. Ástarsaga sem fjallar um mann með galla í genamengi sínu sem veldur því að hann ferðast fram og aftur um tímann án þess að ráða við það. Eiginkonan hans á vitaskuld erfitt með að átta sig á þessum ósköpum.

Tímaflakk í sjónvarpi

Quantum Leap (1989-1993)
Í þessari vinsælu sjónvarpsþáttaröð lék Scott Bakula eðlisfræðiprófessorinn Sam Beckett sem „týnist“ eftir tímaflakkstilraun. Hann flakkar um tímann og fer inn í líkama fólks. Verkefni hans er að lagfæra einhvern atburð sem aflaga hefur farið.

Doctor Who (1963 - ?)
Ótrúlega langlíf sjónvarpsþáttaröð um geimveruna The Doctor sem er með tvö hjörtu og ferðast um tíma og rúm í tímavél. Vélin lítur út eins og blár símaklefi sem breskir lögreglumenn notuðu á árum áður. Þættirnir eru fyrir löngu orðnir samgrónir breskri dægurmenningu.



MEÐ ALLT Á HREINU Ragnhildur Gísladóttir og Egill Ólafsson úr myndinni Með allt á hreinu.

Þreföld afmælisútgáfa kemur út

Astralterta, þrjátíu ára afmælisútgáfa plötunnar Með allt á hreinu, kemur út 4. október í veglegum umbúðum.

Fyrsta upplag útgáfunnar verður þrefalt. Þar verður upphaflega platan endurhljóðblönduð, sextán laga aukaplata með lögunum sem heyrðust lítið og jafnvel ekkert í myndinni og svo kvikmyndin vinsæla Með allt á hreinu í leikstjórn Ágústs Guðmundssonar.

36 blaðsíðna bæklingur fylgir með útgáfunni með öllum lagatexturnum og fróðleiksmolum um hvert einasta lag. Meðal áhugaverðra laga á aukaplötunni er prufuupptaka af Úti í Eyjum, upphaflega upptakan af Taktu til við að tvista sem var ekki notuð í myndinni, og Hjalti hörkutól eftir Jakob Frímann Magnússon sem var ekki heldur notað.

„Við erum búnir að spá í það í mörg ár að gera þetta. Núna var það ákveðið í tilefni þess að Stuðmenn eru að koma saman og fagna þessu afmæli með tónleikum í Hörpunni,“ segir Höskuldur Höskuldsson hjá útgáfunni Senu. „Það er vandað vel til verka enda erum við búnir að liggja yfir þessu í allt sumar.“

Upphaflega platan hefur selst í hátt í tuttugu þúsund eintökum síðan hún kom út 15. desember 1982. Meðal þekktustu laga hennar eru Íslenskir karlmenn, Ekkert mál, Ástardúett og Slá í gegn. **-fb**

SPORTS DIRECT.COM

PANTAÐU Á NETINU HVENÆR SEM ER

Slazenger

SLAZENGER HETTUPEYSA FYRIR BÖRN

1 FYRIR 2.790 KR

2 FYRIR 4.190 KR

Slazenger

SLAZENGER BÓMULLARBUXUR

1 FYRIR 2.390 KR

2 FYRIR 3.590 KR

EVERLAST BARNA ÚLPA

4.390 KR

SLAZENGER BARNA ÚLPA MEÐ HETTU

4.390 KR

LONSDALE ÚLPA

5.990 KR

LA GEAR KVENNA ÚLPA

6.990 KR

LEE COOPER STRIGASKÓR

3.990 KR

KARRIMOR PEAK HERRA

4.390 KR

KARRIMOR SUMMIT HERRA

4.990 KR

KARRIMOR SUMMIT LEÐUR

5.990 KR

DUNLOP KULDASKÓR M/ STÁLTÁ

6.990 KR

NIKE DART 9

9.590 KR

SPORTS DIRECT Á ÍSLANDI - SMÁRATORGI 1 - KÓPAVOGI
WWW.FACEBOOK.COM/SPORTSDIRECTISLAND

SPORTSDIRECT.COM

10% AFSLÁTTUR UM HELGINA

GEGN FRAMVÍSUN ÞESSA MIÐA

Nafn:

Tölvupóstur:

Skilmálar
1) Þessi afsláttarmiði veitir handhafa þess 10% afslátt vörum keyptum í Sportsdirect.com Smáratorgi. 2) Gildir til 30/09/2012. 3) Einungis einn viðskiptavinur getur notað miðann í eitt skipti. 4) Ekki er hægt að breyta afslættinum á nokkurn hátt. 5) Afsláttarmiðinn gildir ekki með öðrum tilboðum eða afslætti. 6) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslað er á vefsíðu Sportsdirect.com 7) Verslunarstjóri hefur fullan rétt á því að hafna afsláttarmiðanum. 8) Afsláttarmiðinn gildir ekki þegar verslaðar eru fótboltatreyjur eða annar merktur fótboltavarningur.

10% AFSLÁTTUR

9 01000 10 10 06 0

BISKUPINN OG ALLSHERJARGOÐINN Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, og Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði voru viðstödd opnunina. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SKEMMTILEGT KVÖLD Hlökk Þrastardóttir og Gríma Gestsdóttir voru meðal gesta.

GLAÐLEG Selma Káradóttir og Ólafur Magnússon létu sig ekki vanta.

RIFF FORMLEGA SETT

Kvikmyndahátíðin Riff var sett við hátíðlega athöfn í Hörpunni á fimmtudag. Opnunarmynd hátíðarinnar var að þessu sinni kvikmyndin Drottningin af Montreuil eftir Sólveigu Anspach.

VIRÐULEGIR GESTIR Frú Vigdís Finnbogadóttir sést hér ásamt Karli Steingrímssyni og Ester Ólafsdóttur.

BROSAÐ ÚT AÐ EYRUM Leikkonan Charlotte Bøving ræddi við Halldóru Rut og Guðrúnu Bjarnadóttur á opnuninni.

SKÁLAÐ Grímar og Allan skáluðu fyrir setningarathöfnina.

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
T.V. - Kvikmyndir.is
LEIKSTÝRÐ AF OLIVER STONE SAVAGES 16
H.S.S. - MBL H.V.A. - FBL H.V.A. - FBL
Baltasar Kormák djúpið 10
BOURNE LEGACY 12
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.
ÍSL TEXTI Intouchables 12 SÍÐUSTU SÝNINGAR!
7 PARANORMAN
L ÍSL TAL Ávaxtakarfan

LAUGARÁSBÍÓ	Sýningartímar	
SAVAGES	8, 10.40	16
DJÚPIÐ	2, 4, 6, 8, 10	10
THE BOURNE LEGACY	10.15	12
INTOUCHABLES	5.50, 8	12
PARANORMAN 3D - ÍSL TAL	2, 4, 6	7
ÁVAXTAKARFAN - ÍSL TAL	2, 4	L

SAMBÍÓIN SAMbio.is
„TRULY WORTHY OF BEING COMPARED TO SOMETHING LIKE THE TERMINATOR" -JOBLO.COM
BRUCE WILLIS JOSEPH GORDON-LEVITT EMILY BLUNT
ÓRUGGLEGA BESTA SPENNUMYNDIN Í ÁR
-EMPIRE -BOXOFFICE MAGAZINE -TOTALFILM
LOOPER 16
SAVAGES 16
SJÁÐU NÝJUSTU TOY STORY STUTTMYNDINA Á UNDAN
NEMO 3D L SÝND MEÐ ÍSLENSKU TALI
WILL FERRELL CAMPAIGN ZACH 12
TOM HARDY HEFUR ALDREI VERIÐ BETRI ★★★★ S.G. FRÉTTABLAÐIÐ LAWLESS 16

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

LOOPER	KL. 5:30 - 8 - 10:30	2D 16
LOOPER LUXUS VIP	KL. 3- 8 - 10:30	2D VIP
FINDING NEMO ÍSL. TALI	KL. 1 - 2 - 3:20 - 6	2D L
FINDING NEMO ÍSL. TALI	KL. 1 - 3:20	3D L
LAWLESS	KL. 5:30 - 8 - 10:30	2D 16
LAWLESS LUXUS VIP	KL. 5:30	2D VIP
THE CAMPAIGN	KL. 4:10 - 8:20 - 10:10	2D 12
FROST	KL. 10:30	2D 16
THE BOURNE LEGACY	KL. 8 - 10:40	2D 12
STEP UP REVOLUTION	KL. 3:40 - 5:50	2D 7
BRAVE ÍSL. TALI	KL. 1:30 - 3:40 - 5:50	2D L
BRAVE ENSKU TALI	KL. 8	2D L
MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI	KL. 1:30	2D L

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

LOOPER	KL. 8	2D 16
FINDING NEMO ÍSL. TAL	KL. 3:50	3D L
SAVAGES	KL. 10:30	2D 16
DJÚPIÐ ÍSL. TALI	KL. 6	2D 12
ÁVAXTAKARFAN ÍSL. TAL	KL. 2	2D L
FROST ÍSL. TALI	KL. 10	2D 16
BRAVE ÍSL. TALI	KL. 2 - 4	2D L
BABYMAKERS	KL. 6	2D 12
BRAVE ENSKU TALI	KL. 8	2D L

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

LOOPER KL. 5:30 - 8 - 10:30		2D 16
FINDING NEMO	KL. 1 - 3:10	3D L
FINDING NEMO 1:30 - 3:40-5:50		2D L
SAVAGES	KL. 8 - 10:40	2D 16
LAWLESS KL. 5:30 - 8 - 10:30		2D 16
DARK KNIGHT RISES KL. 5:30		2D 12
THE CAMPAIGN KL. 8:30 - 10:30		2D 12
MADAGASCAR 3 KL. 1:30 - 3:30		2D L
BRAVE	KL. 1 - 3:20	2D L

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

LOOPER	KL. 8 - 10:30	2D 16
FINDING NEMO ÍSL. TALI	KL. 3:40-5:50	3D L

SAMBÍÓIN AKUREYRI

LOOPER	KL. 8	2D 16
LEITIN AF NEMO M/ ÍSL. TALI	KL. 2 - 4	3D L
LEITIN AF NEMO M/ ÍSL. TALI	KL. 6	2D L
THE CAMPAIGN	KL. 6	2D 12
LAWLESS	KL. 10:10	2D 16
BRAVE	KL. 2 - 4	2D L
BABYMAKERS	KL. 8	2D 12
FROST	KL. 10:10	2D 16

SAMBÍÓIN SELFOSSI

FINDING NEMO ÍSL. TALI	KL. 3:40 - 5:50	2D L
BRAVE ÍSL. TALI	KL. 3:40 - 5:50	2D L
BRAVE ENSKU TALI	KL. 8	2D L
FROST	KL. 8 - 10	2D 16
BABYMAKERS	KL. 10	2D 12

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á midi.is
LEIKSTÝRÐ AF OLIVER STONE SAVAGES 16 ★★★★ T.V. - KVIKMYNDIR.IS/SÉÐ OG HEYRT
10 LÚXUS ★★★★ - K.G., DV ★★★★★ - J.I., EYJAFRÉTTIR ★★★★ - H.V.A., FRÉTTABLAÐIÐ djúpið ★★★★★ - H.S.S., MORGUNBLAÐIÐ ★★★★ - P.P., FRÉTTATÍMINN ★★★★★ -H.G., RÁS 2
★★★★ KVIKMYNDIR.IS DREDD 3D 16
16
L Ávaxtakarfan

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

SAVAGES	KL. 5.15 - 8 - 10.45	16
DJÚPIÐ KL. 1 - 1.30 - 3.10 - 3.40 - 5.20 - 5.50 - 8 - 10.10		
DJÚPIÐ LÚXUS KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10		10
DREDD 3D ÓTEXTUÐ	KL. 8 - 10.10	16
RESIDENT EVIL	KL. 10.20	16
ÁVAXTAKARFAN	KL. 1 (TILBOÐ) - 3	L
THE EXPENDABLES 2	KL. 8	16
THE WATCH	KL. 5.40	12
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ) - 3.20	L

HÁSKÓLABÍÓ 5%

DJÚPIÐ LAUGARDAG	KL. 3.40 - 5.50 - 8.15 - 10.30	10
DJÚPIÐ SUNNUDAG	KL. 3.40 - 5.50 - 8- 10.10	10

Reykjavík International Film Festival
27. SEPTEMBER - 7. OKTÓBER 2012

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIDI.IS

SAVAGES	KL. 8 - 10.15	16
DJÚPIÐ	KL. 6 - 8 - 10	10
DREDD 3D KL. 6 16 - ÍSÖLD 4 3D KL. 4 (TILBOÐ) L		
ÁVAXTAKARFAN KL. 4 (TILBOÐ)		L

facebook / smarabio • facebook / haskolabio

LEITIN AF NEMO 3D
BRAVE HIN HUGRAKKA
tryggðu þér miða á sambio.is
SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT
SAMBÍÓIN SAMbio.is

LAUGARDAGUR - SUNNUDAGUR

SMÁRA BÍÓ midi.is		
ÁVAXTAKARFAN	KL. 1 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL	KL. 1 (TILBOÐ)	L

BORGAR BÍÓ midi.is		
ÁVAXTAKARFAN	KL. 4 (TILBOÐ)	L
ÍSÖLD 4 3D	KL. 4 (TILBOÐ)	L

TILBOÐ - TILBOÐ -TILBOÐ
Ávaxtakarfan
3D MEÐ ÍSLENSKU TALI 2D ÍSÖLD 4

Sími: 553 2075 LAUGARÁS BÍÓ - bara lúxus
Ódýrt í bíó
ÍSL TAL Ávaxtakarfan TILBOÐ KL. 2
TILBOÐ KL. 2 PARANORMAN ÍSLENSKT TAL 3D
LAUGARÁS BÍÓ TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS

AVIS Bílasala

Tímamót í bílakaupum!

Avis léttir þér útborgunina!

Komdu og gerðu bílakaup sem eiga sér engin fordæmi. Hvort sem þú staðgreiðir eða fjármagnar bílinn hjá Landsbankanum aðstoðar Avis þig við kaupin.

VW Polo 1.2 2011	
Söluverð	*1.880.000 kr.*
Bílafjárm. Landsbankans	*1.504.000 kr.*
Eftirstöðvar	*376.000 kr.*
Avis hluti	*150.000 kr.*
Þín útborgun	*226.000 kr.*
Heildarverð til þín	*1.730.000 kr.*

Sem dæmi þá getur þú eignast **VW Polo** með aðeins **226.000 kr.** útborgun eða **Nissan Qashqai** með aðeins **495.000 kr.** útborgun. Þetta hljómar eiginlega of gott til að vera satt. Því dýrari sem bíllinn er, því meiri aðstoð færðu frá Avis. Skoðaðu dæmið hér til hliðar og sjáðu hvernig Avis léttir þér bílakaupin.

Komdu á Nýbýlaveginn (gamla Toyota húsið) og markaðu tímamót í bílakaupum. **Opið virka daga frá 12-18 og laugardaginn 29. september frá 12-17.**

- **Fjöldi bíltegunda á skrá**
- **Mikið af vistvænum og sparneytnum bílum**
- **Skutbílar og jepplingar**

Við erum á **Nýbýlaveginum!**
(gamla Toyota húsið) **sími 571 6222**
Opið virka daga 12-18
laugardaga 12-17

Kynntu þér bílafjármögnun Landsbankans
landsbankinn.is 410 4800

AVIS
Við gerum betur.

www.avisbilasala.is

sport

sport@frettabladid.is

STJÖRNUMENN geta jafnað 30 ára met KR-inga í dag með því að gera jafntefli við Breiðablik en það yrði ellefta jafntefli Garðbæinga í sumar. KR-ingar gerðu 11 jafntefli í 18 leikjum sumarið 1982 og náðu þriðja sætinu þrátt fyrir að skora aðeins 15 mörk. Árið eftir gerðu KR-ingar 10 jafntefli og því hafði ekkert lið náð þar til að Stjörnumenn gerðu sitt tíunda jafntefli fyrr í sumar. Stjörnumenn hafa jafnað sex sinnum í þessum leikjum en mótherjarnir fjórum sinnum.

SLAPP Fyrsta úrtökumótið er alltaf erfitt en Birgir Leifur náði að klára verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Birgir Leifur reynir að komast á Evrópumótaröðina:

Birgir Leifur skrefi nær Evrópumótaröðinni

GOLF Birgir Leifur Hafþórsson, kylfingur úr GKG, komst í gær áfram á annað stig í úrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina. Hann tók þá þátt í keppni á fyrsta stigi sem fram fór á Ítalíu.

Birgir Leifur endaði í 23. sæti á mótinu en 26 kylfingar komust áfram. Það mátti því ekki mikið tæpara standa. Skagamaðurinn lék á 72 höggum í gær, eða á pari vallarins, og hann lék hringina fjóra á samanlagt tveim höggum undir pari. Tveir fuglar komu í hús í gær og einn tvöfaldur skolli.

Næsta stig úrtökumótsins fer fram 7. til 10. nóvember næstkomandi. Í millitíðinni mun Birgir Leifur taka þátt í úrtökumóti fyrir PGA-mótaröðina en það mót fer fram um miðjan október.

Birgir Leifur vann sér þátttökurétt á Evrópumótaröðinni árið 2007 og er enn eini karlkylfingurinn sem hefur náð þeim merka áfanga. **- hbg**

Glapræði að verja jafntefli

Breiðablik og Stjarnan mætast í hreinum úrslitaleik um hvort liðið fari í forkeppni Evrópudeildar UEFA að ári. Bæði lið hafa stefnt að því markmiði að ná Evrópusæti í allt sumar. Lokaumferð Pepsi-deildar karla fer fram í dag.

FÓTBOLTI Lokaumferð Pepsi-deildar karla fer fram í dag en allir sex leikirnir hefjast klukkan 14. Titilbarátta deildarinnar er búin og þar sem mesta spennan er farin úr botnbaráttunni má búast við því að augu flestra beinist að Kópavogsvellinum í dag. Þar eigast við Breiðablik og Stjarnan í hreinum úrslitaleik um þriðja sæti deildarinnar og þar með þátttökurétt í forkeppni Evrópudeildar UEFA að ári.

Stjarnan stendur betur að vígi og dugir jafntefli í dag til að halda þriðja sætinu. Blikar eru þó á heimavelli og hafa unnið þrjá af síðustu fjórum leikjum sínum.

„Maður er í þessu fyrir stóru leikina og þetta er stór leikur fyrir liðið okkar og tímabilið allt," sagði Finnur Orri Margeirsson, fyrirliði Breiðabliks, við Fréttablaðið í gær. „Ég hefði þegið þriðja sætið fyrir tímabilið enda var það alltaf markmið okkar að tryggja okkur þetta Evrópusæti."

Stjörnumaðurinn Halldór Orri Björnsson tekur í svipaðan streng. „Það er erfitt að bíða eftir svona leik. Við höfum stefnt að þessu í allt sumar og nú erum við í góðum séns. Nú verðum við bara að sýna hvort við séum karlmenn eða ekki."

MIKIÐ UNDIR Grannliðin Stjarnan og Breiðablik eigast við í hreinum úrslitaleik um þriðja sæti Pepsi-deildar karla í dag. Evrópusæti er að veði. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Lærðum mikið af síðasta sumri

Blikar voru lengi í gang í vor en hafa verið að vinna sig upp töfluna jafnt og þétt í síðari umferðinni. „Deildin hefur verið nokkuð skrítin í sumar enda stutt í bæði topp- og botnbaráttuna. Við höfum þó verið á ágætu skriði og megum vera ánægðir með að hafa komið okkur í þessa stöðu," segir Finnur Orri og bætir við að tímabilið í ár hafi verið jákvætt.

„Við lærðum mikið af síðasta sumri og tímabilið í ár hefur verið allt öðruvísi og mun skemmtilegra."

Stjörnumenn hafa aðeins tapað þremur leikjum í allt sumar – jafn mörgum og Íslandsmeistarar FH. Vandinn er hins vegar sá að Garðbæingar hafa gert tíu jafntefli í leikjunum sínum 21 til þessa.

„Þetta er auðvitað ótrúlegur árangur en ef við klárum þennan leik [í dag] þá verðum við ekkert að velta þessu fyrir okkur frekar," segir Halldór Orri og bætir við að hans menn séu ekki að stefna á ellefta jafnteflið í sumar – þó svo að það myndi duga til að tryggja Evrópusætið.

„Ég stefni á sigur á þessum leik enda vitum við allir, leikmenn og þjálfarar, að ef við förum að reyna að verja jafntefli í 90 mínútur endar það bara illa," segir Daníel.

Slæmar minningar frá Kópavogi

Karlalið Stjörnunnar hefur aldrei komist í Evrópukeppni en liðið komst nálægt því í fyrra. Þá tapaði liðið fyrir Breiðabliki í lokaumferðinni – á sama velli og liðin mætast í dag. Þeim leik lauk með 4-3 sigri Blika þar sem Guðmundur Pétursson tryggði sigurinn með marki á lokamínútum leiksins.

„Það sveið mikið að hafa tapað þeim leik og við viljum ekki upplifa þá tilfinningu aftur. Fæstir okkar hafa prófað að spila í Evrópukeppni og við erum fyrst og fremst að hugsa um að komast þangað."

Þess má geta að þetta er þriðja árið í röð sem þessi lið mætast í lokaumferðinni. Árið 2010 varð Breiðablik Íslandsmeistari eftir að liðin gerðu jafntefli á Stjörnuvelli í Garðabæ.

eirikur@frettabladid.is

Átta leikir á dagskrá ensku úrvalsdeildarinnar í dag:

Lundúnaslagur í skugga dóms

FÓTBOLTI Lundúnaliðin Arsenal og Chelsea mætast í hádegisleik dagsins í ensku úrvalsdeildinni og er leiksins eins og ávallt beðið af mikilli eftirvæntingu. Augu flestra munu þó vafalaust beinast að John Terry, fyrirliða Chelsea, sem í fyrradag var dæmdur í fjögurra leikja bann fyrir kynþáttaníð gagnvart Anton Ferdinand, leikmanni QPR.

Terry er þó enn að íhuga hvort hann eigi að áfrýja dómnum og hefur hann tvær vikur til þess. Af þeim sökum er refsingu frestað þar til niðurstaða fæst í áfrýjunarferlið. Það er því ekkert því til fyrirstöðu að Terry spili á morgun og segja forráðamenn Chelsea það enga fyrirstöðu þó svo að hann hafi ekki æft mikið í vikunni.

„Ég hef engar áhyggjur af John," sagði Roberto Di Matteo, stjóri Chelsea. „Hann er fagmaður og býr yfir eins mikilli reynslu og mögulegt er. Þetta mál hefur tekið langan tíma og það eina sem við getum gert er að bíða og sjá til. En hann er gjaldgengur fyrir þennan leik og hefur ekkert breyst okkar megin," bætti hann við.

Sjö aðrir leikir eru á dagskrá í dag og hefjast sex þeirra klukkan 14. Liverpool fer í heimsókn til Norwich og Englandsmeistarar Manchester City sækja Fulham heim. City-menn hafa tapað nokkrum stigum í upphafi tímabilsins og hafa enn ekki náð að halda marki sínu hreinu til þessa.

Liverpool er enn að bíða eftir fyrsta sigri tímabilsins en það sama á reyndar við um lið Norwich. „Jafntefli væri ekki nógu góð úrslit gegn Norwich. Því lengur sem við þurfum að bíða eftir fyrsta sigrinum því erfiðara verður það," sagði Steven Gerrard.

Leikir dagsins

Laugardagur:	
11.45 Arsenal - Chelsea	Sport 2
14.00 Everton - Southampton	
14.00 Fulham - Manchester City	
14.00 Norwich - Liverpool	
14.00 Reading - Newcastle	
14.00 Stoke - Swansea	
14.00 Sunderland - Wigan	
16.30 Man. Utd. - Tottenham	Sport 2
Sunnudagur:	
15.00 Aston Villa - West Brom	Sport 2

TERRY Spilar í dag þrátt fyrir að hafa verið dæmdur í bann í vikunni. NORDICPHOTOS/GETTY

Gylfi Þór Sigurðsson og félagar hans í Tottenham mæta svo Manchester United á Old Trafford. Tottenham hefur ekki gengið vel á þessum velli síðustu ár og ekki unnið þar síðan 1989. **- esá**

Farsælu samstarfi McLaren og Lewis Hamilton er lokið þar sem ökuþórinn vantar nýja áskorun:

Hamilton yfirgefur McLaren fyrir Mercedes

FORMÚLA 1 Breski McLaren-ökuþórinn Lewis Hamilton mun aka fyrir Mercedes-liðið í Formúlu 1 á næsta ári. Hamilton hefur verið í viðræðum við Mercedes um nokkurt skeið og segir helstu ástæðu þess að hann færi sig um set að í boði séu „nýjar áskoranir“.

Áður en Mercedes gat gefið út formlega yfirlýsingu um vistaskipti Hamilton lýsti McLaren yfir að Sergio Perez myndi fylla sæti Lewis á næsta ári. Perez hefur ekið frábærlega í sumar fyrir Sauber-liðið og staðið þrisvar sinnum á verðlaunapalli.

Mercedes hefur ekki gefið út hvert framhaldið verður hjá Michael Schumacher sem víkur fyrir Hamilton. Nico Rosberg mun aka þar áfram.

Hamilton hóf feril sinn í Formúlu 1 með McLaren árið 2007 og varð heimsmeistari strax ári síðar, árið 2008. „Nú er tími til kominn að takast á við ferskar áskoranir,“ sagði Hamilton. „Ég er mjög spenntur að hefja nýjan kafla í ferli mínum með því að færa mig um set.“ „Mercedes Benz býr yfir ótrúlegri arfleifð í kappakstri,“ sagði Hamilton jafnframt.

Ross Brawn sagðist himinlifandi yfir því að hafa skrifað undir samning við Hamilton. „Koma Hamiltons er vitnisburður um fyrirætlanir Mercedes í Formúlu 1. Ég held að saman geti Lewis og Nico orðið öflugasta og mest spennandi ökumannaparið í Formúlunni,“ sagði Brawn.

McLaren-liðið segist enn ætla að þrýsta á Hamilton um að vinna heimsmeistaratitilinn í ár. Hamilton á enn möguleika þó þeir séu litlir.

Mexíkóinn Sergio Perez mun aka fyrir McLaren á næsta ári en Perez hefur staðið sig ógurlega vel fyrir Sauber-liðið í sumar.

Perez hefur verið orðaður við Ferrari en Luca di Montezemolo, framkvæmdastjóri Ferrari, hefur sagt Perez of ungan og reynslulítinn til að aka fyrir ítalska liðið.

McLaren er greinilega ekki á sama máli og segist geta nýtt hæfileika Mexíkóans. „Það var ótrúleg frammistaða hans á brautinni, þrjú verðlaunasæti og frábær hraðasti hringur í Mónakó í ár sem sannfærðu okkur,“ sagði Martin Whitmarsh, liðstjóri McLaren.

- bþh

HALLÓ? Hamilton hefur verið mikið í símanum síðustu daga. NORDICPHOTOS/GETTY

HÖDDI MAGG Gamla markamaskínan stýrir umferðinni í Pepsi-mörkunum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Pepsi-deildin gerð upp:

Tvöfaldur lokaþáttur

FÓTBOLTI Strákarnir í Pepsi-mörkunum á Stöð 2 Sport verða á vaktinni í allan dag. Hitað verður upp fyrir leikina klukkan 13.45 og þegar lokaumferð Pepsi-deildarinnar er lokið tekur við tveggja tíma uppgjör Pepsi-markanna.

Það hefst klukkan 15.50 og mun standa til 17.55. Í fyrri hlutanum verður lokaumferð deildarinnar gerð upp og í seinni hlutanum verður sumarið gert upp í heild sinni.

Venju samkvæmt verður lið ársins, leikmaður ársins og mark ársins valið. Einnig verða mörg áhugaverð innslög í þættinum eins og ástarsamband ársins, dýfur ársins, óheppnasti leikmaðurinn og slátrari ársins svo fátt eitt sé nefnt.

Hörður Magnússon mun stýra þættinum líkt og í allt sumar og með honum verða allir sérfræðingar þáttarins, þeir Hjörvar Hafliðason, Tómas Ingi Tómasson og Reynir Leósson.

SNORRI STEINN Hefur ákveðið að spila áfram í Danmörku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Snorri verður í Danmörku:

Orðaður við GOG

HANDBOLTI Snorri Steinn Guðjónsson var í gær orðaður við sitt gamla félag, GOG, í dönskum fjölmiðlum. Snorri hefur verið án félags síðan stórliðið AG fór á hausinn í sumar.

Danska blaðið Ekstrabladet segir að GOG sé að leita að leikstjórnanda eftir að félagið seldi Henrik Knudsen til félags í Hvíta-Rússlandi.

Hann lék með GOG frá 2007 til 2009 áður en hann gekk í raðir Rhein-Neckar Löwen. Þar var hann í eitt ár áður en hann samdi við AG.

Snorri er eini leikmaður AG sem á enn eftir að finna sér nýtt félag, fyrir utan Steinar Ege sem lagði skóna á hilluna í haust. **- esá**

Selfyssingar þurfa á kraftaverki að halda í lokaumferðinni í dag ætli þeir þeir að spila áfram í Pepsi-deild karla næsta sumar:

Fagna Framararnir enn á ný eftir lokaumferðina?

FÓTBOLTI Fram og Selfoss berjast fyrir lífi sínu í lokaumferð Pepsi-deildarinnar í dag en það er þó óhætt að segja að liðin séu í ólíkri aðstöðu. Það er ekki nóg með að Framarar standi miklu betur að vígi í stigatöflunni heldur eru þeir ókrýndir Íslandsmeistarar í fallbaráttu enda búnir að fagna oftar í lokaumferðinni en flest önnur félög undanfarin ár.

Framarar björguðu sér í lokaumferðinni í fyrra og það var í áttunda sinn frá árinu 1999 sem Safamýrarliðið bjargaði sér frá falli í síðasta leik. Selfyssingar hafa aðeins einu sinni verið í efstu deild áður og þeir voru fallnir fyrir lokaumferðina sumarið 2010 .

Selfyssingar þurfa á sannkölluðu kraftaverki að halda í dag ætli þeir að spila áfram í Pepsi-deildinni næsta sumar. Þeir verða að vinna sinn leik, á heimavelli á móti ÍA, á sama tíma og Framarar þurfa að tapa á móti ÍBV á Laugardalsvellinum.

Það er ekki einu sinni nóg því Selfossliðið þarf einnig að vinna upp sex marka forskot Framara í markatölu. Staða Framara er því góð og svo gæti farið að þeir geti fagnað eftir tapleik alveg eins og þeir gerðu eftir lokaumferðina árið 2004. Þá töpuðu þeir stórt á móti Keflavík en úrslit annarra leikja sáu til þess að þeir voru áfram í efstu deild.

Innbyrðisviðureignir gilda ekki í fótboltanum eins og í vetrarboltagreinunum sem er gott fyrir Framara enda unnu Selfyssingar báða innbyrðisleiki liðanna í sumar, fyrst 2-0 á Laugardalsvellinum í maí og svo 4-2 á Selfossi í ágúst.

Framarar eru því í lykilstöðu til að bæta við magnaða tölfræði sína en frá því að þriggja stiga reglan var tekin upp 1984 hefur Framliðið bjargað sér í níu af þeim tíu skiptum sem liðið hefur verið í fallhættu í lokaumferðinni. Þeir státa af níutíu prósent árangri í fallbaráttuslag á lokadegi mótsins og það bendir allt til þess að sú tala hækki enn eftir leikina í dag. Allir sex leikir lokaumferðarinnar hefjast klukkan 14.00 í dag.

Framarar í fallhættu í lokaumferð frá 1984

1984	**Björguðu sér**
4-0 sigur á KA á útivelli	
1999	**Björguðu sér**
3-2 sigur á Víkingi á heimavelli	
2000	**Björguðu sér**
1-1 jafntefli við Breiðablik á heimaveli	
2001	**Björguðu sér**
5-3 sigur á Keflavík á heimavelli	
2002	**Björguðu sér**
3-0 sigur á KA á útivelli	
2003	**Björguðu sér**
1-0 sigur á Þrótti á heimavelli	
2004	**Björguðu sér**
1-6 tap fyrir Keflavík á heimavelli. Úrslit í öðrum leikjum björguðu þeim	
2005	**Féllu úr deildinni**
1-5 tap fyrir FH á heimavelli	
2007	**Björguðu sér**
2-2 jafntefli við Breiðablik á heimavelli	
2011	**Björguðu sér**
2-1 sigur á Víkingi á heimavelli	

LIÐ SEM HAFA OFTAST BJARGAÐ SÉR

Fram	**9 (af 10 skiptum, 90 prósent)**
Grindavík	7 (af 8, 88 prósent)
Víkingur	**4 (af 7, 57 prósent)**

FÖGNUÐU Í FYRRA Framarar héldu sér uppi í lokaumferðinni í fyrra og héldu upp á Pepsi-deildar sætið með því að borða saman köku í klefanum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

KRISTINN INGI HALLDÓRSSON Ellefu mörk í 18 leikjum. Mark á 132 mínútna fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Það verður barist um gull-, silfur- og bronsskó í lokaumferð Pepsi-deildar karla:

Kristinn Ingi þarf bara að jafna Atla til að taka gullskóinn

FÓTBOLTI Það verður barist um gull, silfur- og bronsskóinn í lokaumferð Pepsi-deildar karla í dag og því ekki úr vegi að skoða möguleika þeirra leikmanna sem skorað hafa mest í deildinni í sumar.

FH-ingurinn Atli Guðnason er og hefur verið markahæstur í nær allt sumar en hann er með 12 mörk fyrir Íslandsmeistarana. Atli hefur eins marks forskot á Framarann Kristin Inga Halldórsson en þar sem Atli hefur spilað nær allar mínúturnar í leikjum FH í sumar þá mun hann alltaf verða undir takist Kristni eða einhverjum öðrum að jafna hann.

Kristni Inga nægir því bara að jafna Atla til að taka af honum gullskóinn því hann hefur leikið þremur leikjum færra. Atli ætti að vera öruggur með gull- eða silfurskóinn enda með þremur mörkum meira en þeir sem koma á eftir þeim Atla og Kristni Inga.

Kristinn Ingi hefur verið að vinna upp forskot Atla í undanförnum átta leikjum enda með 7 af 11 mörkum sínum frá því í byrjun ágúst. Atli hefur skorað þrjú mörk í síðustu átta leikjum FH-liðsins.

Næstu menn eru með níu mörk og það eru Fylkismaðurinn Ingimundur Níels Óskarsson, FH-ingurinn Björn Daníel Sverrisson, og Eyjamaðurinn Christian Steen Olsen. Olsen hefur leikið leik meira og verður alltaf neðstur af þessum þremur en Ingimundur Níels verður alltaf efstur þar sem hann hefur leikið færri mínútur en Björn Daníel.

Það þarf mun meira að gerast til að þeir þrír sem hafa skorað átta mörk nái að krækja sér í skó. Garðar Jóhannsson í Stjörnunni og Garðar Gunnlaugsson í ÍA búa hins vegar báðir að því að hafa leikið færri leiki og verða því alltaf ofar en níu marka mennirnir takist þeim að jafna þá.

Garðar Jóhannsson hefur skorað sín átta mörk í 18 leikjum en átta mörk Garðars Gunnlaugssonar hafa komið í 19 leikjum. KR-ingurinn Kjartan Henry Finnbogason hefur einnig skorað átta mörk en hann er meiddur og fær ekki tækifæri til að bæta við mörkum í dag. Hér fyrir ofan má sjá markahæstu leikmenn deildarinnar. - óój

Markahæstu menn í Pepsi-deildinni 2012:

Atli Guðnason, FH	**12**	**(21 leikur)**
Kristinn Ingi Halldórsson, Fram	11	(18)
Ingimundur Níels Óskarsson, Fylki	**9**	**(20)**
Björn Daníel Sverrisson, FH	9	(20)
Christian Steen Olsen, ÍBV	**9**	**(21)**
Kjartan Henry Finnbogason, KR*	8	(14)
Garðar Jóhannsson, Stjörnunni	**8**	**(18)**
Garðar Gunnlaugsson, ÍA	8	(19)
Jóhann Birnir Guðmundsson, Keflavík	**7**	**(19)**
Kolbeinn Kárason, Val**	7	(20)
Viðar Örn Kjartansson, Selfossi	**7**	**(20)**
Guðmundur Steinarsson, Keflavík	7	(21)
Rúnar Már Sigurjónsson, Val	**7**	**(21)**
Gary John Martin, KR/ÍA	7	(21)
Jón Daði Böðvarsson, Selfossi	**7**	**(21)**

*** Meiddur**
**** Í leikbanni í dag**

ATLI GUÐNASON 12 mörk í 21 leik. Mark á 155 mínútna fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ð frábrugðin mynd í auglýsingu.

> Forest Whittaker

„Þegar ég var lítill sá ég bara bíómyndir úr baksætinu í fjölskyldubílnum í bílabíóinu."

Leikarinn Forest Whittaker hefur vonandi getað séð sjálfan sig í bíó við þægilegri aðstæður en þessar þegar hann sá myndina A Little Trip to Heaven eftir Baltasar Kormák, sem er á dagskrá Bíórásarinnar klukkan 20 í kvöld.

dagskrá sunnudagur

SUNNUDAGSKVÖLD

> Stöð 2 kl. 19.40

Frábært sjónvarpskvöld

Stöð 2 býður upp á sannkallaða veislu fyrir sjónvarpsáhorfendur í kvöld. Jón Ársæll snýr aftur með verðlaunaþáttinn Sjálfstætt fólk klukkan 19.40 og í fyrsta þættinum heimsækir hann leikkonuna Anítu Briem í Hollywood. Klukkan 20.15 er komið að stórbrotinni mynd sem hlaut 5 Emmy-verðlaun um sl. helgi. Game Change er byggð á sannri sögu og segir sögu hinnar umdeildu Söruh Palin og kosningabaráttu hennar í forsetakosningunum árið 2010. Myndin hlaut Emmy-verðlaun sem besta myndin og Julianne Moore sem besta leikkona. Auk þess fékk hún verðlaun fyrir handrit, leikstjórn og leikaraval. Það styttist í forsetakosningar í Bandaríkjunum og barátta Baracks Obama og Mitts Romney verður í kastljósinu í glænýjum þætti af 60 Minutes sem verður frumsýndur klukkan 17.45 og endursýndur klukkan 23.05.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Morgunandakt **08.00** Morgunfréttir **08.05** Á tónsviðinu **09.00** Fréttir **09.03** Alltaf að rífast **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Hver var Walt Whitman? **11.00** Guðsþjónusta í Vídalískirkja **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Víðsjá **14.00** Á bakvið grímuna **15.00** Vögguvísa **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Jazzhátíð Reykjavíkur 2012: Stórsveit Reykjavíkur **17.25** Milli línanna **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Skorningar **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Óskalögin **19.40** Fólk og fræði **20.10** Tónlistarklúbburinn **21.05** Tilraunaglasið **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Tónlist hvíta tjaldsins **23.15** Sagnaslóð **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
11.00 Ævintýri Merlíns (e)
11.50 Melissa og Joey (18:30) (e)
12.15 Sætt og gott (Det søde liv)
12.30 Silfur Egils
13.50 Undur veraldar – Fallið (3:4) (e)
14.50 Djöflaeyjan (1:30) (e)
15.30 Haustfagnaður Hljómskálans(e)
16.30 Golfið (10)
17.00 Dýraspítalinn (3:10) (Djursjukhuset) (e)
17.28 Póstkort frá Gvatemala
17.29 Skellibær
17.39 Teitur
17.49 Tröllasaga
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Basl er búskapur (3:10) (Bonderøven)
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni Halldór Helgason er talinn einn fremsti snjóbrettaiðkandi heims. Hann vann gullverðlaun, fyrstur íslendinga, á Vetrar X leikunum 2010.
20.10 Sjónvarpsleikhúsið: Ráðhúsið (3:3) (Playhouse Presents: City Hall)
20.40 Sunnudagsbíó - Dansflokkurinn (A Chorus Line) Leikarar, dansarar og söngvarar keppast um hlutverk í söngleik.
22.35 Wallander – Vitnið (e)
00.05 Silfur Egils (e)
01.25 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Spy Next Door
10.00 All About Steve
12.00 Pétur og kötturinn Brandur 2
14.00 Spy Next Door
16.00 All About Steve
18.00 Pétur og kötturinn Brandur 2
20.00 Little Trip to Heaven
22.00 Inhale
00.00 The Game
02.05 Virtuality
04.00 Inhale

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Villingarnir
07.45 Mamma Mu
07.55 Ævintýraferðin
08.05 Algjör Sveppi
09.15 Ofurhetjusérsveitin
09.40 Scooby-Doo!
10.05 iCarly (13/25)
10.30 Delgo
12.00 Spaugstofan (2/22)
12.25 Nágrannar
14.05 The X-Factor
14.55 Masterchef USA (19/20)
15.40 Týnda kynslóðin (4/24)
16.05 Spurningabomban (3/21) **16.55 Beint frá býli** (4/7)
17.40 60 mínútur
18.30 Fréttir Stöðvar
19.15 Frasier (2/24)
19.40 Sjálfstætt fólk
20.15 Game Change Sjónvarpsmynd sem vann Emmy-verðlaunin í ár.
22.15 Mad Men (8/13)
23.55 The Daily Show. Global Edition
00.20 The Pillars of the Earth (7/8)
01.15 Fairly Legal (4/13)
02.00 Nikita (13/22)
02.40 12 Men Of Christmas
04.05 Beint frá býli (4/7)
04.50 Sjálfstætt fólk
05.30 Fréttir

SPORT *besta sætið*

08.30 Enski deildarbikarinn. WBA - Liverpool
10.15 Enski deildarbikarinn. Man. Utd. - Newcastle
12.00 Breiðablik - Stjarnan
13.50 Pepsi mörkin
15.55 Spænski boltinn. Sevilla - Barcelona
17.40 Spænski boltinn. Real Madird - Deportivo
19.45 Schüco Open 2012
22.15 Pepsi mörkin

SPORT 2 *enski boltinn*

06:45 Sunderland - Wigan
08:30 Man. Utd. - Tottenham
10:20 Fulham - Man. City
12:10 Nottingham - Derby
14:15 Premier League Preview Show
14:45 Aston Villa - WBA Bein útsending frá leik Aston Villa og West Bromwich Albion í ensku úrvalsdeildinni.
17:00 Sunnudagsmessan Guðmundur Benediktsson og Hjörvar Hafliðason fara yfir leikina í ensku úrvalsdeildinni.
18:15 Norwich - Liverpool
20:05 Sunnudagsmessan
21:20 Aston Villa - WBA
23:10 Sunnudagsmessan
00:25 Arsenal - Chelsea
02:15 Sunnudagsmessan

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Sorry I've Got No Head
08.55 iCarly (5/45)
09.40 Ofurmennið
10.20 Dóra könnuður
11.05 Áfram Diego, áfram!
11.50 Doddi litli og Eyrnastór
12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími

Popptíví

17:05 The Simpsons
17:25 Íslenski listinn
17:50 Sjáðu
18:15 Game Tíví Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann.
18:40 American Dad (6:19) Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
19:00 Friends
19:25 The Simpsons
19:50 The Cleveland Show (6:21) Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
20:10 Suburgatory (7:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
20:30 Privileged (6:18) Bandarísk þáttaröð um unga konu með stóra drauma. Hún fær vinnu hjá forríkri fjölskyldu sem einkakennari tvíburasystra sem eru ofdekraðar og gjörspilltar.
21:15 Game Tíví
21:40 American Dad (6:19)
22:00 The Cleveland Show (6:21)
22:20 Suburgatory (7:22)
22:40 Privileged (6:18)
23:25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.15 The Block (7/9)
19.00 So You Think You Can Dance
20.25 The X-Factor
22.35 Masterchef USA (19/20)
23.20 Jamie Oliver's Food Revolution
00.05 Who Do You Think You Are?
00.45 So You Think You Can Dance
02.05 The X-Factor (5/26)
04.15 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
10.25 Rachael Ray (e)
12.40 One Tree Hill (11:13) (e)
13.30 America's Next Top Model (5:13) (e)
14.20 The Bachelorette (6:12) (e)
15.50 30 Rock (6:22) (e)
16.15 James Bond: Diamonds Are Forever (e)
18.15 House (2:23) (e)
19.05 A Gifted Man (5:16) (e)
19.55 Johnny Naz (1:6) (e)
20.25 Top Gear (2:4) Brot af því besta.
21.15 Law & Order: Special Victims Unit (7:24)
22.00 The Borgias (7:10)
22.50 Crash & Burn (10:13)
23.35 Óupplýst (4:7) (e)
00.05 Last Chance to Live (5:6) (e)
00.55 In Plain Sight (1:13) (e)
01.45 Leverage (11:16) (e)
02.30 CSI (11:22) (e)
03.15 The Borgias (7:10) (e)
04.05 Crash & Burn (10:13) (e)
04.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **06.55** Ryder Cup 2012 (2:3) (3:3) **22.30** Ryder Cup 2012 - Closing Ceremony **23.15** Ryder Cup 2012 (3:3)

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

iNN

11.00 Sunnudagur með Geir Haarde **12.00** Hrafnaþing **13.00** Sunnudagur með Geir Haarde **14.00** Hrafnaþing **15.00** Sunnudagur með Geir Haarde **16.00** Hrafnaþing **17.00** Sunnudagur með Geir Haarde **18.00** Björn Bjarnason **18.30** Tölvur tækni og vísindi **19.00** Fiskikóngurinn **19.30** Veiðivaktin **20.00** Hrafnaþing **21.00** Sunnudagur með Geir Haarde **22.00** Hrafnaþing **23.00** Sunnudagur með Geir Haarde **00.00** Heilsuþáttur Jóhönnu

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 100,5** Kaninn	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

60 MINUTES ER VIRTASTI FRÉTTAÞÁTTUR Í HEIMI. Á SUNNUDAGSKVÖLD ER ÞÁTTURINN HELGAÐUR KOSNINGABARÁTTUNNI Í BANDARÍKJUNUM.

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

Blómaeyjan Madeira

22.-31. okt. Uppselt!

31. okt.- 12. nóv.

Beint flug með Icelandair

MADEIRA

Madeira er gjarnan kölluð „Eyja hins eilífa vors" eða „Garðurinn fljótandi". Þessi stórbrotna, blómstrandi paradísareyja er um 600 km vestur af ströndum Afríku og nýtur því hitabeltisloftslags sem eykur enn á aðdráttarafl hennar.

Alto Lido ★★★

Fyrirtakshótel í Lido hótelhverfinu. Fjarlægð frá miðbænum er um 2½ km og þægileg gönguleið í bæinn. Í sundlaugargarðinum eru tvær útilaugar og sundlaugarbar. Hótelið er einnig með heilsulind, upphitaðri innilaug, kokkteilbar og veitingastað.

Verð frá 155.100 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli í 12 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 165.100 kr.

Pestana Casino Park ★★★★

Mjög gott hótel í göngufæri við miðbæinn í Funchal. Sameiginleg aðstaða er mjög hugguleg, tveir veitingastaðir, flottar setustofur með líflegum bar og lifandi tónlist á kvöldin.

Verð frá 183.990 kr.*

og 15.000 Vildarpunktar

Á mann m.v. tvo í tvíbýli í 12 nætur.
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn.

*Verð án Vildarpunkta 193.990 kr.

Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is

Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 kr. bókunargjald. Einungis er hægt að nota Vildarpunkta þegar bókað er á netinu.

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 61284 09/12

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita VITA er lífið

> Stöð 2 Sport kl. 17.55
Gunnar Nelson í UFC

Bein útsending frá fyrsta bardaga Gunnars Nelson eftir að hann gekk til liðs við UFC-samtökin í blönduðum bardagalistum. Mótherji hans er reyndur kappi sem kallast DaMarques Johnson og bardaginn einn sá fyrsti í röðinni. Bubbi Morthens og Dóri DNA lýsa beint frá Nottingham. Sérstakur þáttur um Gunnar Nelson, Gunnarshólmi, verður sýndur á Stöð 2 Sport kl. 13.05 og aftur á Sport 3 fyrir bardagann klukkan 17.20.

dagskr

VIÐ TÆKIÐ ÞORGILS JÓNSSON HÁLFSKAMMAÐIST SÍN

Látt'ekki eins og atvinnumaður!

Svo bar við um daginn, einu sinni sem oftar, að ég var að horfa á fótbolta í sjónvarpinu. „Mínir menn" voru um það bil að landa tæpum sigri og spennan var mikil á lokamínútunum. Einn leikmaður úr liði andstæðinganna hafði hegðað sér illa í leiknum, en steininn tók úr þegar hann henti sér í jörðina með tilþrifum, án tilefnis, eins og skotinn væri.

„Láttu ekki eins og kelling!" gaspraði ég eins og sjónvarpstæknin hefði allt í einu tekið á sig enn róttækara afbrigði af gagnvirkni. Ég áttaði mig strax á því hvað þessi frasi er fáránlegur og byggður á kolröngum forsendum og sneri mér við þar sem konan mín og tveir ungir synir horfðu á mig í forundran.

Hvernig láta konur á velli?

Þær eru flinkar, baráttuglaðar og elska leik-

inn. Hins vegar er hræðilegur ósiður landlægur hjá körlum. Fullvaxnir og fílefldir henda þeir sér í grasið emjandi og æpandi í þeirri von að blekkja dómara til að refsa andstæðingum.

Það gera konur ekki í fótbolta og það gera krakkar ekki. Heldur eru það fyrirmyndirnar, atvinnumennirnir, milljónamæringarnir, sem eru meinvarpið í knattspyrnunni.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags **06.36** Bæn **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.03** Útvarpsperla: Spaugsamir prestar og svífandi orgelpáfi **08.00** Morgunfréttir **08.05** Fyrr og nú **09.00** Fréttir **09.03** Út um græna grundu **10.00** Fréttir **10.05** Veðurfregnir **10.15** Kvika **11.00** Vikulokin **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Flakk **14.00** Til allra átta **14.40** Þruma, elding og lífsástin sjálf **15.30** Með laugardagskaffinu **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Íslendingasögur **16.25** Albúmið **18.00** Kvöldfréttir **18.17** Ekkert liggur á: Þemakvöld Útvarpsins **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

RÚV

08.00 Morgunstundin okkar
10.50 Söngvaskáld (Ragnheiður Gröndal) (e)
11.30 Útsvar (Kópavogur - Snæfellsb.) (e)
12.30 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni (2:8) (Kári Steinn Karlsson) (e)
13.00 Ken Follett (Manden bag Jordens søjler) (e)
13.20 Mark II: Draumurinn rætist (Goal II: The Living Dream)
15.15 Ferðin til Suðurskautslandsins (Rejsen til Antarktis) (e)
15.30 Íslandsmótið í handbolta (ÍR - Haukar, karlar) BEINT
17.30 Ástin grípur unglinginn (51:61)
18.15 Táknmálsfréttir
18.25 Úrval úr Kastljósi
18.54 Lottó
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.40 Ævintýri Merlíns (8:13) (The Adventures of Merlin III)
20.30 Haustfagnaður Hljómskálans Í þættinum eru leikin lög sem voru samin sérstaklega fyrir Hljómskálaþættina í fyrra vetur.
21.30 Griffin og Phoenix Rómantísk gamanmynd. Atriði í eru ekki við hæfi barna.
23.20 Stríðsfrásagnir (Redacted) Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
00.50 New York-sögur (New York Stories) Leikstjórar eru Woody Allen, Francis Ford Coppola og Martin Scorsese og meðal leikenda eru Nick Nolte og Mia Farrow.
02.50 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Secretariat
10.00 Pink Panther II
14.00 Secretariat
16.00 Pink Panther II
20.00 The Goods. Live Hard, Sell Hard
22.00 Ripley Under Ground
00.00 I'm Not There
02.10 Miss March
04.00 Ripley Under Ground
06.00 Little Trip to Heaven

STÖÐ 2

07.00 Strumparnir
07.25 Brunabílarnir
07.50 Elías
08.00 Algjör Sveppi
10.05 Waybuloo
10.25 Latibær
10.40 Fjörugi teiknimyndatíminn
11.05 Lukku láki
11.30 Big Time Rush
12.00 Bold and the Beautiful
13.40 The X-Factor (5:26)
15.50 The Big Bang Theory (22:24)
16.10 Mike & Molly (7:23)
16.30 Anger Management (1:10)
16.55 ET Weekend
17.35 Íslenski listinn
18.00 Sjáðu
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.56 Heimsókn
19.13 Lottó
19.20 Veður
19.30 Beint frá býli (4:7) Tónleikaröð í umsjá Bubba Morthens.
20.10 Spaugstofan (2:22)
20.40 Wall Street - Money Never Sleeps Gordon Gekko snýr aftur á verðbréfamarkaðinn. Michael Douglas og Shia LaBeouf í aðalhlutverkum.
22.50 Dark Matter Mynd byggð á sögu kínverska námsmannsins Liu Xing sem tekur til sinna ráða þegar skólayfirvöld þar í landi standa í vegi fyrir því að hann hljóti Nóbelsverðlaunin.
00.20 You Kill Me
01.50 Fame
03.50 At Risk
05.20 Spaugstofan (2:22)
05.45 Fréttir

SPORT *besta sætið*

12.20 Símamótið
13.05 Gunnarshólmi
13.45 Breiðablik - Stjarnan Bein útsending frá lokaumferðinni í Pepsi deild karla.
15.50 Pepsi mörkin
17.55 UFC in Nottingham Bein útsending frá Nottingham á Englandi þar sem Gunnar Nelson keppir í fyrsta sinn eftir að hann gerði samning við UFC-samtökin í blönduðum bardagalistum.
18.35 Gunnarshólmi
19.15 UFC Unleashed
20.00 UFC in Nottingham Bein útsending
23.00 Pepsi mörkin
01.05 Breiðablik - Stjarnan
02.55 Pepsi mörkin

SPORT 2 *enski boltinn*

08.15 Man. City - Arsenal
10.05 Premier League Review Show
11.00 Premier League Preview Show
11.30 Arsenal - Chelsea Bein útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
13.45 Liverpool - Man. Utd.
15.40 Premier League World 2012/13
16.20 Man. Utd. - Tottenham Bein útsending í ensku úrvalsdeildinni.
18.30 Norwich - Liverpool
20.20 Sunderland - Wigan
22.10 Fulham - Man. City
00.00 Reading - Newcastle
01.50 Everton - Southampton
03.40 Stoke - Swansea

Í BEINNI Á HLIÐARRÁSUM

SPORT 3 15.30 Norwich – Liverpool (ekki beint)
SPORT 4 16.00 Fulham – Man. City (ekki beint)
SPORT 5 16.00 Reading – Newca. (ekki beint)
SPORT 6 16.00 Everton – Southamt. (ekki beint)
SPORT 3 17.20 Gunnarshólmi
SPORT 3 19.55 Sevilla – Barcelona

krakkar

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.00 Sorry I've Got No Head
08.55 iCarly
09.40 Ofurmennið
10.20 Dóra könnuður
11.05 Áfram Diego, áfram!
11.55 Doddi litli og Eyrnastór
12.10 Mörgæsirnar frá Madagaskar
13.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími

POPPTÍVÍ

17:05 The Simpsons
17:50 Íslenski listinn
18:15 Sjáðu
18:40 New Girl (2:24) Frábærir gamanþættir um Jess sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur. Hún finnur sér draumameðleigjendur þegar hún flytur inn með þremur karlmönnum og eru samskipti fjórmenninganna vægast sagt skopleg.
19:00 Friends
19:50 So You Think You Can Dance (14:15) Stærsta danskeppni í heimi þar sem efnilegir dansarar fá tækifæri til að slá í gegn. Í hverri viku fá þeir krefjandi verkefni og það fækkar í hópnum þar til ný dansstjarna er krýnd.
21:10 Fly Girls (6:8) Hressandi raunveruleikaþáttaröð um líf og störf nokkurra flugfreyja hjá Virgin Flugfélaginu.
21:30 Gossip Girl (23:24) Fimmta þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti og stíl aðalsögupersónanna. Líf unglinganna ætti að virðast auðvelt þar sem þeir hafa allt til alls en valdabarátta, metnaður, ófund og fjölskyldu- og ástarlíf þeirra veldur þeim ómældum áhyggjum.
22:10 Friends
22:35 New Girl (2:24)
23:00 So You Think You Can Dance (14:15)
00:25 Fly Girls (6:8)
00:45 Gossip Girl (23:24)
01:25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

GULL

18.00 Drop Dead Diva
18.40 Fairly Legal (4:13)
19.25 The Closer (21:21)
20.15 Rizzoli & Isles (15:15)
21.00 Bones (12:13)
21.45 True Blood (9:12)
22.40 The Pillars of the Earth (7:8)
23.40 Drop Dead Diva
00.25 Fairly Legal (4:13)
01.10 The Closer (21:21)
02.00 Rizzoli &Isles (15:15)
02.40 Bones (12:13)
03.25 True Blood (9:12)
04.20 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
11.05 Rachael Ray (e)
12.35 GCB (4:10) (e)
13.25 Rookie Blue (11:13) (e)
14.15 Rules of Engagement (11:15) (e)
14.40 Last Chance to Live (5:6) (e)
15.30 Big Fat Gypsy Wedding (3:5) (e)
16.20 The Voice (3:15) (e)
18.35 Minute To Win It (e)
19.20 America's Funniest Home Videos (e)
19.45 The Bachelorette (6:12)
21.15 A Gifted Man (5:16) Michael er við það að verða ráðþrota við að lækna flogaköst táningsstúlku.
22.00 Ringer (5:22) Stundum er betra að hafa óvininn nálægt sér en þegar nærvera hans er farinn að ógna, þá er betra að losa sig við hann.
22.45 District 13 Hörkuspennandi kvikmynd um lögreglumann sem reynir að ávinna sér traust stórhættulegra glæpamanna.
00.10 The Good Guy Rómantísk mynd með Alexis Bledel, Scott Porter og Bryan Greenberg í aðalhlutverkum. Beth er ung og framagjörn stúlka á Manhattan sem vill fá allt: gott starf, góða vini og góðan kærasta.
01.40 Ringer (5:22) (e)
02.30 Jimmy Kimmel (e)
03.15 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America **07.10** Ryder Cup 2012 (1:3) (2:3) **23.00** Upphitun fyrir Ryderbikarinn 2012 (6:6) **23.30** Ryder Cup 2012 (2:3) **02.30** ESPN America

N4

Endursýnt efni frá liðinni viku.

INN

17.00 Motoring **17.30** Eldað með Holta **18.00** Hrafnaþing **19.00** Motoring **19.30** Eldað með Holta **20.00** Hrafnaþing **21.00** Græðlingur **21.30** Svartar tungur **22.00** Björn Bjarnason **22.30** Tölvur tækni og vísindi **23.00** Fiskikóngurinn **23.30** Veiðivaktin **00.00** Hrafnaþing

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 95,7** FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 100,5** Kaninn	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Stillanleg heilsurúm! Fyrir þínar bestu stundir.

TEMPUR® DÝNUR OG KODDAR

TEMPUR® Orginal eða Cloud heilsudýna á C&J stillanlegum botnum. 2x80x200 cm.

TILBOÐ Kr. 578.550,-

Verð 749.875,- **Þú sparar 171.325,-**

Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

BÍLAKAFFI

RENNDU VIÐ HJÁ OKKUR Á LAUGARDAGSRÚNTINUM Í DAG

NISSAN · SUBARU · Nýr & glæsilegur ISUZU D-MAX · BMW · RENAULT

NÝR SPARNEYTINN SUBARU

SUBARU XV
Verð 5.890.000 kr.
Eyðir aðeins 6,6 l / 100 km
í blönduðum akstri.

ÞÆGINDI VIÐ ALLAR AÐSTÆÐUR

BMW X5 MODERN 30d dísil **Verð frá 12.580.000 kr.**
Eyðir aðeins 6,7 l / 100 km í blönduðum akstri.

3,7 L/100 KM M.V. LANGKEYRSLU
RENAULT MEGANE SJÁLFSKIPTUR
DÍSIL **1428 km** Miðað við blandaðan akstur
Verð 3.490.000 kr.

FRÍTT Í STÆÐI!
FRÍTT Í STÆÐI Á MIÐBORGARSVÆÐINU

ÖFLUGUR OG FLOTTUR
Nýr & glæsilegur
ISUZU D-MAX
Verð 6.890.000 kr.

TÖKUM GAMLA UPP Í

Við tökum að sjálfsögðu notaða bílinn sem greiðslu upp í nýjan og á laugardögum er tilvalið að fá upplýsingar hjá sölumönnum um kosti og kjör.

VINSÆLASTI JEPPLINGURINN

Eyðir aðeins 4,6 l / 100 km í blönduðum akstri.
NISSAN QASHQAI
Verð 4.990.000 kr.
dCi

Kaffi og reynsluakstur í dag frá 12 - 16

Á laugardögum er skemmtilegt að kíkja í heimsókn, skoða bíla og fá að reynsluaka þeim nýjustu í salnum. Verið velkomin til okkar, við tökum vel á móti ykkur með kaffi og meðlæti.

B|L

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhöfða 2 110 Reykjavík 525 8000

ENNEMM / SÍA / NM54362

PERSÓNAN

Konráð Ragnarsson

Aldur: 55 ára.
Starf: Menntaður rafverktaki og sjálflærður ljósmyndari og leikari.
Foreldrar: Móðirin Ása Hjálmarsdóttir (88 ára í dag) og faðirinn Ragnar Konráðsson (látinn).
Fjölskylda: Einstæður en á fimm börn.
Búseta: Í Neðra-Breiðholti.
Stjörnumerki: Meyja.

Konráð lék í tónlistarmyndbandi á móti stjörnunni Russell Crowe.

Júpíters snýr aftur eftir átján ára hlé

„Hljómsveitin var stofnuð á aðalfundi árið 1989 og starfaði við óhemju vinsældir í þrjú eða fjögur ár," segir Hörður Bragason, forstjóri stórhljómsveitarinnar Júpíters.

Júpíters stígur á svið í Edrúhöllinni í kvöld en það verður í þriðja skipti sem hún kemur fram frá því hún lagði upp laupana. „Við stálumst til að spila á tónleikum fyrir geðsjúklinga í Hörpu síðasta haust og á minningartónleikum um Kristján Eldjárn í vor. Þegar SÁÁ bauð okkur að spila á þessu foreldraballi stukkum við til og erum búnir að vera að æfa eins og vitleysingar," segir Hörður og hlær. Júpíters naut mikilla vinsælda þegar hún var og hét og spilaði meðal annars á Reading-tónlistarhátíðinni í Englandi. „Við sögðumst alltaf lifa góðu lífi á þessu en það var auðvitað bara lygi. Þetta var mjög ópraktískt og ruglað dæmi enda um að ræða fjórtán manna hljómsveit," segir hann.

Í grunninn er hljómsveitin sú sama í dag og hún var þá. „Nokkrir eru úr leik af mismunandi ástæðum og við erum búin að bæta við fulltrúum ungu kynslóðarinnar," segir hann, en Magga Stína og Engilbert Jensen verða meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum auk þess sem Músíkvatur mun „steikja" með hljómsveitinni. „Það verður áhugavert," segir Hörður. Aðgangseyrir er 1.500 krónur, en fjörið hefst klukkan 21 og lýkur fljótlega eftir miðnætti. „Þá geta barnapíurnar farið á djammið, þannig vinna allir," segir Hörður og hlær. -trs

14 MANNA HLJÓMSVEIT Hörður segir Júpíters skipaða sama kjarna í dag og fyrir 18 árum þó sumir séu úr leik og nýir komnir inn í staðinn. Engilbert Jensen kemur fram með sveitinni í Edrúhöllinni í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ásgeir söng fyrir Stiller

Margt var um manninn á skemmtistaðnum Rúbín á fimmtudagskvöldið en þar var botninn sleginn í tökur á Hollywood-myndinni The Secret Life of Walter Mitty. Leikstjórinn og leikarinn Ben Stiller stýrði gleðskapnum og hélt meðal annars ræðu fyrir gesti.

Einn vinsælasti tónlistarmaður landsins í dag, Ásgeir Trausti, var fenginn til að leika ljúfa tóna sem féllu víst kramið hjá Hollywood-liðinu sem og íslenskum aðstandendum myndarinnar.

Plötusnúðurinn Danni Deluxe sá svo um að halda stuðinu uppi fram eftir nóttu. Meðal gesta var athafnamaðurinn Jón Ólafsson og leikarinn Ólafur Darri Ólafsson sem fór með hlutverk í myndinni og lýsti Stiller meðal annars yfir ánægju sinni með Ólaf á Twitter.

Stiller hefur verið iðinn við lýsa yfir hrifningu sinni á landi og þjóð á samskiptasíðunni á meðan hann hefur dvalið hér á landi.

Seinasti tökudagur var á fimmtudaginn en Stiller hefur flakkað á milli landshluta. Íbúar Stykkishólms, Seyðisfjarðar og Borgarness hafa sérstaklega orðið varir við innrás Hollywood þar sem meðal annars Geirabakarí í Borgarnesi var breytt í veitingastað fyrir hvíta tjaldið. Margir verða eflaust spenntir að berja myndina augum en áætluð frumsýning er 25. desember 2013 vestanhafs.

KRISTINN ÓLI HRÓLFSSON: EIN GRÉT Í ÞRJÁ KLUKKUTÍMA

Dæmdi danskar fyrirsætur

„Við fengum símtal frá framleiðendum þáttanna og vorum beðnir um að vera með. Við slógum auðvitað til enda er þetta frábær auglýsing fyrir stofuna og skemmtileg reynsla," segir Kristinn Óli Hrólfsson. Hann rekur hárgreiðslustofuna Mugshot í Kaupmannahöfn ásamt Mike Nielsen. Þeir komu fram sem gestadómarar í þætti af sjónvarpsþáttaröðinni Danmarks Næste Topmodel á fimmtudag og sáu einnig um að breyta útliti keppenda þáttanna.

Kristinn Óli og Mike breyttu útliti fimmtán keppenda með því að klippa hár þeirra og lita og tóku stúlkurnar misvel í gjörninginn. „Ein grét í þrjá klukkutíma yfir því að hárið á henni hefði verið klippt í axlasídd. Við höfum aldrei lent í því áður að kúnni gráti í stólnum hjá okkur."

Hárgreiðslumennirnir tóku einnig að sér hlutverk gestadómara í sama þætti og voru með í þeirri ákvörðun að kjósa tvær stúlkur úr keppni. Kristinn Óli segir það hafa verið erfitt verk. „Auðvitað var það erfitt. Þetta eru ungar stúlkur sem dreymir um að verða fyrirsætur og það er ekki gaman að vera með í þeirri ákvörðun um að binda endi á þann draum."

Hann segir reynsluna hafa verið skemmtilega en viðurkennir að það hafi verið skrítið að horfa á sjálfan sig á sjónvarpsskjánum. „Það var mjög skrítið að horfa á þáttinn, sérstaklega þegar maður hugsar út í það hversu margir horfa á hann. Ég passaði mig mikið að tala rétt og koma vel fram, en svo er það þannig að maður sjálfur er alltaf sinn versti gagnrýnandi."

Þetta er þriðja þáttaröð Topmodel í Danmörku og er barónessan Caroline Fleming stjórnandi þáttanna. Þeir eru sýndir á sjónvarpsstöðinni Kanal 4 og njóta mikilla vinsælda. „Þættirnir fá mikið áhorf og þess vegna er þetta frábær auglýsing fyrir okkur og Mugshot. Þarna fengum við að sýna allri Danmörku hvað við kunnum og getum."

sara@frettabladid.is

DÓMARI Í TOPMODEL Kristinn Óli Hrólfsson rekur hárgreiðslustofuna Mugshot ásamt Mike Nielsen. Þeir komu fram í sjónvarpsþáttunum Danmarks Næste Topmodel.

ÞÆGILEG OG KURTEIS BARÓNESSA

Caroline Fleming er fædd Caroline Elizabeth Ada Iuel-Brockdorff og ber titilinn barónessa. Hún ólst upp í Valdemars Slot-kastalanum og er þekkt persóna í dönsku samfélagi. Hún er einnig þekkt fyrir hlutverk sitt í sjónvarpsþáttunum Baronessen flytter ind og Danmarks næste topmodel. Kristinn Óli segir að hún sé þægileg í samstarfi, afskaplega kurteis og að mannasiðir hennar hafi verið óaðfinnanlegir.

Fleming var gift Rory Fleming, sem tilheyrir fjórðu ríkustu fjölskyldu Bretlands og er frændi Ian Fleming, höfundar Bond-bókanna. Parið eignaðist tvö börn saman en skildu árið 2008. Fleming er nú í sambandi með danska fótboltamanninum Nicklas Bendtner, sem er þrettán árum yngri en hún.

Stórsveit Reykjavíkur í Hörpu

Lars Jansson

Jazzstjarna frá Svíþjóð

Aðrir tónleikar Stórsveitar Reykjavíkur eftir flutningana í Hörpu. Gestur sveitarinnar verður sænski píanóleikarinn og tónskáldið Lars Jansson en hann hefur verið í hópi fremstu jazztónlistarmanna Svía undanfarna áratugi. Jansson mun stýra sveitinni í heilli dagskrá eigin verka, auk þess að leika á píanó.

Styrkt af Reykjavíkurborg

Tónlistarsjóður

HARPA / Kaldalón
sunnudag. 30. sept kl. 16:00
Miðaverð kr. 2.500 / 2.000

Miðar á harpa.is og í miðasölu Hörpu

Vongóðir dansarar í Hörpu

Margt var um manninn á fyrsta degi dansprufa fyrir raunveruleikaþátt Ríkissjónvarpsins Dans dans dans í Hörpu í gær.

Vongóðir dansarar af öllum stærðum og gerðum biðu þess að geta sýnt spor sín frammi fyrir dómaraþríeykinu, þeim Katrínu Hall, Gunnari Helgasyni og Karenu Björk Björgvinsdóttur.

Fyrsta sería dansþáttanna lagðist vel í landsmenn í fyrra. Þá var það Berglind Ýr Karlsdóttir sem fór með sigur af hólmi en hún er nú í starfsnámi hjá Íslenska dansflokknum.

Ein og hálf milljón króna er í boði fyrir sigurvegarann en það er þjóðin sem að lokum ræður úrslitunum með símakosningu. Fyrstu þátturinn fer í loftið í lok október. Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir er kynnir þáttanna eins og í fyrra, en hún lék á als oddi í Hörpu í gær.

Annar dagur prufanna fer fram í dag og því um að gera fyrir fótafima landsmenn að freista gæfunnar. Frekari upplýsingar má finna á Facebook-síðu Dans dans dans. - áp

DANSFIMI Harpa fylltist af vongóðum dönsurum í gær er dansprufur fyrir Dans dans dans fóru fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Stórhljómsveit Frostrósa • Söngsveitin Fílharmonía • Stúlknakór Reykjavíkur • Íslenski gospelkórinn • Gospelraddir Domus Vox • Stjórnandi: Árni Harðarson • Tónlistarstjóri: Karl Olgeirsson
Þór Breiðfjörð • Gréta Salóme • Eyþór Ingi • Jóhann Friðgeir • Vala Guðna • Hera Björk • Ragga Gröndal • Erna Hrönn • Stefán Hilmarsson • ásamt Heiðu Ólafs og fleiri gestum

FROSTRÓSIR

Eldborg í Hörpu
8. des. kl. 19:00 & 22:30
9. des. kl. 16:00 & 20:00

Hofi Akureyri
15. des. kl. 15:00, 19:00 & 22:30

Ljósmyndir: Gassi.is | Myndvinnsla: Oloferia.is | Grafísk hönnun: Bjarni - nothing.is

Midi.is, Harpa.is
og í s. 528 5050

Menningarhus.is
og í s. 450 1000

Miðasala hefst 10. okt

Halló Skandinavía! Tónleikaferðin 2012

Í Noregi og Svíþjóð koma fram fulltrúar hinna al-íslensku Frostrósa, fremstu söngvarar viðkomandi landa sem og alþjóðlegar stórstjörnur í stærstu tónleikahöllum norðurlanda. Fylgist með á frostroses.com frá og með 10. okt.

Eldborg í Hörpu
21. desember
frostrosir.is/klassik

Miðasala hefst 12. okt.

Einstakir jólatónleikar um land allt
jolinallsstadar.is

Miðasala hefst 15. okt.

Upplifðu stærstu jólatónleika í Evrópu & vinsælasta tónlistarviðburð á Íslandi

Frostrósir Klassík

Jólin alls staðar

Kíktu á nýjan vef
Frostrosir.is

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Noa Konfekt

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RIFF 9 dagar eftir

FRÉTTIR AF FÓLKI

Guðdómleg frumflutt

Á mánudag verður frumflutt lagið Guðdómleg sem popparinn **Friðrik Dór** gerði í samstarfi við Ólaf Arnalds og Janus Rasmussen úr hljómsveitinni Bloodgroup. Lagið verður á annarri plötu Friðriks Dórs, Vélrænn, sem kemur í verslanir í október. Fyrsta plata kappans, Allt sem þú átt, kom út árið 2010 og seldist í um 2.600 eintökum.

Páll Baldvin skrifar leyndó

Bókmenntarýnirinn harðsnúni, **Páll Baldvin Baldvinsson**, er hættur á Fréttatímanum, þar sem hann hefur starfað frá stofnun blaðsins fyrir tveimur árum. Þar lenti hann meðal annars í mikilli sennu við Akranesbæ vegna óvæginnar gagnrýni sinnar á sagnfræðirit um bæinn. Páll kvaddi með látum og lét fjölmiðla og kollega sína í gagnrýnendastétt heyra það fyrir metnaðarleysi í þeim fræðum. Páll Baldvin situr ekki auðum höndum eftir starfslokin heldur ku hann þvert á móti vera sestur við skriftir. Hann lætur hins vegar ekkert uppi um viðfangsefnið.

-fb, sh

Mest lesið VÍSIR

1. Segir Íslandsbanka flæktan í "fyrirlitlegan hugmyndastuld"
2. Þorgerður Katrín hættir í stjórnmálum
3. Lögreglan tvisvar kölluð til í nótt vegna heimilisófriðar
4. Kannabisræktandi benti fyrir tilviljun á annan ræktanda
5. Bók J.K. Rowling ekkert meistaraverk en þó ekki...

Allt að 90% afsláttur
Yfir 2500 titlar
FORLAGIÐ www.forlagid.is
RISAlagersala Forlagsins er á Fiskislóð 39
BÓKA LAGERSALA

nýtt
OSTRON hnífapör fyrir 4
Grænt/ryðfrítt stál
1.190,-/12 í setti

nýtt
395,-/stk.
OMBYTLIG könnur
37cl. Marglitt

nýtt
GLÄNTA borðdúkar
B145×L240cm. Ýmsir litir
3.490,-/stk.

nýtt
IRIS pottaleppar B21×L21cm
Ýmsir litir **595,-/2 í pk.**

© Inter IKEA Systems B.V. 2012

Drekktu í þig nýju straumana

nýtt
295,-/stk.
KROKETT glerglös
38cl. Grænt/ljósbleikt

nýtt

nýtt
1.190,-
GLÄNTA brauðkarfa
Ø17, H24cm. Ýmsir litir

nýtt
MÅTTA servíettur
B33×L33cm.
Röndótt/ýmsir litir
495,-/30 í pk.

nýtt
IRIS diskaþurrkur
B50×L70cm
Ýmsir litir **695,-/2 í pk.**

nýtt
GIRIG skálar. Rauður leir
Ø20cm. Ljósblátt **795,-**
Ø30cm. Grænt **1.490,-**
Ø40cm. Gult **3.290,-**

nýtt
FRODIG línan. Glært gler
Diskur Ø28cm **495,-**
Skál Ø17cm **395,-**



nýtt
GLÄNTA löber
B40×L140cm. Ýmsir litir
1.190,-/stk.

nýtt
295,-/2 í setti
LEGYM
salatáhöld
L32cm
Ýmsir litir

295,-/stk.
MILDRA glös 22cl. Ýmsir litir

nýtt
MILDRA
glerflöskur
1L. Ýmsir litir
1.290,-/stk.

VEITINGASTAÐURINN

0,-
Börn, tólf ára og yngri, fá að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli

Pizzakynning um helgina

Laugardag og sunnudag kl. 13-17 ætlum við að baka pizzur, brauðstangir og hvítlauksbrauð.

Komdu og smakkaðu!

Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

IKEA®